24–25



Byggðu lausagöngufjós og afurðir jukust hratt

28–29



Sláturfélag Suðurlands fagnar 110 ára afmæli

45



Bestu hrútar landsins


# Bændablaðið

2. tölublað 2017 ● Fimmtudagur 26. janúar ● Blað nr. 483 ● 23. árg. ● Upplag 32.000





Þessi ungkálfur á bænum Smjördölum í Flóa horfir sposkur í myndavélina. Það eru spennandi tímar í nautgriparæktinni og uppbyggingarskeið fram undan. Á síðasta ári fóru meðalafurðir yfir 6.000 kg markið á hverja árskú og spáð er aukinni þörf fyrir mjólkurvörur hér á landi í náinni framtíð. Mynd /TB

Nýliðið ár:

## Drjúg söluaukning mjólkurvara 2016

**Skyrsala heldur áfram að aukast en hún jókst um tæp 17% á milli áranna 2015 og 2016. Rjómasala hefur aukist um 1,8% og sala á smjöri um 4,2%.**

Sala á drykkjarmjólk dregst örlítið saman í heildina en athygli vekur að sala á G-mjólk, sem er mikið notuð í kaffidrykki, hefur aukist um tæp 11% á einu ári. Sala á nýmjólk hefur aukist örlítið, eða um hálft prósent, en sala á léttmjólk og undanrennu hefur minnkað nokkuð. Söluaukning í ostum nemur 3,2% á milli ára. Þetta kemur fram í nýútkomnu yfirliti Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði um sölu mjólkurvara á síðasta ári.

Sala á fitugrunni var 139,2 milljónir lítra síðasta ár og er það aukning frá fyrra ári um 4,8%. Ef miðað er við söluþróunina frá janúar 2012 til og með desember 2016, er söluaukningin á fitugrunni slétt 25% á fimm árum. Greinileg söluaukning er því í fituríkari mjólkurvörum á síðustu árum.

Sala á próteingrunni árið 2016 var 129,0 milljónir lítra, sem er aukning um 5,2% á milli ára.

Innvegin mjólk árið 2016 var 150,3 milljónir lítra, sem er 2,9% aukning frá árinu á undan. Síðustu þrjá mánuði ársins var hins vegar samdráttur í innvigtun miðað við sömu mánuði í fyrra um 4,2%./*TB*

Útflutningur á íslensku grænmeti til Danmerkur í sjónmáli:

# Danir vilja íslenskt grænmeti

**Samkvæmt heimildum Bændablaðsins eru samningar um útflutning á íslensku grænmeti til Danmerkur langt á veg komnir. Búið er að hanna umbúðir fyrir grænmetið á danskan markað og ein hugmyndin er að markaðssetja það undir slagorðinu „Ræktað undir norðurljósunum“.**

Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna, segir að viðræður við Dani um innflutning á íslensku grænmeti séu vel á veg komnar og ekki lengur á hugmyndastigi.



Hreint vatn og heilnæmar ræktunaraðferðir á grænmeti heilla Dani. Mynd / BBL




Verslanir Irma selja gæðavörur og þykja dýrari en aðrar matvöruverslanir. Mynd / irma.dk

### *Hreinleiki og gæði*

„Búið er að senda prufur af mörgum tegundum af grænmeti til Danmerkur til bragðprófana og Danirnir eru sammála um að bragðgæði íslenska grænmetisins séu mjög mikil.

Í fyrstu fóru Danirnir fram á að grænmetið yrði lífrænt vottað en eftir að þeir komu hingað og sáu hvernig ræktunin fer fram féllu þeir frá þeirri kröfu. Að þeirra mati eru ræktunaraðferðirnar og sérstaklega hreinleiki vatnsins langt umfram það sem þekkist í öðrum löndum. Undanfarin ár hefur orðið mikil vakning í Danmörku um hreinleika matvæla og segja þeir íslenska vatnið einstaklega hreint og þar sem í grænmeti sé mikið vatn skipti hreinleiki þess gríðarlega miklu máli þegar kemur að bragðgæðum.

Meðal verslana sem hafa sýnt grænmetinu frá okkur áhuga er Irma og mögulegt að það fari í sölu hjá þeim strax næsta haust.“

### *Flogið með grænmetið*

Gunnlaugur segir að grænmetið verði flutt út í flugi enda um viðkvæma vöru að ræða. „Við erum ekki enn búin að semja um neitt ákveðið magn en ef allt fer á besta veg spýtum við bara í og aukum ræktunina enda góðar aðstæður til þess hér á landi.“

Að sögn Gunnlaugs er verðið sem fæst fyrir grænmetið í Danmörku mjög ásættanlegt og svipað og hér á landi.

### *Grænmeti í forsetaveislu*

Í móttöku forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, til heiðurs Margréti Þórhildi Danadrottningu, í Nordatlantens Brygge, var lögð sérstök áhersla á að kynna íslensk matvæli. Flogið var sérstaklega út með grænmeti vegna opinberrar heimsóknar forsetans til Danmerkur.

Einnig var boðið upp á íslenskt hunang frá Elliðahvammi og fleiri íslenskar matvörur í móttökunni.

*/VH*

**Fréttir**

Spjallað við bændur

# Spjallað við bændur á bbl.is

**Á vef Bændablaðsins, bbl.is, eru stuttir viðtalsþættir þar sem bændur eru sóttir heim og rætt við þá um búskapinn.**

Fjórði þáttur var frumsýndur í vikunni en viðmælendur í honum eru þau Jónas Erlendsson og Ragnhildur Jónsdóttir í Fagradal í Mýrdal. Í þættinum segja þau frá bleikjueldinu, sauðfjárræktinni og tilraunum með að loftþurrka kindakjöt.

Í fyrri þáttum „Spjallað við bændur“ var farið til kúabænda í Kjósinni, hrossaræktenda á Suðurlandi og kúabænda í Hornafirði. Þættirnir eru innan við 10 mínútur og sýningar eru leyfðar fyrir alla aldurshópa!

Sláðin á þættina er www.bbl.is og þá má einnig finna á Facebook og YouTube-síðum Bændablaðsins. /TB



Uppskipun á áburði.

Áburðarsalar birta verðskrár:

# Áfram veruleg verðlækkun

**Allir íslensku áburðarsalarnir hafa birt verðskrár sínar fyrir nokkru og ljóst er að verðlækkun er á bilinu 22–26 prósent frá því þegar þær voru síðast birtar.**

Á síðustu tveimur árum er verðlækkunin á áburði því að nálgast 40 prósent í einhverjum tilvikum, því algengt var að áburðartegundir lækkuðu um 12-15 prósent síðast þegar verðskrár voru gefnar út. Áburðarsalar eru sammála um að styrking íslensku krónunnar og verðlækkun hráefna á heimsmarkaði valdi mestu um verðbreytingarnar.

Í öllum tilvikum má nálgast góðar upplýsingar um verð og innihald áburðartegundanna á vefjum áburðarsalanna. /smh



Erlent smjör.

# Innflutningsfyrirtæki stefna ríkinu

**Nokkur innflutningsfyrirtæki hafa stefnt ríkinu eða ákveðið að stefna því og krefjast endurgreiðslu útboðsgjalds sem hefur verið innheimt vegna úthlutunar á tollkvóta fyrir búvörur.**

Fyrstu málin voru þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni og segir á vef Félags atvinnurekenda að krafist sé hundruða milljóna króna endurgreiðslu.

Fyrir ári var ríkið dæmt til að endurgreiða þremur fyrirtækjum oftekið útboðsgjald þar sem það væri skattur og ekki mætti framselja landbúnaðarráðherra hvort skattur væri lagður á eða ekki. /VH

Tæplega 31 þúsund tonn framleidd af kjöti í fyrra:

# Kjötsala jókst mikið á síðasta ári

## – Alifuglakjötið er vinsælast en kindakjöt sækir á eftir samdráttartímabil

**Kjötsala á Íslandi jókst á nýliðnu ári um 6,2% en innanlandsframleiðslan um 3,3%. Alls framleiddu bændur 30.847 tonn af kjöti árið 2016. Mesta aukningin er í framleiðslu og sölu á nautgripakjöti en söluaukning á því nam rúmu 21% á milli ára. Þetta kemur fram í nýju yfirliti Matvælastofnunar um framleiðslu og sölu helstu búvara vegna ársins 2016.**

Minna var flutt inn af nautgripakjöti sem skýrir að hluta til aukna sölu á íslensku nautgripakjöti. Margir bændur hafa aukið framleiðslu sína jafnt og þétt og sinnt þannig ákalli markaðarins um meira nautakjöt. Einnig má ætla að sumir bændur séu að minnka við sig mjólkurframleiðslu og senda gripi í sláturhús. Á síðasta ári voru framleidd 4.386 tonn af nautgripakjöti. Án efa hefur ferðamannastraumurinn mest áhrif á þessa þróun en einnig breyttar neysluvenjur landans.

Alifuglakjötið er langvinsælasta kjötið á meðal neytenda en þriðjungur allrar kjötsölu er af fiðurfénaði. Alls voru framleidd rúm 9 þúsund tonn af alifuglakjöti sem öll eru seld hérlendis. Framleiðsluaukning milli ára er 8,2%.



Alls voru seld 26.730 tonn af íslensku kjöti hérlendis árið 2016. Það er 6,2% aukning frá árinu áður. Mynd / Odd Stefán

### *Meira selst af kindakjöti en áður*

Kindakjötið bætir í á milli ára en sala á því var 5,2% meiri árið 2016 en árið þar á undan. Hlutdeild þess á markaði er nú 25,4%. Alls seldust 6.797 tonn innanlands í fyrra en salan hefur ekki verið meiri síðan hrunárið 2008. Markaðssetning til ferðamanna skilar ótvíræðum árangri að mati formanns sauðfjárbænda. „Það er jákvætt að þetta gerist á sama tíma og við erum að horfa upp á vandræði á sumum erlendum mörkuðum fyrir aukaafurðir og ódýrari bita vegna viðskiptadeilu Rússlands og Vesturveldanna,“ segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, á vefnum saudfe.is. Hann þakkar aukna sölu á lambakjöti meðal annars að verð sé mjög hagstætt og vöruþróun komin á skrið. „Aldrei hefur verið ráðist í öflugra og markvissara kynningarstarf gagnvart erlendum ferðamönnum en núna og árangurinn af því er ótvíræður,“ segir Þórarinn. Þrátt fyrir aukna sölu innanlands hafa birgðir aukist af kindakjöti. Kemur það m.a. til af því að Norðmenn kaupa ekki sama magn og áður auk þess sem markaðir í Rússlandi eru nær lokaðir. Heildarframleiðsla kindakjöts árið 2016 var 10.375 tonn.

### *Heimtaka á kindakjöti hefur aukist*

Upplýsingar um heimtöku á kindakjöti hjá bændum sýna að hún hefur aukist mikið á milli ára. Alls tóku bændur heim tæp 680 tonn af kjöti sem liggur nærri að sé um 6,5% framleiðslunnar. Heimtaka dilka jókst um 17% árið 2016 og fullorðins fjár um 10% miðað við árið á undan. Kjötsins neyta bændur sjálfir eða selja beint frá býli.

### *Samdráttur í svína- og hrossakjötssölu*

Samdráttur var í framleiðslu svínakjöts um 10,5% á árinu 2016. Salan dalaði aðeins á innlendu kjöti eða um 3,6%. Þegar innflutningi á svínakjöti er bætt við sölu innanlands er þó ljóst að neysla á svínakjöti hefur aukist heilt yfir enda töluvert flutt inn af þessari kjöttegund.

Hrossakjötsneysla er ekki svipur hjá sjón en árssalan á hrossakjöti var rétt rúm 500 tonn og dróst saman um 5,5% milli ára. Um helmingur hrossakjötsframleiðslunnar er seldur út landi. /TB

Unnið gegn matarsóun:

# Vill nýta afgangsbrauð sem dýrafóður

## – Bakari segir að á höfuðborgarsvæðinu falli til um 50–60 tonn af brauði á mánuði

**Gróft áætlað falla til milli 50 og 60 tonn af brauði á mánuði í bakaríum á Reykjavíkursvæðinu. Eitthvað er um að afgangsbrauðið sé nýtt sem skepnufóður en hvergi nándar nærri allt.**

Vilhjálmur Þorláksson, framkvæmdastjóri hjá Gæðabakstri, sagði í samtali við Bændablaðið að svínabúið Ormsstaðir og fleiri bændur hafi nýtt brauð frá þeim í fóður í nokkur ár en það sé einungis brot af heildarmagninu.

### *50–60 tonn falla til í hverjum mánuði*

„Ég hef lengi haft áhuga á og velt fyrir mér hvort ekki sé hægt að nýta brauðið sem fellur til á einhvern hátt. Hjá okkur hjá Gæðabakstri falla til þrjú til fjögur tonn af brauði á viku og út frá því áætla ég að í heildina falli til 50 til 60 tonn af brauði frá öllum bakaríunum á höfuðborgarsvæðinu. Mér skilst að brauð sé ágætis fóður í hófi á móti öðru fóðri og að það sé vel nothæft handa svínum, nautgripum og sem refafóður.“

### *Bakarar vilja leggja sitt af mörkum*

Vilhjálmur segist vita að í Bretlandi og víðar sé afgangsbrauði frá stórmörkuðum, bakaríum og heildsölum safnað og úr því búið til fóður í sérstökum fóðurverksmiðjum. „Mér þætti áhugavert ef þetta væri kannað betur hér á landi og við hjá Gæðabakstri myndum styðja við slíka söfnun og leggja þannig okkar af mörkum til að draga úr matarsóun.“



Í Bretlandi og víðar er afgangsbrauði frá stórmörkuðum, bakaríum og heildsölum safnað saman og notað í dýrafóður. Mynd / Odd Stefán

### *Brauð leyfilegt sem fóður á uppfylltum skilyrðum*

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun er leyfilegt að nota brauðafganga sem dýrafóður að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum. Bakaríið eða brauðframleiðandinn verður að vera skráður sem fóðurframleiðandi hjá Matvælastofnun. Brauðið þarf að vera skráð sem fóður og ekki má nota brauð sem inniheldur kjöt eða fiskafurðir. Mjólkurafurðir og egg eru aftur á móti leyfð.



Guðný Tómasdóttir, svínabóndi á Ormsstöðum, hefur góða reynslu af því að nota afgangsbrauð sem fóður. Mynd / smh

### *Gott fóður sem nýta má betur*

Guðný Tómasdóttir hjá svínabúinu að Ormsstöðum segir að búið hafi notað afgangsbrauð sem svínafóður frá 1980 og að reynslan af því sé mjög góð.

„Við fáum brauðið til okkar í neytendaumbúðum og byrjum á því að fjarlægja plastið. Því næst er brauðið hakkað og sett í sýru til að koma í veg fyrir að það skemmist. Brauðið er geymt í stórum tanki í vökvaformi og blandað saman við það vítamínum, steinefnum og próteinum úr soja eða fiskimjöli áður en það er gefið. Ég er sannfærð um að það væri hægt að nýta afgangsbrauð mun meira en gert er í dag. Ormsstaðir er eina svínabúið sem nýtir afgangsbrauð að einhverju ráði í dag,“ segir Guðný.

Auk svínabænda geta nautabændur hæglega nota brauðafganga að sögn Guðnýjar. /VH




Hannes Thorarensen, fyrsti forstjóri SS

# FYRIR 110 ÁRUM VIÐ ÞJÓRSÁRBRÚ

**Það voru 565 sunnlenskir bændur sem stofnuðu Sláturfélag Suðurlands 28. janúar 1907 við gömlu hengibrúna yfir Þjórsá. Stofnun félagsins var eitt þeirra framfaraskrefa sem markað hafa tímamót fyrir matvælaframleiðslu í landinu og um leið neytendur.**

**Nú 110 árum síðar er félagið enn í eigu bænda sem daglega leggja grunninn að úrvals matvælavinnslu félagsins í sveitunum um allt Suður- og Vesturland.**

**Íslenska sveitin og SS fyrir þig.**




SS
Síðan 1907

PIPAR\TBWA



Börnin í 5. bekk Landakotsskóla fagna komu þorra. Mynd / TB

# Bóndadagurinn markar komu þorra

**Þessir hressu krakkar í 5. bekk í Landakotsskóla í Reykjavík fögnuðu bóndadeginum á föstudaginn var með viðeigandi hætti. Sum hver mættu í lopaklæðnaði í tilefni dagsins og umsjónarkennarinn fór yfir það í kennslustund út á hvað þorrasiðirnir ganga.**

Fyrsti dagur þorra er nefndur bóndadagur en sá síðasti þorraþræll. Á þorranum gera landsmenn vel við sig í mat og drykk en ekki er ýkja langt síðan að sá siður varð almennur að halda súrveislur á þorra. Í Sögu daganna eftir Árna Björnsson þjóðháttafræðing er þess getið að mánaðarnafnið sé kunnugt frá 12. öld en uppruni þess er óviss.

# Ríkisstjórnarflokkarnir með meirihluta í öllum fastanefndum Alþingis

**Búið er að kjósa í allar fastanefndir Alþingis og eru stjórnarflokkarnir með meirihluta í þeim öllum.**

Haraldur Benediktsson, fyrrverandi formaður Bændasamtaka Íslands og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er formaður fjárlaganefndar og Hanna Katrín Friðriksson, formaður þingflokks Viðreisnar, verður varaformaður. Valgerður Gunnarsdóttir, Sjálfstæðisflokki, verður formaður umhverfis- og samgöngunefndar.



Alþingi við Austurvöll. Mynd / BBL

### Atvinnuveganefnd

Ekki var búið að kjósa formann atvinnuveganefndar þegar Bændablaðið fór í prentun en samkvæmt heimildum verður Páll Magnússon, Sjálfstæðisflokki, formaður hennar.

Ásamt Páli eru eftirfarandi þingmenn í atvinnuveganefnd: Ásmundur Friðriksson, Sjálfstæðisflokki, Hanna Katrín Friðriksson, Viðreisn, Theodóra S. Þorsteinsdóttir, Bjartri framtíð, Óli Björn Kárason, Sjálfstæðisflokki, Eva Pandora Baldursdóttir, Pírötum, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Vinstri grænum, Logi Már Einarsson, Samfylkingunni og Sigurður Ingi Jóhannsson, Framsóknarflokki. /VH

Fjármál LbhÍ í bata og 70 milljónir lagðar í Reyki:

# Björn hættir sem rektor

**Björn Þorsteinsson hefur sagt stöðu sinni lausri sem rektor Landbúnaðarháskóla Íslands. Skuldastaða skólans hefur batnað en 85% af skuldum LbhÍ við ríkissjóð voru afskrifaðar um síðustu áramót. Gert er ráð fyrir að 70 milljónir króna fari í uppbyggingu Garðyrkjuskólans að Reykjum á þessu ári.**



Björn Þorsteinsson, rektor LbhÍ.

Í samtali við Bændablaðið sagði Björn að ástæður þess að hann kýs að láta af störfum áður en skipunartími hans sé allur séu persónulegar. Starf rektors Landbúnaðarháskólans verður auglýst laust til umsóknar fljótlega og mun Björn láta af störfum um leið og nýr rektor tekur við.

### Hagur LbhÍ vænkast

Björn segir að fjárhagur Landbúnaðarháskólans hafi tekið miklum stakkaskiptum frá árinu 2014. „Þegar ég tók við skólanum var búinn að vera hallarekstur á skólanum í mörg ár og búið að leggja drög að aðgerðum til að láta enda ná saman. Það féll síðan í minn hlut að hrinda þeim erfiðu aðgerðum í framkvæmd sem fólust meðal annars í því að segja upp starfsmönnum. Við það snerist reksturinn við og skólinn skilaði afgangi og gat greitt upp í skuldir sínar við ríkissjóð.

Við lokaafgreiðslu fjárlaga um síðustu áramót voru 85% af skuldum skólans við ríkið afskrifaðar. Í dag hillir því undir að rekstur skólans sé kominn í eðlilegt ástand og að hægt sé að fylla í þau faglegu skörð sem myndudust við niðurskurðinn,“ segir Björn.

### Langvarandi viðhaldsleysi á byggingum

Við gerð nýs fjárlagafrumvarps var ákveðið að leggja 70 milljónir króna til viðgerða á húsakosti gamla garðyrkjuskólans á Reykjum. Björn rektor segir að meira fjármagn þurfi til að koma húsnæði skólans í viðeigandi horf.

„Viðhaldsleysi skólans hefur verið langvarandi vegna fjármagnsskorts og því nauðsynlegt að kortleggja framkvæmdirnar vel. Fjármagnið dugar til að hefja fyrstu aðgerðir og gera framkvæmdaáætlun um næstu skref. Ekkert hefur enn verið ákveðið með röð framkvæmda og greiningavinna að fara í gang í samstarfi við fasteignaskrifstofu menntamálaráðuneytisins og Ríkiskaupa,“ segir Björn. /VH

Formaður og framkvæmdastjóri BÍ:

# Ræddu við nýjan ráðherra um málefni landbúnaðarins

**Um leið og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir tók við sem nýr landbúnaðarráðherra óskuðu Bændasamtökin eftir fundi með henni. Sá fundur var haldinn um miðja síðustu viku en það voru þeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, og Sigurður Eyþórsson framkvæmdastjóri sem hittu hana að máli.**

Að sögn Sindra var fundurinn góður en farið var yfir ýmis mál sem eru ofarlega á baugi og bændur vildu ræða við nýjan ráðherra.

### Hugmyndir um endurskipun í starfshóp um búvörusamninga

„Við ræddum meðal annars við ráðherra um stefnuyfirlýsingu nýju ríkisstjórnarinnar og hugmyndir ráðherrans um að endurskipa í starfshóp um endurskoðun búvörusamninga. Við lögðum áherslu á að þeir sem hafa tilnefnt fulltrúa sína í hópinn héldu þeim,“ segir Sindri.

Í þessari viku setti Gunnar Bragi Sveinsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, færslu á Facebook þar sem hann spáði því að talsmönnum



Sindri Sigurgeirsson.

milliliða yrði bætt í nefndina þar sem þeir geti gætt sinna hagsmuna. Sagði hann jafnframt að búvörusamningar fjölluðu ekkert um afkomu heildsala né verslunarinnar. „Talsmenn heildsala eiga a.m.k. ekkert erindi í slíka nefnd þar sem þeir eru milliliðir sem auka kostnað neytenda,“ sagði Gunnar Bragi.

### Frystikrafan er mikilvæg

Hráakjötsmálið bar á góma á fundi ráðherra með bændum en Bændasamtökin hafa í ræðu og riti lagt þunga áherslu á að ekki sé slakað á frystikröfunni þegar kemur að því að flytja inn erlent kjöt. „Við förum yfir okkar rök í málinu sem eru sterk. Við viljum ekki leyfa innflutning á hráu kjöti hingað til lands enda leggjum við mikla áherslu á að vernda okkar heilbrigðu búfjárstofna. Þetta er líka lýðheilsumál en við höfum margoft bent á mikla sýklalyfjanotkun í búfjárrækt í þeim löndum sem við eigum mest viðskipti við.“

Að auki sagði Sindri að rætt hefði verið um samkeppnisstöðu landbúnaðarins og almennt um tollamál og innflutning á matvælum. Að lokum var ráðherra boðið í heimsókn í Bændahöllina sem hún þáði með þökkum. „Við óskuðum nýjum ráðherra að sjálfsögðu til hamingju með embættið og treystum því að samstarf við bændur verði farsælt og heilladrjúgt,“ sagði Sindri Sigurgeirsson. /TB

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir landbúnaðarráðherra:

# „Fórum yfir nokkur atriði búvörusamninganna“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir landbúnaðarráðherra sagði í samtali við Bændablaðið að á fundi hennar með forsvarsmönnum BÍ í síðustu viku hefði verið farið yfir nokkur atriði sem lúta að búvörusamningum og landbúnaði almennt. Auk þess sem fundinum hafi verið ætlað efla samskiptin Bændasamtakanna og nýs landbúnaðarráðherra.

### Endurskoðunarnefndin endurskoðuð

„Sindri og Sigurður voru meðal annars að spyrjast fyrir um nefndina sem ætlað er að endurskoða búvörusamningana og hvernig ég hef hugsað mér að hana. Hvernig endurskoðun varðandi tollkvóta verður háttað og hvernig á að endurskoða mál mjólkuriðnaðarins og samkeppnislög.

Ég sagði þeim að ég ætlaði að endurskipa eða endurraða í endurskoðunarnefnd. Ég er ekki enn búin



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

að ákveða hvort nefndin verði skipuð öll að nýju eða hvort ég tek út þá fulltrúa sem voru skipaðir af síðasta ráðherra og skipa nýja í þeirra stað.“

### Fyrirkomulag tollkvóta skoðað

„Endurskoðun á fyrirkomulagi tollkvóta er annað verkefni sem verður að skoða að mínu mati í ljósi þess að tollkvótarnir munu aukast mikið á næstunni. Ég tel að fyrirkomulag tollkvótanna eins og þeir eru í dag muni ekki nýtast neytendum sem skyldi eftir að þeir verða auknir.“

Þorgerður segir að áður en nokkuð verði ákveðið með breytingar á tollkvótunum ætli hún að bíða eftir samþykkt Evrópusambandsins um málið sem væntanlega liggur fyrir í vor.

### Samkeppnisumhverfi mjólkuriðnaðarins

„Hvað mjólkuriðnaðinn og samkeppnislög varðar sagði ég Sindra og Sigurði að eitt af því sem ég ætlaði mér að gera væri að láta skoða samkeppnisumhverfi mjólkuriðnaðarins, en ekkert hefur verið ákveðið í þeim málum enn sem komið er,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir. /VH

Matvælastofnun vinnur að áhættu- og frammistöðuflokkun fyrir frumframleiðslu:

# Hvatning til betri búskapar

**Matvælastofnun vinnur að áhættu- og frammistöðuflokkun fyrir frumframleiðslu; framleiðslu á kjöti, mjólk og öðru búfjárhaldi.**

Jónína Þ. Stefánsdóttir, fagsviðsstjóri samhæfingar hjá Matvælastofnun, segir að markmið með áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi í frumframleiðslu sé að forgangsraða eftirliti í samræmi við þær kröfur sem löggjöfin gerir ráð fyrir.

„Mest eftirlit verður með starfsemi sem felur í sér mesta áhættu varðandi dýravelferð og matvælaöryggi. Áhættumiðað eftirlit tryggir að eftirliti sé forgangsraðað út frá þörfum. Með frammistöðuflokkun dregur úr eftirliti með þeim sem standa sig vel, á meðan eftirlit er aukið þar sem ekki hefur tekist að uppfylla að öllu leyti ákvæði laga og reglugerða. Þannig fæst betri nýting á tíma, mannauði og fjármagni samhliða skilvirkara eftirliti.

Vonir standa til að hægt verði að ljúka útfærslu á áhættuflokkunarkerfinu á þessu ári og vinna eftir því frá og með næsta ári.

Frammistöðuflokkun í frumframleiðslu verður ekki að fullu virk fyrr en búið er að skoða allar starfsstöðvar samkvæmt áhættuflokkunarkerfinu, sem tekur líklega um þrjú ár. Kerfið verður eftir það í stöðugri endurskoðun,“ segir Jónína. „Bændur verða varir við að tíðni eftirlits með starfsemi þeirra breytist í kjölfar áhættuflokkunar og það verður markvissara. Neytendur munu einnig njóta góðs af markvissara eftirliti með matvælaöryggi og dýravelferð.“

### Þrír frammistöðuflokkar

Frammistaða verður flokkuð í þrjá flokka; A, B og C eftir fjölda frávika og alvarlegra frávika við einstök skoðunaratriði og hvernig staðið er að úrbótum. Þetta er að sögn Jónínu með líkum hætti og gert er varðandi áhættu- og frammistöðuflokkun fóður- og matvælafyrirtækja. Þeir sem standa sig vel fá minna eftirlit og þar með lægri eftirlitsgjöld, en þeir sem standa sig illa fá tíðara eftirlit og hærri eftirlitsgjöld.

Jónína segir að allar nýjar starfsstöðvar byrji í frammistöðuflokki B. „Til að hægt sé að flokka frammistöðu fyrirtækis í fyrsta sinn þarf að skoða að minnsta kosti 95 prósent þeirra skoðunaratriða sem skilgreind hafa verið fyrir starfsemina. Ef skoðun leiðir til þess að starfsstöðin færist í frammistöðuflokk A, margfaldast eftirlitsþörfin með 0,5 þannig að starfsstöðin fær 50 prósent færri eftirlitstíma en þegar hún var í flokki B. Ef starfsstöð færist í frammistöðuflokk C, margfaldast eftirlitsþörfin með 1,5 þannig að starfsstöðin fær 50 prósent fleiri eftirlitstíma en þegar hún var í B flokki.“ /smh

# Áburðarverðskrá 2017

FÓÐURBLANDAN — GRÆÐIR áburður

| Tegund: | Gjaldagi 1. mars kr./tonn án vsk. (8%) | Gjalddagi 1. maí kr./tonn án vsk. (5%) | Greiðsludreifing kr./tonn án vsk. | N | $P_2O_5$ | P | $K_2O$ | K | Ca | Mg | S | B | Se |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Magni 1<br>N27 | 43.453 kr. | 44.870 kr. | 47.232 kr. | 27 | | | | | 8,4 | | | | |
| Magni S<br>N26 + 4S | 45.056 kr. | 46.526 kr. | 48.974 kr. | 26 | | | | | 7 | | 4 | | |
| Græðir 1<br>12-15-17 | 66.650 kr. | 68.823 kr. | 72.445 kr. | 12 | 15 | 6,6 | 17 | 14,1 | | 1 | 14 | 0,03 | |
| Græðir 8<br>21-7-11 | 54.522 kr. | 56.300 kr. | 59.263 kr. | 21 | 7 | 3,1 | 11 | 10 | 1 | | 2 | | |
| Græðir 9<br>27-6-6 Selen | 52.522 kr. | 54.234 kr. | 57.089 kr. | 27 | 6 | 2,6 | 6 | 5 | 1,1 | | 2 | | 0,0015 |
| Fjölmóði 2<br>23-12 | 50.846 kr. | 52.504 kr. | 55.267 kr. | 23 | 12 | 5,2 | | | 5,9 | | 2 | | |
| Fjölmóði 3<br>25-5 Selen | 49.674 kr. | 51.294 kr. | 53.994 kr. | 25 | 5 | 2,1 | | | 7,1 | | 2 | | 0,0015 |
| Fjölmóði 4<br>24-9 Selen | 49.854 kr. | 51.480 kr. | 54.189 kr. | 23,8 | 9 | 4 | | | 5,9 | | 2 | | 0,0015 |
| Fjölgræðir 5<br>17-15-12 | 57.311 kr. | 59.180 kr. | 62.295 kr. | 17 | 15 | 6,6 | 12 | 10 | 4 | | 2 | | |
| Fjölgræðir 6<br>22-11-11 | 57.918 kr. | 59.807 kr. | 62.954 kr. | 22 | 11 | 4,8 | 11 | 9,2 | 1,1 | | 2 | | |
| Fjölgræðir 7<br>22-14-9 Selen | 58.076 kr. | 59.970 kr. | 63.126 kr. | 22 | 14 | 6,1 | 9 | 7,3 | 1,1 | | 2 | | 0,0015 |
| Fjölgræðir 9<br>25-9-8 | 55.401 kr. | 57.208 kr. | 60.219 kr. | 25 | 9 | 3,9 | 8 | 6,6 | 1,1 | | 2 | | |
| Fjölgræðir 10<br>25-9-8 Selen | 57.377 kr. | 59.248 kr. | 62.366 kr. | 25 | 9 | 3,9 | 8 | 6,6 | 1,1 | | 2 | | 0,0015 |

Verð gildir til 31. janúar 2017. - Nánari skilmála má finna á www.fodur.is - Verð háð gengi evru, verð geta breyst án fyrirvara.

**25% LÆKKUN**

## Hafið samband við söluráðgjafa og fáið tilboð!

## Áburðarsölumenn og afgreiðslustaðir

### SUÐURLAND
Þjónustufulltrúar

FB verslun Selfossi
Guðmundur Árni Sigurðsson
gudmundurs@fodur.is
Sími:570-9840

Birkir Ármannsson
Brekku
birkirarm@gmail.com
Sími: 487 5646
Gsm: 898 2464

Einar Gestsson
Hæli II
einargestsson@gmail.com
Sími: 486 1058
Gsm: 860 9682

Björn Helgi Snorrason
Kálfafelli
bjornhelgi@fodur.is
Gsm: 848 9872

Björn Jónsson
Höfn
bjornj@kask.is
Sími: 470 8222
Gsm: 893 5444

FB verslun Hellu
Þorsteinn Ingvarsson
thorsteinn@fodur.is
Sími: 570-9870

Hermann Árnason
Hellu
hermann@fodur.is
Gsm: 894 2628

FB Verslun Hvolsvelli
Tryggvi Sigurður Bjarnason
tryggvi@fodur.is
Sími: 570 9850
Gsm: 894 9820

### VESTURLAND / DALIR
Þjónustufulltrúar

Margrét Katrín Guðnadóttir
margret@kb.is
Sími: 430 5500
Gsm: 898 0034

Jónmundur Hjörleifsson
Gsm: 660 8254

Unnsteinn Árnason
Klúku
371 Búðardal
irisbjorg@simnet.is
Gsm: 898 8210

Einar Valur Árnason
einarvalur@fodur.is
Sími: 5709833
Gsm: 894 9823

### VESTURLAND VESTFIRÐIR
Þjónustufulltrúar

Jóhann P. Ágústsson
Brjánslæk
brl2@simnet.is
Sími: 456 2055
Gsm: 824 3108

Valgeir Örn Kristjánsson,
pakkhus@ksholm.is.
455 3106

Viktoría Rán Ólafsdóttir
Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Hólmavík
viktoria@ksholm.is
Sími 455 3100, Bs: 455 3101

### NORÐURLAND / NORÐAUSTURLAND
Þjónustufulltrúar

Gylfi Pálsson
gylfi@bustolpi.is
Sími: 460 3352
Gsm: 898 5565

Elvar Freyr Pálsson
elvar@bustolpi.is
460-3356

Sigurður Kristjánsson
Stöng, Mývatnssveit
stongmy@emax.is
Sími: 464 4252
Gsm: 892 0157

Hanna Dögg Maronsdóttir
hanna@bustolpi.is
460-3354

Stefán Grímsson
Kópasker
shgsirra@kopasker.is
Sími: 465 2172
Gsm: 894 0172

Ingvar Olsen
ingvar@bustolpi.is
Gsm: 840 6363

Thelma Rut Káradóttir
bustolpi@bustolpi.is
460-3358

Trausti Aðalsteinsson
Húsavík
Sími: 458 8981
Gsm: 858 8981

### REYKJAVÍK / AUSTURLAND
Þjónustufulltrúar

Pétur Pétursson
petur@aburdur.is
Sími: 570 9826
Gsm: 862 0090

Hjördís Bergsdóttir
Sími: 570 9811
hjordis@fodur.is

Stefanía Gunnarsdóttir
stefa@aburdur.is
Sími: 570 9822

Gunnar Hauksson
gunnar@fodur.is
Sími: 5709812
Gsm: 894 9822

Úlfur Blandon
ulfur@fodur.is
Sími: 570 9816
Gsm: 697 4728

Elvar Vignisson
FB Verslun Egilsstöðum
elvar@fodur.is
Sími: 570 9860
Gsm: 863 2325

Einar Valur Árnason
einarvalur@fodur.is
Sími: 5709833
Gsm: 894 9823

### NORÐURLAND VESTRA
Þjónustufulltrúar

Jón Hilmar Karlsson
KVH Hvammstanga
Sími: 455 2325
Gsm: 868-8022

Reimar Marteinsson
KVH Hvammstanga
reimar@kvh.is
Sími: 455 2300
Gsm: 894 9939

Björn M. Svavarsson
KS - Sauðárkróki
bjorn.svavarsson@ks.is
Sími: 455 4626




FÓÐURBLANDAN — BÚREKSTRARDEILD BORGARNESI — KS — Verslunin Eyri — KVH — Bústólpi

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.200 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgarar kostar 5.100 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is og Tjörvi Bjarnason – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Ásgerður María Hólmbertsdóttir amh@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefsíða blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Prentsnið – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

## Eiga bændur sér viðreisnar von?

Bjarni Benediktsson forsætisráðherra nefndi það í eldhúsdagsræðu sinni í fyrradag að Ísland þyrfti að tvöfalda útflutningstekjur sínar á næstu 15 árum. Hann taldi varasamt að reyna að ná þessu markmiði með því einu að sækja meira sjávarfang eða bræða meira af málmum heldur þyrfti að skjóta fleiri stoðum undir útflutninginn og bæta verðmætasköpun þess sem við höfum úr að spila. Tækifærin liggja í nýsköpun og þróun. Þarna sperrti ég eyrun og leiddi hugann að því hvað landbúnaðurinn geti lagt af mörkum. Ég er einn af þeim sem trúi því að bændur geti aukið tekjur sínar umtalsvert á næstu árum með tækni og þekkingu að leiðarljósi.

Í blaðinu er viðtal við kúabændurna í Smjördölum í Flóa. Það er gott dæmi um bú sem hefur gengið í gegnum miklar breytingar, bæði hvað varðar tækni og nýtísku aðbúnað fyrir bústofn og starfsfólk. Nýtt fjós búið mjaltaþjóni og öðrum tækjabúnaði ásamt góðri þekkingu bændanna hefur stóraukið afurðir búsins síðustu tvö ár. Þetta er frábært og skapar aukna hagsæld.

Bjarni talaði líka um umhverfismálin og þá ógn sem steðjar að vegna hlýnunar jarðar af völdum gróðurhúsalofttegunda. Nefndi hann þar aðgerðaráætlun í tengslum við Parísarsamkomulagið og áform ríkisstjórnarinnar að setja fleiri græna hvata í hagkerfið. Meðal annars að hvetja til skógræktar og landgræðslu og orkuskipta í samgöngum. Það er gott að forsætisráðherra tekur þessi mál upp í stefnuræðu sinni og vonandi munu orðum fylgja efndir.

Hann nefndi líka velgengni ferðaþjónustunnar sem byggist á þrotlausri vinnu og markaðsstarfi. Landbúnaðurinn tengist ferðaþjónustunni traustum böndum eins og sést best á næstu síðu þar sem ferðaþjónustuaðilar af landsbyggðinni komu til Reykjavíkur á Mannamót. Bændur voru þar áberandi við að kynna sína þjónustu. Krafturinn í ferðaþjónustunni seytlar um allt samfélagið og ekki síst um landsbyggðina þar sem verðmætin felast í óspilltri náttúrunni og gróskumiklu mannlífi.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fær nú það verkefni að leiða landbúnaðarmálin í nýju ríkisstjórninni. Hún getur sett mark sitt á þróun atvinnugreinarinnar og vonandi verða verk hennar gæfurík. Margir bændur telja að þeir sem nú stjórni ráðuneytinu hafi það að markmiði að auka innflutning á búvörum og veikja þá skipan mála sem við búum við í dag. Það getur varla verið það sem Viðreisn hefur í huga, a.m.k. segir Jóna Sólveig Elínardóttir, varaformaður flokksins, í þessu blaði að flokkurinn beri hag bænda fyrir brjósti. Greinilegt er þó að Benedikt Jóhannessyni, formanni flokksins, er umhugað um að liðka fyrir innflutningi á erlendum matvörum eins og kom fram í hans eldhúsdagsræðu í fyrradag. Til að lina áhyggjur manna má benda á að stjórnarmeirihlutinn byggir á minnsta mögulega þingmannafjölda. Kollsteypur í þessum málaflokki verða ekki gerðar nema þingmenn allra stjórnarflokkanna leggist á eitt.

Lykillinn að því að allt fari vel er að fólk tali saman og sýni skilning á hugmyndum hvað annars. Síðan þarf að vega og meta, með öll tiltæk rök og gögn fyrir framan sig, hvaða skref er skynsamlegt að stíga. Markmiðin eru að auka hagsæld og hamingju okkar allra. Það getum við verið sammála um.

Hvað sem segja má um stefnu Viðreisnar í landbúnaðarmálum þá er fagnaðarefni að í fyrsta sinn ræður kona ríkjum í ráðuneytinu. Kannski hefur hinn karllægi búnaðarheimur gott af því að fá konu við stýrið til tilbreytingar?

/TB

## Fundað með bændum




Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is


**Stjórnarmenn og starfsfólk Bændasamtakanna hafa nýlokið 15 funda ferð um allt land til að ræða við félagsmenn og ríflega 700 manns komu til fundar við okkur. Tilgangur ferðarinnar var annars vegar að fjalla um helstu atriði nýju búvörusamninganna eins og þau birtast í reglugerðum sem settar voru undir áramótin til að útfæra þá nánar. Hins vegar var efnið að fara yfir fyrirkomulag nýrra félagsgjalda Bændasamtakanna sem farið verður að innheimta í næsta mánuði.**

Óneitanlega hafði hin pólitíska þróun áhrif á umræðuna. Nýja ríkisstjórnin var mynduð meðan á ferðinni stóð og vitanlega veltu bændur (og gera enn) fyrir sér hvernig hún hygðist framkvæma landbúnaðarstefnu sína. Það á eftir að koma í ljós, en ég hef átt einn fund með nýjum ráðherra til að inna eftir nánari skýringum á fyrirætlunum hennar og ríkisstjórnarinnar. Það var kurteislegur fundur, þar sem henni var bæði boðið að heimsækja Bændasamtökin til að kynnast starfseminni og einnig að ávarpa ársfund Bændasamtakanna sem fram fer á Akureyri þann 3. mars nk. Það er ótímabært að draga víðtækar ályktanir af fundinum að svo stöddu, enda ráðherra nýtekinn við og útfærsla á hugmyndum ríkisstjórnarinnar lá ekki fyrir.

### *Endurskoðun búvörusamninga 2019*

Það lá alltaf fyrir að það yrði komin ný ríkisstjórn þegar kæmi að endurskoðun búvörusamninga árið 2019 og beinlínis um það samið að hún færi fram á þann hátt að stjórnvöld hvers tíma gætu komið áherslum sínum að. Sama gildir síðan um seinni endurskoðunina árið 2023. Bændur leggja þunga áherslu á að endurskoðunin gangi fram eins og um var samið. Við endurskoðunina þarf að fara yfir markmið samninganna og meta hvernig gengið hefur að framkvæma þau. Í samningunum er auk þess kveðið á um ýmis atriði sem skoða á sérstaklega við endurskoðunina. Þar er stærst ákvörðun um hvort hverfa eigi frá kvótakerfi í mjólkurframleiðslu, en einnig hvort hægja eigi á breytingum á greiðslumarkskerfinu í sauðfjárrækt. Þá á einnig að meta hvort draga eigi frekar úr tollvernd útiræktaðs grænmetis gegn aukningu beingreiðslna á móti. Þá er einnig mikilvægt að fara vel yfir þau atriði sem atvinnuveganefnd Alþingis dró fram við afgreiðslu þingsins. Í nefndaráliti meirihlutans er meðal annars vikið að upplýsingagjöf til neytenda, frekari greiningu á sérstöðu íslensks landbúnaðar, greiningu á afkomu bænda, samkeppnisumhverfið og fleira. Allt þetta er mikilvægt að endurskoðunarnefndin skoði vel. Þá er einnig þýðingarmikið að fara vel yfir umhverfismál og landbúnað, einkum loftslagsmálin. Þessi mál komu fram í umræðunum á bændafundunum og undirstrika enn frekar nauðsyn þess að samtök bænda vinni að frekari stefnumótun í þessum málaflokki.

Bændur, eins og þjóðin öll, þurfa að setja sér skýr og metnaðarfull markmið á sviði loftslagsmála. Þar er ekki annað í boði.

Ráðherra hefur sagt opinberlega að hún vilji breyta skipan nefndar sem forveri hennar skipaði til að vinna að endurskoðuninni. Á hvern hátt liggur ekki fyrir. Það er skiljanlegt að nýr ráðherra vilji koma sínum áherslum að hvað varðar fulltrúa ráðuneytisins sjálfs, en það væri skrítið ef aðilar sem hafa enga hagsmuni af því að efla íslenskan landbúnað yrðu kallaðir til við að móta starfsumhverfi hans.



Bændafundur á Egilsstöðum. Mynd / Guðbjörg Jónsdóttir

### *Nú reynir á samstöðu bænda*

Hitt meginefni fundanna voru félagsgjöldin eins og að framan greinir. Bændur hafa um árabil greitt fyrir sameiginleg verkefni, meðal annars starfsemi hagsmunasamtaka sinna, með sjóðagjöldum sem lögð hafa verið á framleiðsluna, síðustu 18 ár með búnaðargjaldi. En nú er að renna upp nýir tímar. Það reynir nú á samstöðu bænda því að nú þarf að fjármagna samtökin með félagsgjöldum sem innheimt verða sérstaklega en verða ekki dregin af innlögðum afurðum. Á fundunum kom fram mjög jákvætt viðhorf til starfs samtakanna og margir höfðu orð á nauðsyn þess að samtök bænda yrðu áfram öflug, ekki síst við núverandi aðstæður. Skoðanakönnun meðal félagsmanna sem gerð var í desember leiðir einnig í ljós að mikill meirihluti telur starf samtakanna mjög mikilvægt fyrir landbúnaðinn. Hagsmunabaráttan hefur mesta þýðingu í hugum félagsmanna og hana vilja þeir áfram efla auk annarra helstu verkefna, eins og Bændablaðið og almenn kynningarmál. Það gera menn einmitt best með víðtækri og almennri þátttöku þegar innheimta félagsgjalda hefst í næsta mánuði.

## Ísland er land þitt



**Bíldudalur á sér langa og merka sögu, þar var meðal annars einn af verslunarstöðum einokunarverslunarinnar. Fljótlega eftir að verslun var gefin frjáls í lok 18. aldar eignaðist Ólafur Thorlacius verslunina og rak þaðan þilskipaútgerð og flutningaskip og seldi fisk beint til Spánar. Pétur J. Thorsteinsson rak einnig mikinn atvinnurekstur á Bíldudal milli 1880 og 1910 með útgerð og verslun, og notaði til þess eigin mynt, eða Péturskrónur. Á þeim tíma sem Pétur var útgerðarmaður fjölgaði íbúum og tók að myndast allstórt þorp á staðnum.** Mynd / HKr.

Líf og starf

## Ferðaþjónustuaðilar á landsbyggðinni kynntu sína þjónustu í höfuðstaðnum:

# Mannamót í Reykjavík

## – Bændur áberandi meðal sýnenda

**Það er mikil gróska í ferðaþjónustu um allt og bændur eru áberandi á meðal þeirra sem stunda ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Það sást glögglega á Mannamóti í Reykjavík á fimmtudaginn var en viðburðurinn er skipulagður af markaðsstofum landshlutanna.**

Mannamótið fór fram í flugskýli Ernis á Reykjavíkurflugvelli og fjöldi gesta kom til þess að kynna sér þá þjónustu sem er í boði. Áberandi margir bændur voru á meðal sýnenda, ferðaþjónustubændur, hestamenn, garðyrkjubændur og fleiri. Greinilegt er að menningartengd ferðaþjónusta er í vexti og það eru æ fleiri sem gera út á sérkenni síns héraðs.

Mannamót markaðsstofanna er kynningarvettvangur ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og tækifæri til að koma á fundum fagaðila í greininni. Tilgangurinn er að kynna landsbyggðarfyrirtæki fyrir ferðaþjónustuaðilum sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu. Mannamót sem þessi hjálpa til við að mynda tengsl innan ferðaþjónustunnar, á milli starfsfólks ferðaskrifstofa, upplýsinga- og bókunarmiðstöðva, leiðsögumanna, nemenda og fjölda annarra sem starfa í ferðaþjónustunni. /TB



Evelyn Ýr Kuhne á Lýtingsstöðum var að kynna sína starfsemi en Sigurlaug Gissurardóttir, formaður Félags ferðaþjónustubænda, var gestur á sýningunni að þessu sinni. Myndir / TB



Ásta Kristín Sigurjónsdóttir ferðaklasastjóri og Njáll Trausti Friðbertsson alþingismaður.



Aldís Aðalbjarnardóttir hjá Coldspot og Karl Jónsson hjá Lamb Inn á Öngulsstöðum.




Jónína Aradóttir, móttöku- og veitingastjóri í Friðheimum, var sannfærandi þegar hún sagði frá því helsta sem ferðamenn geta tekið sér fyrir hendur þar á bæ.



Jóhann Albertsson á Gauksmýri.




Sigurður Guðmundsson og Aldís ArnaTryggvadóttir sérhæfa sig í slökunarferðamennsku.




Agnes Óskarsdóttir á Hundastapa stóð vaktina fyrir sveitamarkaðinn Ljómalind í Borgarnesi.

## Bændasamtök á Íslandi 180 ára:

# Auka skal þátttöku kvenna í félagsstörfum landbúnaðarins

**Í ár eru 180 ár frá því að fyrstu samtök bænda á Íslandi voru stofnuð. Að því tilefni hefur verið sett á laggirnar nefnd sem ætlað er að útfæra verkefni til að auka þátttöku kvenna í félagsstörfum landbúnaðarins.**

Búnaðarsamband Suðuramtsins var stofnað árið 1837 og taldi búnaðarfélag Íslands upphaf sitt til þess árs. Bændasamtök Íslands urðu til við samruna Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands árið 1995 en rætur þess ná 180 ár aftur í tímann.

*Verkefni til að auka þátttöku kvenna*

Í tilefni af afmælinu lagði Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, til fyrir skömmu að skipuð verði þriggja manna nefnd sem falið verði að útfæra verkefni um aukna þátttöku kvenna í félagsstörfum landbúnaðarins. Hann lagði jafnframt til að nefndina skipi, auk hans, Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda og Guðrún Tryggvadóttir bóndi, Svartárkoti. Tillaga formanns var samþykkt samhljóða.




Skrifstofur Bændasamtaka Íslands eru á þriðju hæð Hótel Sögu. Mynd / TB

*Eitt til fjögur kýrverð*

Stofnendur Búnaðarsambands Suðuramtsins voru ellefu embættismenn og þar á meðal voru stiftamtmaður, biskup, háyfirdómari og landlæknir. Stofnfundur sambandsins var 28. janúar 1837. Á fundinum var ákveðið að árgjaldið væri einn til fjórir ríkisdalir og greiddu menn tíu ríkisdali gátu þeir orðið ævifélagar. Stofnárið var kýrverð í Suðuramtinu 25 ríkisdalir og 19 skildingar en árgjald Bændasamtaka Íslands í dag er 42 þúsund krónur.

Í árslok 1837 voru félagar í Búnaðarsambandi Suðuramtsins 105 en í dag, 180 árum síðar, teljast félagar í Bændasamtökum Íslands um 6.000.

*Bændasamtökin eru málsvari bænda*

Hlutverk Bændasamtaka Íslands er að vera málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði.

Höfuðstöðvar samtakanna eru í Bændahöllinni við Hagatorg í Reykjavík en samtökin eru með starfsstöð á Akureyri, auk þess sem nokkrir starfsmenn hafa aðsetur annars staðar. Samtökin eiga og reka Nautastöðina á Hesti og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, sem rekur 13 starfsstöðvar víðs vegar um land.

Auk þess gefa Bændasamtökin út Bændablaðið og eiga Hótel Sögu. Skrifstofur þeirra eru á þriðju hæð hótelsins. /VH

# MÆLT AF MUNNI FRAM

170

Vonandi hafa allir haldið sæmilegri geðró yfir lestri síðasta vísnaþáttar, og viðbúnir kveðskap frá svipuðum tíma og hin kostulega **„Kleppsför“** var ort. Þegar **Björn Sveinsson,** kenndur við **Botnastaði**, flutti sig um set upp í Laxárdal orti hann:

*Hvar sem eyða ævi skal,*
*ég til reiðu svara,*
*út á leiðan Laxárdal*
*líst mér neyð að fara.*

**Sigfús frá Eyvindará** orti til manns sem loksins undir miðjan aldur fann löngun sinni „farveg“:

*Tuttugu ár með tóman skut*
*til og frá hann bráréri.*
*Á endanum fékk hann einn í hlut*
*afar stóra hámeri.*

**Friðbjörn Björnsson í Staðartungu,** listilega hagortur, orti um **Jóhann frá Flögu:**

*Þitt ég hljóma heyri raus,*
*hálf-ófrómi drulluhnaus,*
*innantóman hefur haus,*
*hjarta-, sóma- og ærulaus.*

Og svipaða útreið hlaut **Sigmundur Björnsson** starfsmaður KEA:

*Orðið flýtur okkur hjá,*
*einkis nýtur skolli.*
*Hárið lítið hefirðu á*
*heimskum skítakolli.*

**Jón Pálmason** alþingismaður frá Akri var lipur hagyrðingur og gamansamur vel. **Jón** var á ferð með **Gunnari** bílstjóra sínum. Milli **Gunnars** og **Jóns** sat ónefnd kona sem kvartaði sáran undan hita og svita á annarri hliðinni, en kulda og dofa á hinni. **Jón** orti:

*Gunnars vors er holdið heitt,*
*hitar því að vonum,*
*er á frúnni orðið sveitt*
*allt, sem snýr að honum.*

*Svona verkar sitt á hvað*
*sálar aflið dulda.*
*Hinum megin- hart er það-,*
*hún er blá af kulda.*

*Andinn sveimar eftir þrá*
*úti í geimi svölum.*
*Mig var að dreyma myndir frá*
*mínum heimadölum.*

Fjöldinn allur af svonefndum þingvísum lifir enn frá þessum árum. Jafnvel frumvörp voru lögð fram í bundnu máli. **Bjarni Ásgeirsson** lagði fram 3 frumvörp í einu með þessum formála:

*Fjórir mættir, fundur settur,*
*fyrir tekið er:*
*Frumvarpsbunki býsna þéttur*
*borinn fram af mér.*

**Jóhannes úr Kötlum** tók sæti á Alþingi sem varamaður. Á sama tíma var þráttað um frumvarp sem tók á „Þegnskylduvinnu“. Jóhannes talaði gegn frumvarpinu og í ræðu sinni nefndi hann orðið „taxtakaup“. **Jóhannes** hafði þá nýverið hlotið skáldastyrk, og lá því vel við höggi þegar **Bjarni Ásgeirsson** kom í pontu, talandi fyrir „þegnskyldufrumvarpinu“ með þessari stöku:

*Teygað hefir þorstlát þjóð*
*af þínu Boðnar-staupi.*
*Ortir líka öll þín ljóð*
*undir taxtakaupi.*

**Jónas frá Hriflu** hafði orð á því á Alþingi, að áður en hann varð formaður menntamálaráðs, þá hefðu margir okkar helstu listamenn alveg gleymst, eins og t.d. **Jóhannes Kjarval,** en nú yrði úr því bætt. Þá orti **Bjarni Ásgeirsson:**

*Lævi blandið húm af heimsku*
*hylur allan þingsins geim.*
*Síga menn í svefn og gleymsku*
*svo að Kjarval gleymist þeim.*

*Meinleg gleymska margan hrjáði*
*meðan í stjórn og þingi sat,*
*en uppi í Menntamálaráði*
*mundi allt sem hugsast gat.*

**Skúli Guðmundsson** alþingism. kvað í einhverri vísnahríðinni á þingi:

*Betra væri þetta þing*
*og þrasað heldur minna,*
*væri engan Vestfirðing*
*í vorum hópi að finna.*

**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

Fréttir



Óðinn Þórarinsson afhendir Jónatan gjöf Veðurstofu Íslands. Mynd / smh

# Veðurstofa Íslands heiðrar Jónatan Hermannsson

## – Hefur tekið veðrið óslitið í 30 ár

**Jónatan Hermannsson lét af störfum við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) sem tilraunastjóri á Korpu um síðastliðin áramót. Hann hefur starfað í 38 ár á Rannsóknastofnun landbúnaðarins og LbhÍ, þar af gegnt stöðu tilraunastjóra í jarðrækt og sinnt korntilraunum undanfarin 30 ár.**

Jónatan hefur tekið veðrið fyrir Veðurstofu Íslands síðustu 30 árin á Korpu og hefur ekki misst dag úr. Til að þakka honum dygga þjónustu afhenti Óðinn Þórarinsson, framkvæmdastjóri Veðurstofu Íslands, honum gjöf að skilnaði. /smh

Námskeið um íslensku landnámshænuna:

# Vaxandi áhugi fyrir hænsnahaldi

**Tvö námskeið um íslensku landnámshænuna verða haldin í febrúar, hið fyrra að Reykjum í Ölfusi þann 11. febrúar og hið síðara á Hvanneyri 25. febrúar. Fjöldi fyrirspurna hefur borist um að halda námskeiðið víðar á landinu og er til skoðunar að efna einnig til þeirra norðan heiða, í Skagafirði og á Akureyri.**

Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands stendur fyrir námskeiðunum en kennari er Júlíus Már Baldursson, bóndi og ræktandi í Þykkvabæ. Hann er eigandi Landnámshænsna ehf. sem rekur Landnámshænsnasetur Íslands. Námskeiðið er ætlað þeim sem eiga íslenskar hænur eða hyggjast hefja ræktun á þeim, hvort heldur er í sveit eða þéttbýli.



Júlíus Már Baldursson.

### *Vinsæl námskeið*

Júlíus Már hefur haldið slík námskeið áður á vegum Endurmenntunar LbhÍ, en nokkuð er um liðið frá því þau voru síðast í boði, eða á árinu 2014. „Það var orðin þó nokkur eftirspurn eftir þessum námskeiðum núna, það líður vart sá dagur að ég fái ekki fyrirspurnir af ýmsu tagi varðandi hænsnahald, menn eru að spyrja um alls konar hluti sem því viðkemur, fóðrun, húsnæði og hvaðeina. Það er vaxandi áhugi fyrir því meðal bæði fólks í sveit og þéttbýli að halda nokkrar hænur sér til gagns og gamans. Námskeiðin hafa verið vinsæl og vel sótt og greinilegt að fólk fýsir í að afla sér þekkingar á þessu sviði. Við erum því að fara af stað á ný og eftir því sem ég best veit eru undirtektir góðar,“ segir hann.

### *Stefna norður*

Þau námskeið sem haldin hafa verið voru iðulega fullsetin og á Júlíus Már ekki von á öðru en svo verði einnig nú. „Við byrjum á þessum tveimur námskeiðum, á Reykjum í Ölfusi og Hvanneyri, en höfum einnig í hyggju að bjóða þau fyrir norðan, þaðan hafa komið fyrirspurnir og ef allt gengur upp er líklegt að námskeið verði í Skagafirði og á Akureyri síðar,“ segir hann.

Námskeiðin standa yfir í 8 klukkutíma og farið er yfir allt sem viðkemur hænum og hænsnahaldi. Kennslugögn eru innifalin í námskeiðsgjaldinu sem og veitingar yfir daginn. Flest verkalýðsfélög styrkja þá félagsmenn sína sem sækja námskeiðið. /MÞÞ

# Tímabundin lokun göngustígs á Skógaheiði við Skógafoss

**Álag á göngustígum við Skógafoss hefur verið gríðarlegt í vetur vegna mikils ferðamannastraums.**

Hlýindi og vætutíð hafa gert það að verkum að göngustígar hafa vaðist upp í leðju og hætta hefur verið á verulegum skemmdum á viðkvæmri náttúru svæðisins. Umhverfisstofnun lokaði göngustígnum á Skógaheiði þann 9. desember síðastliðinn tímabundið fyrir ferðamönnum með það að markmiði að vinna að viðeigandi verndarráðstöfunum t.d. með því að byggja þar upp malargöngustíg.

Ljóst er að framkvæmdir á Skógaheiði munu taka tíma og spilar veðráttan þar stórt hlutverk. Umhverfisstofnun hefur ákveðið að göngustígurinn verði lokaður næstu vikurnar, til 17. mars, eða þar til verndarráðstöfunum er lokið og óhætt verður að hleypa umferð fólks aftur inn á svæðið. /MÞÞ

Bændablaðið kemur vel út úr lestrarkönnun Gallup:

# Þriðjungur karlmanna og rúmur fjórðungur kvenna les Bændablaðið

**Bændablaðið heldur sjó í nýrri lesendakönnun Gallup á meðan Fréttablaðið og Fréttatíminn falla um rúm fjögur prósentustig í lestri á milli áranna 2015 og 2016.**

Alls 29,6% landsmanna lesa Bændablaðið. Lestrartölur Morgunblaðsins standa í 26,6%, Fréttablaðið er með 45,3% lestur og Fréttatíminn 32,3%. Viðskiptablaðið er með 11,7% og DV er með 9% lestur.

Þetta kemur fram í mælingu Gallup á lestri prentmiðla á síðustu þremur mánuðum ársins 2016.




Mynd 1. Bændablaðið er mest lesið af öllum prentmiðlum á landsbyggðinni.

### *Mest lesið á landsbyggðinni*

Mikill munur er á lestri dagblaða á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Í höfuðborginni er Bændablaðið með 21,7% lestur en 43,8% á landsbyggðinni. Það ber höfuð og herðar yfir aðra prentmiðla utan höfuðborgarsvæðisins en Fréttablaðið er næst mest lesið með 28,6% meðallestur á landsbyggðinni. Þá Morgunblaðið með 25,3% og loks Fréttatíminn með 11,9% lestur. Athygli vekur að lestur DV á landsbyggðinni hefur aukist frá fyrra ári, var 7,1% en fer í 10,8%.

Þegar lesturinn á Bændablaðinu er skoðaður með tilliti til kynjanna sést að þriðjungur íslenskra karlmanna les Bændablaðið að staðaldri. Rúmlega fjórðungur kvenfólks í landinu les Bændablaðið, eða 26,4%.

Karlar á landsbyggðinni eru sérstaklega dyggir lesendur en 46,3% þeirra lesa Bændablaðið reglulega. 40,7% kvenna á landsbyggðinni lesa Bændablaðið.




Mynd 2. Meðallestur prentmiðla yfir landið.

### *Um helmingi upplags er dreift á höfuðborgarsvæðinu*

Bændablaðið er prentað í 32 þúsund eintökum og dreift út um allt land. Um 15 þúsund eintökum er dreift innan höfuðborgarsvæðisins, allir bændur fá blaðið sent heim til sín auk þess sem blaðið liggur frammi víða á landsbyggðinni í verslunum, söluskálum, bensínstöðvum, sundstöðum og víðar.

Gallup mælir lestur á fjölmiðla með samfelldum hætti með því að safna saman svörum fólks á hverjum degi um lestur þeirra á prentmiðlum. Í úrtakinu eru Íslendingar á aldrinum 12–80 ára á landinu öllu. /TB

Rúmlega 700 bændur mættu til bændafunda:

# Bændur ræddu breytingar sem fylgja búvörusamningunum og félagsgjöld BÍ

**Nýlokið er bændafundaferð þar sem Bændasamtökin héldu 15 fundi með bændum um allt land. Tólf fundir voru haldnir 9.-11. janúar en þremur varð að fresta vegna veðurs, en þeir voru svo haldnir 16. og 19. janúar. Fundargestir voru alls rúmlega 700 talsins og var aðsókn undantekningalaust góð. Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ, sagði að ekki væru tök á að fara á alla staði nú en úr því yrði bætt síðar.**

Sigurður sagði meginefni fundanna tvíþætt. „Í fyrsta lagi var rætt um áhrif nýju búvörusamninganna sem tóku gildi um nýliðin áramót, einkum þó reglugerðirnar sem þeim fylgja en þar eru einstök verkefni samninganna útfærð. Í öðru lagi voru breytingar á starfsemi BÍ til umræðu en eins og greint hefur verið frá munu samtökin taka upp félagsgjöld á þessu ári þar sem búnaðargjalds nýtur ekki lengur við.“



Sigurður Eyþórsson, framkvæmdastjóri BÍ. Mynd / TB

### *Breytingar fylgja nýju samningunum*

Margvíslegar breytingar fylgja nýju samningunum að sögn Sigurðar. „Eðlilega var mest rætt um nýju eða verulega breyttu verkefnin, svo sem jarðræktarstuðning, landgreiðslur, nýliðunarstyrki og fjárfestingastyrki í nautgriparækt sem hefjast á þessu ári. Fjárfestingastyrkir í sauðfjárrækt hefjast 2018 og þar var meðal annars nefnt hvort nýta mætti þá til að endurnýja frauðplastseinangrun í gripahúsum sem því miður er enn víða að finna.“

Á fundunum komu fram miklar áhyggjur af stöðunni í sauðfjárræktinni í ljósi þess að afurðaverð lækkaði um 10% í fyrrahaust. Innanlandssala var góð í fyrra en smásöluverð stóð í stað á milli áranna 2015 og 2016. Á sama tíma eru útflutningsmarkaðir erfiðir vegna sterks gengis krónunnar og viðskiptabannsins Rússa.

### *Greiðslumark í mjólk og umhverfismálin á dagskrá*

„Í nautgriparæktinni var heilmikið rætt um fjárfestingastuðning en einnig um fyrirkomulag innlausnar á greiðslumarki. Kvótamarkaður lagðist af um áramótin en í staðinn kom innlausn á föstu verði sem verður 138 kr/ltr á árinu 2017. Innleyst greiðslumark verður síðan boðið til sölu á sama verði. Þar af gefst forgangshópum kostur á að kaupa allt að helminginn, en það eru annars vegar nýliðar og hins vegar þeir sem framleiddu 10% eða meira umfram greiðslumark árin 2013-15, þegar kallað var eftir meiri framleiðslu,“ sagði Sigurður. Hann sagði að talsvert hefði verið rætt um umhverfismál, einkum þó kolefnisfótspor landbúnaðarins, mögulegar aðgerðir og tækifæri landbúnaðarins til að marka sér sérstöðu á því sviði. Þar skipti máli að samtök bænda mörkuðu sér skýrari stefnu á því sviði.

### *Félagsgjöld hjá BÍ*

Eins og kunnugt er þá féllu lög um búnaðargjald úr gildi um áramótin og á þessu ári fara samtökin að innheimta félagsgjald. Á fundunum var farið yfir rökstuðninginn að baki þeim gjöldum sem innheimt verða í ár sem verða 42.000 kr. á hvert bú, en því fylgir full aðild fyrir tvo einstaklinga. „Það var farið yfir starfsemi og þjónustu samtakanna og á fundunum kom vel fram að menn töldu afar mikilvægt að Bændasamtökin yrðu áfram öflug, en einnig var rætt um nánari útfærslur á þjónustu við félagsmenn svo sem verðmun á skýrsluhaldsforritum og öðru því sem félagsmönnum stendur til boða. Í febrúar mega félagsmenn eiga von á ítarlegu kynningarbréfi þar sem farið verður yfir þau mál,“ sagði Sigurður.

### *Nýja ríkisstjórnin til umræðu*

Umræður á fundunum mörkuðust nokkuð af nýrri ríkisstjórn sem tók við stjórnartaumunum um sama leyti og fundirnir voru haldnir. „Menn veltu fyrir sér mögulegum fyrirætlunum hennar, en myndun hennar var einmitt að ljúka meðan á fundunum stóð. Enn fremur kom fram að ganga þyrfti harðar fram í að svara fyrir landbúnaðinn, ekki síst í ljósi þeirrar óvægnu umræðu sem hann býr löngum við,“ sagði Sigurður Eyþórsson. /TB

# ÉG MÆLI MEÐ BIO-KULT CANDÉA FYRIR SKJÓLSTÆÐINGA MÍNA



„Síðustu ár hef ég lagt mikla áherslu á að vera í jafnvægi, með góða orku og einbeitingu í lífi og starfi. Eitt af því sem ég tel skipta miklu máli í því samhengi er jafnvægi í líkamanum og góð flóra.“

„Í gegnum tíðina hef ég því lagt áherslu á að taka inn góða gerla til að viðhalda jafnvæginu og orkunni og hef prufað þá allra bestu hér á markaðnum hverju sinni.“

- Inniheldur blöndu af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract
- Öflug vörn við meltingaróþægindum og til að viðhalda og bæta flóru líkamans
- Hentar barnshafandi konum, mjólkandi mæðrum og börnum
- Mælt er með að taka 2 hylki á dag




Sigríður Jónsdóttir, ADHD markþjálfi og fíkniefnaráðgjafi (ICADC)

Bio-Kult®
The experts in probiotics

Bio-Kult er fáanlegt í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmakaða. Nánari upplýsingar má nálgast á www.icecare.is.

# MELTINGIN MUN BETRI MEÐ BIO-KULT

- Inniheldur blöndu af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna
- Þarf ekki að geyma í kæli
- Hentar barnshafandi konum, mjólkandi mæðrum og börnum
- Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vöruna




„Meltingarstarfsemi er mitt hjartans mál og mér finnst sérstaklega mikilvægt að meltingarfærin starfi eins og þau eiga að gera. Ef litið er til matarvenja þá hafa flest lönd ákveðna rétti sem innihalda gerjaðan mat eða eru til þess fallnir að viðhalda náttúrulegri bakteríuflóru líkamans. Fyrir þá sem ekki borða slíkan mat eru bakteríur í hylkjum það sem kemur næst. Ég mæli heilshugar með Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original, báðar tegundirnar hafa reynst mér vel.“



Margrét Alice Birgisdóttir, heilsumarkþjálfi, mælir alltaf með því við viðskiptavini sína í upphafi þjálfunar að þeir þurfi að hafa meltinguna í góðu lagi.

Bio-Kult er fáanlegt í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmakaða. Nánari upplýsingar má nálgast á www.icecare.is.

Bio-Kult®
The experts in probiotics

# Innlausn greiðslumarks mjólkur

**Viðskipti með greiðslumark mjólkur milli handhafa eru óheimil frá og með 1. janúar 2017, nema milli lögbýla í eigu sama aðila, samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar sem skrifað var undir 19. febrúar 2016.**

Ríkið hefur innlausnarskyldu á greiðslumarki gagnvart þeim sem óska eftir henni á árunum 2017-2019. Með innlausn greiðslumarks mjólkur er unnið skv. 9. gr. reglugerðar um stuðning við nautgriparækt nr. 1150/2016. Handhafi greiðslumarks getur lagt fram beiðni um innlausn á ónotuðu greiðslumarki á þar til gerðu eyðublaði í þjónustugátt Matvælastofnunar. Með beiðni um innlausn skal fylgja staðfesting um eignarhald á lögbýli, samþykki ábúenda, sameigenda og þinglýstu samþykki veðhafa jarðarinnar. Beiðni um innlausn er bindandi frá skiladegi beiðninnar um innlausn. Við innlausn á greiðslumarki skal seljandi endurgreiða greiðslur vegna greiðslumarks yfirstandandi framleiðsluárs sem svarar til þess magns sem selt er. Matvælastofnun skal draga fjárhæð þessara greiðslna frá innlausnarverði við frágang innlausnar.

*Innlausnarverð er 138 kr./ltr.*

Fyrir innleyst greiðslumark greiðir ríkissjóður 138 kr./ltr. Innlausnarvirði greiðslumarks helst óbreytt frá auglýsingardegi innlausnarvirðis til 31. desember 2017.

Greiðslumark framleiðanda þar sem engin framleiðsla fer fram í a.m.k. heilt verðlagsár skal ríkið innleysa á fyrsta innlausnardegi hvers árs, án þess að bætur komi fyrir.

Nánari upplýsingar á mast.is.

# Innvigtunargjald lækkar

**Sérstakt innvigtunargjald á mjólk lækkar í kr. 20 frá 1. febrúar 2017. Þetta var ákveðið á fundi í stjórn Auðhumlu í síðustu viku í ljósi fyrirliggjandi gagna um þróun innvigtunar og fjölda gripa.**



Fyrir breytingu var innvigtunargjald 35 kr. á lítra. Auðhumla gaf það út í lok október sl. að frá áramótum yrði áfram greitt fullt verð fyrir alla innlagða mjólk með tilliti til verðefna og gæða en sérstakt innvigtunargjald hækkaði í kr. 35 á hvern lítra mjólkur umfram greiðslumark. Gjaldið yrði hins vegar endurskoðað mánaðarlega og hækkað eða lækkað eftir aðstæðum og því hvernig framleiðsla og sala þróast. Ástæður fyrir sérstöku innivigtunargjaldi eru þær að Auðhumla greiðir hærra verð til innleggjenda en fæst við sölu þessarar mjólkur. /TB

# Svæðisbundinn stuðningur fyrir sauðfjárbændur

**Með nýjum búvörusamningum sem tóku gildi um áramót er tekinn upp svæðisbundinn stuðningur fyrir sauðfjárbændur.**

Byggðastofnun var fengin til að koma með tillögu að útfærslu í samræmi við samningana. Markmið svæðisbundins stuðnings eru að styðja þá framleiðendur sem eru á landsvæðum sem eru háðust sauðfjárrækt og framleiðendur sem hafa takmarkaða möguleika á annarri tekjuöflun. Þar eru sett skilyrði um að lögbýli skuli vera í 40 km akstursfjarlægð eða lengra frá þéttbýlisstöðum sem eru með yfir 1.000 íbúa, 75 km akstursfjarlægð eða lengra frá þéttbýlisstöðum sem eru með yfir 10.000 íbúa og 150 km akstursfjarlægð eða lengra frá Reykjavík.

Matvælastofnun er heimilt að víkja frá skilyrðum um akstursfjarlægð ef framleiðandi sýnir fram á með gögnum að þjóðvegur að lögbýli þar sem hann stundar sauðfjárrækt hafi lokast vegna snjóa, skriðufalla og vatnavaxta í meira en fimm daga að ári síðastliðin tvö ár. Bændur sem telja sig uppfylla þetta heimildarákvæði þurfa að senda gögn til Matvælastofnunar sem sýna fram á þetta. Rétthafar svæðisbundins stuðnings þurfa jafnframt að vera handhafar greiðslna samkvæmt 3. gr. reglugerðar um stuðning við sauðfjárrækt og þurfa að hafa átt 250 ær eða fleiri samkvæmt haustskýrslu síðastliðins hausts. Framleiðendur í Árneshreppi þurfa þó aðeins að hafa átt 100 ær eða fleiri. /TB

# Landstólpi fær umboð fyrir Fullwood-mjaltaþjóna

**Landstólpi ehf. hefur fengið einkaleyfi á Íslandi til að selja Fullwood M²erlin mjaltaþjóna og veita notendum þeirra tilheyrandi þjónustu. Þetta gerist samkvæmt nýjum umboðssamningi við breska stórfyrirtækið Fullwood.**

Í fréttatilkynningu frá Landstólpa segir að Fullwood sé leiðandi í hönnun og framleiðslu mjaltakerfa og mjaltabúnaðar, hefur starfað í meira en sjö áratugi og skiptir við bændur í yfir 80 ríkjum um víða veröld.

Arnar Bjarni Eiríksson, framkvæmdastjóri Landstólpa, segir að samningurinn við Fullwood marki tímamót hjá Landstólpa og raunar íslenskum kúabúskap yfirleitt. „Fullwood er breskt fyrirtæki og í fremstu röð í heiminum á sínu sviði. Aðdragandinn er vinna og viðræður undanfarin tvö ár en nú er samkomulagið í höfn eftir vandaðan undirbúning.

Landstólpi tekur stórt skref í starfseminni með því að geta nú boðið hið heimsþekkta og rótgróna vörumerki Fullwood, sem hluta heildarlausnar við fjósbyggingar. Það felur í sér skipulag, samskipti og framkvæmdir að eiga við einn aðila í stað margra. Slík hagræðing jafngildir sparnaði og þar getur munað miklu í krónum talið. Við kappkostum að bjóða viðskiptavinum einungis það besta og Fullwood mjaltaþjónar standa sannarlega undir því.“



Arnar Bjarni og David O'Hare.

David O'Hare, viðskiptaþróunarstjóri hjá Fullwood, kom til Íslands á dögunum og gekk frá umboðssamningnum. Að hans sögn er starfsemi Landstólpa afar fagmannleg og staða fyrirtækisins sterk á íslenska markaðnum. „Fullwood hefur miklar væntingar til samstarfs um að koma M²erlin á framfæri á Íslandi.“ /VH

Áburðareftirlit Matvælastofnunar fyrir 2016:

# Fjórar áburðartegundir teknar af skrá

**Ársskýrsla áburðareftirlits Matvælastofnunar fyrir síðasta ár var birt á vef stofnunarinnar 12. janúar síðastliðinn. Í skýrslunni er að finna helstu niðurstöður eftirlits með áburði, en í fyrra fluttu 24 fyrirtæki inn áburð og jarðvegsbætandi efni, alls 306 tegundir. Fjórar áburðartegundir voru með efnainnihald undir vikmörkum. Í einu tilviki voru fleiri en eitt næringarefni undir leyfðum vikmörkum. Þessar tegundir hafa verið teknar af skrá Matvælastofnunar.**




Valgeir Bjarnason hefur umsjón með áburðareftirliti Matvælastofnunar.

*Kadmíum aldrei yfir leyfðu hámarki*

Kadmíum (Cd) var mælt í öllum áburðartegundum sem innihalda fosfór. Efnið var oftast undir mælanlegum mörkum og alltaf undir leyfðu hámarki sem er 50 mg/kg P.

Fáar athugasemdir voru gerðar við merkingar, en helstu gallar voru vegna misræmis milli skráninga og merkinga einnig voru merkingar máðar í nokkrum tilfellum. Þá voru gerðar athugasemdir ef merkingar voru ekki á Íslensku.

Hjá Búvís voru gildi undir leyfðum vikmörkum í sjö áburðartegundum af þeim tólf sem Matvælastofnun tók sýni úr. Efnagreiningar Búvís á systursýnum gáfu gildi undir leyfðum vikmörkum fyrir eina tegund. Áburðartegundin Völlur 23-5+Ca+Mg+S+Se mældist í báðum tilfellum undir leyfðum vikmörkum og er hún því tekin af skrá Matvælastofnunar.

Hjá Fóðurblöndunni voru tekin sýni úr 13 áburðartegundum sem fyrirtækið flytur inn, en engar tegundir voru teknar af skrá.

Matvælastofnun tók sýni af átta áburðartegundum sem Lífland ehf. flytur inn. Tvær áburðartegundir sem mældust undir leyfðum vikmörkum í báðum mælingum, Líf 21-6-9,5 þar sem kalí (K) mældist undir vikmörkum og Líf 20,6-11-9+Se sem mældist sömu leiðis undir vikmörkum fyrir kalí (K).

Matvælastofnun tók sýni af 15 áburðartegundum sem Skeljungur hf. flytur inn. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi undir leyfðum vikmörkum í 11 áburðartegundum, en aðeins ein áburðartegund, OEN 20-18-15, var tekin af skrá Matvælastofnunar þar sem brennisteinn (S) mældist undir leyfðum vikmörkum í báðum greiningum.

Matvælastofnun tók sýni úr átta áburðartegundum sem Sláturfélag Suðurlands sf. flutti inn. Efnagreiningar Matvælastofnunar gáfu gildi undir leyfðum vikmörkum í 2 áburðartegundum. Efnagreiningar fyrirtækisins á systursýnum gáfu gildi yfir leyfðum vikmörkum fyrir þessar tegundir, því voru engar áburðartegundir sem Sláturfélagið flytur inn teknar af skrá. /smh

Stuðningsgreiðslur til sauðfjárbænda:

# Beingreiðslur í sauðfjárrækt ekki lengur greiddar fyrsta virkan dag í febrúar

**Jón Baldur Lorange, framkvæmdastjóri Búnaðarstofu Matvælastofnunar, segir að vegna nýrra búvörusamninga og í samræmi við reglugerð um stuðning í sauðfjárrækt eigi að gera ársáætlun um heildargreiðslur fyrir 15. febrúar.**

Fyrsta greiðsla á að fara fram í febrúar en í reglugerðinni kemur ekki fram nákvæmlega hvenær.

Vakin er athygli á því að fyrstu greiðslur til sauðfjárbænda eru áætlaðar um miðjan febrúar samkvæmt nýjum búvörusamningi og í samræmi við reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1151/2016 sem var birt á síðustu dögum nýliðins árs. Matvælastofnun gerir ársáætlun um heildargreiðslur til framleiðenda fyrir 15. febrúar eins og áður segir. Um er að ræða beingreiðslur, gæðastýringargreiðslur, greiðslur fyrir ullarnýtingu og svæðisbundinn stuðning. Beingreiðslur í sauðfjárrækt eru hluti ársáætlunarinnar og því var gert ráð fyrir að þær yrðu ekki lengur greiddar fyrsta virkan dag í febrúar eins og verið hefur.



Jón Baldur Lorange.

Jón Baldur segir hins vegar að í ljósi þess að það kæmi sér illa fyrir bændur að fá ekki neina greiðslu í byrjun febrúar, þá sé unnið að því að greiða beingreiðslur til sauðfjárbænda strax í byrjun febrúar.

Það yrði þá fyrirframgreiðsla, sem síðan verði hluti af ársáætluninni yfir allar stuðningsgreiðslur. /VH

Sigurður Ólafsson, bóndi á Brúsastöðum:

# Margir samverkandi þættir sem spila vel saman skila góðum árangri

**„Það er að mörgu að hyggja, margir samverkandi þættir sem spila vel saman sem gera að verkum að góður árangur næst," segir Sigurður Ólafsson, en hann og eiginkonan, Gróa Margrét Lárusdóttir, bændur á Brúsastöðum í Vatnsdal, reka afurðahæsta kúabú landsins.**



Sigurður Ólafsson og Gróa Margrét Lárusdóttur, bændur á Brúsastöðum í Vatnsdal, hafa hlotið fjölmörg verðlaun á sínum búskaparferli.

Myndir / HKr.

Brúsi, nafnið sem búið er rekið undir, hefur undanfarin 5 ár verið í hópi afurðahæstu kúabúa landsins og þar af þrisvar skipað fyrsta sætið.

Meðalafurðir búsins voru á liðnu ári að meðaltali 8.990 kg á árskú. Nína 676 í þeirra eigu var svo afurðahæsta kýr landsins á síðastliðnu ári, mjólkaði 13.833 kg sem er Íslandsmet.

Sigurður segir gróffóðrið, heyið skipta verulegu máli og að þau séu efnagreind og eins að það kjarnfóður sem gefið sé með passi við. „Við höfum keypt kjarnfóður frá Landstólpa undanfarin ár og ég tel að þær blöndur sem fyrirtækið býður upp á henti afar vel á okkar bú, við höfum tekið eftir því að afurðir hafa aukist eftir að við förum að nota það, það virkar í það minnsta vel á okkar gripi," segir Sigurður. „Það er kannski lykillinn að þessum árangri."



*Heilmikil yfirlega*

Sigurður segir það einnig skipta máli að sinna búinu vel, vera vakinn og sofinn yfir velferð kúnna, gæta vel að hreinlæti og hafa til að mynda bása alltaf hreina. „Eftir því sem við sinnum búinu betur verður árangurinn meiri og betri og fleiri krónur fást fyrir afurðir. Þetta er heilmikil yfirlega og við sinnum þessu bæði alla daga, förum fjórar ferðir í fjós á dag," segir hann. „Við erum reyndar líka svo heppin að eiga góða granna sem hlaupa á stundum undir bagga og hið sama gerum við fyrir þau. Það er ómetanlegt."

Gott fóðurkerfi skilar sínu og einnig mjaltaþjónn sem verið hefur á búinu frá árinu 2011. Jarðrækt hefur alla tíð verið stunduð á Brúsastöðum, tún eru endurunnin reglulega, um 20 til 25 ha á ári, en þannig segir Sigurður að hámarksuppskera náist. „Við höfum líka þann háttinn á að kýrnar skortir aldrei hey, ef þær vilja éta hafa þær kost á því hvenær sem er sólarhringsins."

/MÞÞ




**Tímarit Bændablaðsins 2017 í sjónmáli**

# Tryggðu þér pláss í tíma

Tímarit Bændablaðsins vakti mikla lukku í fyrravetur. Við ætlum að endurtaka leikinn og gefa blaðið út 3. mars nk. Tímaritið verður yfir 100 síður og prentað á glanstímaritapappír í stærðinni A4.

Tímaritið tekur á helstu málefnum landbúnaðarins og verða efnistökin fjölbreytt.

Tímarit Bændablaðsins er prentað í 8 þúsund eintökum og dreift til allra áskrifenda, á öll lögbýli landsins og í fyrirtæki sem tengjast landbúnaðinum.

Boðið er upp á hefðbundnar auglýsingar í ritinu en í seinni hluta þess verður pláss fyrir kynningarefni frá fyrirtækjum sem unnið er í samvinnu við blaðamenn.

**Verðskrá auglýsinga**
Heilsíða: 160.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 95.000 kr. án vsk.
Opna: 230.000 kr. án vsk.
Baksíða: 230.000 kr. án vsk.
Lógó/styrktarlína (hámark 10 lógó á síðu) = 25.000 kr. án vsk.

**Verðskrá kynninga**
Heilsíða: 130.000 kr. án vsk.
Hálfsíða: 85.000 kr. án vsk.
Opna: 210.000 kr. án vsk.

Nánari upplýsingar veittar í síma **563-0300** og netfangið **augl@bondi.is**

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

*Hægt er að skoða* ***Tímarit Bændablaðsins*** *2016 á* **bbl.is**



# JÖKLAR

*Upplifun á Íslandi*

## ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

*Forsniðin einingahús  Fljótleg í uppsetningu*

**SUMARHÚS**



**GRUNNHÚS**
**Tilboð**
**1.990.000 kr.**
Ef um 3 hús eða fleiri er að ræða gerum við sértilboð.



24,3 fm

Jöklahúsin er vel hægt að útfæra í ýmsum útfærslum og þau bjóða upp á fjölmarga möguleika í samsetningu og stærð.

**PARHÚS**



**RAÐHÚS**



**GISTIÁLMA/HÓTEL**



**GESTAHÚS**



**STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN**

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

## Jóna Sólveig Elínardóttir, varaformaður Viðreisnar:

# „Breytingar eru nauðsynlegar fyrir framþróun“

## – segir mikil tækifæri fólgin í því fyrir íslenskan landbúnað að ganga í Evrópusambandið

**Stjórnmálaaflið Viðreisn fékk sjö þingmenn og 10,5% fylgi í síðustu alþingiskosningum. Eftir langan aðdraganda var mynduð ríkisstjórn þar sem Viðreisn á þrjá ráðherra, þar á meðal ráðherra landbúnaðarmála. Í kosningabaráttunni voru landbúnaðarmálin ekki efst á blaði en þó kom fram í máli frambjóðenda Viðreisnar að hreyfingin vildi gera róttækar breytingar á landbúnaðarkerfinu. Fyrir mörgum er Viðreisn óskrifað blað en komandi mánuðir munu leiða í ljós áherslur þeirra við ríkisstjórnarborðið.**

Blaðamaður Bændablaðsins hitti Jónu Sólveigu Elínardóttur, þingmann og varaformann Viðreisnar, að máli á dögunum. Þau ræddu meðal annars um stefnu flokksins og ríkisstjórnarinnar í landbúnaðarmálum, nýjan landbúnaðarráðherra og endurskoðun búvörusamninga. Viðreisn sem flokkur hefur talað fyrir Evrópusambandsaðild og telur ekkert að óttast fyrir íslenska bændur gerist Ísland aðildarland.

### *Mýrdælingur með meistaragráðu í alþjóðasamskiptum*

Jóna Sólveig Elínardóttir er alin upp á bænum Sólheimahjáleigu austur í Mýrdal þar sem fjölskylda hennar stundar búskap. „Ég sótti alltaf mikið í að fara heim og það var alltaf mikil sveitastelpa í mér. Innan fjölskyldunnar hefur alltaf verið mikill áhugi á að ræða stjórnmál og ég er komin frá miklu framsóknarheimili. Þrátt fyrir að það hafi komið snemma í ljós að ég væri ekki alltaf sammála fjölskyldunni í stjórnmálum þá hefur alltaf mátt vera ósammála og ræða málin. Við getum alveg tekist á um málin en við erum alltaf vinir,“ segir Jóna Sólveig.

„Eftir stúdentspróf fór ég beint í Háskóla Íslands og kláraði þaðan BA-gráðu í frönsku. Svo fór ég í alþjóðastjórnmálin og tók meistarapróf í alþjóðasamskiptum. Í meistaranáminu fór ég í starfsnám út til Parísar og vann í sendiráði Íslands. Eftir starfsnámið kom ég heim og skrifaði lokaritgerðina mína sem fjallaði um áhrif spænskra hagsmunaaðila á sameiginlega sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins.“

Eftir nám stofnaði Jóna Sólveig ráðgjafarfyrirtæki ásamt öðrum. „Það sérhæfði sig meðal annars í því að aðstoða lítil og meðalstór nýsköpunarfyrirtæki að nýta sér þá styrki sem ESB hefur upp á að bjóða. Meðfram vinnunni hjá ráðgjafarfyrirtækinu vann ég hjá Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands ásamt því að stunda rannsóknir á því hvernig hagsmunaaðilar höfðu áhrif og upplifðu sig á meðan á aðildarviðræðum Íslands við ESB stóð. Þar skoðaði ég aðallega hagsmunaaðila tengda byggða-, landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum.“

### *Jóna Sólveig og Viðreisn*

Jóna Sólveig segir að hún hafi byrjað hjá Viðreisn fyrir um það bil tveimur og hálfu ári þegar byrjað var að móta stefnu og starf flokksins. „Ég sýndi þessari hreyfingu strax áhuga og tók þátt frá upphafi. Ég hafði í raun aldrei fundið flokkinn minn fyrr en Viðreisn varð til. Það sem heillaði mig var frjálslynd stefna Viðreisnar og áhersla þeirra á að tryggja góða stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu. Annað sem ég kann að meta við Viðreisn er hversu faglega er staðið að öllu og virkt málefnastarfið er í málefnahópunum.“



„Viðreisn ber hag bænda fyrir brjósti og við höfum aldrei talað fyrir því að draga úr styrkjum til bænda. Við erum flokkur sem áttar sig á mikilvægi þess að viðhalda blómlegri byggð um land allt,“ segir Jóna Sólveig Elínardóttir. Ljósmynd / TB

VIÐREISN
www.vidreisn.is

### *Viðreisn og landbúnaðurinn*

„Við höfum talað fyrir breytingum á styrkjakerfinu þar sem dregið verður úr framleiðslutengdum styrkjum og farið frekar í beina styrki með áherslu á stuðning til nýsköpunar, jarðræktar og umhverfisverndar. Við höfum aldrei talað um að draga úr styrkjum til bænda, heldur breyta samsetningunni á þeim með það að markmiði að auka frelsi bænda til að gera það sem þeim hugnast best. Viðreisn er flokkur sem ber hag bænda fyrir brjósti og áttar sig á mikilvægi þess að viðhalda blómlegri byggð um land allt.“

### *Tækifæri íslensks landbúnaðar*

Viðreisn hefur talað fyrir því að draga úr innflutningshömlum og segist Jóna Sólveig átta sig á því að það er viðkvæmt mál hjá bændum. „Það er í raun ákveðinn partur af því að hugsa til neytenda og auka valfrelsi þeirra. Á móti viljum við auka frelsi bænda til að gera það sem þeim hugnast best. Ég held að það séu ýmis tækifæri í aukinni sérhæfingu og áherslu á að markaðssetja okkar hreinu landbúnaðarafurðir bæði á erlendum mörkuðum en líka gagnvart erlendum neytendum hér heima. Þá sér í lagi gagnvart ferðamönnum sem hafa stækkað innlenda markaðinn svo um munar. Í þessu leika meðal annars alþjóðlegar gæðavottanir lykilhlutverk. Þær vottanir myndu sannreyna fyrir erlendum kaupendum að íslenskar landbúnaðarvörur eru mjög hreinar og erum við til að mynda að nota miklu minna af lyfjum en annars staðar í heiminum. Við eigum að halda áfram að framleiða gæðavöruna sem við erum að framleiða, en fá þá líka stimplana sem við þurfum til að koma henni inn á stóru hágæðamarkaðina.“

Það felast í því mikil tækifæri fyrir bændur að selja vörur sínar beint til neytenda að mati Jónu Sólveigar. „Í því samhengi má horfa til ýmissa landa Evrópu, en þar þykir eðlilegt að bændur selji sínar vörur heima á bæ. Mér finnst að fólk ætti að eiga val um að kaupa beint af þeim bændum sem vilja selja beint og milliliðalaust heiman frá sér. Þeir bændur sem eru tilbúnir að taka á móti fólki og leyfa því að skoða það umhverfi sem framleiðslan á sér stað í eiga að vera frjálsir til að selja neytandanum vöruna ef honum líst vel á. Til þess að þetta sé mögulegt þarf að einfalda regluverkið til að auka möguleika bænda til beinnar sölu á sinni framleiðslu, án þess þó að slaka á eðlilegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum,“ segir Jóna Sólveig.

### *Þorgerður Katrín sem landbúnaðarráðherra*

„Ég held að það séu tækifæri falin í því að fá einhvern inn í landbúnaðarráðuneytið sem spyr gagnrýninna spurninga, er ekki alinn upp í kerfinu og einhvern sem að getur komið inn með nýja sýn og getur horft á hlutina frá öðrum sjónarhóli. Mér finnst líka flott að það sé komin kona í þetta embætti, en hún er fyrsta konan sem er með landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið.“

### *Breiðar áherslur við endurskoðun búvörusamninga*

Meðal fyrstu yfirlýsinga nýs landbúnaðarráðherra var að endurskipa ætti í nefndina sem var falið að vinna að endurskoðun búvörusamninganna og bendir Jóna Sólveig á að nýr ráðherra sé búinn að funda með Bændasamtökum Íslands um málið. „Það er verið að skoða endurskipun í nefndina sem er falið að vinna að endurskoðun samninganna, en ráðherra boðar breiðari aðkomu að samningagerðinni. Ráðherra er búinn að funda með Bændasamtökum Íslands og er á fullu að ræða við hagsmunaaðila. Það verða breyttar áherslur, en það er verið að skoða tollamálin, grænar áherslur og styrkjakerfið. Það verður hugað að hag bænda, að hag neytenda og það verður hugað sérstaklega að umhverfinu,“ segir hún.

### *Landbúnaðurinn og Evrópusambandið*

„Ég held að það séu mikil tækifæri fólgin í því fyrir íslenskan landbúnað að ganga í Evrópusambandið,“ segir Jóna Sólveig. Landbúnaður blómstri í Evrópu og það sé hægt að horfa til þess hvað ýmis ríki, meðal annars Danmörk, eru að gera þar með landbúnaðarstyrkjum frá ESB.

„Það má ekki gera lítið úr því að samningaviðræður eru samningaviðræður og Íslendingar geta samið við Evrópusambandið um landbúnaðarmál rétt eins og öll önnur ríki sem ganga þar inn. Það eru alls konar hlutir sem hægt er að horfa á, eins og þá sérstöku stöðu sem Ísland nýtur vegna legu landsins. Við liggjum mjög norðarlega og það eru sérstakir styrkir fyrir landbúnaðarsvæði sem liggja norðan við 62. breiddargráðu og ætti Ísland að geta notið góðs af því. Svo eru ýmsir dreifbýlis- og byggðaþróunarstyrkir sem myndu standa Íslendingum til boða. Íslenskir bændur þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að þeir fái minni styrki ef Ísland gengur í ESB. Í samningaviðræðum Íslands við ESB var alveg orðið ljóst að sambandið myndi ekki standa í vegi fyrir því að íslenska ríkið myndi sjá til þess að íslenskir bændur fengju jafn háa styrki fyrir og eftir inngöngu Íslands.“

### *Kom á óvart að IPA-styrkir voru afþakkaðir*

„Í samningaviðræðum Íslands að ESB á sínum tíma áttu íslenskir bændur þess kost að fá svokallaða IPA-styrki. Þessir styrkir hefðu meðal annars hjálpað bændum að undirbúa sig fyrir nýtt styrkjaumhverfi með inngöngu í ESB. Það kom mér á óvart að þáverandi landbúnaðarráðherra neitaði að taka við þeim styrkjum. Þessi ákvörðun hefði getað komið sér mjög illa fyrir íslenska bændur ef við hefðum lokið aðildarviðræðunum og gengið í ESB, því að hefðu íslenskir bændur staðið á núllpunkti og ekki getað fullnýtt sér landbúnaðarstyrki ESB strax,“ segir Jóna Sólveig.

### *Aldrei talað fyrir því að draga úr stuðningi*

„Viðreisn ber hag bænda fyrir brjósti og við höfum aldrei talað fyrir því að draga úr styrkjum til bænda. Við erum flokkur sem áttar sig á mikilvægi þess að viðhalda blómlegri byggð um land allt. Maður skilur alveg að fólk sé hugsi þar sem Viðreisn er nýr flokkur sem talar fyrir kerfisbreytingum í landbúnaði. Hins vegar höfum við alltaf talað um mikilvægi þess að auka hag og frelsi bænda til að gera það sem þeim hugnast best. Við teljum að það séu gífurlega mörg tækifæri falin í breytingum, en breytingar eru nauðsynlegar fyrir framþróun,“ segir Jóna Sólveig Elínardóttir, þingkona Viðreisnar. /*Ástvaldur Lárusson*

---

Úr málefnaskrá Viðreisnar:

## Landbúnaður verði venjuleg atvinnugrein

**Í málefnaskrá Viðreisnar, sem samþykkt var á landsþingi flokksins í september síðastliðnum, og aðgengileg er á vefsíðunni vidreisn.is eru róttækar breytingar lagðar til á íslenskum landbúnaði.**

Í fyrirsögn stefnunnar segir orðrétt: „Landbúnaður verði venjuleg atvinnugrein“. Síðan segir í texta að landbúnaður eigi að lúta lögmálum almennrar samkeppni og sömu almenn lög eigi að gilda um hann og annan atvinnurekstur. Um landbúnað segir að öðru leyti:

„Stuðningi við bændur á að breyta þannig að hann stuðli að aukinni hagræðingu, framleiðniaukningu og nýsköpun í greininni. Bændur eiga að fá frelsi til þess að vinna og markaðssetja afurðir sínar sjálfir og stuðla að innri samkeppni í greininni. Allri framleiðslu- og sölustýringu af hálfu ríkisvaldsins á að hætta en í staðinn verði veittir beinir styrkir til bænda í formi búsetu- og svæðisstyrkja.

Tollar og innflutningshöft á landbúnaðarvörur verði afnumin í skynsamlegum áföngum samtímis því að landbúnaðurinn stígur inn í samkeppnisumhverfi með breyttu stuðningskerfi.

Mikilvægt er að ýta undir aukna fjölbreytni og nýsköpun í landbúnaði með stuðningi við hluti á borð við skógrækt, landgræðslu, vöruþróun, lokun framræsluskurða, smávirkjanir og ferðaþjónustu. Þriggja fasa línur auka orkugæði og skapa möguleika á smávirkjunum sem væri nýr atvinnumöguleiki í sveitum.“

Heimild: www.vidreisn.is

## Mörgum norskum bændum leist ekki á blikuna þegar ríkisstjórn Ernu Solberg komst til valda fyrir rúmum þremur árum:

# Bændur fengu mikinn stuðning almennings

### – Lars Petter Bartnes, formaður Norges bondelag, segir markmið ríkisstjórnarinnar að gera landbúnaðarpólitíkina frjálslyndari

**Nú eru rúm þrjú ár síðan ríkisstjórn Ernu Solberg tók við keflinu í Noregi og við tók stjórn sem bændur þar í landi höfðu óttast vegna mikilla breytinga á landbúnaðarkerfinu sem boðaðar höfðu verið. Blaðamaður Bændablaðsins náði tali af formanni norsku Bændasamtakanna, Lars Petter Bartnes, og spurði hann út í stöðu mála þá og í dag.**

*Áður en ríkisstjórn Ernu Solberg tók við árið 2013 hafði Sylvi Listhaug, sem valin var landbúnaðarráðherra í byrjun tímabilsins, komið fram opinberlega og sagt að norska landbúnaðarkerfið væri í anda kommúnisma. Hvernig var þessum ummælum tekið meðal norskra bænda?*

„Jú, það er rétt að Listhaug hafði nokkrum árum áður en hún komst í þessa stöðu látið hafa þetta eftir sér en þessi skoðun var milduð til muna og henni breytt töluvert þegar hún varð landbúnaðarráðherra. Henni fannst að norsk landbúnaðarpólitík væri of gamaldags og stýrt af smáatriðum og þetta vildi hún gera frjálsara og opnara. Hún gerði tilraun til að jafna út muninn á litlum og stórum búum og að fjarlægja eða hækka þakið fyrir framleiðsluna þrátt fyrir að þau héldu einhverjum svæðisstyrkjum,“ segir Lars Petter.

*Urðu einhverjar róttækar breytingar á landbúnaðarkerfinu eftir að ríkisstjórn Ernu Solberg tók við?*

„Það var ljóst frá upphafi að ríkisstjórnin hafði það markmið að gera landbúnaðarpólitíkina frjálslyndari,



**„Það var ljóst frá upphafi að ríkisstjórnin hafði það markmið að gera landbúnaðarpólitíkina frjálslyndari, fækka takmörkunum á framleiðslunni og stækka rekstrareiningarnar,“ segir Lars Petter Bartnes, formaður Norges bondelag.** *Mynd / Håvard Zeiner*

fækka takmörkunum á framleiðslunni og stækka rekstrareiningarnar. Reynt var við margar breytingartillögur, eins og til dæmis að breyta regluverkinu í kringum eignir og markaðsreglugerðir, auka sérleyfismörk og jafna út stuðning milli stórra og smárra býla. Margt af þessum hugmyndum hefur verið stöðvað af norska stórþinginu en til dæmis hefur framleiðsluþak á mjólk verið aukið. Þrátt fyrir þetta er ekki búið að fá niðurstöðu í mörg þessara mála og margar tillagnanna sjáum við nú aftur í búvörusamningum sem nýlega hafa verið kynntir sem stórþingið mun samþykkja í vor.“

*Hvernig hefur staðan þróast á þessum fjórum árum og hvernig standa norskir bændur í dag gagnvart stjórnvöldum?*

„Stórþinginu og stuðningsflokkunum Vinstri og Kristilega þjóðarflokknum hefur tekist að stöðva margar af tillögunum. En þó hafa nokkrar þeirra náð í gegn eins og tvöföldun á sérleyfismörkum fyrir kjúkling. Þróunin hefur orðið sú á undanförnum árum að aukinn hagnaður hefur verið hjá stóru búunum á meðan lítil og meðalstór bú á vesturlandinu hafa staðið í stað. Það verður því mjög afgerandi og mun hafa áhrif hvernig stórþingið meðhöndlar búvörusamninganna í vor,“ segir Lars Petter.

Aðspurður um það hvort norsku bændasamtökin hefðu gripu til sérstakra aðgerða þegar Sylvi Listhaug varð landbúnaðarráðherra segir Lars Petter að svo hafi verið.

„Við reyndum að sýna fram á afleiðingarnar fyrir ákveðin svæði og minni bú gagnvart þeim tillögum sem lagðar voru fram og bentum á að við þetta myndi fjölbreytni tapast. Hlustað var á rök okkar fyrir þörfinni á að nota allt landið til að ná markmiðum um aukna matvælaframleiðslu. Við fengum mikinn stuðning hjá almenningi fyrir þá skoðun okkar að vilja halda í þessi gildi.“

*Markmið Stórþingsins var dreifðar byggðir, sjálfbærni og tryggur matur. Finnst ykkur vera lögð jafnmikil áhersla á þessa þætti nú sem áður?*

Já, þetta eru enn mikilvægir þættir og markmið í Stórþinginu. Ríkisstjórnin notar einnig þessa orðræðu í sínum rökstuðningi þó að okkur finnist það ekki alltaf trúverðugt hjá þeim. Við sjáum einnig að ríkisstjórnin leggur meiri áherslu á að ná árangri varðandi kostnað í landbúnaði, gera norskan landbúnað sterkari og tilbúinn til að mæta alþjóðasamkeppni og hún óskar einnig eftir auknum útflutningi,“ segir Lars Petter Bartnes, formaður Norges bondelag. /ehg






Formenn norrænna bændasamtaka á fundi í Noregi 2015. Markmið þeirra allra er að vinna fyrir sína félagsmenn og fylkja bændum um sín samtök. Mynd / TB

# Aðild eykst að landbúnaðarsamtökum

**Á sama tíma og bændum fækkar í Noregi eykst tala meðlima í norsku bændasamtökunum. Meðlimafjöldinn hefur ekki verið jafn mikill í 20 ár en alls eru 63 þúsund manns í Norges bondelag.**

Þetta þakkar formaður samtakanna, Lars Petter Bartnes, fyrir í norska bændablaðinu og minnir á að rödd samtakanna sé mikilvæg fyrir meðlimi hennar, sérstaklega á þeim tímum þar sem stjórnvöld og bændur vinna ekki alveg í takt. Á meðan stjórnvöld vinna að stærri og færri búum berjast samtökin fyrir því að hinar dreifðu byggðir fái að halda sér með þeim fjölbreytta landbúnaði sem þar er stundaður.

Í Danmörku eykst einnig fjöldi félagsmanna í samtökunum „Danish Farmers Abroad“ eða danskir bændur erlendis. Þar eru skráðir Danir sem eiga fyrirtæki í landbúnaði eða starfa í greininni á erlendri grund. Fyrir fimm árum voru 79 meðlimir í samtökunum en nú eru þeir orðnir 181. Þannig eru 78 af meðlimunum fyrirtæki í landbúnaði en hinir einstaklingar og meðlimir annarra fyrirtækja sem tengjast landbúnaði. Fyrirtækin samanstanda af 6.500 eigendum og hluthöfum í 40 löndum en flestir eru með starfsemi í Austur-Evrópu. Samtökin fá þó stöðugt inn nýja félagsmenn sem eru áhugasamir um starfsemi í landbúnaði á öðrum svæðum en í Austur-Evrópu.

*/ehg-Bondebladet*

## Landlæknir – heilsuhegðun Norðurlandabúa:

# Mest sykurneysla en minnst borðað af grænmeti á Íslandi

**Embætti landlæknis hefur staðið fyrir norrænni könnun á mataræði, hreyfingu og holdafari hér á landi í samstarfi við rannsakendur frá Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Meira er borðað af sykurríkum vörum hér en á hinum Norðurlöndunum og minnst er neysla á grænmeti og ávöxtum á Íslandi.**

Í skýrslu vegna könnunarinnar kemur fram að fleiri fullorðnir á Norðurlöndunum borða óhollan mat samkvæmt könnuninni 2014 miðað við 2011. Hlutfall Norðurlandabúa sem borða óhollan mat hefur aukist úr 18% árið 2011 í 22% árið 2014. Ef eingöngu eru skoðaðar tölur fyrir Ísland þá er aukningin meiri hér á landi, fer úr 19% í 25%.

***Íslendingar borða minnst af grænmeti***

Á Íslandi er meira borðað af sykurríkum matvörum, súkkulaði, sælgæti, kökum og gosdrykkjum, en á hinum Norðurlöndunum.

Íslendingar borða minnst af grænmeti og ávöxtum miðað við hin Norðurlöndin og hefur neyslan hér ekki breyst á tímabilinu. Sömuleiðis borða Íslendingar minnst af heilkornabrauði og hefur neyslan minnkað milli ára. Fiskneysla er aftur á móti mest á Íslandi.

***Fullorðnir Íslendingar feitastir***

Fleiri fullorðnir flokkast of feitir á Norðurlöndunum 2014 en 2011. Á Íslandi er hærra hlutfall fullorðinna sem teljast of feitir en á hinum Norðurlöndunum.

***Jákvæð þróun í mataræði barna***

Niðurstöður varðandi mataræði barna á Norðurlöndunum eru jákvæðari en hjá fullorðnum. Tæplega 15% norrænna barna flokkast með mataræði sem telst óhollt. Hlutfallið á Íslandi er sambærilegt við hin Norðurlöndin.

Félagslegur ójöfnuður í mataræði hefur þó aukist meðal barna á



Norðurlöndum. Þannig teljast tvöfalt fleiri börn foreldra með minnstu menntun borða óhollt.

***Börn hreyfir sig of lítið***

Sex af hverjum tíu norrænum börnum hreyfa sig ekki í samræmi við ráðleggingar um hreyfingu árið 2014 líkt og 2011. Finnsk og íslensk börn hreyfa sig helst í samræmi við ráðleggingarnar. Norrænar stúlkur uppfylla síður ráðleggingarnar en drengir.

Íslensk og finnsk börn borða mest af sykurríkum fæðutegundum. Íslensk og norsk börn borða aftur á móti minnst af grænmeti og ávöxtum miðað við hin Norðurlöndin og íslensk og sænsk börn borða minnst af heilkornabrauði og minnkaði neysla á heilkornabrauði hér á landi á tímabilinu. Íslensk börn borða aftur á móti mest af fiski.

***Fullorðnir hreyfa sig lítið***

Að meðaltali hreyfa um einn af hverjum þremur fullorðnum Norðurlandabúum sig ekki í samræmi við ráðleggingar um lágmarkshreyfingu árið 2014 líkt og 2011 og á það einnig við um Ísland. Hlutfall þeirra sem hreyfa sig ekkert er hæst í Noregi og á Íslandi árið 2014 og hefur aukist hér á landi úr 14% í 17% á tímabilinu.

Athygli vekur að hlutfall 18 til 24 ára Norðurlandabúa sem hreyfa sig ekkert hefur nær tvöfaldast.

Hvað kyrrsetu varðar verja 30% Norðurlandabúa fjórum klukkustundum eða meira við skjá í frítíma 2014 og hefur það aukist lítillega frá 2011. Þetta hlutfall er lægst meðal Svía og Íslendinga. */VH*



Páll Rafnar Þorsteinsson, aðstoðarmaður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.



Þórunn Pétursdóttir, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra.



Steinar Kaldal, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra.

# Aðstoðarmenn ráðherra komnir til starfa

## – reynsla af heimspekirannsóknum, umhverfismálum og fjölbreyttu félagsstarfi

**Ráðherrum í ríkisstjórn er heimilt að ráða sér aðstoðarmenn að eigin vali án auglýsingar. Þeir vinna náið með ráðherrunum og sinna margvíslegum störfum fyrir þá.**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur ráðið Pál Rafnar Þorsteinsson sem sinn aðstoðarmann. Páll Rafnar er með doktorspróf í heimspeki frá Cambridge háskóla í Englandi. Rannsóknarsvið Páls Rafnars hefur aðallega snúið að hugmyndum, bæði klassískum og nútímalegum, um sanngirni, siðvit og réttlæti, segir á vef ráðuneytisins. Páll Rafnar er auk þess með meistaragráðu í stjórnmálaheimspeki frá London School of Economics og BA-gráðu í heimspeki og grísku frá Háskóla Íslands. Páll Rafnar starfaði áður sem forseti félagsvísindadeildar Háskólans á Bifröst. Þar áður vann Páll sem ráðgjafi hjá almannatengslafyrirtækinu KOM.

***Tveir ráðnir í umhverfismálin***

Þórunn Pétursdóttir og Steinar Kaldal eru nýir aðstoðarmenn Bjartar Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Þórunn hefur víðtæka reynslu á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála. Hún sat um árabil í stjórn Landverndar og var í fyrstu stjórn Vatnajökulsþjóðgarðar. Hún hefur starfað hjá Landgræðslu ríkisins frá árinu 2003 og sinnt þar fjölbreyttum verkefnum, fyrst sem héraðsfulltrúi á Vesturlandi en síðar sem sérfræðingur, m.a. á sviði sjálfbærni og vistheimtar. Þórunn nam umhverfisfræði við Garðyrkjuskóla ríkisins og landfræði við Háskóla Íslands. Hún lauk meistaragráðu í landgræðsluvistfræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands og er að ljúka doktorsgráðu í landgræðsluvistfræði frá sama skóla.

Steinar Kaldal hefur unnið sem verkefnisstjóri hálendisverkefnis Náttúruverndarsamtaka Íslands og Landverndar sem er samvinnuverkefni náttúruverndarsamtaka, útivistarsamtaka og Samtaka ferðaþjónustunnar og snýr að vernd miðhálendisins. Steinar er jafnframt formaður FUMÍ, félags umhverfisfræðinga á Íslandi. Hann er með BA-próf í stjórnmálafræði með atvinnulífsfræði sem aukagrein frá Háskóla Íslands og meistaragráðu í umhverfisstjórnun og stefnumótun frá háskólanum í Lundi í Svíþjóð. */TB*

## Viktor Örn Andrésson keppir við fremstu matreiðslumeistarana í Bocuse d'Or:

# Íslenska agúrkan fer til Frakklands

**Viktor Örn Andrésson matreiðslumeistari lenti í Frakklandi á fimmtudaginn síðastliðinn ásamt teymi sínu, með eitt og hálft tonn í farteskinu af útbúnaði og hráefni frá Íslandi. Hann keppir í matreiðslukeppninni Bocuse d'Or í Lyon dagana 24. og 25. janúar – sem af mörgum er talin vera óopinber heimsmeistarakeppni matreiðslumeistara.**

Viktor tryggði sér þátttöku í þessari lokakeppni með góðri frammistöðu í Evrópuforkeppni Bocuse d'Or sem var haldin í maí – en þá náði hann 5. sæti og fékk fiskréttur hans gullverðlaun. Hann var útnefndur matreiðslumaður Norðurlanda árið 2014.



Hinrik og Viktor á lokaæfingu fyrir Bocuse d'Or. Mynd / Karl Petersson

***Vegan-forréttur***

Það vekur athygli að forrétturinn sem allir keppendur verða að skila er svokallaður vegan-réttur – sem er að öllu leyti án dýraafurða. Viktor segir að slík matreiðsla leggist vel í sig. „Við tökum mikið með okkur út af hráefni, en við megum aðeins taka tvö hráefni með okkur heiman frá fyrir forréttinn – annars verðum við að kaupa allt í hann hérna úti á markaðnum degi fyrir keppni. Við höfðum íslenska gúrku og piparrót með okkur fyrir þennan vegan-forrétt. Það fer vel á því að fara með íslenska agúrku þar sem hún er eitt af því fáa sem við erum alveg sjálfbær með á Íslandi allt árið og svo er piparrótin mjög norræn. Ég hef alveg prófað vegan-eldamennsku á þeim veitingastöðum sem ég hef unnið á og í veiðihúsum þar sem ég hef eldað. Það eru alltaf fleiri og fleiri sem biðja um þetta. Þetta er bara skemmtileg tilbreyting og opnar keppnina mikið.“

***Bresse-kjúklingakynið***

Skylduhráefni fyrir aðalréttinn er hið fræga Bresse-kjúklingakyn og skelfiskur. Keppendur þurfa að sameina þessi tvö hráefni ásamt meðlæti á fat fyrir 14 manns. Bresse-kjúklingurinn og skelfiskur var einmitt aðalhráefnið í fyrstu Bocuse d´Or keppninni árið 1987, en keppnin fagnar 30 ára afmæli í ár. „Við getum valið úr ýmsum tegundum skelfisks og ég valdi humartegundina langoustine eða leturhumar eins og hann heitir á íslensku. Sá sem ég er með er reyndar skoskur. Svo er ég líka með risahumar, eða blue lobster, sem þekktur er í Evrópu,“ segir Viktor.

***Stefnt á efstu þrjú sætin***

Æfingatímabilið hjá Viktori hefur verið langt og í raun nokkuð samfellt frá því í janúar í fyrra þegar æft var fyrir forkeppnina. „Þegar hún var afstaðin fórum við fljótlega að hugsa um aðalkeppnina, en ætli megi ekki segja að sá undirbúningur hafi farið á fullt í september. Þá erum við að tala um sex daga vinnuviku eingöngu í þessu. Þetta eru sömu dómarar mikið til og dæmdu í forkeppninni og maður verður að reyna að heilla þá með nýrri nálgun.

Það er alltaf pressa á íslenskum keppendum í þessari keppni enda hefur gengið verið gott frá því að Sturla Birgisson, fyrsti íslenski keppandinn, tók þátt í henni árið 1999. Hann náði þá fimmta sæti og síðan hafa íslensku þátttakendurnir alltaf náð inn á topp tíu. „Maður verður í versta falli að ná þangað,“ segir Viktor spurður um væntingarnar. „Markmiðið er þó mun hærra en það. Fyrir forkeppnina vildum við vera meðal fimm efstu en reyna svo að komast í þrjú efstu sætin í aðalkeppninni. Þetta er háleitt markmið en við teljum þau alls ekki óraunhæf.“

Í teymi Viktors eru matreiðslumeistarar frá Grillinu á Hótel Sögu; Hinrik Örn Lárusson, aðstoðarmaður Viktors, og Sigurður Helgason, þjálfari og fyrrv. keppandi í Bocuse d'Or. Þá er Sturla Birgisson dómari í keppninni og teyminu til aðstoðar, auk þeirra Sölva Más Davíðssonar, Rúnars Pierre Heriveaux og Michaels Péturssonar.

Viktor tók síðustu æfinguna sína fyrir keppnina föstudaginn 13. janúar fyrir opnum tjöldum, í sérútbúnu æfingaeldhúsi í Fastus, Síðumúla 16. Meðfylgjandi myndir eru frá henni.

*/smh*




RAFVER
Umboð og þjónusta
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is



www.vig.is
SMIÐJA Í SVEIT




VIG
Vélsmiðja Ingvars Guðna
Vatnsenda
Flóahreppi
S:486-1810



TOYO TIRES driven to perform
BFGoodrich TAKE CONTROL
MAXXIS

JEPPADEKK
Í MIKLU ÚRVALI



Bílabúð Benna
590 2045 | BENNI.IS
NESDEKK
561 4200 / NESDEKK.IS



Brugghús Steðja

Kynningar fyrir hópa á starfsemi og afurðum frá Steðja

www.stedji.com







# Vindheimamelar í Skagafirði

Til sölu er aðstaða Gullhyls ehf. til hestaíþrótta að Vindheimamelum í Skagafirði.
Mannvirki og aðstaða eru á 43,2 ha leigulóð.

Á svæðinu eru þessi mannvirki: Keppnis- og sýningavöllur. Veitinga- og verslunarhús 356 m$^2$.
Tvö hesthús annað 175,8 m2 og hitt 144,2 m$^2$ með alls 38 eins hesta stíum auk geymslu.
Þrjú gerði. Snyrtingar alls 20 wc rými auk snyrtinga fyrir fatlaða. Geymsla 38,5 m2.

***Nánari upplýsingar veitir:*** Fasteignasala Sauðárkróks, s: 453 5900, Ágúst Guðmundsson lögg. fasteignasali



## Framleiðnisjóður landbúnaðarins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum

Framleiðnisjóður er leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins og býður fram stuðning við vel undirbúin verkefni innan eftirtalinna flokka:

a. hagnýtra rannsóknarstarfa og aðra þekkingaröflunar í greininni.
b. nýsköpun atvinnu á bújörðum og fyrirtæki í dreifbýli.

Kallað er eftir umsóknum frá bændum, samvinnuhópum bænda og aðilum innan rannsókna- og þróunargeirans. Við ákvarðanatöku um úthlutanir til verkefna, sem hafa það að markmiði að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra í sveitum, njóta forgangs þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni.

Þá mun sjóðurinn veita styrki til framhaldsnáms (MS eða PhD) á fagsviði sjóðsins.

Mikilvægt er að í umsókn sé

- Markmið verkefnisins sett fram með skýrum og mælanlegum hætti.
- Sýnt fram á faglega og fjárhagslega möguleika umsækjanda til þess að leysa verkefnið af hendi.
- Glögg grein gerð fyrir kostnaði við verkefnið og hvernig það skuli fjármagnað; einkum er mikilvægt að gera grein fyrir eigin framlagi umsækjanda til verkefnisins.
- Sýnt fram á fýsileika verkefnis og áætlaðan ábata af því á fyrirsjánlegum tíma.

**Umsóknafrestur er til 10. febrúar n.k (póststimpill gildir)**
Umsóknum skal skilað til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes.
Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu sjóðsins, www.fl.is.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, Hvanneyri. Sími 430-4300 / netfang fl@fl.is.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyri – 311 Borgarnes
Sími 430-4300

# STEKKUR




**Í Glouchesterskíri á Englandi er haldinn heldur óvenjulegur viðburður vor hvert þar sem fólk keppist við að elta ost sem er látinn rúlla niður brekku. Viðburðurinn myndi líklegast útleggjast á íslensku sem ostahlaup.**

Viðburðurinn fer ávallt fram á Cooper-hæð sem er í eigu sveitarfélagsins á svæðinu. Sveitarstjórnin á svæðinu hefur undanfarin ár sett upp skilti á leið áhorfenda og þátttakenda sem hvetja fólk til að hætta við þátttöku í viðburðinum sökum slysahættu.

### *Takmarkið að ná ostinum*

Reglur leiksins eru ósköp einfaldar. Þátttakendur taka sér stöðu efst á hæðinni, bíða þess að ræsirinn rúlli um níu punda hringlaga osti af stað niður brekkuna. Því næst eru þátttakendur ræstir af stað og keppast þeir við að hlaupa niður brekkuna með það takmark að ná ostinum. Það gefur auga leið að líkurnar á því að ná ostinum eru hverfandi enda getur osturinn náð allt að 122 kílómetra hraða á klukkustund á leið sinni niður brekkuna. Sá sem er fyrstur í mark neðst í brekkunni er svo krýndur sigurvegari kapphlaupsins.

Fyrstu rituðu heimildir um þennan viðburð eru frá árinu 1826 en talið er skýrt út frá þeim gögnum að hefðin er mun eldri en það. Sögur frá fjölskyldum sem hafa búið á svæðinu í gegnum aldanna rás telja sig geta rakið söguna allt til byrjun 17. aldar ef ekki lengra aftur í tímann.

### *Ævaforn hefð*

Í raun er ekki vitað hvenær fyrstu leikar voru haldnir. Ein kenningin er sú að hefðin hafi skapast um 100 árum eftir Krist af landnemum sem settust að á svæðinu. Ostahlaupið var áður hluti af stærri hátíð á svæðinu þar sem fleiri viðburðir áttu sér stað, það styður aðra kenningu sem segir að heiðnir menn á svæðinu hafi verið að heiðra guðina og biðja um frjósamt sumar.

Cooper-hæð er brött og þýfð og slys eru tíð í hlaupinu. Til allrar hamingju eru áverkar yfirleitt minni háttar mar og hnjask þótt beinbrot komi fyrir. Flest meiðsli á einu ári voru árið 1997 þegar 33 þátttakendur meiddust og var leikum næsta árs þá aflýst. Vinsældir hlaupsins hafa aukist gríðarlega og flykkist fólk hvaðanæva að úr heiminum til að taka þátt eða einfaldlega bara til þess að fylgjast með. T.d er talið að 15.000 manns hafi verið á svæðinu árið 2009. Með auknum kröfum nútímans um öryggi og heilsu fólks hefur reynst erfitt að stýra þeim fjölda fólks sem sækist eftir að koma á viðburðinn. Hlaupinu hefur því nokkrum sinnum verið aflýst nú á seinni árum.

Í nálægu þorpi, Shurdington, sem er í um 5 kílómetra fjarlægð frá Cooper-hæð er bar að nafni „The Cheese Rollers pub". Hann dregur nafn sitt af þessum atburði og er vinsæll viðkomustaður þátttakenda fyrir hlaupið. Þar safnast fólk saman til að ræða hvernig best er að haga hlaupinu til að auka vinningslíkur sínar og eflaust til að drekka í sig kjark fyrir verkefnið sem fram undan er.

*/ Jóhannes F. Halldórsson*

SKIPULAGSMÁL


Sigríður Kristjánsdóttir
lektor – auðlinda- og umhverfisdeild LbhÍ
sigridur@lbhi.is

# Ó borg, mín borg!

## – hvernig myndast borgarsamfélög?

**Merking orðsins borg hefur breyst í tímans rás samfara breyttri samfélagsgerð. Upphaflega var það notað yfir klettahæð, þá virki á hæð, síðan kastala almennt og loks kaupstað eða bæ (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989). Þannig hefur merking orðsins færst frá ytri skilgreiningu yfir á innri gerð.**

Líkt og tungumálið þá er borgin sjálf lifandi form sem tekur stöðugum breytingum í takt við samfélagið sem fóstrar hana. Til að byggt form geti staðið í gegnum aldirnar þarf það að hafa eitthvert hugmyndafræðilegt gildi fyrir samfélagið svo það kjósi að halda því þrátt fyrir breytingar í stjórnmálum, efnahag og samfélagsgerð. Finna má örfá slík dæmi í heiminum og er Pantheon-byggingin í Róm eitt þeirra. Pantheonið var byggt árið 27 f. Kr. og helgað öllum guðum. Það stendur enn þrátt fyrir breytt trúarbrögð, að ónefndum öðrum breytingaskeiðum sem borgin hefur gengið í gegnum.

### *Borgarformfræði*

Borgarformfræði (e. urban morphology) er fræðigrein sem fjallar um form og mynstur byggðar. Borgarformfræði rannsakar flóknar og margslungnar formgerðir og birtingarmyndir hinna ólíku þátta sem mynda heildarsýn borgarinnar. Þannig skoðar hún innbyrðis tengsl forma og jafnframt tengingu formsins og heildarmyndarinnar, allt frá fyrstu byggð til dagsins í dag. Í borgum má oft greina mörg mynstur, mörkuð af íbúunum í tímans rás. Í raun má segja að borgarmynstrið sé lagskipt, þar sem hver kynslóð markar nýtt lag í hið erfða búsetulandslag með breytingum og aðlögun án þess að eyða því sem fyrri kynslóðir byggðu. Til að öðlast skilning á borgarforminu eins og það kemur fyrir sjónir í dag, þá er nauðsynlegt að þekkja hvernig það myndaðist. Þetta er gert með því að greina mynstur hverrar kynslóðar. Þannig er hægt að öðlast skilning á því hvernig ástandið var í borginni á ólíkum tímum og hvers konar samfélag það var sem myndaði tiltekið borgarform. Rannsóknum í borgarformfræði má því í raun líkja við greiningu á yfirprentunarmunstrum (e. palimpsest). Rætur fræðigreinarinnar má rekja annars vegar til landfræði í Bretlandi og Þýskalandi og hins vegar til arkitektúrs á Ítalíu og í Frakklandi. Þó svo að rekja megi rætur borgarformfræðinnar allt aftur til 19. aldar náði hún ekki almennri útbreiðslu fyrr en um 1960. Í rauninni er hún hluti af stærri hreyfingu sem snýr að gagnrýni á móderníska byggingarlist og borgarskipulag. Aðal frumkvöðull í borgarformfræðilegum rannsóknum innan landfræðinnar í Englandi var M.R.G. Conzen (1907–2000). Á Ítalíu eru sterk tengsl milli borgarformfræða og borgarhönnunar (e. urban design). Þar kom borgarformfræði fram sem gagnrýni á móderrnískar kenningar innan byggingarlistar og skipulagsfræða. Arkitektinn Saverio Muratori (1910–1973) og Gianfranco Caniggia (1933–1987) voru leiðandi í kerfisbundnum rannsóknum á þróun ítalskra borga. Í framhaldinu fara Frakkar að rannsaka borgarformið en þar er hinn félagslegi þáttur alltaf í fyrsta sæti, sem rekja má til áhrifa frá franska félagsfræðingnum Henri Lefebvre.



Yfirprentunarmynstur borga. Mynd / The M.R.G. Conzen Collection 2004

### *Þverfagleg grein*

Borgarformfræði er þverfagleg grein í örum vexti og rannsóknir fara fram um heim allan. International Seminar on Urban Form (ISUF) var formlega stofnað 1994. Þar með skapaðist alþjóðlegur vettvangur fyrir rannsóknir í borgarformfræði. ISUF leitast við að efla rannsóknir tengdar hinu byggða formi og draga samtökin að sér þverfaglega félagsmenn, úr greinum eins og til dæmis arkitektúr, landfræði, sagnfræði, fornleifafræði, félagsfræði og skipulagsfræði. Samtökin gefa út ritrýnda tímaritið Urban Morphology og halda árlega ráðstefnur.

### *Reykjavík*

Í doktorsritgerð minni frá 2007 greindi ég borgarformfræði Reykjavíkur. Ég byggi á hugmyndafræði þeirra Conzen og Caniggia og bý til módel til að greina vöxt samtíma borga (Sigríður Kristjánsdóttir 2001). Þar var rýnt í hvernig flókið samspil staðbundins landslags, sögu og menningar leiðir til mismunandi borgarforms. Jafnframt er skoðað hvernig fagurfræðilegt, lagalegt, pólitískt, hagrænt og félagslegt ástand í samfélaginu endurspeglast í byggðamassanum og rýmum borgarinnar.

## Bændasamtök Íslands eiga Hótel Sögu:

# Fjárfesting sem ætlað er að skila eiganda sínum arði

## – Tekjuaukning veruleg milli ára og framkvæmdir á næsta leiti

**Á nýliðnum bændafundum komu málefni Hótel Sögu til umræðu. Voru fundargestir áhugasamir um rekstur hótelsins sem er alfarið í eigu Bændasamtakanna. Í máli forystumanna bænda kom fram að á Búnaðarþingi 2015 hafi verið tekin stefnumarkandi ákvörðun um að eiga hótelið þegar tilboðum nokkurra áhugasamra kaupenda var hafnað.**

Síðan ákvörðun Búnaðarþings var tekin hafa þó nokkrar breytingar verið gerðar á rekstrinum. Sérstakt félag var stofnað um fasteignina, Bændahöllin ehf. Hótel Saga ehf. rekur hótelið eins og áður undir merkjum Radisson Blu og því stýrir Ingibjörg Ólafsdóttir.



Elías Blöndal Guðjónsson er framkvæmdastjóri Bændahallarinnar ehf. Mynd / TB

### *Góð tekjuaukning á milli ára*

Elías Blöndal Guðjónsson er framkvæmdastjóri Bændahallarinnar ehf. Hann segir að rekstur beggja félaga hafi í meginatriðum gengið að samkvæmt áætlunum sem lagt var upp með í upphafi síðasta árs. Tekjuaukning hótelsins á milli ára er umtalsverð og nemur 18,5%. Heildartekjur Hótel Sögu voru tæpir tveir milljarðar á síðasta ári og Bændahallarinnar ehf. 384 milljónir króna, sem er 24,6% aukning milli ára. Tekjur Bændahallarinnar ehf. eru að meginuppistöðu leigutekjur. Herbergjanýting jókst um 2% á milli ára en á síðasta ári var hún 85,4%. Tekjur á hvert selt herbergi hafa að sama skapi aukist um 13,6% á milli ára sem þýðir að hærra verð fæst fyrir nóttina en áður.

### *Reiknar með arðgreiðslu*

„Uppskipting félaga hefur skerpt sýn stjórnenda á rekstur fasteignar annars vegar og rekstur hótels hins vegar. Tekjur hafa farið vaxandi þó styrking krónunnar hafi haft neikvæð áhrif á afkomu hótelsins," segir Elías en hann reiknar með því að bæði félög greiði eiganda sínum arð vegna rekstrarársins 2016. Sú upphæð skýrist á næstu vikum þegar lokauppgjör liggja fyrir.




Fyrir liggur að fara í umtalsverðar endurbætur á Hótel Sögu á næstu misserum. Stuðst verður við upprunalega hönnun að hluta til. Mynd / Lothar Grund

### *Viðhald og uppbygging*

Elías segir að umfangsmikið viðhald og endurnýjun sé fram undan á fasteign og innviðum hennar. „Endurnýja á hótelherbergi, veitingarými og ýmis stoðrými. Markmiðið með því er að auka hagkvæmni í rekstri, auka veltu, fækka skrefum starfsmanna og gesta og nýta fermetrana betur." Skipt verður um glugga á fyrstu hæð og í tengibyggingu ásamt því sem gestamóttöku og veitingarými verður gjörbreytt. Við endurbæturnar verður upprunaleg hönnun höfð að leiðarljósi í sögn Elíasar. Gömul húsgögn verða endursmíðuð en þau voru sum hver sérstaklega hönnuð fyrir hótelið á sínum tíma.

### *Fasteigninni ætlað að skila arði til reksturs samtaka bænda*

Aðspurður um tilgang þess fyrir samtök bænda að eiga og reka Hótel Sögu segir Elías að ákvörðun Búnaðarþings 2015 hafi verið sú að selja ekki hótelið á þeim tíma hvað sem síðar verður. „Undirliggjandi markmið er að hámarka virði eigna Bændasamtaka Íslands og til lengri tíma er markmiðið að skila Bændasamtökum Íslands arði af þessum eignum til reksturs samtakanna," segir Elías Blöndal Guðjónsson, framkvæmdastjóri Bændahallarinnar ehf.

*/TB*

# Bókmenntafélag flytur í Bændahöllina

**Hið íslenska bókmenntafélag mun flytja starfsemi sína í Bændahöllina í maímánuði 2017. Forsvarsmenn Bændahallarinnar ehf. og Hins íslenska bókmenntafélags skrifuðu undir húsaleigusamning til 15 ára í síðustu viku. Bókmenntafélagið verður á jarðhæð í austurhluta sem snýr að Landsbókasafninu og lóð Húss íslenskra fræða. Húsnæðið er hannað af Hornsteinum arkitektum og framkvæmdir við breytingar eru þegar hafnar. Þetta kom fram í sameiginlegri fréttatilkynningu frá Bændahöllinni ehf. og Hinu íslenska bókmenntafélagi.**

Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, sagði í stuttri tölu þegar skrifað var undir leigusamning að það væri ánægjulegt að fá Bókmenntafélagið í Bændahöllina og í nábýli við Bændasamtökin. Þau væru byggð á gömlum grunni, samtök bænda yrðu 180 ára í ár og væru því ekki á ósvipuðum aldri og Hið íslenska bókmenntafélag.

*Félagið stofnað til að vernda og efla íslenska tungu*

Hið íslenska bókmenntafélag var stofnað árið 1816 og hefur starfað óslitið síðan. Stofnun þess olli á sínum tíma þáttaskilum í viðhorfi manna til íslenskrar tungu og bókmennta síðari alda. Bókmenntafélagið hófst þegar á fyrsta starfsári handa um útgáfu bóka og tímarita og hefur sú starfsemi verið meginviðfangsefni þess síðan.

Jón Sigurðsson, forseti Hins íslenska bókmenntafélags, segir að þessi nýja staðsetning á starfsstöð Bókmenntafélagsins sé einkar heppileg vegna nábýlis við Háskólann og ýmsar menningarstofnanir sem honum tengjast. „Þegar Bókmenntafélagið var stofnað fyrir 200 árum var íslenskan í hættu. Félagið var stofnað til þess að vernda og efla íslenska tungu. Íslendingum hefur tekist vel að verja og efla tungu sína til þessa. Starf Bókmenntafélagsins hefur án efa skipt hér máli. Því starfi þarf að halda áfram,“ segir Jón.

*Góð viðbót við aðra starfsemi í húsinu*

Að sögn Elíasar Blöndal, framkvæmdastjóra Bændahallarinnar, er starfsemi Hins íslenska bókmenntafélags góð viðbót við aðra starfsemi í húsinu og styður við rekstur Hótel Sögu. „Fyrir er bankaútibú, rakari, hárgreiðslustofa, ferðaskipuleggjandi, veitingastaðir og ráðstefnudeild, skrifstofur Bændasamtaka Íslands, skrifstofur á vegum hins opinbera og annarra og 236 hótelherbergi.“

*Um 1.000 manns heimsækja Bændahöllina á hverjum degi*

Bændahöllin ehf. er félag í eigu Bændasamtaka Íslands. Bændahöllin var byggð af bændum árið 1962 og hefur alla tíð verið í eigu þeirra. Bændahöllin er um 18.500 fermetrar að stærð og um 1.000 manns heimsækja húsið á degi hverjum í margvíslegum tilgangi. Þáttur Bændahallarinnar og Hótel Sögu í menningarlífi bæjarins og ferðamennsku er mjög stór og Bændahöllin hefur verið eitt af helstu kennileitum Reykjavíkurborgar síðastliðin 55 ár.

Ýmsar menningarstofnanir eru í næsta nágrenni. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum flyst brátt í nýja byggingu á horni Suðurgötu og Brynjólfsgötu og Hús íslenskra fræða mun rísa þar sem Melavöllurinn var forðum.



**Forsvarsmenn Hins íslenska bókmenntafélags handsala leigusamning við bændur. Frá vinstri: Eiríkur Blöndal, Sindri Sigurgeirsson, Jón Sigurðsson og Sverrir Kristinsson.** Mynd / TB

Þjóðarbókhlaðan, Þjóðminjasafnið og Háskóli Íslands eru allt rótgrónar stofnanir steinsnar frá Bændahöllinni. /TB



## Hreindýrakvóti 2017:
# Fleiri kýr en færri tarfar

**Hreindýrakvóti fyrir árið 2017 hefur verið ákveðinn, það er umhverfis- og auðlindaráðherra sem ákveður kvótann að fengnum tillögum frá Umhverfisstofnun.**

Á þessu ári verður heimilt að veiða allt að 1.315 dýr, 922 kýr og 393 tarfa. Á liðnu ári, 2016 var kvótinn 1.300 dýr, 848 kýr og 452 tarfar.

Veiðin skiptist milli níu veiðisvæða og eru mörk þeirra og fjöldi dýra á hverju svæði tilgreind nánar í auglýsingu sem birtist í Lögbirtingablaðinu. Heimildirnar eru veittar með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun veiðiheimilda.

*Veiðitími hefst 1. ágúst*

Veiðitími tarfa er frá 1. ágúst til og með 15. september, en þó getur Umhverfisstofnun heimilað veiðar á törfum frá og með 15. júlí. Veiðitími kúa er frá 1. ágúst til 20. september. Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa. Óheimilt er að veiða kálfa.

Verð fyrir veiðileyfin eru 140.000 kr. fyrir tarf, og nemur hækkun um 5.000 krónum og 80.000 kr. fyrir kú. Úthlutuð veiðileyfi skulu greiðast að fullu eigi síðar en 15.apríl. Frestur til að sækja um er til og með 15. febrúar. /MÞÞ


Góður Kostur frá Líflandi

Kynntu þér Kostinn frá Líflandi, mest selda kjarnfóðrið okkar fyrir mjólkurkýr.



**Kostur** fæst í tveimur útfærslum með 16% eða 19% próteininnihaldi.

**Kostur** er ríkur af fitusýrum og inniheldur gott hlutfall hæggerjanlegra hráefna sem hafa jákvæð áhrif á myndun mjólkurfitu og gefa af sér fitumyndandi gerjunarafurðir.

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghals | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Stórólfsvelli

LÍFLAND

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrun.hulda.palsdottir@gmail.com

## Senda samræmd skilaboð og auka sýnileika íslenska hestsins um allan heim:

# Aukinn slagkraftur í markaðsstarfi með víðtæku samstarfi

**Markaðsverkefni um íslenska hestinn á heimsvísu er að gefa góða raun strax á fyrsta ári og stefnt er á enn víðtækari útbreiðslu á ímynd hins náttúrulega, kraftmikla og tilgerðarlausa íslenska reiðhesti á næstu árum. „Við vonum innilega að fleiri vilji njóta íslenska hestsins sem er svo magnaður," segir Jelena Ohm, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu, sem sér um framkvæmd Horses of Iceland.**

Horses of Iceland markaðsverkefninu var ýtt úr vör formlega í apríl 2015 en þá hófst stefnumótun og undirbúningur. Því er ætlað að styrkja ímynd íslenska hestsins alþjóðlega, og auka verðmætasköpun og gjaldeyrisaukningu tengda greininni. Að verkefninu koma samtök og hagsmunaaðilar um allan heim, ásamt íslenska ríkinu. Um er að ræða fjármögnun verkefnis til fjögurra ára og er það Íslandsstofa sem sér um framkvæmdina.

Í fyrra, á fyrsta ári aðgerðaráætlunarinnar, var lögð áhersla á að kynna verkefnið innan Íslandshestasamfélagsins til þess að afla fjármuna fyrir verkefnið. „Þar sem við fáum krónu frá ríkinu á móti hverri krónu frá fyrirtækjum og hagsmunasamtökum, telur hver króna frá atvinnulífinu gríðarlega. Í dag standa 48 samstarfsaðilar að verkefninu, sem flestir eru íslenskir. Sænsku Íslandshestasamtökin gengu nýlega til liðs við okkur og vonandi taka fleiri erlend samtök við sér. Það er mikilvægt fyrir okkur að nýta víðtæka reynslu og þekkingu sem er til í greininni og þess vegna reyndum við að ná sem mestri samstöðu meðal allra hestamanna sem gengur vel. Við höldum fundi með samstarfsaðilum reglulega til að ræða áherslur og þeir fá einnig fræðslu sem tengist markaðsmálum," segir Jelena Ohm, verkefnastjóri markaðsverkefnisins. „Á þessum fjórum árum sem þessi fjármögnun nær til, fáum við tækifæri til að vekja athygli á íslenska hestinum úti um allan heim með öflugri hætti en áður hefur verið gert. Okkur þykir mikilvægt að senda sterk samræmd skilaboð og vinna saman að því að auka sýnileika íslenska hestsins. Á erlendri grundu erum við að keppa við önnur hestakyn og hér heima við mismunandi afþreyingu. Þess vegna þarf aukin nýliðun og auðveldur aðgangur fólks að íslenska hestasamfélaginu að vera í forgangi."

### *Breið samstaða*

Meðal verkefna Horses of Iceland í fyrra var framkvæmd alþjóðadags íslenska hestsins þann 1. maí, en þá opnuðu hestamenn hesthús sín fyrir áhugasömum og farið var í skipulagða félagsreiðtúra. Þá fór fram mikil skrúðreið um miðborg Reykjavíkur þann 30. apríl, þar sem 120 knapar og hestar tóku þátt. „Viðburðurinn var auglýstur fyrir ferðamenn og fylgdist stór hópur þeirra með skrúðreiðinni í blíðskaparveðri," segir Jelena. Þá var góður rómur gerður að Horses of Iceland café á Landsmótinu á Hólum í Hjaltadal, en þar voru fræðsluerindi í boði og samstarfsaðilar kynntu starfsemi sína í huggulegri kaffihúsastemningu. Í september var vefurinn horsesoficeland.is settur í loftið, en hann er kynningarvefur fyrir íslenska hestinn og samfélag hans um allan heim. Einnig er þar að finna upplýsingar um verkefnið sjálft og samstarfsaðila. Vefurinn er sem stendur á ensku en ráðgert er að hann verði einnig á íslensku, sænsku og þýsku á næstu misserum.

Í tengslum við Laufskálarétt var erlendum blaðamönnum boðið í ferð um Norðurland. Blaðamennirnir voru annars vegar frá fagtímaritum í hestamennsku frá Svíþjóð, Danmörku og Þýskalandi og hins vegar frá ferðasíðum stærsta dagblaðs Þýskalands. „Við tókum upp mikið af kvikmynduðu efni og ljósmyndum til að nýta í markaðsstarfinu og á samfélagsmiðlum. Þrjú myndbönd hafa verið gerð og deilt á samfélagsmiðum og fleiri eru í bígerð. Póstkort eru komin í dreifingu hjá samstarfsaðilum og í vinnslu er stór kynningarbæklingur um íslenska hestinn á þremur tungumálum, sem kynntur verður á hestatengdum viðburðum á næstunni. Við erum einnig með stóra auglýsing í Leifsstöð sem vekur mikla lukku," segir Jelena.

Hún segir að árangur af verkefninu árið 2016 felist meðal annars í því hve breið samstaða hefur náðst um verkefnið og hve margir samstarfsaðilar taki þátt nú þegar. „Almennt má segja að við höfum alls staðar fengið mjög jákvæð viðbrögð og það er ánægjulegt að erlendir aðilar séu nú þegar komnir til liðs við okkur og við stefnum að því að breikka samstöðuna erlendis á þessu ári," segir Jelena.

### *Mikil viðbrögð á samfélagsmiðlum*

Árangur verkefnisins er mældur á skipulegan hátt, með því að fylgjast með fjölda innri og ytri mælikvörðum, á borð við veltu og gjaldeyristekjur af útflutningi og ferðaþjónustu tengdum íslenska hestinum, með virkni og útbreiðslu á samfélagsmiðlum og könnunum á vitund og viðhorfi gagnvart íslenska hestinum.



Í dag standa 48 innlendir og erlendir samstarfsaðilar að Horses of Iceland, en fjármögnun þess er einnig tryggð með mótframlagi frá ríkinu. Íslandsstofa sér um framkvæmd þess. Mynd / Gígja Einarsdóttir



Jelena Ohm, verkefnastjóri hjá Íslandsstofu.




## Stöðugur vöxtur frá 2010

Alls voru 1.474 hross flutt frá Íslandi árið 2016 samkvæmt Worldfeng, upprunaættbók Íslenska hestsins. Er það tæp 8% fjölgun frá árinu 2015. Hrossin fóru til 21 lands, flest til Þýskalands eða 626 talsins. Þá fóru 232 hross til Svíþjóðar, 144 til Danmörku og 115 til Sviss og 71 til Austurríkis. Athygli vekur að 2 hross fóru til Azerbadjan og mun það vera í fyrsta sinn sem hross eru flutt frá Íslandi þangað.

Af hrossunum voru 109 fyrstu verðlauna hross, sem hlotið höfðu einkunnina 8,00 eða hærra í kynbótadómi. Hæst dæmdur er Hersir frá Lambanesi, með 8,57 í aðaleinkunn, en hann fór til Belgíu. Vökull frá Leirubakka, sem hlaut 8,56 í aðaleinkunn, fór til Danmerkur og Hlekkur frá Ytra-Vallholti, með 8,54 í aðaleinkunn, fór til Noregs.

Fjöldi útfluttra hrossa hefur aukist jafnt og þétt síðan árið 2010, þegar faraldur smitandi hrossa leiddi til stöðvunar og hruns í útflutningi.

Jelena segir samfélagsmiðlana eiga stóran þátt í góðum árangri verkefnisins árið 2016. „En auðvitað er verkefnið langhlaup og ekki hægt að búast við að allt breytist á einni nóttu. Í dag erum við með tæplega 25.000 fylgjendur á Facebook, Instagram, Twitter, Pinterest og Tumblr. Þetta er afar virkur hópur sem er duglegur að dreifa okkar efni og því náum við oft til 200.000–300.000 manns úti í heimi sem sjá myndir og skilaboð um íslenskan hestinn reglulega. Við höfum farið í nokkur „Facebook live events" þar sem hægt er að fylgjast með í beinni, t.d. á Sweden International Horse Show og í samstarfi við Inspired by Iceland. Það myndband náði til 336.000 manns og erum við afar ánægð með það. Í gegnum umfjöllun fjölmiðla í kjölfar fjölmiðlaferða til landsins, höfum við einnig náð að koma greinum um íslenska hestinn til almennings," bætir Jelena við.



Stefnt er að því að íslenski hesturinn verði þekktur á heimsvísu sem hinn náttúrulegi reiðhestur, kraftmikill, ævintýragjarn, án tilgerðar og ósvikinn hestur sem tekur þér opnum örmum. Stoðir vörumerkisins byggja á tengslum hans við sögu Íslands og menningu, ævintýri og félagsskap, nálægð við náttúruna. Mynd / Gígja Einarsdóttir

### *Vilja standa fyrir fagmennsku*

Nú, á öðru ári verkefnisins, verður meiri áhersla lögð á markaðssetningu á vefnum, sem og á alþjóðlegum viðburðum tengdum hrossum. Þá á að ná enn frekar til erlendra ferðamanna, framleidd verða myndbönd með örsögum um íslenska hestsinn. „Þetta snýst um að auka vitund með samræmdum skilaboðum og byggja upp vörumerkið eða brand fyrir íslenska hestinn," segir Jelena. Stefnt er að því að íslenski hesturinn verði þekktur á heimsvísu sem hinn náttúrulegi reiðhestur, kraftmikill, ævintýragjarn, án tilgerðar og ósvikinn hestur sem tekur þér opnum örmum. Stoðir vörumerkisins byggja á tengslum hans við sögu Íslands og menningu, ævintýri og félagsskap, nálægð við náttúruna.

„Áherslurnar verða mótaðar út frá þeirri stefnu sem mótuð var í upphafi og þeim áherslum sem samstarfsaðilar og verkefnisstjórn mæla með. Einnig er horft til rannsókna og gagnlegra upplýsinga sem aflað er," segir Jelena. Stefnt er að því að eftir fjögur ár verði komin góð reynsla af markaðsstarfi fyrir íslenski hestinn hérlendis og erlendis og að þá sé eðlilegt að halda áfram. „Þá höfum við ekki bara náð til Íslandshestasamfélagsins og erlendra ferðamanna á Íslandi, heldur líka vakið athygli hestamanna annarra hestkynja um fjölhæfni íslenska hestsins og þær skemmtilegu áskoranir í reiðmennskunni fyrir þá sem vilja keppa. Við viljum standa fyrir fagmennsku, þekkingu og hágæða menntunarkerfi."

FJÓRHJÓLIN
FÆRÐU HJÁ OKKUR

CFMOTO



LÆKKAÐ VERÐ!

**CFORCE 800**

Götuskráð 4X4 tveggja manna með innspýtingu, spili og dráttarkúlu, rafmagnsstýri og sætisbaki
**Verð 1.612.096,- án Vsk.**
Verð 1.990.000,- með Vsk.



LÆKKAÐ VERÐ!

**CFORCE 450**

Götuskráð 4X4 eins manna með rafmagnsstýri, spili og dráttarkúlu
**Verð 685.490,- án Vsk.**
Verð 890.000,- með Vsk.

Kawasaki



LÆKKAÐ VERÐ!

**Bruteforce 750**

Torfæruskráð 4X4 með rafmagnsstýri
**Verð 1.524.193,- án Vsk.**
Verð 1.890.000,- með Vsk.

NITRO

Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Bændablaðið
Kemur næst út
9. febrúar
Smáauglýsingar
56-30-300


# Þorraþræll

## verður haldinn í verslunum Líflands dagana 6. - 9. febrúar



**AKUREYRI**
Verslun Líflands Óseyri 1
Mánudagur 6. febrúar kl. 20.30

**BLÖNDUÓS**
Verslun Líflands Efstubraut 1
Þriðjudagur 7. febrúar kl. 20.30

**BORGARNES**
Verslun Líflands Borgarbraut 55
Miðvikudagur 8. febrúar kl. 20.30

**FLÚÐIR**
Icelandair Hótel Flúðir
Fimmtudagur 9. febrúar kl. 11.30

**HVOLSVÖLLUR**
Verslun Líflands Ormsvöllum 5
Fimmtudagur 9. febrúar kl. 20.30

**DAGSKRÁ:**

**Matvælaframleiðsla til framtíðar.**
Gerton Huisman, sérfræðingur hjá Trouw Nutrition.

**Kálfafóðrun – hver er galdurinn?**
Diana Hof, sérfræðingur hjá Trouw Nutrition.

Fyrirlestrarnir fara fram á ensku, en verða þýddir jafnóðum á íslensku.

**Léttar veitingar verða í boði að fyrirlestrum loknum.**
**20% afsláttur af bætiefnum í verslunum Líflands 6. - 11. febrúar.**

Sala og ráðgjöf Sími 540 1100 | www.lifland.is lifland@lifland.is | Reykjavík Lynghals | Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvellir

LÍFLAND


# DEUTZ-FAHR Agrotron

Agrotron dráttarvélarnar frá DEUTZ-FAHR eru af mörgum taldar einar þær sterkustu og endingarbestu sem völ er á.

C-SHIFT útgáfan er þar engin undantekning. Hún er búin rafskiptingu á öllum gírum. Engin eiginleg gírstöng og aldrei þarf að kúpla til þess að skipta um gír.

Við eigum til afgreiðslu strax nokkrar 130 ha DEUTZ-FAHR Agrotron 6130.4 C-Shift vélar á sérstöku tilboðsverði.

Bændur hafið samband sem fyrst til að tryggja ykkur vél á þessu hagstæða verði. Aðeins örfáar vélar í boði.



DEUTZ FAHR

ÞÓR HF | REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500 | AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555 | Vefsíða: www.thor.is

FRÉTTASKÝRING

### Eftirspurn eftir fersku vatni í heiminum verður langt umfram framboð innan tiltölulega fárra ára:

# Heimsbyggðin gæti horft fram á hrikalega vatnskreppu á næstu 10 til 20 árum

## –Slík staða er talin geta leitt til stórfelldrar matvælakreppu og vopnaðra átaka – þekking bænda hefur aldrei verið mikilvægari

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Mynd / right2water.eu


Sú athöfn að sækja sér drykkjarvatn úr krana, sem Íslendingum þykir sjálfsagt, er víða orðinn fáheyrður munaður.

**Vatnsnotkun í heiminum fer ört vaxandi og ljóst að maðurinn er víða farinn að ganga hressilega á grunnvatnsbirgðir sem til staðar eru. Þar sitja Íslendingar sannarlega á gullkistu sem aðrar þjóðir munu örugglega fara að sýna mikinn áhuga.**

Áætlað hefur verið að árleg úrkoma á jörðinni sem fellur á landi samsvari um 117.000 rúmkílómetrum (km3) af vatni. Um 4% af þeirri úrkomu nýtist beint í landbúnaði og um 50% gufar ýmist upp aftur eða nýtist í vatnsupptöku skóga og gróðurlendis utan ræktaðs lands.

Þau 46% úrkomunnar sem eftir eru af útkomunni seytlar niður í jörðina sem grunnvatn og oft er talað um það sem hámarks uppsprettu endurnýjanlegs neysluvatns. Það vatnsmagn hefur verið áætlað 52.579 km3. Þetta er það hámark yfirborðs og grunnvatns sem jarðarbúar geta mögulega notað við sínar athafnir. Á árinu 2007 var talið að 69% þessa nýtanlega vatns hafi verið notað í landbúnaði. Um 5,1% vatnsnotkunarinnar í landbúnaði er vegna vökvunar og oftar en ekki er þar um að ræða uppdælingu grunnvatns. Um 19% af vatnsnotkuninni er síðan notað í margvíslegum iðnaði.

Samkvæmt skýrslu sem McKinsey&Company gaf út í desember 2009 fóru þá 71% af heimsnotkuninni á vatni til landbúnaðarframleiðslu. Þar kom einnig fram að birgðir jarðar á hreinu vatni muni aðeins uppfylla 60% af eftirspurninni eftir vatni árið 2030 eða eftir aðeins 13 ár. Síðan þessi skýrsla var gerð hefur staðan bara versnað.

### *Orkugeirinn og iðnaðurinn þurfa sitt*

Orkugeirinn og iðnaður nota gríðarlegt vatn við framleiðslu og til kælingar. Var það talið nema um 16% af heildareftirspurninni árið 2009 og áætlað að hlutfallið færi í 22% árið 2030. Samkvæmt skýrslunni var talið að 40% af aukinni þörf í orkugeiranum og iðnaði verði til í Kína. Indland réð árið 2009 aðeins yfir helmingi þess vatns sem eftirspurn er talin verða eftir árið 2030. Sömu sögu er að segja af Kína og löndum eins og Brasilíu.

Í skýrslunni kemur fram að skipt geti sköpum að það takist að bæta vatnsnýtingu í landbúnaði og einnig að auka framleiðsluna á þeim stöðum sem búa við næga úrkomu. Þá verði bankar líka að koma að málinu í auknum mæli og lána til vatnsverkefna og ekki síst til að lagfæra lek vatnskerfi.

Peter Brabeck-Letmathe, forstjóri stórfyrirtækisins Nestlé, varar við vatnskreppu. Grunnvatnsstaða lækki ört á svæðum þar sem landbúnaðarframleiðsla fari á sama tíma vaxandi eins og á Indlandi.

„Vatnskreppa, sem er mjög líkleg á næstu 10 til 20 árum, mun að öllum líkindum valda umtalsverðum samdrætti í kornframleiðslu. Það mun síðan leiða til gríðarlegrar matvælakreppu á heimsvísu."

Hann segir einnig að líf eins þriðja jarðarbúa muni verða fyrir áhrifum af vatnsskorti þegar árið 2025.

„Við gætum verið að horfa á árlegt uppskerutap á korni sem nemur allri framleiðslu Indlands og Bandaríkjanna til samans. Það yrði hræðileg niðurstaða. Slík heimskreppa myndi hafa áhrif á öll fyrirtæki, ekki bara þau sem starfa við matvælaframleiðslu," sagði Brabeck-Letmathe í svari við fyrirspurn McKinsey um málið.

Athyglisvert er að sjá þessi varnaðarorð frá yfirmanni fyrirtækis sem m.a. hefur verið gagnrýnt fyrir að ganga freklega á grunnvatnsbrigðir í Kaliforníu, Bandaríkjunum.

### *Íslendingar enn í góðum vatnsmálum*

Ekki er ónýtt að vita til þess í þessu samhengi að meðalúrkoma á Íslandi sé ein sú mesta í Evrópu. Þannig var heildarúrkoman á landinu öllu 174.485 milljónir rúmmetra af vatni á árinu 2015.

Séu vatnsauðlindir landsins skoðaðar árið 2015 var heildarúrkoma 174,485 milljón rúmmetrar. Þar af var regnvatn 75,934 milljón rúmmetrar, snjókoma 60,262, uppgufun 12,396 og þurrgufun 1,886 milljón rúmmetrar.

Vatnsnotkun árið 2015 var um 280 milljónir rúmmetra en var 275 milljónir rúmmetra árið 2014. Þar af var 92,8% af neysluvatni fengið úr grunnvatni en 6,8% voru yfirborðsvatn.

Vatnsnotkun fyrirtækja á Íslandi var um 198 milljónir rúmmetra árið 2015, eða um 71% af heildarvatnsnotkuninni. Þar af voru hæstar notkunartölur hjá fyrirtækjum í fiskeldi og hjá jarðvarmavirkjunum. Um 77 milljónir rúmmetra af vatni voru nýttar í þéttbýli árið 2015.

Ljóst er að íslensk stjórnvöld verða að halda vöku sinni í þessum efnum og halda fast um eignarhaldið á þeim gríðarlega auð sem þjóðin á í vatni.

### *Vatnsnotkun víða komin á hættulegt stig*

Gallinn á heildarmynd vatnsmálanna í heiminum er að vatnsnotkunin hefur aukist hröðum skrefum vegna athafna mannsins á liðnum árum og áratugum. Er svo komið að víða hefur verið gengið hættulega mikið á vatnsbirgðir, bæði yfirborðs- og grunnvatn. Í síðasta Bændablaði var m.a. fjallað um fréttir af hrikalegri stöðu vatnsmála í Íran.

### *Íslendingar vart hálfdrættingar í vatnsnotkun miðað við íbúa ESB*

Sem dæmi um notkunina á Vesturlöndum, þá er áætlað að vatnsnotkunin á hvern íbúa Evrópusambandslandanna sé um 4.815 lítrar af vatni að meðaltali á dag. Þá er allt talið með, en 44% af þessari vatnsnotkun er vegna framleiðslu á orku, einkum með kolum og kjarnorku. Kostnaður vegna þurrka á síðustu 30 árum er af ESB metinn á 100 milljarða evra.

Þó undarleg kunni að virðast er vatnsnotkun í ESB-löndunum mun meiri á hvern íbúa en á Íslandi. Ræðst það trúlega af gríðarlega vatnsfrekum þungaiðnaði og raforkuframleiðslu með kolum og kjarnorku í ESB-ríkjunum. Einnig er meiri vatnsnotkun í landbúnaði en hér þekkist. Samkvæmt framangreindum tölum um vatnsnotkun hér á landi, nam meðaltalsnotkunin á mann að meðaltali 2.269 lítrum á dag á árinu 2015. Þá er notkunin í atvinnulífinu meðtalin. Er það innan við helmingur þess sem notað er á mann í ESB-löndunum. Samt höfum við gjarnan talið okkur fara mjög illa með vatn í venjulegu heimilishaldi. Það vegur bara tiltölulega lítið í heildarsamhenginu.

Samkvæmt vatnsþróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna sem gefin var út 2016 eru yfir milljarður starfa á jörðinni mjög háð aðgengi að vatni. Þau sem standa fyrir meira en 40% af störfum allra vinnufærra manna. Þessi störf eru m.a. í landbúnaði, skógariðnaði, fiskirækt á landi, í námuiðnaði, orkugeiranum og margvíslegri annarri starfsemi. Annar milljarður starfa er talsvert háður aðgengi að vatni. Samkvæmt skýrslunni er öllum þessum störfum hætta búin sökum minnkandi sjálfbærni í vatnsbúskap jarðarinnar.

### *Sjálfbærni í vatnsbúskap*

Fjöldi stofnana og fyrirtækja sem hafa hagsmuni af vatnsnotkun horfa æ meir á hvernig tryggja megi sjálfbærni í vatnsnýtingu. Ein stofnunin sem einbeitir sér að þessu verkefni er Pacific Insuituite í Bandaríkjunum sem stofnuð var 1987. Þar hafa menn áhyggjur af því að of miklu grunnvatni hefur verið dælt upp úr jarðlögum til notkunar í landbúnaði og fyrir vatnsveitur borga, ekki síst í Kaliforníu á undanförnum árum. Er staðan þar komin á mjög hættulegt stig. Þar er Colorado-áin farin að láta mjög á sjá. Einnig er bent á Guluá í Kína. Staðan í báðum þessum ám er þannig að þær ná ekki lengur að renna alla leið til sjávar hluta af ári. Þá er grunnvatninu í Kaliforníu líka dælt upp til að tappa á drykkjarvatnsflöskur í stórum stíl. Fyrirtækin sem það gera kæra sig kollótt um að verið sé að ofnýta vatnasvæðið.

Almenningur er farinn að reiða sig æ meir á vatn í flöskum. Sem dæmi drukku 50% Bandaríkjamanna flöskuvatn að staðaldri árið 2013. Það eru yfir 150 milljónir manna. Vatnið er í langflestum tilfellum keypt dýru verði í verslunum í plastflöskum. Áætlað er að sala á vatni í plastflöskum velti árlega um 100 milljörðum dollara og fer ört vaxandi. Spurningin er hvort nýlegar áhyggjur um að efni í plastflöskunum kunni að skýra aukningu ýmissa sjúkdóma kunni að slá á þessa eftirspurn. Ef það gerist, hvað kemur þá í staðinn? Notkun á glerflöskum er ekki augljós lausn, sökum þunga glersins í flutningum.

### *Eldsneytisframleiðsla*

Samkvæmt tölum International Energy Agency (IEA) frá 2012, þá fór um 15% af allri vatnsnotkun heimsins í að framleiða eldsneyti árið 2010 eða 583 milljarðar rúmmetra. Búist er við að sú vatnsnotkun aukist í 20% fyrir árið 1935 en heildareftirspurnin eftir vatni aukist um 85%.

Við framleiðslu á eldsneyti þarf mikið vatn. Einna minnst vatn þarf til að framleiða eldsneyti úr jarðolíu, en mest við vinnslu á gasi. Mikið vatn þarf líka til að framleiða metanól og etanól og kemur sú vatnsnotkun næst á eftir framleiðslunni á gasi. Megnið af metanóli heimsins er framleitt úr gasi og kolum, en etanól er að verulegu leyti framleitt úr sykurreyr og korni. Á Íslandi er rekinn harður áróður fyrir að auka íblöndun á metanóli sem framleitt er við Svartsengi í bensín og olíu. Metanól er alkóhól sem gjarnan er kallað tréspíri og



skapar mjög hreinan bruna. Það er þó baneitrað og mjög tærandi efni og að því leyti talsvert öðruvísi en etanólið sem framleitt er m.a. með gerjun korns. Mjög lítið magn af metanóli þarf til að framkalla alvarleg eitrunareinkenni hjá fólki, t.d. nýrnabilun og blindu.

### *„Alheims vatnsfótspors-staðall“*

Settur var á fót svokallaður „Alheims vatnsfótspors staðall“ (Global Water Footprint Standard) þann 24. júlí 2014 samkvæmt ISO staðli 14046. Grunnhugmyndin að vatnsfótsporinu var þó lögð fram af Arjen Y. Hoekstra hjá UNESCO árið 2002. Varð þá byggt á kolefnisfótsporinu og landnotkunarfótsporinu. UNESCO gaf það síðan út árið 2004 hvernig ætti að finna út vatnsfótspor þjóða. John Allan prófessor kom svo með enn frekari útlistun á vatnsfótsporinu árið 2008. Sama ár gaf UNESCO út bókina „Globalization of Water“ og 2011 handbókina „The water footprint assessment manual: Setting the global standard“.

Hafa verður í huga að á bak við útreikninga á vatnsfótspori eru flókin fræði. Í kjötframleiðslunni er til dæmis búið að reikna út vatnsnotkunina við ræktun og fóðurframleiðsluna sem þar að baki liggur og ýmislegt annað.

Sem dæmi um vatnsnotkun við ræktun nytjajurta standa t.d. 210 lítrar á bak við framleiðslu á hverju kílógrammi af sykurreyr, en 1.782 lítrar eru á bak við fullunninn sykur.

Þá er vatn líka í bakgrunni við fullvinnslu á matvörum svo ekki sé talað um vatnsfótsporin á bak við framleiðslu á tækjunum sem þar eru notuð.

### *Blá, græn og grá fótspor*

Ýmsar stofnanir og fyrirbæri hafa síðan verið sett á fót í kringum vöktun og útreikninga á vatnsfótspori manna á jörðinni. Þar er líka talað um skilgreiningar eins og „blávatns fótspor“, sem tekur á ætlunum um ferskvatn, „grænvatns fótspor“ miðast við vatnsuppgufun og „grávatns fótspor“ miðast við vatnsmengun vegna athafna mannsins. Þá bætist við skilgreining á endurnýjanlegu vatni og sjálfbærni í vatnsbúskap (Sustainable water use).

Athyglisvert er að skoða vatnsfótspor ýmiss konar landbúnaðarframleiðslu og vatnsnotkun heimshluta og landa samkvæmt úttekt og skýrslu M. M. Mekonnen and A. Y. Hoekstra sem gefin var út í janúar 2011.

Þar kemur m.a. fram, eins og búast mátti við, að því hlýrri sem landsvæðin eru, þeim mun meira af vatni er notað í formi vökvunar.

### *Allt að 3,4 tonn af vatni fyrir hvert kíló af korni*

Tekið er dæmi af ræktun á korni. Þar ber þó að hafa í huga að útkoman fyrir aðrar tegundir getur verið allt önnur, hvað varðar hlutfallslega uppskeru á hektara.

Í Norður-Evrópu er vatnsnotkunin nokkurn veginn til helminga frá regni og síðan með vökvun. Heildarvatnsnotkunarfótsporið við framleiðslu á hverju kílói af korni er um 637 lítrar. Það er jafnframt minnsta vatnsnotkunin sem þekkist í heiminum við framleiðslu á korni og uppskeran jafnframt sú næstmesta sem þekkist, eða 5,17 tonn að meðaltali á hektara.

Í Vestur-Evrópu fæst talsvert hærra hlutfall af vatnsnotkuninni með vökvun, en heildarnotkunin er mjög svipuð, eða 654 lítrar á hvert kíló af korni. Þar er uppskeran líka langmest að meðaltali á heimsvísu, eða 6,77 tonn á hektara.

Í Austur-Evrópu er hlutfallið af rigningarvatni og vökvun nokkurn veginn til helminga. Þar er hins vegar notað mun meira vatn í heildina. Er vatnsfótsporið 1.795 lítrar fyrir hvert kíló af korni. Þar er uppskeran samkvæmt þessum tölum líka frekar




**Sífellt algengari sjón af stöðu vatnsmála á heimsvísu. Vatnið þverr og líf fjarar út.**

léleg, eða 2,27 tonn að meðaltali á hektara. Þetta þætti ekki einu sinni sæmilegt á íslenskan mælikvarða.

Í Suður-Evrópu er dæmið hlutfallslega annað. Þar er nær tvöfalt hærra hlutfall af vatnsnotkuninni frá vökvun, en heildarnotkunin er samt talsvert minni en í Austur-Evrópu eða 1.217 lítrar á kílóið. Þar er meðaluppskeran 3,81 tonn að meðaltali á hektara, en heil 7,07 tonn af þeim ökrum sem mest eru vökvaðir.

### *Minnst meðaltalsvatnsnotkun við kornrækt er í Evrópu*

Meðalvatnsnotkunarfótsporið við framleiðslu á korni í Evrópu er 1.214 lítrar á hvert kíló og er það lægsta sem þekkist í heiminum. Uppskeran er að meðaltali 3,36 tonn á hektara.

Næst kemur Ameríka (Norður-, Mið- og Suður-Ameríka) með 1.294 lítra á hvert kíló. Meðaluppskeran þar er 4,28 tonn á hektara.

Þá kemur Asía eins og hún leggur sig með 1.774 lítra af vatni á hvert kíló af korni að meðaltali. Þar er meðaluppskeran 3,17 tonn á hektara.

Síðan er það Eyjaálfa (Ástralía og Nýja-Sjáland) með 1.969 lítra á hvert kíló. Meðaluppskeran þar er ekki nema 1,96 tonn á hektara en 5,21 tonn þar sem mest er vökvað.

### *Verst er staðan í Afríku*

Það er svo Afríka sem reynist vera með langmestu vatnsnotkunina við framleiðslu á korni, eða 3.388 lítra á hvert kíló. Þar er líka langstærsti hlutinn af framleiðslunni fenginn með vökvun, eða 4 á móti 1. Meðaltalsuppskeran er sú lakasta sem þekkist, eða 1,30 tonn á hektara, en 4,25 tonn þar sem mest er vökvað.

### *Huga þarf að sjálfbærri vatnsnotkun í landbúnaði*

Þessi dæmi um vatnsnotkun við framleiðslu á korni eru tiltölulega saklaus í samanburði við margvíslega aðra framleiðslu. Að mati alþjóðlegu vatnsstjórnunarstofnunarinnar (International Water Management Institute) þarf að huga betur að vatnssparnaði í landbúnaði. Þar skipti miklu máli hvar ræktun og framleiðsla fer fram. Þannig þurfi vatnsfrekur landbúnaður alls ekki að vera skaðlegur ef hann fer fram á stöðum þar sem vatnsbúskapur er öruggur. Með öðrum orðum, ef vatnsnýtingin er sjálfbær, eins og hún vissulega er á Íslandi.

### *24 tonn af vatni á bak við eitt kíló af kakómassa*

Margir elska súkkulaði og vilja helst trúa því að það sé allra meina bót. Um síðustu jól og áramót hafa Íslendingar líka hesthúsað ansi mörg tonnin af gæðasúkkulaði í ýmsu formi. Rétt væri hjá öllum þeim sem borðuðu súkkulaði um jólin að hafa það í huga að á bak við framleiðslu á hverju kílógrammi voru 17.196 lítra fótspor af vatni. Það hjálpar súkkulaðinu að við framleiðslu þess er notað ýmislegt annað en massi úr kakóbaunum. Við framleiðslu á einu kílói af slíkum massa standa hvorki meira né minna en 24.000 lítrar af vatni – já, tuttugu og fjögur tonn! Því hreinna sem súkkulaðið er því stærra er vatnsfótsporið

Séu möndlur í súkkulaðinu lagar það stöðuna ekkert, því 16.194 lítrar af vatni eru á bak við hvert kíló af skelflettum möndlum. Valhnetur eru skömminni skárri með vatnsspor upp 5.264 lítra á hvert kíló af skelflettum hnetum.

Víst er að ekki þarf að hafa alveg eins mikið samviskubit yfir að fá sér kaffi með súkkulaðinu. – Hvað eru svo sem 132 lítra vatnsfótspor fyrir einn 125 millilítra kaffibolla?

### *Tómatar átta sinum hagstæðari en epli*

Ræktun á ávöxtum og grænmeti er athyglisverð í þessu samhengi. Epli þykja líka vel við hæfi til að borða um jólin. Vatnsfótsporið við ræktun og framleiðslu á einu kílói af eplum er ansi mikið, eða 1.800 lítrar miðað við heimsmeðaltal. Ávöxturinn tómatur, sem fæstir vita þó hvort eigi að skilgreina sem ávöxt eða grænmeti, er mun hagstæðari fyrir vatnsbúskapinn. Ekki eru „nema“ 214 lítrar á bak við framleiðslu á hverju kílói af tómötum. Gúrkur eru á svipuðu róli og tómatar, en á bak við hvert kíló af þeim er vatnsfótspor upp á 353 lítra. Við framleiðslu á kílói af salati fer svipað vatnsmagn, eða 237 lítrar. Það telst mjög lítið miðað við marga aðra fæðu, en orkuinnihaldið er að sama skapi ekki mjög mikið.




### *Stórt vatnsfótspor á bak við framleiðslu á kjöti*

Vatnsfótsporið við framleiðslu á nautakjöti er mun minna en við framleiðslu á súkkulaði, en samt er það að meðaltali á heimsvísu 15.400 lítrar á hvert kíló. Hafa verður í huga að um 18 til 24 mánuði tekur að jafnaði að rækta nautgrip til slátrunar.

Stærsti hluti vatnsfótsporsins við framleiðslu á nautakjöti er grænt, eða 94%, en um 4% blátt og 2% grátt. Stærsti hlutinn af græna fótsporinu er vegna fóðursins sem nautgripirnir éta, eða 99%.

Til samanburðar er vatnsfótsporið við framleiðslu á kindakjöti um 10.400 lítrar á kíló. Þá er það um 6.000 l/kg við framleiðslu á svínakjöti, um 5.500 l/kg við framleiðslu á geitakjöti og um 4.300 l/kg við framleiðslu á alifuglakjöti.

### *Próteinframleiðsla með kjöti er vatninu óhagstæð*

Vatnsfótspor við framleiðslu á próteini úr kjöti er mun hærra á hverja kaloríu en við framleiðslu á kornmeti. Þannig er meðaltals vatnsfótspor við framleiðslu á kjötpróteini um tuttugu sinnum hærra en við framleiðslu á korni eða sterkjuríkum rótum. Samkvæmt skýrslu Mekonnen and Hoekstra, 2010, 2012 var vatnsfótsporið við framleiðslu á nautakjöti á árunum 1996 til 2005 um þriðjungur af heildarfótspori á kjöti af öllum öðrum dýrum í heiminum.

### *Æðislegur maískólfur með nautasteikinni*

Ekki er ónýtt ef manni áskotnast góð nautasteik og vill vera flottur á því, þá á að sjálfsögðu að steikja kjötið upp úr sesamolíu. Hún skilur eftir sig „myndarlegt“ vatnsfótspor, eða 19.674 lítra á hvern fullunninn sesamolíulítra. Að steikingu lokinni væri svo frábært að hafa maískólf á hliðarlínunni. Annaðhvort grillaðan eða soðinn og smurðan með smjöri og stráð „dass“ af salti yfir. Maísræktunin er þó alls ekki saklaus af að skilja eftir sig vatnsfótspor. Á bak við hvert kíló af maís er vatnsspor upp á 1.222 lítra. Kannski ættum við ekkert að nefna smjörið sem drýpur af rjúkandi maískólfinum. Það þarf nefnilega 5.553 lítra af vatni til að hvert kíló af slíkum munaði líti dagsins ljós.

### *Eitt kíló af hrísgrjónum og 2.497 lítrar af vatni*

Mjög algengt er að bera fram hrísgrjón með kjúklingaréttum af ýmsu tagi en það er heldur ekki vatnsfótsporsfrítt. Framleiðsla á einu kílói af hrísgrjónum skilur nefnilega eftir sig 2.497 lítra vatnsfótspor. Ef pasta er líka á borðum liggja 1.849 lítrar af vatni á bak við framleiðslu á hverju pastakílói.

Egg eru hins vegar tiltölulega hagstæð hvað vatnsfótspor varðar, allavega miðað við kjöt. Á bak við hvert 60 gramma hænuegg er fótspor vatnsnotkunar upp á 196 lítra. Það þýðir vatnsnotkun upp á 3.266 lítra við framleiðslu á hverju kílói af eggjum. Vissulega verður þó ekki neitt egg nema hæna komi þar nærri. Varphæna þarf svo ríflega fjögur tonn af vatni áður en hún nær því að verða eitt kíló að þyngd.

### *148 lítrar fara í að framleiða bjór í eina dós*

Sem dæmi um vatnsfótspor á annars konar matvöru, þá er vatnsfótsporið á bak við eina dós, eða hálfan lítra af bjór, að meðaltali 148 lítrar af vatni. Við að framleiða eitt glas af rauðvíni (125 millilítra) fara 109 lítrar af vatni og 654 lítrar standa því á bak við hverja 750 millilítra rauðvínsflösku.

Það má skoða þetta enn frekar og þá sjáum við að við framleiðslu á einu kílói af hveitibrauði er búið að nota 1.608 lítra af vatni.

### *Á fimmta hundrað tonn af vatni á bak við einn tank af bíó-dísil*

Nú til dags þykir það sérlega fínt og vistvænt að nota Bíó-dísilolíu á ökutæki. Sennilega gera fæstir notendur sér þó grein fyrir að vatnsfótsporið á bak við hvern einasta lítra af bíó-dísil er 11.397 lítrar af vatni. Við framleiðslu á bíó-dísil fyrir einn 40 lítra tank í meðal fólksbíl liggur því notkun á 455.880 lítrum, eða 455 tonnum af vatni.

Samkvæmt tölum Belefer Center og úttekt Electric Power Research Institute frá 2008, þá stendur orkuiðnaðurinn í Bandaríkjunum fyrir 27% af allri vatnsnotkun landsins. Inni í því er vatnsnotkun vegna síaukinnar framleiðslu á lífeldsneyti, sem og hefðbundnu jarðefnaeldsneyti og raforkuframleiðslu úr kolum og gasi.

### *Eitt kíló af leðri = 17 tonn af vatni*

Kvenfólki þykir ekki ónýtt að geta sýnt sig úti á götu með fallegt leðurveski hangandi um öxl. Fyrir nokkrum árum þótti heldur enginn karlmaður standa undir nafni nema að sveifla stresstösku og helst úr leðri. Eflaust hafa þó fæstir hugsað um að um 17 tonn af vatni liggja á bak við framleiðslu á hverju kílói af leðri.

### *Þekking bænda hefur aldrei verið mikilvægari*

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá mun maðurinn sem tegund þurfa að framleiða mat og þau prótein sem þarf til að komast af. Spurningin er bara að stýra vatnsnotkuninni í farvegi til framleiðslu á hagstæðum próteinum og forðast ofnotkun.

Líklegt er að sterkt ákall verði um það á næstu árum að leita eftir hagstæðara próteini m.a. úr nytjajurtum. Ljóst er að vegna komandi áskorana hefur þekking bænda aldrei verið mikilvægari.

Aukin fiskneysla og fiskirækt gæti líka leyst próteinframleiðsluna að hluta, en þá helst ef um fisk er að ræða sem lifir í saltvatni.

Heilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna (World Health Organization - WHO) setti upp fyrir nokkrum árum leiðarvísi um æskilegt mataræði. Þar kom fram að æskilegt væri að maðurinn færði sig frá neyslu á kjöti til neyslu á nytjajurtum. Það hlýtur því að verða verkefni landbúnaðar og vísindasamfélagsins hvernig standa eigi að slíku og jafnframt að tryggja fæðuöryggi þjóða sem verður vaxandi ákall um á komandi árum.

## Sigríður Ólafsdóttir, ráðunautur og bóndi í Víðidalstungu, opnar vefsíðuna sveito.is:

# Vill miðla sögum úr sveitinni ásamt léttum fróðleik

**„Ég hef fengið mjög jákvæð viðbrögð, vefurinn hefur mikið verið skoðaður og ég vona að umferð eigi eftir að aukast þegar fram líða stundir og fleiri vita af honum," segir Sigríður Ólafsdóttir, bóndi og ráðunautur í Víðidalstungu í Húnaþingi vestra, en hún hleypti af stokkunum nýjum vef, sveito.is, um áramót. Sigríður hyggst birta nýjan pistil sem tengist landbúnaði og daglegu lífi í sveitinni í hverri viku, á fimmtudögum.**

Sigríður býr ásamt foreldrum sínum, Ólafi og Brynhildi, og Hallfríði, systur sinni, í Víðidalstungu en þar er rekið sauðfjárbú með um 500 fjár, en að auki eru þar haldin 13 hross. Jörðin er um 300 hektarar að stærð af vel grónu landi auk um 300 hektara í sameign með Víðidalstungu 2. Jörðinni fylgir upprekstrarafréttur á Víðidalstunguheiði, bæði fyrir kindur og hross.

***Smávaxnar en fitusnauðar kindur***

Ærnar í Víðidalstungu eiga uppruna sinn að rekja til Snæfellsness, en þaðan kom fé eftir niðurskurð árið 1991. Eftir tvö ár frá niðurskurði, árið 1993, voru kindur aftur teknar á bæinn og segir Sigríður snæfellsku ærnar frekar smávaxnar, en vel gerðar, fitusnauðar og vöðvastæltar. Þær eigi það til stöku sinnum að vera frekar óþekkar.

Sigríður starfar sem ráðunautur hjá RML og hefur aðsetur á Hvammstanga. Þá tekur hún þátt í störfum heima á búinu en einkum að sögn á álagstímum, við sauðburð, heyskap, göngur og réttir svo dæmi séu tekin. „Systir mín og faðir sjá að mestu um hin daglegu störf yfir vetrartímann, en ég kem sterk inn þegar mest er um að vera," segir hún.

Sigríður segir að tilgangurinn með því að opna vefsíðu og skrifa vikulega pistla sé einkum að koma á framfæri ýmsum staðreyndum og hugtökum um íslenskan landbúnað. „Mig langar líka að leitast við að veita þeim, sem ekki eru svo heppnir að hafa persónulega tengingu við sveitina, tækifæri til að kynnast daglegum störfum okkar sem þar vinnum og því hvernig lífið gengur fyrir sig á hefðbundnu fjölskyldubúi í meðalstærð á íslenskan mælikvarða," segir hún.



Sigríður Ólafsdóttir, bóndi og ráðunautur í Víðidalstungu í Húnaþingi vestra, er mikill dýravinur og lætur sig málefni þeirra og landbúnaðarins varða.

***Minni tengingar en áður var***

Sigríður kveðst hafa gengið með hugmyndina um skeið, en það að hún lætur til skarar skríða nú megi rekja til vinkonu sinnar, Aldísar Gunnarsdóttur á Svalbarði í Þistilfirði. „Það er eiginlega hún sem kom mér af stað í þetta verkefni. Við höfum þekkst lengi og rætt um þessi mál fram og aftur, okkur hefur oft þótt vanta þónokkuð upp á að almenningur hafi næga þekkingu á landbúnaðarmálum, hvað verið er að gera dagsdaglega í sveitum landsins. Það kom t.d. berlega í ljós við miklar umræður um síðustu búvörusamninga þar sem menn tjáðu sig fram og aftur en virtust ekki alltaf hafa á hreinu um hvað þeir væru að tala. Tengingar þéttbýlisbúa við sveitina eru líka minni en áður var, það tíðkast vart lengur að börn séu send í sveit að sumarlagi og margir hafa aldrei komið heim á íslenskan bóndabæ," segir hún.

***Pistlar beint frá býli***

Pistlar Sigríðar verða á léttum nótum, en eru fyrst og fremst skrifaðir í því skyni að miðla upplýsingum, færa sveitina nær þéttbýlinu. Nú hafa birst á vefnum fjórir pistlar og fjölmargir væntanlegir enda af nógu að taka. „Þetta leggst bara vel í mig, mig hefur alltaf langað til að vera með í einhvers konar framleiðslu í tengslum við Beint frá býli en er ekki nægilega liðtæk í matargerð. Ég kann hins vegar að skrifa og hef mjög gaman af því. Þessir pistlar verða mitt framlag í beint frá býli," segir hún.



Pistlar Sigríðar verða á léttum nótum, en eru fyrst og fremst skrifaðir í því skyni að miðla upplýsingum, færa sveitina nær þéttbýlinu.

## Orðabókardæmi

**Eitt af því sem finna má á vefsíðunni eru orðskýringar, eins konar orðabók sem útskýrir ýmis orð sem tengjast sauðfjárbúskap. Hér eru nokkur dæmi:**

- Blæsma – kind með egglos, líka talað um að beiða
- Einstaklingsnúmer – kennitala
- Erfðaframfarir – þegar næsta kynslóð er betri en sú á undan
- Fallþungi – skrokkþyngd þegar húð (gæra) og innyfli eru tekin frá
- Fengitími – tilhugalíf sauðfjár, á sér yfirleitt stað á tímabilinu nóvember -febrúar
- Fitusnautt – kjöt með litla fitu
- Fjárhús – samastaður (heimili) kinda á veturna
- Fjárvís – skýrsluhaldskerfi fyrir kindur
- Frjóvga – koma á sambandi á milli eggs og sáðfrumu
- Garði – matarborð kinda
- Gæðastýring – kerfi sem er ætlað að tryggja gæði afurða og hámarks nýtingu aðfanga
- Heimagangur – lamb sem missir móður sína og er fóstrað heima yfir sumarið
- Heimaalningur – sama og heimagangur
- Hólf – afmarkað pláss í fjárhúsum
- Hrútur – karlkyns sauðfé
- Hrútaskrá – listi yfir bestu hrúta landsins
- Hvíta húsið – sláturhús
- Kind – kvenkyns sauðfé

Sigríður vill að lokum þakka Aldísi vinkonu sinni fyrir hugmyndina og Helgu Hinriksdóttur, skáfrænku og vinkonu, fyrir tæknilega aðstoð.

/MÞÞ








Fyrirhugað er að byggja nýja 78 m langa brú yfir Eldvatn, skammt neðan núverandi brúar. Mynd / Vegagerðin

# Ný brú verður byggð yfir Eldvatn í Skaftárhreppi

## – Hagkvæmara en að gera við þá gömlu

**Hönnunardeild Vegagerðarinnar hefur gefið út kynningarskýrslu um gerð nýrrar brúar yfir Eldvatn hjá Ásum í Skaftárhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu.**

Fyrirhugað er að byggja nýja 78 m langa brú yfir Eldvatn, skammt neðan núverandi brúar, auk vegtenginga til að tengja nýja brú núverandi vegakerfi. Vegtengingar verða samtals um 840 m langar, þar af eru um 200 m endurbygging núverandi vegar. Sagt er frá þessu í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar.

*Hlaupið í október 2015 skemmdi gömlu brúna*

Aðdraganda verkefnisins má rekja til Skaftárhlaups sem varð í október 2015 og er eitt hið stærsta sem komið hefur úr kötlum Skaftárjökuls í Vatnajökli. Hlaupið rauf víða bakka Skaftár og spillti mannvirkjum, einkum vegum og undirstöðum brúa, svo og ræktar- og beitarlandi. Þá olli hlaupið miklu rofi á austurbakka farvegar Eldvatns sem leiddi til þess að núverandi brú á Skaftártunguvegi hjá Ásum skekktist og dró svo verulega úr burðarþoli hennar að sett var upp sjálfvirk vöktun á brúnni og umferð um hana takmörkuð við létt ökutæki.

*Nokkrar hugmyndir voru metnar*

Í skýrslu Vegagerðarinnar segir að ljóst sé að núverandi brú um Eldvatn þarfnist nauðsynlega styrkingar eða endurbyggingar og hafi nokkrar hugmyndir verið skoðaðar til að auka öryggi hennar. Niðurstaðan var sú að þær aðgerðir sem gera þyrfti til að tryggja öryggi hennar væru áhættusamar. Auk þess væri óvíst um árangur í stórum Skaftárhlaupum sambærilegu því sem kom í október 2015. Því telur Vegagerðin hagkvæmara að byggja nýja brú yfir Eldvatn, með tilheyrandi vegtengingum, en að viðhalda núverandi brú.

*Fornleifarannsókn við brúarstæðið*

Framkvæmdin er ekki matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum en kanna þarf matsskyldu hennar þar sem hún liggur um verndarsvæði. Fornleifarannsóknir við nýja brúarstæðið eru að hefjast í samvinnu við Minjastofnun og Fornleifastofnun Íslands.

Skýrsluna má sjá í heild á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is.

/TB




Vík í Mýrdal. Mikill ferðamannastraumur er í gegnum Vík í Mýrdal og því hefur Olís ákveðið að koma á staðinn með bensínstöð og verslun skammt frá bensínstöð N1. Mynd / MHH

# Olís opnar bensínstöð og verslun í Vík í Mýrdal

„Ég get staðfest það að við höfum hafið hönnun á eldsneytisafgreiðslu og verslunarhúsnæði við Austurveg 16 í Vík í Mýrdal og höfum markmið um að fyrir sumar getum við hafið eldsneytisafgreiðsluna. Lengri tíma mun taka að byggja verslunina sjálfa, eðli málsins samkvæmt, enda mun stærri og viðameiri framkvæmd," segir Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri smásölusviðs Olís, spurð um hvort rétt væri að Olís væri að opna aðstöðu í Vík.

*N1 fær samkeppni*

N1 er fyrir með eldsneytisafgreiðslu í Vík. Olís stefnir á að verslunarhúsnæðið verði tilbúið vorið 2018.

„Okkar markmið er að styrkja og efla verslun í Vík sem er í dag ört vaxandi áfangastaður ferðamanna á leið um landið. Við bindum miklar væntingar til verslunarinnar sem við áætlum að verði tæpir 500 m² að stærð. Endanlegur starfsmannafjöldi liggur ekki fyrir á þessu stigi enda talsvert í að við hefjum eiginlegt ráðningarferli en mönnun verður í takt við afgreiðslutíma og það þjónustustig sem í versluninni verður," bætir Sigríður Hrefna við.

Hún segir að framkvæmdakostnaður í Vík hlaupi á hundruðum milljóna króna. Næstu þjónustustöðvar Olís við Vík eru á Hellu og Höfn, auk þess sem það er ÓB-stöð á Kirkjubæjarklaustri.

/MHH





**Trjáfellingar og grisjun með keðjusög**
Hvaða tré á að fella, hvernig á að grisja skóg og hvernig er öruggast að fella tré?
Hefst 31. janúar á Reykjum í Ölfusi
Hefst 28. apríl á Hólum í Hjaltadal

**Málmsuðunámskeið**
Hvað er pinnasuðu, Mig/Mag-suða, logsuðutæki og plasmaskurður?
Hefst 2. mars á Hvanneyri

**Jarðgerð/Safnhaugagerð**
Hvernig er hægt að nýta lífrænar afurðir sem falla til á heimilum og í görðum?
Haldið 18. mars á Reykjum í Ölfusi

**Húsgagnagerð úr skógarefni**
Hvað er hægt að smíða úr því efni sem fellur til við grisjun skóga?
Hefst 10. mars á Snæfoksstöðum

**Íslenska landnámshænan**
Allt sem þú þarft að vita um hænsnahald í borgum og sveitum!
Haldið 11. febrúar á Reykjum í Ölfusi
Haldið 25. febrúar á Hvanneyri

**Rúningsnámskeið**
Vélrúningur á sauðfé, meðferð, flokkun og frágangur á ull.
Hefst 7. mars á Hvanneyri

**Ostagerð**
Haldið í samstarfi við IÐUNA fræðslusetur
Hvernig getum við búið til mismunandi osta heima í eldhúsi?
Haldið 25. mars í MK í Kópavogi

**Torf- og grjóthleðsla**
Íslensk byggingaarfleifð, byggingar úr hefðbundnu íslensku efni, torfi og grjóti
Hefst 21. apríl á Reykjum í Ölfusi
Hefst 28. apríl á Reykjum í Ölfusi



www.lbhi.is/namskeid • endurmenntun@lbhi.is • 433 5000

**VÍNYL PARKET**
– frábær lausn fyrir heimili, sumarhús, skóla ofl.





- Viðhaldsfrítt
- Níðsterkt
- Þolir vatn og þunga trafík
- Margir litir

**Vínyl parket** fæst smellt, niðurlímt eða lauslagt og í mörgum tilfellum er hægt að leggja það yfir önnur gólfefni.

vinyl golfefni

Designflooring

múrefni ehf
Flugumýri 34 • 270 Mosfellsbæ
Sími 896 9604



Anna B. Hansen og Grétar Sigurjónsson, bændur í Smjördölum, tóku þá ákvörðun árið 2012 að byggja nýtt fjós með mjaltaþjóni. Síðan þá hafa afurðir stóraukist á búinu og allur aðbúnaður batnað. Þau segjast leggja höfuðáherslu á velferð kúnna og að framleiða góða vöru. Þau dreymir ekki um að stækka búið frekar heldur vilja þau ná betri árangri með þær kýr sem fyrir eru.
Myndir / TB

## Bændurnir í Smjördölum í Flóa hafa náð góðum árangri í kúabúskapnum:

# Byggðu lausagöngufjós og afurðir jukust hratt

## – áhersla fyrst og fremst á mjólkurgæði og velferð kúnna

**Á bænum Smjördölum í Flóa búa bændurnir Anne B. Hansen og Grétar Sigurjónsson ásamt tveimur sonum sínum. Þau tóku í notkun nýtt fjós með mjaltaþjóni árið 2014 en afurðir búsins hafa aukist um nálægt 1.400 kg á árskú á tveimur árum. Anne og Grétar fóru skynsamlega í fjósbyggingarframkvæmdirnar, keyptu kvóta og juku framleiðslu í gamla fjósinu eins og hægt var, söfnuðu eigið fé og biðu þangað til þau sáu fram á að ráða við verkefnið – vildu ekki reisa sér hurðarás um öxl. Á sama tíma skipulögðu þau framkvæmdina í þaula, skoðuðu fjölda fjósa og lærðu af reynslu annarra. Eftir stendur vel heppnuð framkvæmd, hamingjusamari kýr og bændur með betri vinnuaðstöðu.**

„Ég er fæddur hér og uppalinn, sá sjötti í minni ætt í beinan karllegg sem býr hérna. Móðir mín var frá Miklholtshelli, amma mín var frá Þórleifskoti og langamma frá Vola í Hraungerðishreppi þannig að það má segja að ég sé ekta Flóamaður,“ segir Grétar.

Anne er af dönsku bergi brotin en fædd og alin upp í Sviss. „Ég kom hingað til lands fyrir um 27 árum síðan en þá var ég í atvinnuleit. Af því að ég var með danskt vegabréf þá var auðveldara að fá vinnu á Norðurlöndunum. Ég millilenti hér á leiðinni frá Bandaríkjunum, leitaði til Bændasamtakanna þar sem mér var boðið í kaffi og boðin velkomin til landsins. Ég var hvött til að sækja um vinnu í sveit og það endaði með því að ég var ráðin í Syðstu-Mörk undir Eyjafjöllum. Vann svo þar á sumrin og í fríum í nokkur ár þegar ég var í námi í arkitektúr úti í Sviss. Þegar ég var búin með námið kom ég hingað til lands og kynntist Grétari fljótlega og fór að búa,“ segir Anne.

### Tók ungur við búinu

Grétar hafði allnokkrum árum áður tekið við búinu í Smjördölum en örlögin höguðu því þannig að hann var ekki nema 19 ára þegar hann axlaði þá ábyrgð. „Pabbi minn var með parkinsonveiki og búið var á herðum móður minnar og okkar systkinanna að mestu leyti. Ég ákvað að fara í Bændaskólann á Hvanneyri en á sjálfan útskriftardaginn í maí 1988 deyr móðir mín í bílslysi á leiðinni heim. Þar sem pabbi var það mikill sjúklingur varð það úr að ég tók við. Mér fannst ég nú fullorðinn þá, ekki nema 19 ára, en svona var þetta. Í raun stefndi hugurinn alltaf í það að fara að búa en þetta var vissulega snemmt,“ segir Grétar.



Fjósið í Smjördölum er ekki ýkja stórt, tæpir 500 fermetrar og byggt á hagkvæman máta. Heildarkostnaður við framkvæmdina var 80 milljónir króna.

### Anne starfar sem arkitekt

Anne vinnur sjálfstætt sem arkitekt á Selfossi og hefur nóg fyrir stafni að eigin sögn. „Ég er í alls konar verkefnum, stórum og smáum. Þá kem ég líka að skipulagsmálum og fleiru,“ segir Anne. Hún segist ekki vera í 100% starfi í arkitektúrnum því hún sinni vissulega verkum á búinu með Grétari. „Ég get leyft mér það af því að ég vinn sjálfstætt, hætt snemma eða sleppt dögum úr þegar þarf. Um helgar er maður svo auðvitað heilmikið í búskapnum.“

Anne og Grétar eiga tvo syni, þá Niklas og Jónas sem eru 12 og 14 ára. Þeir sækja skóla á Selfossi og fara með skólabílnum dag hvern. Strákarnir eru duglegir í búverkunum og eru drjúgir vinnumenn, að sögn foreldra sinna.

### Nafnið Smjördalir er aldagamalt

Nafnið á bænum, Smjördalir, hefur verið með jörðinni svo langt aftur sem skrifuð plögg ná, segir í Sunnlenskum byggðum. Það kemur spánskt fyrir sjónir í Flóanum þar sem landslagið er nær marflatt en smjör kemur við sögu fyrr á öldum. „Það er að vísu hraunlendi hérna norðan við bæinn og þegar maður gengur um það eru nokkuð djúpar lautir, svona mannhæðar djúpar. Það er af sumum talið að nafnið komi þaðan en alþýðuskýringin er sú að þegar Skálholtsstóll átti flestar jarðir á þessu svæði þá hafi leigan verið greidd í smjöri sem þótti afbuðagott á þessum bæ,“ segir Grétar.

### Jörðin bæði grýtt og blaut

Skilyrði til ræktunar í Smjördölum eru að mörgu leyti erfið vegna grjóts. Mest allt ræktunarland er framræst og stutt niður á hraun. Jarðvegur er fíngerður sem þolir frekar illa umferð véla og veðst upp í vætutíð. „Jörðin sjálf er 210 hektarar að stærð og þar af eru tún um 60 hektarar,“ segir Grétar. Anne segir Smjördali þó grasgefna og þar sem búið sé að rækta og grjótið farið sé feiknauppskera og gott gras. Þau hafa ekki ráðist í kornrækt en keypt bygg af bónda sem býr í nágrenninu. „Þar er sendnari jarðvegur og auðveldara að vinna flögin en hér,“ segir Grétar sem telur að það fyrirkomulag henti þeim vel.

### 50 mjólkandi kýr

Í Smjördölum eru um 50 mjólkandi kýr um þessar mundir. „Við erum eingöngu með kýr. Hér var blandað bú þegar ég var krakki en smátt og smátt hættum við með sauðféð,“ segir Grétar. Anne segir að þau séu ekki með mikinn mannskap með sér. „Ég á enga ættingja hér á landi og fjölskyldan er ekki stór. Það hefur e.t.v. einkennt svolítið okkar búskap, á sumum bæjum eru margir til þess að fara í fjós en hér erum við fá og þá borgar sig ekki að vera með of mikið umleikis,“ segir Anne. Vinnumenningin í Smjördölum markaðist líka af því að faðir Grétars var sjúklingur og því þurfti að skipuleggja búskapinn vel. Anne segir að hún hafi tekið eftir því þegar hún fluttist í Smjördali að þar var gengið hratt í verkin.

Grétar segir að þau noti ekki verktaka nema þegar eitthvað bilar. „Það er ekki um svo auðugan garð að gresja hérna af verktökum. Það er vélaverkstæði hér við hliðina á okkur þar sem bílarnir fara í viðgerð en vélarnar fara inn á Selfoss. Anne segir að ýmsa þjónustu kaupi þau annars staðar frá. „Við kaupum ráðgjöf t.d. hvað varðar áburðaráætlanir og bókhaldsþjónustu. Það er ekki tími í að sinna öllu ein.“

### Hafa tvöfaldað mjólkurframleiðsluna

Miklar breytingar urðu á búskaparháttum í Smjördölum þegar nýtt fjós var tekið í notkun árið 2014. Síðan 2011 hafa þau Anne og Grétar tvöfaldað mjólkurframleiðsluna á bænum. Á síðasta ári framleiddu þau alls 366 þúsund lítra. „Við vorum alltaf að kaupa örlítinn kvóta en þorðum aldrei að byggja,“ segir Grétar sem viðurkennir að gamla fjósið, sem var byggt árið 1970, hafi í raun og veru verið orðið sprungið. „Þetta var orðið þannig að við vorum með fjósið fullt af mjólkurkúm og allar kvígur og geldkýr úti við opið. Lengi vorum við búin að tala um að byrja að byggja en frestuðum því af ýmsum ástæðum.“

### Fjósbygging átti langan aðdraganda

Anne segir að þau hafi byrjað að velta fjósbyggingu fyrir sér í kringum árið 2000. „Það var svo ekki fyrr en árið 2007 að við fórum í bankann. Þá fóru vextir hækkandi og við ákváðum að bíða í eitt ár. Vorið 2008 var ljóst að það myndi ekki ganga að fara í lántökur og við settum málið á ís. Við vorum tilbúin í þetta að mörgu leyti, búin að stækka túnin og kaupa liðléttíng og fleira. Árið 2011 förum við svo aftur af stað og gerðum nýja rekstraráætlun. Þá var ljóst að við gátum ekkert haldið áfram í gamla fjósinu, við þurftum líka að létta vinnuna fyrir okkur,“ segir Anne. Hún segir helstu ástæðuna fyrir framkvæmdunum að þau vildu breyta yfir í lausagöngufjós til þess að losna við að hafa kýrnar bundnar á bása.

### Vönduð rekstrargreining skilaði árangri

Bændurnir í Smjördölum tóku þátt í Sunnuverkefninu sem Búnaðarsamband Suðurlands rak um árabil en það gekk út á að ráðunautar gerðu vandaðar rekstrargreiningar um allt sem vék að búinu. „Það munaði eiginlega öllu fyrir okkur. Guðmundur Jóhannesson ráðunautur var líka hvetjandi. Við keyptum smávegis kvóta á hverju ári í því augnamiði að auka veltuna. Við værum ekki á þessum stað í dag ef við hefðum ekki gert það,“ segir Anne og Grétar bætir við að þau hefðu lært gríðarlega mikið á því að gera áætlanir í samvinnu við ráðunauta. „Í fyrstu áætlunum okkar settum við upp þær forsendur að byggja fjós fyrir 200 þúsund lítra framleiðslu. Hvað myndi gerast ef við myndum byggja eins lítið fjós og



**Fjölskyldan í Smjördölum er samhent í búskapnum. Frá vinstri: Jónas Grétarsson, Grétar Sigurjónsson, Niklas Þór Grétarsson og Anne B. Hansen.**

hægt væri utan um einn róbot og vera bara með 200 þúsund lítra? Runólfur Sigursveinsson ráðunautur fann það út hvað við máttum skulda mikið og það slapp til þegar við vorum búin að reikna dæmið fram og til baka í Excel og gera teikningar sem miðuðu við þessa framleiðslu,“ segir Anne.

### *Byggðu á hentugum tíma*

Í fimm ára áætlun var ekki miðað við neina framleiðsluaukningu en reyndin átti eftir að verða önnur. „Þá vantaði enga mjólk og við gátum ekki séð fyrir okkur að hafa efni á að kaupa meiri kvóta,“ segir Grétar. Þau fóru með þetta veganesti í bankastofnanir árið 2012 og var vel tekið. „Bankarnir voru mjög jákvæðir og sögðust vera til í að fara í þessar framkvæmdir með okkur. Á þessum tíma var nánast enginn að byggja. Akkúrat þegar við tökum skóflustunguna haustið 2013 þá kemur krafa um að auka mjólkurframleiðsluna,“ segir Anne.

### *Anne teiknaði fjósið og Grétar sá um eldamennskuna*

Fjósið sjálft er teiknað af Anne en verktakar sáu um bygginguna frá A til Ö. „Við gerðum ekkert í fjósinu sjálf og öll vinna var keypt. Hún teiknaði fjósið og hélt utan um byggingarframkvæmdirnar en ég tók að mér að elda ofan í karlana,“ segir Grétar. Tré og straumur ehf. tók að sér framkvæmdina og hrósa þau bæði því fyrirtæki í hástert. „Byggingameistarinn heitir Ólafur F. Leifsson og býr í Björnskoti á Skeiðum. Hann er alveg sérstaklega þægilegur náungi og smiðirnir eru allir eins og hann. Við vorum heppin með þá,“ segir Grétar. Anne segir að þau hafi byrjað á því að taka tilboði frá þeim í haughúsið en samstarfið hafi gengið svo vel að sami verktaki hafi tekið að sér að reisa límtrésbitana sem voru frá Límtré Vírneti á Flúðum. „Límtréð var þá ódýrast vegna þess að gengið var svo hátt á þeim tíma. Við tókum það ódýrasta í flestu og sniðum bygginguna þannig að hún væri sem minnst í raun og veru. Það er ekkert aukapláss sem ekki er nýtt í fjósinu,“ segir Anne.

### *Nytin hækkaði hratt*

En hvernig er hægt að framleiða 366 þúsund lítra í fjósi sem hannað er fyrir 200 þúsund lítra framleiðslu? Galdurinn á bakvið það er að hluta sá að nytin í kúnum hefur aukist miklu meira en þau gerðu ráð fyrir eftir að þau tóku nýja fjósið og mjaltaþjóninn í notkun í nóvember 2014. Í nýjum skýrsluhaldsgögnum sést að Anne og Grétar hafa aukið afurðir eftir hverja árskú um 1.400 kg á aðeins tveimur árum. Það er mikil aukning og aðdáunarverður árangur. Í nýju ársuppgjöri nautgriparæktarinnar sést að Smjördalir eru í 24. sæti yfir landið með mestar afurðir á árskú.

### *Vandvirkni og góður aðbúnaður*

Grétar segir bygginguna fullnýtta í dag og aukna nyt megi þakka betri aðbúnaði. „Við erum ekki með neinn fóðurblandara eða færibönd eins og eru í tísku núna en gefum vissulega þónokkuð af kjarnfóðri. Aðbúnaðurinn spilar stærstan þátt í þessu. Það er allt annað að sjá skepnurnar svona í lausagöngu en að vera bundnar á bás. Maður er að sjá ótrúlegar dagstölur í mjöltunum. Nýbærur sem eru mjólkaðar allt upp í fjórum sinnum á sólarhring skila mjög mikilli mjólk. Það er í raun allt betra eftir þessar breytingar. Maður sér það eftir á að það þyrfti að banna gömlu básafjósin sem allra fyrst miðað við hvað velferðin er miklu meiri. Það er kannski 10 stiga frost úti og skafrenningur og kýrnar eru bara í rólegheitum á röltinu inni að éta, drekka og leggja sig á eftir,“ segir Grétar.

### *Kýrnar fljótar að aðlagast*

Anne segir að þau hafi pælt í ýmsum smáatriðum sem skipti miklu máli. T.d. hafi þau valið básadýnur sem voru ögn dýrari en aðrar og innréttingar sem gerðu gripunum auðveldara að standa upp og bakka út úr legubásunum. „Það kom manni á óvart hvað kýrnar voru fljótar að venja sig við nýja fjósið. Þær gengu inn og áttu fjósið frá fyrsta degi. Gamlar kýr sem höfðu staðið í básafjósinu í mörg ár gengu inn í róbotinn eins og ekkert væri sjálfsagðara,“ sagði Anne og bætir við að þessar sömu kýr hafi farið að mjólka meira og frumutala lækkað.



**Brynningarkarið í fjósinu er stórt og á góðum stað í byggingunni.**






**Kýrnar liggja á mjúkum dýnum og legubásarnir eru rúmir.**



**Það fer vel um kýrnar í nýja fjósinu. „Það er allt annað að sjá skepnurnar svona í lausagöngu en að vera bundnar á bás,“ segir Grétar bóndi.**



**Fóðurgangurinn er hefðbundinn og rúllum er ekið inn í enda fjóssins.**



**Í hliðargluggunum er vindnet eins og víða tíðkast í nágrannalöndunum. Að sögn Anne og Grétars hefur netið reynst frábærlega og það hefur þolað vindálag og vetrarhörkur til þessa. Hlerar eru látnir upp þegar þarf.**

### *Mjaltaþjónninn stórkostleg breyting*

Þau segja að heilt yfir sé reynslan af mjaltaþjóninum góð. „Þetta er stórkostleg breyting. Við myndum aldrei fara í neitt annað í dag,“ segir Anne. Grétar segir að í upphaflega planinu hafi verið gert ráð fyrir því að byggja hefðbundinn mjaltabás. „Við ætluðum ekki að fá róbotinn vegna þess að við töldum að hann þyrfti svo mikla yfirlegu. En við vildum svo losna við þetta líkamlega álag sem fylgdi mjaltabásnum og hann kallaði líka að stærra fjós,“ segir Anne. En það var líka annað sem gerði útslagið segir Grétar. „Við Flóamenn förum í bændaferð í uppsveitirnar og heimsóttum meðal annarra Reykjahlíð á Skeiðum. Sveinn bóndi fór að ræða við okkur um mjaltabása og róbota og það var hans sannfæring að róbotinn færi betur með kýrnar en hefðbundnar mjaltir og þær entust lengur. Heimsóknin var eftirminnileg og við ákváðum fljótlega í kjölfarið að velja róbotinn.“ Anne segir að í dag séu þau ekta róbotabændur. „Mér finnst svo gaman að grúska í tölvunni og öllum gögnunum sem við fáum. Það er mikið af upplýsingum að vinna úr og það er áhugavert. Starfið úti í fjósi verður meira einstaklingsmiðað og maður er í miklum tengslum við hvern grip sem gerir vinnuna skemmtilegri.“

### *Vinnulagið er allt öðruvísi*

Fóðrunin í fjósinu er eins einföld og hægt er segir Grétar. „Við keyrum rúllur inn á fóðurgang og kjarnfóðrið er í sérstökum kjarnfóðurbás.“ Að sögn þeirra beggja hefur tæknibúnaðurinn í fjósinu í þessi tvö ár staðið sig vel. Mjaltaþjónninn hefur ekki stoppað og mykjuþjarkur sér um að hreinsa gólfbitana. „Kýrnar voru fljótar að venja sig við nýja fjósið en í raun vorum við lengur að temja okkur ný vinnubrögð. Í gamla fjósinu fór maður út á morgnana, sópaði frá og gaf hey og mjólkaði og þreif. Það var rútína en þegar maður fer út í fjós í dag veit maður ekki hvort maður verður einn, tvo eða fleiri klukkutíma. Allur þessi mokstur á heyi og moði hvarf bara. Nú er heyið gefið með vélum og miklu minna líkamlegt erfiði. Búverkin eru allt öðruvísi og léttari,“ segir Grétar.

### *Nákvæm kostnaðaráætlun*

Aðspurð um ráð sem þau myndu gefa fólki sem hyggur á fjósbyggingar í dag bendir Grétar á Anne, hún sé fagmaðurinn. „Það sem hentaði okkur var að gera nákvæmar áætlanir og ana ekki að neinu. Við vorum svolítið kvíðin í upphafi en við vorum hvött duglega áfram af ráðunautunum okkar. Við tókum líka góðan tíma í verkið. Við fylltum inn í áætlunina jafnóðum og kostnaðurinn féll til og út frá þeim upplýsingum gátum við tekið ákvarðanir um næstu skref,“ segir Anne. Þau sögðust líka hafa heyrt margar sögur um það sem gat farið úrskeiðis við fjósbyggingar og viðurkenna að þau hafi verið stressuð þegar grafan kom og tók grunninn. En svo fór allt mjög vel og byggingartíminn var skemmtilegur að þeirra sögn. „Ég var með iðnaðarmennina í hádegismat í heilt ár og hlakkaði alltaf til að hitta karlana,“ segir Grétar.

### *Kostnaðurinn 80 milljónir króna*

Aðspurð um kostnaðinn við nýbygginguna og það hvort að áætlanir hafi staðist þá segir Anne að þær hafi staðist upp á krónu, svo að segja. „Við áttum fimmtíu þúsund eftir þegar allt var búið! Heildarkostnaðurinn var 80 milljónir með öllu, byggingu, innréttingum, tækjum og allri vinnu. Gengið var mjög hátt á þeim tíma og launin hafa breyst þannig að það er e.t.v. erfitt að bera þetta saman við daginn í dag.“ Hún segir að ef þau hefðu ekki verið með nákvæma kostnaðaráætlun hefði verkið sjálfsagt kostað meira því þá séu ákvarðanir teknar með öðrum hætti. Anne segir að fjósið sé trúlega með minnstu mjaltaþjónafjósum sem hafi verið byggð. „Það er innan við 500 fermetrar að stærð og með alls 58 bása.“

### *Greiðsla fyrir umframmjólk létti róðurinn*

Grétar segir að sú ákvörðun Auðhumlu að greiða fullt verð fyrir umframmjólk á sínum tíma hafi létt þeim róðurinn mikið og gert þeim kleift að halda ótrauð áfram. „Við gerðum ráð fyrir því að fyrstu tvö árin eftir framkvæmdirnar ættum við vart til hnífs og skeiðar vegna afborgana af lánum. En það blessaðist allt og í raun fór þetta betur en við áttum von á. Ytri aðstæður voru okkur hagstæðar og nú erum við komin yfir erfiðasta hjallann.“

### *Vilja bæta umhverfið og leggja áherslu á gæði og velferð*

Aðspurð um framtíðaráætlanir þá ætla þau að halda ótrauð áfram. „Við vonum að nýr landbúnaðarráðherra slátri ekki landbúnaðinum,“ segir Grétar í léttum tón. Anne segist ekkert fá hroll yfir breyttri stöðu í pólitíkinni. „Þetta var smá áfall fyrst en svo er maður fljótur að ná sér!“ Grétar segir að hann þurfi ef til vill að fara að munda plóginn og fara í jarðræktina. Anne segir að það séu nóg verkefni. „Okkur finnst mikið atriði að hafa fallegt og gott umhverfi og ætlum að bæta það í kringum fjósið. Við erum nýbúin að breyta gamla fjósinu í aðstöðu fyrir kvígur og geldneyti. Það sem er fram undan er að vinna með gæðin á mjólkinni og ná betri árangri með það sem við höfum. Okkar áhugi liggur þar. Við stóðumst úttekt um Fyrirmyndarbú í haust og árið 2015 fengum við viðurkenningu fyrir úrvalsmjólk. Þetta er árangur sem við viljum halda,“ segir Anne. „Við ætlum ekki að byggja annað fjós eða stækka þetta. Við viljum vanda okkur og gera hlutina vel. Allt sem byggir undir gæðin styrkir okkar framleiðslu og ímynd kúabænda. Velferðarmálin skipta gríðarlega miklu máli. Þau eru númer eitt, tvö og þrjú. Okkur þykir líka svo vænt um þetta litla fjós okkar. Við ætlum okkur að halda þessu svona og laga frekar það sem hægt er að laga og vinna með það,“ segir Anne.

*En skyldu bændurnir í Smjördölum nokkurn tímann fá frí?* „Við erum mjög heppin með það. Það er fjölskylda sem leysir okkur af einu sinni á ári í kringum páskana. Þetta eru hjón sem hafa mikinn áhuga á búskap en hann var hér í sveit á árum áður. Við förum yfirleitt til Basel í Sviss á heimaslóðir Anne og erum fullkomlega róleg þegar við erum í burtu,“ segir Grétar að lokum.

/TB

# Vilko á Blönduósi flutt yfir í gamla mjólkursamlagið

## – Nýtt og stærra húsnæði eykur möguleika á öflugri starfsemi

**„Það er mikil ánægja með flutninginn, nú höfum við komið okkur fyrir í góðu húsnæði sem hentar okkar starfsemi prýðilega og þá heyrum við líka að margir hér eru ánægðir með að þetta húsnæði er loksins komið í gagnið á ný,“ segir Kári Kárason, framkvæmdastjóri Vilko á Blönduósi. Starfsemi fyrirtækisins var um nýliðin áramót flutt í gamla mjólkursamlagshúsið í bænum, en það hefur staðið autt um árabil, eða frá því starfsemi samlagsins var lögð niður um áramóti 2008 til 2009.**

### *Mun meira pláss*

Húsnæði samlagsins var notað sem geymsla fyrir ónýttan búnað að sögn Kára, þannig að heldur hefur lifnað yfir eftir að Vilko flutti þangað starfsemi sína. „Íbúar hér um slóðir eru kátir yfir því að líf hefur á ný færst í húsið.“ Vilko flutti úr 650 fermetra húsnæði og yfir í 1.500 fermetra. „Þetta er ansi mikil stækkun, við höfum nú ríflega helmingi meira pláss en áður og það eru viðbrigði. Helstu kostir nýja húsnæðisins eru þeir hversu auðvelt er að skilja starfsemi á milli okkar deilda að.“

Kári segir að umfangsmiklar endurbætur hafi verið gerðar á húsnæðinu og var hafist handa við þær í júlí í fyrrasumar. „Við höfum unnið að lagfæringum og endurbótum síðan, þeim lauk skömmu fyrir áramót og þá byrjuðum við að flytja okkur yfir. Við erum alveg himinlifandi yfir flutningunum, þetta húsnæði er umtalsvert stærra en það sem við höfðum til umráða áður, það er rýmra um okkur hér þannig að við horfum nú til þess að bæta heldur í,“ segir Kári.

### *Góður gangur í rekstrinum*

Rekstur fyrirtækisins hefur gengið vel undanfarin ár, „það hefur verið góður gangur hjá okkur, mikill vöxtur og útlitið fram undan er bjart,“ segir Kári. „Við sjáum fjölmörg tækifæri til framtíðar litið, m.a. í framleiðslu á blautvörum og eins erum við með augun opin fyrir nýjungum af ýmsu tagi því við höfum svigrúm til að bæta við okkur verkefnum. Í þeim efnum erum við m.a. að skoða möguleika varðandi vöruþróun, þar eru mörg tækifæri fyrir hendi. Við munum byggja á því vöruúrvali sem þegar er fyrir hendi en með aukinni þróun á okkar vörum sjáum við fram á að geta aukið okkur. Þetta eru skemmtilegir og spennandi tímar,“ segir hann.

### *Starfsemin flutt frá Kópavogi til Blönduóss árið 1986*

Fyrirtækið Vilko stendur á gömlum grunni, var stofnað í Kópavogi árið 1969. Kaupfélag Húnvetninga keypti félagið árið 1986 og flutti starfsemina norður á Blönduós. Aldamótaárið 2000 var fyrirtækinu breytt í hlutafélag og er það í eigu Ámundakinnar ehf., Ó Johnson & Kaaber, sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu auk nokkurra starfsmanna og einstaklinga.

Stórbruni varð í fyrirtækinu árið 2004, en þá brann húsnæði fyrirtækisins til kaldra kola, en tveimur árum síðar var flutt í nýtt húsnæði og við það var svo byggt árið 2008, en þá hafði starfsemin aukist og búið að renna fleiri stoðum undir reksturinn með kaupum á félaginu Tindafelli sem átti og rak pökkunarverksmiðju fyrir vörumerki sitt, Prima. Viðbótarhúsnæði var nýtt undir starfsemi Prima krydda, en Vilko ehf. á og rekur starfsemi í kringum tvö vörumerki, Vilko og Prima.

### *Kryddbærinn Blönduós*

„Prima-kryddin eru þau mest seldu hér á landi og hefur þeim verið virkilega vel tekið meðal landsmanna. Salan í fyrra nam um 383 þúsund glösum og við erum ánægðir með þessar góður viðtökur. Reyndar hefur aðeins borið á því að menn halda að Prima sé erlent vörumerki og framleiðslan fari fram í útlöndum. Svo er aldeilis ekki, við framleiðum allt okkar krydd á Blönduósi og sífellt hefur um árin verið að bætast við úrvalið,“ segir Kári.



Kári Kárason, framkvæmdastjóri Vilko á Blönduósi, segir að nýtt, betra og stærra húsnæði hvetji til þess að auka starfsemina, fjölga starfsfólki og skapa meiri vinnu í sveitarfélaginu. Myndir Gunnar Tryggvin Halldórsson



Vilko á Blönduósi hefur flutt starfsemi sína í gamla mjólkursamlagshúsið, en það hefur staðið autt í tæpan áratug.

### *Vöxtur í sölu á Vilko-vörum*

Vilko-vörulínan er hins vegar vel þekkt meðal landsmanna enda styttist í að hálf öld verði liðin frá því þær komu fyrst á markað. „Vöxturinn í vörum okkar undir Vilko-merkinu hefur verið jafn og stöðugur undanfarin þrjú ár, salan hvert ár hefur toppað það sem á undan fór, hvert sölumetið á fætur öðru verið sett. Við slíkar aðstæður er ekki annað hægt en að vera ánægður,“ segir Kári. Undir vörumerki Vilko má finna m.a. súpur af ýmsu tagi, vöfflur og pönnukökur, pitsubotna og fleira. Flestar Vilkovörur eiga það sammerkt að einungis þarf að blanda vatni saman við hráefnið og hræra það út áður en varan er matreidd.

### *Eftirspurn eftir þjónustu hylkjadeildar*

Þriðja stoðin í rekstri Vilko er svo hylkjadeildin sem svo er nefnd, en Kári segir það verkefni hafa byrjað sem aukaverkefni sem vaxið hafi fiskur um hrygg og sé nú ekki síður mikilvæg undirstaða í rekstri fyrirtækisins en Vilko og Prima. „Við höfum fjárfest töluvert undanfarin ár m.a. í tækjum og búnaði til að hægt sé að bjóða upp á þessa framleiðslu hér hjá okkur,“ segir Kári, en fyrirtækið sér m.a. um að framleiða fyrir fyrirtækin Prótís og Iceherbs. „Það hafa einnig komið til okkar nokkrir aðilar og fengið að prufukeyra sín efni í hylkjadeild okkar. Á þessu sviði eru fyrir hendi möguleikar og við sjáum að eftirspurn eftir okkar þjónustu á þessu sviði er vaxandi.“

Kári segir að nú líti menn björtum augum til framtíðar, nýtt, betra og stærra húsnæði hvetji til þess að auka starfsemina, fjölga starfsfólki og skapa meiri vinnu í sveitarfélaginu. „Það er mikil eftirspurn eftir þeim vörum sem við bjóðum og eins eftir þeirri starfsemi sem við bjóðum í hylkjadeildinni,“ segir hann. Starfsmenn eru nú 8 talsins en Kári segir ljóst að þeim muni fjölga á árinu. „Markmiðið er að hér verði starfræktur 10 manna vinnustaður síðar á þessu ári.“

/MÞÞ



**Vöxtur í vörum undir Vilko-merkinu hefur verið jafn og stöðugur undanfarin þrjú ár, salan hvert ár hefur toppað það sem á undan fór, hvert sölumetið á fætur öðru verið sett en í vörulínunni má finna m.a. súpur af ýmsu tagi, vöfflur og pönnukökur, pitsubotna og fleira.**



kemi
www.kemi.is



**Sápa og sýra fyrir öll mjaltakerfi**

Erum með breiða línu af sápum og sýrum frá Novadan á öll mjaltarkerfi og mjaltarþjóna, t.d. Lely og DeLaval.



**Spenadýfur**

Erum með spenadýfur frá Novadan sem eru tilbúnar til notkunar og einnig þykkni til að blanda. Spenadýfurnar innihalda bæði mýkingarefni og joð. Henta einnig á mjaltaþjóna.




**Nova X-Dry**

Nova X-Dry er hreinsiduft / undirburður til notkunar í gripahúsum.Nova X-Dry er með gríðarlega mikla rakadrægni eða allt að 200% af nettóþygd. Nova X-Dry dregur einnig úr fjölgun baktería og gerla.



**Haugmelta**

Haugmelta XLG er háþróað náttúrulegt (lífrænt) niðurbrotsefni í haughús. Fjölmargir stofnar af virkri gerlaflóru byrja þegar í stað niðurbrot á lífrænum úrgangi. Haugmelta breytir ammóníaki í protein, sem mun þjóna sem langtíma áburður.

**Pantanasími 415 400**
**kemi@kemi.is**

**Smáauglýsingasíminn er:**

**563 0300**

**Næsta blað kemur út 9. febrúar**

**Bændablaðið**






# Sláturfélag Suðurlands fagnar 110 ára afmæli


Haustið 1920 setti SS á laggirnar niðursuðuverksmiðju og rak í marga áratugi.

**Sláturfélag Suðurlands var stofnað 1907 og fagnar 110 ára afmæli um þessar mundir. Við stofnun félagsins var sauðfjárrækt ríkjandi í landbúnaði en gæðamálum var áfátt og alvarleg áföll höfðu orðið í útflutningi á lambakjöti. 110 árum síðar er SS í fararbroddi á sviði matvælaframleiðslu og umsvifamikið í innflutningi á matvælum og vörum tengdum matvælaframleiðslu á landinu.**

Slagorð Sláturfélags Suðurlands hafa alltaf verið grípandi og hver man ekki eftir „Gæðafæða bragðast best“ og í seinni tíð „Fremstir fyrir bragðið“.

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segir að SS hafi frá upphafi verið samvinnufélag í eigu bænda og í dag séu virkir eigendur félagsins um 900.

„Það er merkilegt að hugsa til þess að fyrir stofnun SS hafi bændur víða að rekið fé til Reykjavíkur og freistast til að selja kaupmönnum. Fé sem ekki seldist þann daginn var rekið út fyrir bæinn á kvöldin til beitar og aftur í bæinn á morgnana í von um að það seldist. Seldist sláturféð alls ekki, sem dæmi voru um, var það rekið aftur heim síðla hausts.

Söltun var algengasta geymsluaðferðin á þeim tíma og töluvert af söltuðu lambakjöti selt úr landi. Gallinn var sá að ímynd kjötsins erlendis var mjög slæm. Fénu var oftast slátrað á blóðvelli og kjötið saltað utandyra af mönnum sem lítið kunnu til verka. „Er til útlanda kom var ástand kjötsins einatt þannig að aðeins fátæklingar lögðu það sér til munns og það jafnvel ekki talið mannafæða,“ eins og segir í 25 ára sögu Sláturfélags Suðurlands.

Við þessar aðstæður komu bændur saman við Þjórsárbrú 28. janúar 1907 og stofnuðu Sláturfélag Suðurlands. Stofnfélagar voru 565 og stofnfé samtal 11 þúsund krónur. Fyrsti forstjóri Sláturfélags Suðurlands var Hannes Thorarensen.

Fyrsti yfirslátrari félagsins var Tómas Tómasson og þótti hann hinn mesti röskleikamaður við öll störf.

### *Samvinnufélög bænda*

Steinþór segir að á Norðurlöndunum séu samvinnufélög bænda, eins og Sláturfélag Suðurlands, ráðandi í kjötvinnslu og sölu í dag.

„Má þar nefna Danish Crown og DLG sem bæði eru samvinnufélög bænda og mjög stór, annars vegar á kjötmarkaði og hins vegar á fóðurmarkaði.

Á Íslandi voru á þessum tíma yfirleitt ekki stofnuð samvinnufélög bænda heldur opin samvinnufélög eins og kaupfélögin þar sem allir gátu verið félagsmenn. Undantekning á þessu var á Suðurlandi þar sem til urðu tvö öflug samvinnufélög bænda, SS, sem var samvinnufélag kjötframleiðenda og Mjólkurbú Flóamanna, sem var samvinnufélag mjólkurframleiðenda.“

### *Hröð uppbygging*

Gríðarlegur kraftur var í uppbyggingu félagsins allt frá upphafi. Sett voru á fót sláturhús og verslanir undir merkjum SS og félagið náði fljótlega sterkri stöðu á markaði.

Strax fyrsta árið voru byggðar höfuðstöðvar og sláturhús við Skúlagötu í Reykjavík, sem á þeirra tíma mælikvarða var stórhýsi, og slátrun þar hófst haustið 1907. Í kjölfarið fylgdi kjötvinnsla og frystihús. Fyrsta matvöruverslun SS var opnuð 1908 og var til húsa í Hafnarstræti í Reykjavík og á þeim tíma var þegar búið að kaupa fyrstu pylsugerðarvélarnar.

Steinþór segir að SS hafi rekið sláturhús allt frá frá Kirkjubæjarklaustri að Borgarnesi í samkeppni við marga minni aðila sem hafi smám saman helst úr lestinni. Auk þess rak félagið sútunarverksmiðju og prjónastofu.

Ísskápar voru óþekktir á heimilum landsmanna á fyrstu áratugum tuttugustu aldar og frystigeymslur fáar. Haustið 1920 setti SS á laggirnar niðursuðuverksmiðju og rak hana í marga áratugi. Fyrstu tvö árin var eingöngu soðið niður beinlaust kindakjöt og kæfa en síðar bættust við fiskbollur og lax og seinna fleiri matvæli.

SS geymdi smjör og sá um útflutning þess á síðustu árum smjörbúanna auk þess sem félagið seldi mjólkurafurðir frá Mjólkurbúi Flóamanna og Deildársmjörbúinu í verslunum sínum.


Urszula Balejko og Karolina Rynkowska við pökkun á skólamat.



Kjötskurður á Hvolsvelli, Maraiusz Lis og Roman Zimnoch, fyrir aftan Rafa Rudak og Adam Wyciszkiewicz.



Fyrsta vörumerki Sláturfélags Suðurlands.


Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands.

### *Breytingar á markaði*

„Með þróun markaðarins og milli 1950 og 1960 urðu aðrir aðilar öflugir í smásöluverslun. Má þar nefna Silla og Valda, Víðir og Hagkaup. SS var því farið að keppa við kúnnana sína með því að reka sjálft matvöruverslanir.

Sláturfélag Suðurlands lenti þar í erfiðri stöðu og var of seint að bregðast við henni. Það leiddi til þess að félagið komst í talsverðar ógöngur og stóð tæpt árið 1988.

Í kjölfar þess endurskilgreindi félagið sig og markaði sér nýja stefnu sem fólst í því að einbeita sér að framleiðslu og verslun á heildsölustigi. Í framhaldi af því var annarri starfsemi hætt í áföngum.

Frá þeim tíma hefur mikil áhersla verið lögð á hagræðingu og í því sambandi má nefna að frá árinu 1985 hefur sauðfjársláturhúsum verið fækkað úr sjö í eitt. Á sama tíma hefur frystihúsum félagsins verið fækkað úr sex í tvö.

Eftir nokkur erfið ár tók hagur félagsins að vænkast á ný og í dag stendur SS traustum fótum og er leiðandi á sínu sviði.

Félagið hefur þróað starfsemi sína inn á nýjar brautir. Í dag er SS umfangsmikið í innflutningi á matvælum og búrekstrarvörum. Það á að fullu Reykjagarð, sem er stærsta kjúklingafyrirtæki á landinu, og Hollt og gott sem er stærsta fyrirtæki landsins á sviði unnins grænmetis,“ segir Steinþór.

### *Umfangsmikill innflutningur*

Starfsemi Sláturfélags Suðurlands er umfangsmikil þegar kemur að innflutningi á matvöru og vörum tengdum búrekstri.

„Stærstu umboðin sem við erum með tengd búrekstri eru Yara, sem er mjög stór áburðarframleiðandi og DLG, sem er stærsta fóðurfyrirtækið á Norðurlöndum, auk þess sem við flytjum líka inn rúlluplast og sáðvörur og erum að skoða fleiri vöruflokka.




Útkeyrsla á SS-vörum á glæsilegum Chevrolet.



Unnið við kjötskurð um 1950, Geir M. Jónsson heitinn, verksmiðjustjóri, fremst á myndinni.

Sláturfélagið er einnig með umboð fyrir McCormick, sem er stærsta kryddfyrirtæki í heimi, Barilla, sem er stærsta pastafyrirtæki í heimi og Mars, sem er eitt stærsta matvælafyrirtæki í heimi og framleiðir meðal annars Mars og Snickers súkkulaði, M&M og Uncle Bens-hrísgrjón og sósur og dýramat svo dæmi séu nefnd.“

Steinþór segir að SS reyni að stýra innflutningnum þannig að hann sé ekki í samkeppni við þær vörur sem þeir framleiða á innanlandsmarkaði. „Auðvitað getur alltaf átt sér stað skörun en við reynum að velja vörur sem eru ekki í andstöðu við okkar eigin framleiðslu.“

### *Vöruþróun á lambakjöti*

Því er stundum haldið fram að takmörkuð vöruþróun standi í vegi fyrir aukinni sölu á lambakjöti. Steinþór segir þetta ekki alls kostar rétt. „Hjá SS hafa verið þróaðir margs konar tilbúnir og auðmatreiddir réttir úr lambakjöti. Vandamálið er að koma þeim inn í yfirfullar verslanir. Þegar við komum með nýjar vörur, sem við viljum koma inn, erum við spurðir hvað við ætlum að taka út í staðinn.

Í dag er tilbúinn eldaður kjúklingur gríðarlega vinsæll og til þessa hefur okkur einfaldlega ekki tekist að búa til eitthvað hliðstætt úr lambi. Víðast er samt sem áður boðið upp á margskonar útfærslur á lambakjöti sem búið er að skera til og krydda.

Megnið af kjúklingi, svína- og nautakjöti er selt sem ferskt af nýslátruðu og lítur því betur út en lambakjöt sem er búið að þíða upp af því að gripunum sem er nánast öllum slátrað á haustin og afurðirnar geymdar eru frosnar stóran hluta ársins.

Fyrir vorið ætlum við að setja á markað nýja vöru úr lambakjöti sem er foreldað lambalæri í sneiðum og í brúnni sósu fyrir tvo sem tekur tuttugu mínútur að elda. Það sem meira er, þessi réttur verður á svipuðu verði og tilbúinn kjúklingur.“

### *Margs konar áskoranir fram undan*

Steinþór segir að SS og landbúnaður í heild standi frami fyrir margs konar áskorunum í framtíðinni.

„Innflutningur á matvælum mun aukast í náinni framtíð og við verðum að mæta honum með enn meiri hagræðingu en þegar hefur átt sér stað.

Við munum að sjálfsögðu endurmeta aðstæður með tilliti til þess að það er búið að gera tollasamning við Evrópusambandið. Í kjölfar þess mun innflutningur á matvælum aukast verulega í náinni framtíð og við tapa hluta markaðarins vegna þess. Áhrifin verða mest í upphafi en ég reikna með að áhrifin minnki er frá líður og innlendur markaður stækkar svo fremi sem stjórnvöld geri ekki einhverjar meiri breytingar.

Alvarlegasta ógnin við kjötmarkaðinn í dag, að mínu mati, er ef það verður leyft að flytja inn ferskt kjöt. Það mun stórauka innflutning og einnig hættuna á að hingað berist dýrasjúkdómar.

Framtíðin býður einnig upp á margs konar tækifæri sem meðal annars er að finna á erlendum mörkuðum þar sem neytendur eru tilbúnir að borga hátt verð fyrir gæði og sérvörur. Sláturfélagið er að selja inn á nokkra slíka markaði, meðal annars í Bandaríkjunum og Japan, en magnið þarf að aukast verulega til að þetta telji að ráði í heildina.“



Söltun og reyking 1930–1940.

### *Ímyndarmál landbúnaðarins*

„Í mínum huga er deginum ljósara að landbúnaðar og íslensk landbúnaðarframleiðsla hefur farið hallloka í ímyndarumræðunni undanfarin ár. Þeim, sem hafa hag af því að flytja inn matvöru, hefur tekist að hafa sterk áhrif á almenningsálitið og snúa því gegn íslenskum landbúnaði og matvælaframleiðslu.

Vegna þessa er mjög mikilvægt að hagsmunaaðilar í landbúnaði vinni saman við að bæta ímynd greinarinnar. Síðastliðið sumar tókst að ná miklum fjölda fyrirtæja og samtaka saman í slíkt átak sem kallaðist Sumarilmur.

Landbúnaður snýst ekki bara um framleiðslu á kjöti og mjólk. Hann er einnig grunnurinn að búsetu og þeirri þjónustu sem er að finna um allt land. Án landbúnaðar hefði ekki verið hægt að taka á móti öllum þeim erlendu ferðamönnum sem eru að heimsækja landið. Hvað þá veita þeim þjónustu nema af því að það er landbúnaður og byggð í sveitum landsins. Vöxtur ferðaþjónustunnar byggir því að hluta til á landbúnaði og virðisauki sem því fylgir réttlætir fyllilega að stutt sé við innlendan landbúnað.

Annað sem skiptir máli og mun skipta mun meira máli í framtíðinni eru umhverfismál og hið svokallaða kolefnisspor. Þriðja atriðið sem ég vil nefna er að ef horft er lengra fram á veginn þá er greinilegt að landbúnaður víða erlendis stefnir í miklar ógöngur vegna vatnsskorts.

Aðstæður á Íslandi til matvælaframleiðslu eru mjög jákvæðar fyrir framleiðslu á gæða matvælum og mikið glapræði að kasta því fyrir róða vegna hugsanlegs skammtímaávinnings,“ segir Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands.

/VH



Pylsugerð SS í kringum 1940.






Það er galdur í græna litnum í trjásafninu í Árósum. Mynd / Vilmundur Hansen

# Tveir garðar í Árósum

**Garðaheimsóknir eru mér þráhyggja og eitt það fyrsta sem ég skipulegg þegar ég fer utan. Við val á görðum reyni ég að velja gamla garða með sögu og skiptir ekki máli hvort um sé að ræða grasagarð, trjásafn eða hallargarð hefðarfólks.**

Síðastliðið sumar heimsótti ég ásamt fylgdarkonu minni, Guðrúnu Helgu Tómasdóttur, Aarhus á Jótlandi. Árósar er önnur fjölmennasta borg Danmerkur. Höfnin þar er stærsta gámahöfn í Skandinavíu og einn af 100 stærstu gámahöfnum í heimi.

Meðan á dvöl okkar stóð heimsóttum við meðal annars grasagarðinn og einnig annan garð, sem kallast Forstbotanisk have, í fylgd gestgjafa okkar, Guðjóns Guðmundssonar tónlistarmanns, trjásafn og ekki síður og að ýmsu leyti áhugaverðari en grasagarðurinn.

### *Forn víkingabær*

Árhús byggðist upp í kringum gamla víkingabyggð og elsti fornleifafundur sem fundist hefur þar er frá lokum sjöundu aldar. Fornleifarannsóknir hafa leitt til fundar á hálfniðurgröfnum húsum sem hafa bæði verið notuð sem heimili og smiðja. Í jarðlögunum við húsin hafa meðal annars fundist greiða, skartgripir og munir sem benda til búsetu á svæðinu á níundu öld.

Á víkingatímanum var byggðin í Árósum umlukin varnargarði sem myndaði hálfhring utan um hana. Uppgröftur bendir til að varnargarðurinn var byggður í miklum flýti um 934. Leiddar hafa verið að því líkur að garðurinn hafi verið reistur til varnar árásar Hinriks fuglafangara á Jótlandi á byggðina.

Á seinni hluta níundu aldar var varnargarðurinn styrktur og í kringum árið 1200 var hann styrktur aftur og stækkaður verulega og var þá um tuttugu metra breiður og sex til átta metra hár.

### *Grasagarðurinn*

Grasagarðurinn í Árósum er staðsettur í norðurhluta gamla borgarhlutans, ekki langt frá þeim stað sem víkingarnir settust fyrst að.

Garðurinn var tekinn í ræktun 1875 og er 21,5 hektarar að stærð og er elsti og stærsti almenningsgarðurinn í borginni og jafnframt einn sá vinsælasti. Svæðið var upphaflega hugsað sem tilraunareitur í ávaxtarækt en þróaðist sem grasagarður og hluti af Háskólanum í Árósum og ætlaður sem plöntusafn og til grasafræðirannsókna. Í dag er hann að mestu notaður sem skemmtigarður og sem útivistarsvæði



Beyki sem varð fyrir eldingu. Mynd / GHT



Fyrsta gróðurhúsið í grasagarðinum var upphaflega reist árið 1970 en byggt við það 2011 og aftur 2014. Mynd / VH



Rúdolf (Guðjón Guðmundsson) í ástralska hluta gróðurhússins. Mynd / VH

Gróðurhúsið í garðinum var upphaflega reist árið 1970 en byggt var við það 2011 og aftur 2014. Í nýja hluta þess er kaffitería, stórt leiksvæði fyrir börn, sem ætlað er að vekja áhuga þeirra á náttúrunni og ekki síst plöntum. Í fræðslurými fyrir fullorðna stóð stóð síðastliðið sumar yfir áhugaverð sýning um nytjajurtir.

Eldra gróðurhúsinu er skipt upp eftir gróðursvæðum og er þar hægt að skoða plöntur frá Ástralíu, Suður-Ameríku, Afríku og öllum hinum heimsálfunum.

Garðinum sjálfum er einnig skipt eftir gróðri. Í einum hluta hans er danska flóran og öðrum skrautflóra danskra garða. Á sérsvæði er hægt að skoða sýnishorn af ólíkum nytjajurtum og korntegundum og þar skammt frá er fallegt safn rósa.

### *Mikið sjálfboðaliðastarf*

Undanfarna áratugi hefur rekstur garðsins verið borginni erfiður og þótt dýr. Skömmu eftir síðustu aldamót var viðhaldi á stórum hluta hans hætt og eins og gerist þegar lifandi útivistarsvæðum er ekki sinnt lagðist garðurinn í mikla órækt. Þar á meðal rósa- og trjásafnið. Fyrir vikið missti garðurinn stöðu sína sem viðurkenndur grasagarður til vísindastarfa.

Árið 2010 stofnaði hópur borgar-



Skordýrahótel.



Hluti rósasafnsins. Rósirnar eru í umsjón sjálfboðaliðasamtaka sem kalla sig Vinir grasagarðsins. Mynd / VH



Lauf musteristrés (Ginkgo biloba). Tréð er upprunnið í Kína og eina eftirlifandi tegundin af ættbálki musterisviða.



Kaktusar frá Suður-Ameríku. Mynd / VH



Papajaaldin, sem stundum er kallað sólaldin, er aldin amerískrar hitabeltisjurtar sem svipar til melónu. Mynd / VH



Risafura (Sequoiadendron giganteum) í trjásafninu. Mynd / VH

búa samtök sem kallast Vinir grasagarðsins og frá 2012 hafa meðlimir samtakanna að mestu séð um viðhald rósa- og trjásafnsins auk svæða sem geyma safn fjölæra plantna og nytjajurta. Starf sjálfboðaliðanna er ærið og íbúum Árósa til mikils sóma.

### *Trjásafnið í Marseliborgarskógi*

Garðurinn sem á dönsku kallast Forstbotanisk have er safn trjátegunda víða að úr veröldinni og hreinasta perla að heimsækja. Safnið, sem er um fimm hektarar að flatarmáli, er í suðurhluta Árósa og í norðurhluta Marseliborgarskógar, sem er kenndur við samnefnda höll Margrétar Þórhildar drottningar.

Heimsókn í garðinn er frábærlega skemmtileg og ekki síst á fallegum sólskinsdegi. Göngustígarnir eru lagðir í bugðum og handan við hverja þeirra er alltaf eitthvað nýtt á sjá. Lauf á tegund sem maður þekkir ekki og meira að segja þokkalega stórt stöðuvatn með sund- og vaðfuglum.

Meðal þess sem við gengum fram á var stórt klofið beykitré sem hafði orðið fyrir eldingu. Mér skilst að tréð verði látið vera þar sem það liggur og muni þjóna sem afdrep fyrir skordýr og minni spendýr á meðan það rotnar og breytist í næringarefni fyrir annan gróður. Fyrstu trén í safninu voru gróðursett árið 1923 og á hverju ári bætast ný við. Í dag finnast um 900 trjákenndar plöntur í garðinum, bæði stór tré og lágir runnar. Meðal tegunda í garðinum eru risafura, musteristé og fjöldi ávaxtatrjáa, hindarblóma og lyngrósa. Í garðinum og nærliggjandi skógi eru einnig dádýr, íkornar, hegrar og uglur auk fjölda annarra dýra. /VH



Guðrún Helga Tómasdóttir og Guðjón Guðmundsson ásamt dönsku mjólkurkúnni í grasagarðinum í Árósum. Mynd / VH



Vatnaliljur. Mynd / VH

LYFJA
– Lífið heil

Bakhjarlar á blóti!
25% afsláttur af bætiefnum fyrir meltinguna,
dagana 26. janúar - 18.febrúar.

25%
afsláttur

Solaray
Finndu þinn sólargeisla í næstu verslun Lyfju.




Milk thistle
Fyrir lifrina á álagstímum.
Verð: 2.639 kr.
Verð áður: 3.519 kr.

Multidophilus 12
Öflug blanda góðgerla fyrir heilbrigða meltingarstarfsemi og góðar hægðir.
Verð: 2.376 kr.
Verð áður: 3.168kr.

Super Digestaway
Getur hjálpað gegn uppþembu og þyngslum í maga.
Verð: 1.791 kr.
Verð áður: 2.388 kr.

Gallexier
Fljótandi blanda jurta sem getur hvatt meltinguna til góðra verka.
Verð: 1.796 kr.
Verð áður: 2.396 kr.




Netverslun – lyfja.is

## Bætiefni unnin úr innmat lamba og jurtum:

# Ætla sér á Bandaríkjamarkað með vörurnar

### – fjármögnunarverkefni í gangi á Karolina fund



Sigríður Ævarsdóttir, Hildur Þóra Magnúsdóttir og Rúna Kristín Sigurðardóttir.

**Pure Natura er íslenskt nýsköpunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á fæðuunnum vítamínum og bætiefnum úr lambainnmat, -kirtlum og jurtum. Unnið hefur verið að þróun bætiefnanna í rúm tvö ár og eru fjórar vörutegundir afrakstur starfsins.**

Hildur Þóra Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að fyrirtækið hafi verið stofnað í september 2015, en þá höfðu eigendur þess unnið í rúmt ár að því að kanna kosti þess að nýta innmat og kirtla í fæðubótarefni fyrir fólk.

Hildur segir að rekja megi hugmyndina að baki fyrirtækinu til þess að hún sótti námskeið sem Sigríður Ævarsdóttir kenndi og snerist um það hvað konur geta gert til að bæta heilsu sína og líðan. „Sigríður fór yfir það á námskeiðinu hversu viðkvæm hormónastarfsemi kvenna er fyrir ýmsum eiturefnum í umhverfinu og mikilvægi þess að velja rétt þegar kemur að fæðu, snyrtivörum og öðru sem kann að innihalda þessi efni.

Við Sigríður tókum höndum saman að námskeiði loknu og fengum til liðs við okkur Rúnu Kristínu Sigurðardóttur og Halldór Gunnlaugsson, en saman eigum við fjögur þetta félag. Frá upphafi hefur fyrirtækið verið rekið á styrkjum og með eigin framlagi eigenda,“ segir Hildur.




Vörurnar sem Pura Natura hefur þegar skilað af sér.

### *Risastór fjölvítamíntafla með öllu tilheyrandi*

Hildur segir að hugmyndin sé fjölþætt sem liggi að baki vöruþróuninni og felur í sér nokkrar grundvallar staðreyndir. „Sú fyrsta er sú að innmatur er einhver næringarríkasta fæða sem völ er á. Hann er eins og risastór fjölvítamíntafla með öllu tilheyrandi, á formi sem líkaminn þekkir og getur nýtt sér. Almennt er hægt að segja að innmatur innihaldi á bilinu 10–100 sinnum meira magn næringarefna en vöðvar sama dýrs.

Þrátt fyrir staðfesta kosti innmatar hefur neysla hans dregist saman og má næstum segja að hann sé að detta alveg út hjá yngri kynslóðum hins vestræna heims. Á sama tíma tengja fleiri og fleiri vísindamenn saman skort ákveðinna næringarefna – til dæmis D-vítamína – við fleiri og fleiri lífsstílssjúkdóma.

Önnur staðreynd er sú að sláturhús þurfa að eyða töluverðu fjármagni árlega í förgun á hráefni eins og innmat og kirtlum sem við viljum nota í vörurnar okkar. Í stað þess að farga þessu hráefni er hægt að vinna úr því hágæða fæðubót og búa þar með til pening í stað sóunar. Við viljum styðja við aukna sjálfbærni í dilkaslátrun. Minnka sóun, auka meðvitund neytenda og stuðla að fullnýtingu afurðanna í heimabyggð.

Þriðja staðreyndin er sú að svona starfsemi er atvinnuskapandi og það vantar jú alltaf störf út á land. Fjórða staðreyndin er, að ef framleiðsla og sala þessara afurða gengur vel þá skilar það vonandi bóndanum hærri greiðslum fyrir hvert lamb sem hann leggur inn til slátrunar. Hugmyndin er sú að ef allt gengur upp þá græði allir á þessu verkefni,“ segir Hildur.

### *Aðkeypt þjónusta rannsóknarfyrirtækja*

Að sögn Hildar starfa tveir starfsmenn hjá fyrirtækinu, auk eigenda. Hildur Þóra er starfandi framkvæmdastjóri eins og fyrr segir, Sigríður sér um vöruþróun og Rúna Kristín um sölu og markaðsmál. „Fyrirtækið hefur nýtt sér aðkeypta þjónustu rannsóknarfyrirtækja eins og Matís og ArcticMass hingað til en mikil rannsóknarvinna liggur einnig í því að fara yfir fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið af öðrum aðilum, mikið efni liggur t.a.m. fyrir um kosti þeirra jurta sem við notum í framleiðsluna. Sem betur fer eru einnig allir eigendur Pure Natura vel menntað fólk sem leggur mikinn metnað í sitt starf.“

### *Hraðþurrkað hráefni*

„Við nýtum okkur tæknina og hraðþurrkum allt okkar hráefni við lágt hitastig til að tryggja sem best gæði þess og að þau skili sér til neytandans,“ segir Hildur um vinnsluaðferðina. „Efni eins og ensím má ekki hita yfir ákveðið hitastig til að þau skemmist ekki og þurrkunin fer öll fram undir þeim mörkum. Allar jurtir eru handtíndar og þurrkaðar í starfsstöðvum okkar að Háeyri 6 á Sauðárkróki. Mölunin fer einnig fram þar sem og blöndun, en hylkjun og pökkun fer fram hjá fyrirtækinu Vilkó sem er staðsett á Blönduósi.“

### *Stefna á Bandaríkjamarkað*

„Við stefnum með þessar vörur á erlendan markað og horfum þar sérstaklega til Bandaríkjamarkaðar. Gangi það eftir og verði viðtökur góðar má búast við að töluvert þurfi af hráefni til að anna eftirspurn en það ætti ekki að vera vandamál þar sem allur sá efniviður sem þarf í framleiðsluna er nú þegar til í nægjanlegu magni til þess að anna henni.

Við erum með fjórar vörutegundir sem tilbúnar eru til framleiðslu og sölu núna þó fleiri séu nú þegar á teikniborðinu. Það má gera ráð fyrir að þessar fyrstu vörur komi á markað mjög fljótlega. Þeim sem hins vegar vilja nálgast vörurnar okkar núna er bent á verkefnið okkar á Karolina fund, en þar getur fólk tryggt sér vörur úr fyrstu framleiðslulotunni okkar.“

Að sögn Hildar er nú farið í fjármögnunarverkefni á Karolina fund til að standa straum af stökki fram á við í markaðssetningu. „Við höfum fengið vel á annan tug milljóna í styrki til þess að þróa vörurnar okkar. Auk þess lánaði Byggðastofnun félaginu fyrir uppsetningu á vinnslulínunni, en annar kostnaður eins og laun og rekstur hefur verið greiddur af eigendum. Nú eru vörurnar hins vegar tilbúnar og tími til kominn að fá fjárfesta að borðinu með okkur, svo hægt sé að leggja út í markaðssetningu á erlenda markaði.“

Söfnunin stendur yfir til 10. febrúar og er hægt að kynna sér hana betur og taka þátt á síðu verkefnisins hjá Karolina fund, https://www.karolinafund.com/project/view/1199. /smh


## Spennandi tækifæri í Árnesi Skeiða – og Gnúpverjahreppi




Skeiða- og Gnúpverjahreppur óskar eftir tilboðum í leigu á félagsheimilinu Árnesi, reksturs á tjaldsvæði við Árnes ásamt rekstri mötuneytis fyrir leikskóla og grunnskóla sveitarfélagsins samkvæmt meðfylgjandi gögnum og öðrum þeim gögnum sem vísað er til.

***Verkefnið felst í eftirtöldu:***

A. Leiga á félagsheimilinu í Árnesi og því sem fylgir eins og framleiðslueldhús og salarkynni fyrir veitingarekstur sem rúmar allt að 300 manns.
Undanskilið er rými fyrir skrifstofur sveitarfélagsins.

B. Reksturs á tjaldsvæði við félagsheimilið Árnes. Aðstaða fyrir 50-60 einingar með rafmagni.

C. Rekstur mötuneytis fyrir grunn- og leikskóla í félagsheimilinu. Fjöldi matarskammta er 90-100 meðan skólaárið stendur yfir. Leigutaki skal lúta skilmálum um efnainnihald matar og matreiðslu í skólamötuneytum. Krafa er gerð um menntun í matreiðslu.

Gestastofan og margmiðlunarsýningin Þjórsárstofa er rekin í Árnesi í samstarfi við Landsvirkjun. Um sýninguna verður gerður sérstakur samningur, því er ekki leitað að verði í umsjón með henni.

Mögulegt er að bjóða í hvern þátt fyrir sig. Leigusamningar um eignirnar verða ótímabundnir en uppsegjanlegir af hálfu beggja aðila með sex mánaða fyrirvara. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að taka eða hafna hvaða tilboði sem er.

Útboðsgögn og nánari upplýsingar veita Kristófer Tómasson sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sími 486-6100 netfang: ***kristofer@skeidgnup.is*** eða Börkur Brynjarsson verkfræðingur. Sími 898-9499 netfang: ***borkur@sudurland.is*** Tilboðum skal skila á skrifstofu sveitarfélagsins eða á ofangreind netföng eigi síðar mánudaginn 13. febrúar 2017. Tilboð verða opnuð þann dag á skrifstofu sveitarfélagsins kl 16:00. Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Í Skeiða og Gnúpverjahreppi búa tæplega 600 íbúar. Aðalatvinnuvegur er landbúnaður. Auk þess er ferðaþjónusta vaxandi og er iðnaður stundaður í nokkrum mæli. Þéttbýliskjarnar eru við Árnes og Brautarholt. Grunnskóli, Leikskóli, sundlaugar og bókasafn er í sveitarfélaginu. Ferðafólk leggur í vaxandi mæli, leið sína í gegnum sveitarfélagið, enda náttúruperlur og sögustaðir margir í sveitarfélaginu. Nefna má Þjórsárdal og Ásólfsstaðir... Leiðir á hálendi Íslands liggja um sveitarfélagið. Fjarlægð frá Reykjavík er um 100 km, frá Selfossi um 40 km og frá Flúðum 20 km.



**Primaloft úlpur**

praxis ...þegar þú vilt þægindi

Léttar og þægilegar vatteraðar úlpur í mörgum litum fyrir dömur og herra

Stærðir: S-M-L-XL-XXL-3XL

Eigum til 3ja laga gæða softshell jakka á frábæru verði



Verð frá 22.900 kr.

Pantið vörulista hjá okkur praxis@praxis.is

Friendtex á Íslandi | Praxis á Íslandi

Bonito ehf. • Friendtex • Praxis
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.friendtex.is • www.praxis.is
Opið mán. og mið. 11-17, þri. og fim. 11-15, fös. 11-14.



**Til sölu ný 5 hesta kerra**
**Verð 2.000.000 + VSK**
**Uppl. Í síma 897 9353**

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

keylite

# Vandaðir þakgluggar

Við flytjum inn breiða vörulínu af þakgluggum frá breska framleiðandanum Keylite.
Kannaðu málið á **ksimport.is**



KS IMPORT

Sími 854 4030 og 571 2620 | kai@ksimport.is | **ksimport.is**



MICKEY THOMPSON
M/T
TIRES & WHEELS



DEEGAN 38 A/T | BAJA MTZp3 | BAJA ATZp3 | DEEGAN 38 | BAJA CLAW

# JEPPADEKK

Úrval af 35" dekkjum fyrir
15, 16, 17, 18 og 20" felgur

Icetrack ehf. Sími 773 4334 · mtdekk@mtdekk.is
www.mtdekk.is

## DRIFSKÖFT ERU LÍFSHÆTTULEG!

**Öryggishlífar á drifsköftum geta bjargað mannslífum.**

Fatnaður eða hár getur auðveldlega flækst í drifskafti með hræðilegum afleiðingum. Drifskaftshlífar verða að vera í lagi og ber að líta á sem eitt af mikilvægustu öryggistækjunum í búskapnum.

*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á* **bondi.is**



Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

**ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?**

PORT hönnun

# Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



**HUSQVARNA FS 400 LV**
Sögunardýpt 16,5 sm

**HUSQVARNA K 760**
Sögunardýpt 12,5 sm

**HUSQVARNA K 3600 MK II**
Sögunardýpt 27 sm

**HUSQVARNA K 2500**
Sögunardýpt 14,5 sm

**HUSQVARNA DM 230**

**HUSQVARNA**
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

**ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN**

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

## Gamli traktorinn




# Froelich – sveitarfélag nefnt í höfuðið á hönnuðinum

**John Froelich er einn af fáum ef ekki eini hönnuður dráttarvéla í heiminum sem sveitarfélag er nefnt í höfuðið á. Froelich er fámennt sveitafélag í Iowa-ríki í Bandaríkjunum og þar smíðaði John Froelich fyrsta traktorinn sem gekk fyrir bensíni og steinolíu og var með gíra sem gerðu honum kleift að fara bæði aftur á bak og áfram.**




Í dag er atvinnuleysi mikið í Froelich og búið að loka pósthúsinu og það litla sem sveitarfélagið getur státað af er safn til minningar um uppfinningamanninn Froelich sem fæddist árið 1849 og lést 1933. Hann var elstur af níu systkinum þýskra innflytjenda.

### *Frumgerðin 16 hestöfl*

Að loknu námi einsetti John Froelich sér að hanna bensín- eða steinolíuknúna dráttarvél með gírkassa sem gerði henni að aka bæði aftur á bak og áfram. Þetta tókst honum árið 1892 með frumgerð af traktor sem var 16 hestöfl og með eins strokka mótor. Næsta skref var að gera samning við fyrirtæki sem framleiddi landbúnaðartæki og gera breytingar á traktornum þannig að hægt væri að tengja hann við þreskivélar og kornsíló.

### *Þungir og klunnalegir traktorar*

Árið 1893 stofnaði Froelich fyrirtækið Waterloo Gasoline Traction Engine Company með stuðningi fjölda fjárfesta sem höfðu mikla trú á framtíð bensín- eða steinolíuknúinna dráttarvéla enda þóttu þær ótrúleg framför í samanburði við gufuknúnar dráttarvélar.

Eins og vill verða með nýjungar voru móttökurnar á dráttarvél Froelich takmarkaðar og ekki seldust nema tuttugu slíkar frá því að framleiðsla þeirra hófst 1896 þar til því var endanlega hætt 1914. Vélarnar þóttu þungar, klunnalegar og bilanatíðnin var há.

Árið 1914 setti fyrirtæki Froelich, sem auk dráttarvéla framleiddi ýmsar gerðir jarðvinnslutækja, á markað minni traktor sem kallaðist Waterloo Boy Model R.



Viðtökurnar á Waterloo Boy voru framar vonum og fyrsta árið seldust 118 slíkir traktorar.

Fyrirtækið gekk á lagið og 1915 setti það á markað nýja týpu af Waterloo Boy sem fékk heitið Model N. Nýja týpan hafði það fram yfir Model R að vera þriggja gíra, tveir áfram og einn aftur á bak. Viðtökur í þetta sinn voru enn betri og vakti hönnunin mikla athygli. Í framhaldinu kom svo Model LA.


Why You Should Buy a
WATERLOO BOY One-Man Tractor
It is a Real One-Man Machine
It is Backed by a Rigid Guarantee that thoroughly Protects the Purchaser–and
It Sells for $800.00 Cash
Burridge Cooper Co. Limited
Winnipeg, Man. Regina, Sask.

Alls voru framleiddar 8.000 dráttarvélar af gerðinni Waterloo Boy.

### *John Deere kaupir framleiðsluréttinn*

Í framhaldi af velgengni Waterloo Boy dráttarvélanna keypti John Deere framleiðsluréttinn á þeim árið 1918 fyrir 2,3 milljónir bandaríkjadali sem var umtalsverð upphæð á þeim tíma.



John Deere er einn stærsti dráttarvélaframleiðandi í heiminum í dag. Velgengni fyrirtækisins byggir að hluta til á uppfinningu John Froelich frá Iowa, sem markaði tímamót í framleiðslu dráttarvéla.

/VH

## UTAN ÚR HEIMI

### Almannafé ausið enn og aftur í ítalska bankakerfið:

# Tuttugir milljarða evra ekki taldir duga

### – forstjóri Bundesbank í Þýskalandi gagnrýnir aðgerðirnar

**Ríkisstjórn Ítalíu samþykkti rétt fyrir jól að veita sem nemur yfir 20 milljörðum evra af almannafé til að bjarga bönkum landsins frá falli. Þetta samsvarar nærri 2.380 milljörðum íslenskra króna.**

Ákvörðunin kemur í kjölfar þess að elsti banki heims, Banca Monte dei Paschi di Siena SpA á Ítalíu, tókst ekki að skrapa saman á markaðnum 5 milljörðum evra til að halda bankanum á floti. Neyðaraðgerðir ríkisins fela í sér í raun stærstu þjóðnýtingu banka á Ítalíu síðan 1930, samkvæmt frétt Bloomberg. Þetta er í þriðja sinn sem ítalska ríkið kemur bankanum til aðstoðar frá hruninu 2008 og er ríkið í raun að kaupa upp að nýju allt sem áður hefur tapast.




Ítalska ríkið reynir nú að bjarga Monte dei Paschi di Siena-bankanum, elstu fjármálastofnun heims, frá gjaldþroti.

### *Skulda sem nemur yfir 41.500 milljörðum króna*

Ítalskir bankar hafa verið í miklum vandræðum vegna ónýtra lána sem engar tryggingar eru fyrir. Nema slík lán um 350 milljörðum evra (yfir 41.500 milljarðar ísl. kr.) og hafa grafið undan tiltrú fjárfesta á að Ítalía geti staðið undir slíkum ósköpum. Yfirtaka ríkisins á Monte dei Paschi-bankanum dugar þó ekki því fleiri bankar eru í kröggum og búist er við að ríkið yfirtaki einnig Veneto Banca SpA og Banca Popolare di Venenzia.

### *Ekki nóg að gert*

Þrátt fyrir um 20 milljarða innspýtingu ítalska ríkisins inn í bankakerfið telja ýmsir að sú upphæð dugi engan veginn. Til að laga stöðuna þurfi 52 milljarða evra innspýtingu. Þá varaði Jens Weidmann, forstjóri Bundesbank í Þýskalandi, við aðgerðum ítalskra

MONTE DEI PASCHI DI SIENA
BANCA DAL 1472

stjórnvalda sem miðast einkum við að bjarga Monte dei Paschi-bankanum. Ríkisstjórnin ætt miklu frekar að veita fé inn í banka sem eru „heilbrigðir" og láta þá verst stöddu bankana falla.

### *Samtengt bankavandamál*

Málið er mjög snúið þar sem miklar krosstengingar hafa verið í viðskiptum með léleg lán í bankakerfi Evrópu. Þannig afmarkast vandinn ekki bara við Ítalíu því hann tengist líka bönkum víðar um lönd, m.a. stærstu bönkum Þýskalands. Þar hefur Deutche Bank verið í miklum vanda og neyddist m.a. fyrir jólin til að samþykkja 12,5 milljarða dollara sekt vegna misferlis í Bandaríkjunum. Þó þetta sé mikið högg fyrir bankann þótti fjárfestum það þó mun skárra en þeir 14 milljarðar sem bankinn átti upphaflega að greiða. Því hækkuðu hlutabréf í bankanum við þessi tíðindi, eins undarlega og það kann að hljóma.

### *ESB veitti sem nemur 237 þúsund milljörðum inn í bankana*

Spurningin varðandi bankakerfi Evrópu hlýtur einnig að snúast um þolinmæði almennings gagnvart því að skattfé sé notað til að bjarga bönkum á meðan hagur almennings versnar en þeir ríku verða stöðugt ríkari. Frá efnahagshruninu 2008 til 2014 settu stjórnvöld Evrópusambandsins nærri tvær billjónir evra (2.000.000.000.000 evrur), eða sem svarar 237 þúsund milljarða íslenska króna, til að bjarga evrópskum fjármálastofnunum.

/HKr.

### Vísindamenn finna upp tækni sem gerir DVD-diskana áhugaverða á ný:

# Gæti aukið geymslugetu DVD-diska milljónfalt

**Vísindamenn frá Kasan-sambandsháskólanum (Kazan Federal University) og samstarfsmenn þeirra í Imperial-háskólanum í London hafa fundið upp stafræna sjóntækni sem gerir það mögulegt að auka geymslugetu DVD-diska miljónfalt.**

Grein um þetta var birt í tímaritinu Nanoscale og þar kemur fram að vísindamönnum hafi tekist að búa til tækni sem aukið getur geymslugetu DVD-diska upp í eitt „petabyte" (PD), eða í 1000.000.000.000.000 = 1015, eða sem svarar 1.000 terabyte.



Kannski mun tími DVD-diskanna renna upp aftur.

Þar kemur líka fram að DVD og Bluray-diskarnir hafi vegna takmarkaðrar geymslugetu horfið í skuggann á öðrum möguleikum við geymslu rafrænna gagna á hörðum diskum. Harðir diskar eru þó þeim annmörkum háðir að vera ekki sérlega öruggir geymslumiðlar og lítið þarf til að gögn glatist. DVD-diskarnir geta geymt rafrænar upplýsingar á mun varanlegri hátt.

Samkvæmt orðum vísindamannanna hefur myndast gjá á milli þessara miðla sökum eðlis þeirra. Ómögulegt hefur reynst að auka þéttleika gagna sem lesanleg eru með lasergeisla. Sergei Kharintsev hjá Kasan-háskóla og félagi hans hjá London Imperial-háskólanum hafa fundið leið út úr þessum vanda með betri stýringu á lasergeisla með notkun á því sem kallað er „nanoantenna" (sem kannski mætti útleggja á íslensku sem öreindaloftnet). Þannig megi þétta lesanlegt rafrænt upplýsingamagn sem brennt er á diska verulega. Telja þeir að með sömu tækni megi líka margfalda þéttleika rafræns efnis sem sent er út á alnetið.

Telja vísindamennirnir að hægt sé að afrita 38 sinnum meira efni með þessari tækni en mögulegt er að gera á hörðum drifum í dag. Það þýði að í framtíðinni muni verða hægt að afrita milljón sinnum meira upplýsingamagn inn á DVD-diska en hægt er að skrifa í dag.

Í grein í rússneska blaðinu PRAVDA um málið er bent á að það hafi einmitt verið vísindamenn hjá A. Rzhanov vísindastofnuninni í Síberíu, sem fæst við rannsóknir á hálfleiðara eðlisfræði, sem fundu upp á „flash-drifið". Það er byggt upp á möguleikum á að lesa upplýsingar af marglaga geymslumiðli. Talar Pravda um þessa nýju tækni vísindamannanna í Kasan og London sem hið „nýja flash drive". /HKr.

# Gólfhitakerfi

**Ekkert brot ekkert flot**



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



# RÝMINGARSALA

20% aukaafsláttur af öllum

## GARÐHÚSUM

á meðan byrgðir endast



44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

VH/16-05

50% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

**GESTAHÚS og GARÐHÚS** *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

- *Allt á að seljast*
- *Fyrstur kemur fyrstur fær*
- *Ekki missa af þessu*

*Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu okkar **volundarhus.is** og í síma 864-2400.*

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Staðgreiðslu lán · VISA Lán



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is



**Bændablaðið**

**Smáauglýsingar 56-30-300**



## Getum við orðið að liði? – Við seljum m.a.

**þvottavélar • þurrkara • strauvélar**

*Frábærar vélar fyrir m.a. þvottahús, hótel og gistiheimili*

Eigum hágæða þýskt hótellín



DANUBE

FRUM - www.frum.is

IceFAKTA ehf.

Kirkjustétt 2-6 • 113 Reykjavík • Símar 892 8925 og 567 4577
Netfang: icefakta@icefakta.is • www.icefakta.is






# Ert þú búinn að fá eintak?

KRONE verðlistanum árið 2017 hefur nú verið dreift á öll lögbýli landsins.

Í verðlistanum er að finna verð yfir helstu KRONE heyvinnuvélar og tæki ásamt þeim tilboðum sem við bjóðum ef pantað er fyrir 31. janúar n.k.

Hafir þú ekki fengið eintak sent heim biðjum við þig að hafa samband og við sendum þér KRONE verðlistann 2017 um hæl.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16, Sími 568-1500

AKUREYRI: Lónsbakka, Sími 568-1555

Vefsíða: www.thor.is



# Styrkir 2017

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán og styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Umsóknarfrestur um lán og styrki úr Fiskræktarsjóði, sem koma til greiðslu árið 2017, er til og með 28. febrúar 2017.

Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, skulu skila inn framvinduskýrslu með nýrri umsókn.

Umsóknareyðublöð vegna styrkveitinga úr Fiskræktarsjóði má nálgast á ***http://www.fiskistofa.is*** undir lax- og silungsveiði. Þar má einnig nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við Höllu Björk Garðarsdóttur, starfsmann Fiskistofu, í síma 569 7900. Umsóknum um styrki eða lán úr sjóðnum skal skila til formanns Fiskræktarsjóðs á eftirfarandi heimilisfang:

**Fiskræktarsjóður**
Bt. formanns stjórnar
Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri



Litur regnbogasilungs er breytilegur milli búsvæða og undirtegunda en algengt er að fullvaxnir fiskar séu blá- eða ólífugrænir með svörtum blettum og með rauða línu eftir líkamanum endilöngum.

# Fiskeldi – bleikja og regnbogasilungur

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



**Bleikja og regnbogasilungur eru fiskar af laxaætt og báðar tegundir eru í eldi hér á landi. Bleikja er upprunnin í sjó og vötnum á norðurslóðum en náttúruleg heimkynni regnbogasilungs eru við vesturströnd Norður-Ameríku.**

Fiskeldi á sér mörg þúsund ára sögu víða um heim, ekki síst í Asíu þar sem þorri fiskeldis heimsins fer fram í dag. Það er ört vaxandi angi matvælaframleiðslu í heiminum og margar tegundir fiska í eldi í kvíum bæði í sjó og á landi. Má þar nefna tilapíu, lax, senegalflúru, lúðu, túnfisk, sandhverfu, pangasíus, bleikju og regnbogasilung.



Bleikja í eldiskeri. Ísland er stærsti framleiðandi bleikju í heiminum.



Bleikja í eldiskeri. Ísland er stærsti framleiðandi bleikju í heiminum.

### *Helmingur alls fisks úr eldi*

Fiskeldi er sá geiri matvælaframleiðslu sem er í hvað mestum vexti í heiminum í dag. Tæplega helmingur alls fisks sem seldur er á heimsmarkaði er úr eldi og gera spár ráð fyrir að það hlutfall eigi eftir að aukast umtalsvert á næstu árum. Það má því með réttu kalla fiskeldi bláu matvælabyltinguna.

Árlegur vöxtur greinarinnar á heimsvísu árin 2001 til 2010 var 5,6%. Samkvæmt spám OECD, Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunar Evrópu, og FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, mun draga úr vexti greinarinnar á næsta áratug og er gert ráð fyrir 2,8% samdrætti á ári.

Samkvæmt áætlun FAO nam heildarfiskeldi í heiminum um 170 milljón tonnum árið 2014. Lönd í Asíu eru stórtækust þegar kemur að fiskeldi og um 90% eldisfisks á markaði kemur þaðan.



Regnbogasilungur eða regnbogaurriði er laxfiskur af sömu ættkvísl og kyrrahafslaxar og kallast á latínu *Oncorhynchus mykiss.*

Kínverjar framleiða allra þjóða mest af eldisfiski og áætlað eldi þar árið 2014 var tæplega 60 milljón tonn, Indónesía var í öðru sæti með 14,4 milljón tonn. Í þriðja og fjórða sæti voru Indland og Víetnam með tæplega fimm og 3,8 milljón tonn. Í kjölfarið fylgdu Filippseyjar, Bangladess, Suður-Kórea, Noregur, Síle og Egyptaland með eldi upp á rúmar tvær og niður í eina milljón tonn. Bandaríki Norður-Ameríku framleiða rúmlega 500 þúsund tonn á ári.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Landssambands fiskeldisstöðva var á árinu 2016 slátrað um 15.000 tonnum af eldisfiski hér á landi sem er aukning um 80% frá árinu 2015. Mest er framleitt af laxi, alls um 8.000 tonn, en bleikjan kemur þar á eftir með 4.000 tonn. Framleiðsla á regnbogasilungi hér á landi árið 2016 var um 2.500 tonn.

### *Bleikja*

Heimskautableikja, eða bleikja, eins og tegundin er oftast kölluð, er laxfiskur sem finnst í sjó og vötnum á norðurhveli og er útbreiðsla hennar nyrst allra ferskvatnsfiska. Útbreiðslusvæði bleikju er meðal annars á Íslandi, Grænlandi, Svalbarða, Skandinavíu, Lapplandi, Finnmörku og Bretlandi.

Auk þess finnst bleikja í vötnum í Alpafjöllunum eins og latneska heitið Salvelinus alpinus bendir til. Bleikja er eina tegundin af ættkvíslinni Salvelinus. Nafnið bleikja á íslensku er dregið af rauðbleikum lit kviðarins.

Þrátt fyrir að bleikjur geti orðið allt að tólf kíló að þyngd verða þær sjaldan meira en þrjú til fjögur kíló og algeng stærð er hálft til eitt kíló.

Hausinn er lítill og með lítinn munn. Hreistrið er fíngert og sporðurinn sýldur.

Aðlögunarhæfni bleikju er mikil og geta þær hrygnt bæði í straumvatni og stöðuvötnum. Að öllu jöfnu lifa seiði bleikju fyrstu árin í ferskvatni en ganga síðan í sjó á þriðja til fjórða ári og dvelja þar yfir veturinn og kallast sjóbleikja. Í sumum tilfellum elur bleikja allan

sinn aldur í ám eða stöðuvötnum og kallast þær þá staðbundnar.

Sjóbleikjur dvelja í sjó nokkrar vikur á hverju sumri en ganga í ferskvatn seinni part sumars til hrygningar á malar- eða grjótbotni. Eftir hrygningu á haustin eyðir bleikja vetrinum í vatninu þar sem hún hrygndi.

Klak á sér stað í mars til maí. Kynþroski bleikjuseiða ræðst af umhverfisaðstæðum. Í vötnum þar sem aðstæður eru óhagfelldar og lítið um fæðu geta seiði orðið kynþroska við tíu sentímetra lengd. Þar sem aðstæður eru óhagkvæmar getur kynþroski seiðanna dregist þar til þau eru 50 til 60 sentímetrar að lengd. Vaxtarhraðinn er meiri þar sem nóg er um fæði.

Bleikja, bæði staðbundin og sjóbleikja, er útbreidd um allt land og afbrigði af henni mörg. Frægust er líklega bleikjan í Þingvallavatni sem telst fjögur afbrigði. Murta sem lifir á svifi, dvergbleikja sem lifir í gjótum og sprungum í hrauninu, sílableikja sem lifir á fiski og kuðungableikja sem lifir við botn vatnsins.

### *Bleikjueldi*

Heimsframleiðsla á bleikju er um tíu þúsund tonn á ári og þar af framleiðslan á Íslandi um fjögur þúsund tonn. Ísland er stærsti framleiðandi bleikju í heiminum í dag og ráðandi á flestum útflutningsmörkuðum.

Mest er flutt út af bleikju frá Íslandi til Bandaríkjanna, um 70% framleiðslunnar, og er hún flutt út sem fersk flök, heill slægður fiskur með haus og einnig frosinn.

Aðstæður til bleikjueldis þykja góðar hér á landi þar sem hægt er að nýta jarðhita og aðgangur að hreinu vatni er nægur.

Vaxtarhraði bleikju í eldi er háður hitastigi alveg eins og við náttúrulegar aðstæður. Við 9 til 10° á Celsíus tekur um ár fyrir seiði að ná 100 grömmum að þyngd. Við góðar aðstæður má framleiða milli 50 og 70 kíló af bleikju á ári á rúmmetra eldisrýmis í kerum. Í eldi er fiskurinn alinn í trefjaplastkerum eða dúkklæddum tjörnum.

Talið er að hægt sé að tvöfalda framleiðslu á bleikju hér á landi á næstu árum og með kynbótum er álitið að hægt sé að tvöfalda vaxtahraða eldisstofnsins á næstu áratugum.

### *Regnbogasilungur*

Regnbogasilungur eða regnbogaurriði er laxfiskur af sömu ættkvísl og kyrrahafslax og kallast á latínu Oncorhynchus mykiss. Náttúrulegt útbreiðslusvæði hans er í Kyrrahafi frá Kamtjakaskaga í Rússlandi yfir til Alaska og meðfram vesturströnd Bandaríkjanna að nyrðri hluta Mexíkó.

Þolsvið regnbogasilungs á hita, 0 til 27° á Celsíus, er meira en bleikju og hann þarf ekki eins hreint og súrefnisríkt vatn til að dafna.

Algeng stærð regnbogasilungs er frá hálfu og upp í 2,3 kíló en vitað er um staðbundna fiska sem hafa verið ríflega tíu kíló að þyngd. Litur regnbogasilungs er breytilegur milli búsvæða og undirtegunda. Algengt er að fullvaxnir fiskar séu blá- eða ólífugrænir með svörtum blettum og með rauða línu eftir líkamanum endilöngum og er línan mest áberandi hjá kynþroska hængum. Hausinn er lítill og kjafturinn líka. Sporðurinn er sýldur.

Regnbogasilungur er ránfiskur og hann nánast alæta á allt sem hann veiðir.

Á nítjándu öld var regnbogasilungi dreift í ár og vötn um alla Norður-Ameríku. Hann var fluttur til Bretlands um 1880 til eldis í vötnum þar sem það þótti góð skemmtun að veiða hann á stöng. Seinna var hann fluttur til annarra Evrópulanda, til Noregs 1908 og Danmerkur um svipað leyti.

Um miðbik síðustu aldar lá svo mikið á að breiða regnbogasilung



Samkvæmt áætlun FAO nam heildarfiskeldi í heiminum um 170 milljón tonnum árið 2014. Stærstu framleiðendur regnbogasilunga í heiminum eru Síle og Noregur.



Tæplega helmingur alls fisks sem seldur er á heimsmarkaði er úr eldi.



Lönd í Asíu eru stórtækust þegar kemur að fiskeldi og um 90% eldisfisks á markaði kemur þaðan.



A moment after the drop the water turns to mist and thousands of fingerling trout plunge toward the lake

# It's Raining BABY TROUT

By Claude M. Kreider

LAST SUMMER almost 3,000,000 baby trout "rained down" over 662 blue lakes in California's lofty Sierras.

This was not a miracle of nature brought about by the storm clouds hovering over the high peaks. It was a manmade phenomenon, the result of a long experiment in modern trout culture and the planting of fish by airplane.

For many years Sierra lakes, barren of fish life, and other lakes heavily fished, were stocked with trout by the use of pack mules, each carrying two 10-gallon cans of baby fish. Many were lost in transport, others injured. The packers had to stop often along the rough trails to replenish the water in the cans and thus provide the necessary oxygen to keep the fish alive.

Often there was no trail, even for the sure-footed mules, and the men had to complete the journey carrying the cans upon their backs. Several days were often required for one journey. And the cost was prohibitive, averaging almost $20 per thousand trout.

Aerial planting today does the job for $1.25 per thousand fish, and far more can be stocked during the short Sierra summer than could be planted with pack trains.

Experimental airplane stocking was first undertaken by the California Department of Fish and Game in 1946, using a small, 165-horsepower monoplane. This was not quite suitable for the job of flying over 14,000-foot peaks, where strong down drafts and sudden air currents whipped through the granite canyons and basins.

Would trout live when dropped at the high speed necessary for safe flight? Fish were dropped in five-gallon ice-cream containers, the bottoms sealed with wax, and in tin cans with no lids. Fish were dumped directly from the plane.

The "free falling" method was found best, in which the fish were "rained down" with the water which carried them. Today trout up to four inches in length can be dropped with 100 percent survival. Those weighing six to eight to the pound show a survival of 85 percent. But larger fish up

120 POPULAR MECHANICS

Seiðum regnbogasilungs varpað úr flugvél í stöðuvatn í Kaliforníu.

út í ár og vötn í nokkrum ríkjum í Bandaríkjunum að sílum var varpað úr flugvélum sem flugu lágt yfir vötn eins og um hernaðaraðgerð væri að ræða.

Til Íslands var regnbogasilungur fyrst fluttur um 1950. Í þeim fiskum kom upp nýrnaveiki og þeim öllum slátrað fljótlega eftir komuna til landsins. Skömmu síðar voru fluttir inn fiskar af öðrum stofni.

### *Eldi á regnbogasilungi*

Regnbogasilungur er vinsæll í fiskeldi því hann vex hratt og er ódýr í framleiðslu. Heimsframleiðsla á regnbogasilungi er um 800 þúsund tonn á ári og er stundum sagt að hann sé jafn algengur í eldi og hænur í ræktun.

Stærstu framleiðendur regnbogasilungs í heiminum eru Síle og Noregur. Auk þess framleiða Bandaríkin, Japan, Ástralía, Bretlandseyjar og nokkur ríki í Afríku mikið af honum.

Í eldi verður regnbogasilungur um 25 sentímetra langur á tveimur til þremur árum og um kíló á þremur til fjórum árum. Hængar verða kynþroska eins til tveggja ára gamlir en hrygnur tveggja til þriggja ára.

Eldi á regnbogasilungi hófst að Laxalóni við Grafarholt í Reykjavík árið 1951. Miklar deilur voru um eldið og það meðal annar gagnrýnt á þeim forsendum að regnbogasilungur væri ekkert annað en sporðminkur sem mundi valda óbætanlegum skaða slyppi hann laus út í náttúruna.

Sjókvíaeldi á regnbogasilung hefur vaxið talsvert hér á landi undanfarin ár. Heildarframleiðslan á árinu 2015 var rúmlega 700 en 2.500 tonn árið 2016 og því ríflega þrefaldast milli áranna.

Líkt og með aðra laxfiska er regnbogasilungur seldur sem fersk flök, reyktur, heill slægður fiskur með haus eða frosinn.

Auk þess að vera eldisfiskur er regnbogasilungi stundum enn sleppt í vötn víða um heim til sportveiða.

Regnbogasilungur berst hingað öðru hvoru í sjó og koma þeir fiskar sennilega úr fiskeldi í Færeyjum.

Regnbogasilungur hefur nokkrum sinnum fundist í ám hér á landi og síðast 2016 á Vestfjörðum. Í frétt vegna þess, á RÚV, sagði sviðsstjóri hjá Fiskistofu að regnbogasilungur hafi ekki náð fótfestu hér og því verði áhrifin á lífríkið tímabundin. Í frétt RÚV segir að ljóst sé að fiskurinn komi úr sjókvíaeldi þrátt fyrir að Fiskistofu hafi ekki borist tilkynningar um sleppingar.

Þar segir einnig að regnbogasilungurinn muni að öllum líkindum hverfa úr ánum, annaðhvort með veiði eða af náttúrulegum orsökum. Á meðan hann er í ánum sé hann hins vegar í samkeppni um fæðu við náttúrulega fiska og geti haft áhrif á hrygningarstöðum.

Regnbogasilungur hrygnir á vorin og hrognin klekjast á haustin og því lifa seiðin ekki af veturinn á norðlægum slóðum og er regnbogasilungur því aðeins eldisfiskur í Evrópu. Er þetta ástæða þess að hann fjölgar sér ekki í náttúrunni hér á landi.

### *Bláa byltingin*

Allar spár um fiskeldi gera ráð fyrir að mikilvægi þess eigi eftir að aukast mikið í framtíðinni. Fiskur er hollur matur og vinsældir hans alltaf að aukast samhliða því að ört gengur á villta fiskistofna. Reyndar svo ört að svartsýnustu spár segja að það verði enginn fiskur lengur í sjónum til að veiða um miðja þessa öld.

Hvort sem búið verður að veiða allan fiskinn í sjónum eða ekki á mikilvægi fiskeldis eftir að aukast á næstu áratugum til að mæta próteinþörf mannkyns sem fer sífjölgandi.

## Skagafjörður:

# Heilmikill leiðangur gerður eftir kindum í Staðarafrétti

### – Tvær ferðir síðustu daga og alls níu kindur heimtar



Vígalegir kappar. Ari Jóhann Sigurðsson, Ólafur Bjarni Haraldsson, Guðmundur Valtýsson, Birgir Hauksson og Arnór Gunnarsson.

**„Ferðin gekk í alla staði vel og allir komu heilir heim, það er fyrir mestu,“ segir Ari Jóhann Sigurðsson í Varmahlíð í Skagafirði, en í síðustu viku fór hann ásamt fleiri vöskum mönnum í leiðangur hvers tilgangur var að sækja kindur sem orðið höfðu eftir í Staðarafrétt á liðnu hausti. Heim var komið eftir vel heppnaða aðgerð með fjórar kindur sem allar eru komnar til síns heima. Um helgina var síðan farið í annan túr og þá heimtust 5 kindur til viðbótar.**

Með Ara Jóhanni í för í fyrri ferðinni voru þeir Guðmundur Valtýsson, Eiríksstöðum, Þorbergur Gíslason, Glaumbæ, Ólafur Bjarni Haraldsson, Brautarholti, Arnór Gunnarsson, Varmahlíð og Birgir Hauksson, Valagerði. Fóru kapparnir á þremur fjórhjólum og tveimur sexhjólum, vel búnir með allar græjur sem til þarf í leiðangur af þessu tagi sem og með góðan fjarskiptabúnað.

„Ferðin tók í allt fjóra og hálfan tíma. Við lögðum af stað um kl. 11 þegar orðið var vel bjart, veður var ljómandi gott, frost og logn og ágætis ferðaveður hélst allan tímann,“ segir Ari Jóhann. Farið var í svonefnd Vesturfjöll, fjöllin norður af Vatnsskarði. Lagt var af stað frá Gautsdal, norður Laxárdal og



Arnór Gunnarsson sleppti ekki takinu af eftirlegukindunum.

í gegnum Litla-Vatnsskarð. Þaðan var haldið út Víðidal og á móts við Gvendarstaði, bæ sem fór í eyði um aldamótin 1900, sáust fjórar kindur sem héldu sig utan í Stakkfellinu.

#### *Hafa haldið sig á afréttinum frá því í haust*

„Við höfum vitað af þessum kindum frá því í haust, rjúpnaskytta sá þær í október og svo sáust þær við eftirgrenslan um áramótin,“ segir Ari Jóhann, en enn eru á þessum slóðum, í Staðarafrétt, einhverjar eftirlegukindur. Vitað er um tvær kindur sem sáust á Hryggjardal í desember sem ekki eru fundnar, auk þess sem ein kind heldur sig á Miðdal. Á þrettándanum voru tvær kindur sóttar vestur á Miðdal, þannig að nú er búið að sækja sex kindur. Þá fundust tvö hross í Reykjarskarði í síðustu viku sem saknað hafði verið síðan í haust. „Það verður eflaust farið í fleiri ferðir á næstunni, svona til að



Það voru nokkrar festur í ferðinni, þessi sýnu verst. En allt bjargaðist enda vanir menn á ferð og öllu vanir.

kíkja yfir svæðið, en það veltur á veðrinu, maður fer ekki nema veður og skyggni sé gott. Við höldum ekki í annan slíkan leiðangur með öllum þeim mannskap og útbúnaði sem til þarf upp á von og óvon,“ segir hann.

Vel gekk að handsama kindurnar sem náð var í í Staðarafrétt í síðustu viku, tík Guðmundar á Eiríksstöðum var með í för og komst hún í veg fyrir þær. Eftirleikurinn var nokkuð auðveldur og allar voru kindurnar settar upp á hjólin til þess að gera á skömmum tíma. Þrjár kindanna eru í eigu Erlu Lárusdóttur á Sauðárkróki og þá átti Friðrik Stefánsson í Glæsibæ eitt lamb.

*/MÞÞ*

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN



Ferðaþjónustan Laxárbakki í Hvalfjarðarsveit

Laxárbakki er lítið ferðaþjónustu fyrirtæki sem býður upp á gistingu og veitingar allt árið. Laxárbakki er staðsettur í Hvalfirði á bökkum „Laxár“. Hann er vel staðsettur við þjóðveg 1, aðeins 12 km frá Akranesi og 17 km frá Borganesi. Laxárbakki er tilvalin bækistöð fyrir frekari ferðalög um Vesturlandið, auk þess sem nánasta nágrenni býður upp á ótalmarga spennandi möguleika fyrir ferða- og útivistarfólk. Stutt er á alla helstu ferðamannastaði á suðvesturlandi eins og Húsafell, Langjökul, Þingvelli, Hvalfjörð og Snæfellsnes. Einstakt fuglalíf er á staðnum og mikið er af góðum gönguleiðum eins og Akrafjall, Hafnarfjall, Skarðsheiði, Skessuhorn, Síldarmannagöngur, Glymur o.fl. Mjög góð aðstaða er í veislusalnum fyrir fermingar, giftingar, ættarmót, hópefli, gönguhópa, hestahópa og aðra hópa. Laxárbakki er einnig frábær staður fyrir aðdáendur norðurljósa því þar skapast oft mjög góð skilyrði til að njóta fegurðar þeirra.

Ferðaþjónustan á Laxárbakka býður upp á gistingu í 12 glæsilegum studioíbúðum fyrir allt að 31 manns og 6 svefnherbergi í gistihúsi fyrir allt að 14 manns. Stór veitingarstaður er á staðnum sem tekur allt að 100 manns í sæti. Sjá nánar heimasíðu Laxárbakka: ***http://www.laxarbakki.is*** og heimasíðu fasteignamiðstöðvarinnar: ***http://www.fasteignamidstodin.is***

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Sumarstörf í boði

Landgræðsla ríkisins óskar eftir starfsfólki í sumarstörf

Landgræðsla ríkisins er þekkingar- og þjónustustofnun. Markmið hennar eru verndun gróðurs og jarðvegs og bætt landgæði. Stofnunin starfar samkvæmt lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og lögum um varnir gegn landbroti nr. 91/2002. Höfuð¬stöðvar Landgræðslunnar eru í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Landgræðslustjóri situr í Gunnarsholti og þar er aðsetur landverndarsviðs, þróunarsviðs og skrifstofu fjármála og rekstrar. Héraðssetur eru staðsett í Gunnarsholti, á Egilsstöðum, Húsavík, Sauðárkróki, Hvanneyri og í Reykjavík.

**Helstu verkefni sumarstarfsmanna**
**Á Landverndarsviði:**
1. Aðstoð á héraðssetrum Landgræðslunnar, tvær stöður fyrri háskólanema, nánar á land.is.
2. Viðhald girðing á starfssvæði Landgræðslunnar á norðurlandi, staðsett í Mývatnssveit, ein staða.

**Á Þróunarsviði:**
Aðstoð við rannsóknir hjá Landgræðslu ríkisins, tvær stöður fyrri háskólanema, nánar á land.is.

**Gunnarsholt Rangárþingi ytra:**
1. Aðstoð í mötuneyti, þrif og aðstoð við móttöku gesta, ein staða. Gistiaðstaða í boði í Gunnarsholti

**Hæfni**
Stundvísi, ábyrgð, þjónustulund og snyrtimennska skilyrði.
Bílpróf er nauðsynlegt.
Vinnuvélaréttindi æskileg í starf merkt 2

Um er að ræða 100% stöður sem henta hvort sem er konum eða körlum. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Fjármálaráðherra f.h. ríkisins við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 16. febrúar næstkomandi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í maí. Umsókn skal fylla út og senda rafrænt á heimasíðu Landgræðslunnar land.is, ***http://land.is/storf-i-bodi/***. Einnig má senda umsókn til Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella. Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg B. Ólafsdóttir starfsmannastjóri, í síma 488 3000 eða á netfangið ***sigurbjorg@land.is***

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin

LESENDABÁS

# Vandamál sem fjárbændur verða að taka fastari tökum



Mynd / BBL

Á ferðum mínum á Vesturlandi um síðustu helgi þar sem ég heimsótti á annan tug fjárbúa blasti við augum mínum vandamál sem sums staðar hefur sprungið framan í menn í haust vegna eindæma góðrar haustveðráttu. Þetta eru einfaldlega heimtur á fé af fjalli. Að heyra að það sé umtalsverður fjöldi búa á þessu svæði þar sem menn enn um miðjan janúar eru að gera sér vonir um að heimta enn yfir tvo tugi fjár af fjalli gerir ekki annað að segja að vissir hlutir eru í ólestri og úr þarf að bæta.

Meðan ég var að störfum hjá BÍ var verkaskipting á milli starfsmanna skýr eins og vera ber í öllum vel reknum fyrirtækjum. Þessi málefni voru á þeim tíma á hendi annars starfsmanns. Ætíð reyndi ég samt á ferðum mínum um landið að fylgjast með þróun þessara mála og var ljós sú öfugþróunin sem í gangi var. Eitthvað í líkingu við þetta þekktist samt ekki í þá tíð á stórum landsvæðum. Mér var löngu ljóst að staða þessara mála yfir landið var hvað brokkgengust víða á Vesturlandi, einkum á svæðinu frá Hvalfjarðarbotni í Suðurdali, og því vart óeðlilegt að fyrst verði þar við vart, þegar keyrt hefur verið fram af bjargbrúninni. Þar sem landnýting er orðin verulega köflótt eins og þar þekkist víða hefur oft fylgt því öfugþróun í þessum málum.

### *Mál á forræði sveitarstjórna*

Nú vita allir að þessi mál eru á forræði sveitarstjórna þannig að eðlilegt er að huga fyrst að vinnubrögðum þar. Ég hef sterkan grun um að það séu alltof mörg sveitarfélög sem ekki starfa að þessum málum samkvæmt lögum, jafnvel til sveitarfélög þar sem þessum málum er ekkert sinnt. Fengið hef ég einnig grun um að það þekkist að í sambandi við skipan fjallskilanefnda sem fjallskilareglugerðir víðast gera ráð fyrir að skipaðar séu til að sinna framkvæmdaratriðum í þessum málum viðgangist fast að því klíkuskapur og siðleysi við skipan þessara nefnda. Líklega er það frekast í þéttbýlissveitarfélögum þar sem fjárbúskapur skiptir nánast engu máli lengur.

Í tengslum við sameiningu sveitarfélaga virðist einnig á sumum stöðum hafa bæst við að stjórn þessara mála hefur færst að meira eða minna leyti í hendur fólks sem hefur nær enga þekkingu á þessum málefnum og slíkt kann yfirleitt ekki góðum árangri að skila með framkvæmd.

Í öllu falli er ljóst að hjá alltof mörgum sveitarfélögum eru þessi mál í ólestri. Það hlýtur að vera ámælisvert fyrir þann aðila sem annast á lagaframkvæmd.

### *Stór skattur hjá fjárbændum*

Ekki er það samt þetta sem ýtti við mér að setja línur á blað heldur hitt hve þetta ástand er orðinn stór skattur hjá mörgum fjárbændum. Skattur sem mig grunar að einstaka þeirra hafi engin efni á að greiða eins og afkoma greinarinnar er í dag.

Grunur minn er að jafnvel finnist fjárbændur sem ekki viðurkenna eða hið minnsta vilja ekki viðurkenna hve gríðarlegur skattur þetta er orðinn á þeim fjárbúum þar sem staðan er verst.

Fyrst er eðlilegt að benda á það beina fjárhagstjón sem bóndinn verður fyrir vegna þess mikla lambafjölda sem ekki skilar sér til frálags á réttum tíma. Það getur hver og einn reiknað fyrir eigin dæmi.

Einhverjir segja sem svo að lömbin skili tekjum þegar þau skila sér af fjalli. Þá horfa menn framhjá stóra reikningnum. Alla jafnan eru lömbin búin að tapa meira og minna af haustholdum, það tap er beint tap bóndans sé þeim slátrað strax þegar lambið heimtist. Séu lömbin bötuð áður en til frálags kemur hlýtur allt fóður og vinna við féð fram til að lömbin ná haustholdum að reiknast sem beinn útlagður kostaður, þ.e. tap. Hluti þess sem lömbin leggja mögulega síðar á sig til viðbótar getur einnig orðið beinn kostaður til viðbótar. Gleymið þá ekki húskostaði, geldingu hrútlamba sem eiga að fara í páskaslátrun og þannig má áfram telja liði.

### *Hár kostnaður og tapað fé*

Ekki má gleyma hinum neikvæða fjármagnskostnaði sem kemur af því að innleggið skilaði sér ekki í sláturhús á réttum tíma.

Þá er eftir að líta á reikninginn með að ná fjallafálunum til byggða. Bæði er það ómældur tími leitarmanna og stundum einnig við fararskjóta í slíkum leitum. Sumir virðast fá einhverja upplifun við að elta gripi á þennan hátt í fjallasölum á björtum haustdögum og koma gripum undan myrkri til húsa og mega að sjálfsögðu reikna það sér til tekna. Líklega vegur samt þyngra ófærð og illviðri á þessum árstímum sem enn auka á tíma fólks í þessu stússi. Tölum ekki um þau tilvik þar sem kalla þarf til viðbótarmannskap, jafnvel björgunarsveitir, þá er hinn raunverulegi kostaður fljótur að hækka.

Rétt er einnig að muna að allt þetta brjástur er ekki jákvætt út frá dýraverndarsjónarmiðun og þess vegna síst til að styrkja ímynd íslensks landbúnaðar.

Öllum má því ljóst vera að víða er kominn í fjárbúskapinn kostnaðarliður sem ekki er eðlilegt að greinin geti staðið undir, hvað þá þeir sem harðast verða úti í ósköpunum.

### *Menn hafa sofnað á verðinum*

Þessu verður að breyta. Greinilega hafa hagsmunasamtök sem telja sig hag bænda einhverju varða, eins og BÍ, LS og RML, sofnað á verðinum að leyfa þessum málum að þróast í þetta óefni. Stundum þegar slíkir aðilar vakna af værum blundi reyna þeir að taka hendur úr vösum að laga stöðu mála.

Í þessu máli er áreiðanlega orðin full þörf á slíku, jafnvel þó að fyrr hefði verið. Rétt er að benda á þá samviskufriðun margra félaga og stofnana að senda frá sér snoturlega orðaðan fagurgala sem þeir kalla ályktanir. Sjaldnast eru þær virði pappírsins sem þær eru prentaðar á. Í þessum málum þarf aðgerðir. Þar er ljóst að hlutur sveitarfélaganna er mestur. Bændur sjálfir og þær stofnanir sem nefndar hafa verið þurfa einnig að hugsa sína stöðu.

*/ Jón Viðar Jónmundsson*

# Niðurskurður við riðu nær ekki þeim árangri sem við viljum sjá

**Þegar riðan var hvað skæðust í Fljótum og víðar í Skagafirði á árum áður, kom riðan aldrei á suma bæi þótt hún herjaði hjá nágrannanum hinum megin við girðinguna. Hvernig stóð á því ef þetta er bráðsmitandi sjúkdómur?**

Riðan er ekki eins smitandi og margir halda nema í vissum tilfellum og við vissar aðstæður, eins og um sauðburð eða af hræjum sem bændur trassa að fjarlægja. Það þarf að hafa varan á. En hvað gerðu bændur sem sluppu við riðuna? Sumir settu aldrei á líflömb nema undan eldri ánum, sem orðnar voru 4ra vetra og eldri og töldu þá að þær væru komnar yfir veikina. Ég rengi þetta ekki; yfirleitt fóru ekki fullorðnar kindur úr riðuveiki, þeim var hættast á 3-4ra vetri og fé sem kemst yfir 4ra vetra aldur er hólpið og því ætti ekki að slátra því fé, heldur sjá hvernig því reiðir af. Það verður að gera eitthvað annað en að skera allt niður, það er búið að gera allt fg mikið af því og glapræði að skera niður allan stofninn þegar riðan er ekki nema í hluta af fénu. Fyrst þarf að finna út hvað ærnar eru gamlar sem farast. Eru þær 4ra vetra eða eldri eða allar innan við 4ra vetra, þá þarf að athuga undan hvaða hrút þær eru og séu þær undan sama hrútnum þá þarf að farga öllu undan honum. Sé um sæðishrút að ræða þarf að farga öllu undan honum þar sem hann hefur verið notaður. Það sama gildir um ærnar; undan hvaða ám eru þessar kindur sem eru að farast.

Árið 1949 fóru fram fjárskipti í Skagafirði. Í frampart Seyluhrepps, framan Grófargilsár, og í Lýtingsstaðahrepp komu lömb af Vesturlandi og á þessu svæði hefur mikið verið skorið niður vegna riðu. Fyrir utan Grófargilsá komu lömb frá Norðausturlandi utan 30 lömb sem urðu eftir af því sem fór í frampartinn og var þeim skipt niður á bæina hér á Langholti og í Staðarhreppi en þar hefur verið mikið minna skorið niður vegna riðu. Þá fékk faðir minn 30 gimbrar og 2 hrúta og af því var 1 gimbur og 1 hrútur af Vesturlandi hitt af Norðausturlandi. Ég fékk það embætti að hirða lömbin um veturinn og gefa þeim öllum nafn. Þegar þessar kindur eru 5-6 vetra þá sé ég að ein kindin mín er veik og fer til föður míns og bið hann að líta á hana, hann sagði að þetta væri riðan og það yrði að slátra henni á morgun og grafa haus og innyfli. Svo leið fram á veturinn og þá fór önnur og mig minnir að það hafi farið 4-5 ær um veturinn. Þá fór ég að skoða bókhaldið og kom þá í ljós að þær voru allar undan sama hrútnum. Hrúturinn hét Húni og hafði komið að vestan. Ég sagði föður mínum hvers kyns var og ákvað hann að lóga hrútnum og öllu sem undan honum var. Eftir það bar aldrei á riðu í þessum fjárstofni.

*/Páll M. Jónsson*


Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

BRIGGS & STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

Vogue fyrir heimilið
býður uppá alhliðalausn fyrir hótelherbergið eða gistiheimilið.

Vogue FYRIR HEIMILIÐ
Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbót 4 - Akureyri | Sími 462 3504

IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR

• Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
• Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
• Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
• Hágæða hráefni.
• Þolir íslenskt veðurfar.
• Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
• Stuttur afgreiðslutími.
IS HURÐIR
IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is

# Mannauður hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

**Í haust hafa orðið töluverðar breytingar hjá RML, nýir starfsmenn, ný hlutverk eldri starfsmanna og starfsmenn að færa sig um set. Hérna fylgir samantekt og kynning á því sem hefur verið að gerast í haust og fram til áramóta í starfsmannamálum en það er einlæg ósk okkar hjá RML að viðskiptavinir séu meðvitaðir um uppbyggingu og starfsemi RML og viti að við tökum alltaf vel á móti ykkur.**

**Vignir Sigurðsson** framkvæmdastjóri: Vignir hefur starfað hjá RML frá upphafi en hann var þá ráðinn sem fjármálastjóri. Vignir sinnir starfi framkvæmdastjóra til haustsins, eða á meðan Karvel, sem var upphaflega ráðinn framkvæmdastjóri, er í leyfi. Vignir er með starfsstöð á Akureyri.



**Helga Halldórsdóttir** fjármálastjóri: Helga hefur starfað hjá RML frá upphafi en hún var ráðin sem verkefnastjóri tæknimála. Hún hefur séð um reikningagerð, tæknimál starfsmanna og fleira en tók við sem fjármálastjóri í haust þegar Vignir tók við framkæmdastjórastöðunni. Helga starfar á Hvanneyri.



**Stefanía Jónsdóttir** bókari: Stefanía er ný hjá RML. Hún var ráðin í haust sem bókari en þegar Helga fluttist yfir í fjármálastjórasætið hefur Stefanía tekið við hluta af verkefnum Helgu eins og útskrift reikninga og samskipti við viðskiptavini sem hafa spurningar eða athugasemdir við reikningana. Við bjóðum Stefaníu velkomna í hópinn og vonum að viðskiptavinir eigi við hana gott samstarf í framtíðinni. Stefanía er með starfsstöð á Akureyri.



**Sigurður Guðmundsson** ráðunautur: Sigurður kom inn nýr í haust. Hann er með framhaldsmenntun á sviði viðskipta og kemur sterkur inn í rekstrarhóp RML sem er að vinna mjög flott starf með bændum og í góðum tengslum við fjármálafyrirtæki. Við vonum að bændur verði duglegir að hafa samband og fá ráðgjöf varðandi reksturinn. Starfsstöð hans er á Hvanneyri.



**Baldur Örn Samúelsson** ráðunautur: Baldur hefur starfað hjá RML í rúmt ár, aðallega í ráðgjöf um fóðrun til bænda á Suðurlandi en hann var með starfsstöð á Selfossi. Nú hefur Baldur fært sig um set á Hvanneyri. Baldur mun sinna fjölbreyttari nautgriparæktarverkefnum eins og kynbótaráðgjöf og kúadómum. Við bjóðum Baldur velkominn á Vesturland en minnum á að hann sinnir áfram bændum af öðrum landsvæðum í samræmi við þá stefnu RML að ráðunautar starfa á landsvísu.



**Sigurlína Magnúsdóttir** ráðunautur: Sigurlína byrjaði seint í haust hjá RML sem almennur ráðunautur en hennar helstu áherslur verða á nautgriparækt. Hún hefur starfað þétt með Eiríki Loftssyni þar sem hún fær þjálfun í fóðuráætlanagerð. Með vorinu fer hún einnig að skoða kvígur og því eiga skagfirskir bændur eftir að sjá meira af henni eftir því sem líður á. Starfsstöð hennar er á Sauðárkróki og mun hún því sinna að mestu verkefnum þar í sveit en auðvitað á það sama við um Sigurlínu eins og aðra ráðunauta RML að hún vinnur á landsvísu og veitir bændum alls staðar að af landinu ráðgjöf eftir því sem það á við.



**Harpa Birgisdóttir** ráðunautur: Harpa byrjaði seinnipart hausts hjá RML sem almennur ráðunautur. Hún hafði aðeins unnið sem verktaki í lambadómum fyrir RML áður en hún byrjaði sem ráðunautur. Hennar helsta verksvið verður, eins og Sigurlínu, í nautgriparæktinni en þar sem Harpa er á fámennri starfsstöð á Blönduósi kemur hún til með að sinna þeim fjölbreyttu verkefnum sem upp koma á svæðinu.



**Snorri Þorsteinsson** ráðunautur: Snorri byrjaði um áramótin hjá RML. Hann hefur framhaldsmenntun í jarðvegsfræðum og mun starfa í faghópi jarðræktarinnar. Snorri er með starfsstöð á Hvanneyri en eins og áður hefur komið fram eru ráðunautar vel hreyfanlegir og með nútímatækni eigum við auðvelt með að sinna viðskiptavinum alls staðar að af landinu. Snorri og aðrir úr jarðræktarhópi veita ráðgjöf um endurræktun, áburðaráætlanir eða annað sem tengist jarðrækt.



**Sigtryggur Veigar Herbertsson** bútækniráðunautur: Sigtryggur var kynntur til leiks í síðasta Bændablaði en hann byrjaði hjá RML um áramótin. Hann hefur sérmenntun á sviði aðbúnaðar og tækni og kemur því til með að fylla í það skarð sem verði hefur á þessu sviði síðustu mánuði. Sigtryggur er með starfsstöð á Akureyri en veitir bændum í framkvæmdahug ráðgjöf um allt land.



Við hvetjum viðskiptavini, gamla sem nýja, að fylgjast með okkur á heimasíðunni www.rml.is en þar er hægt að fá frekari upplýsingar um starfsmenn og starfsemi RML.

*/Berglind Ósk Óðinsdóttir, starfsmannastjóri RML*


INNRÉTTINGAR

Spinder fjósainnréttingar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútímafjósa.

Við afgreiðum stíur, jötugrindur og milligerði í mörgum stærðum og gerðum og í flestum tilfellum er afgreiðslutíminn stuttur og varan flutt heim í hlað.

Hafðu samband:
bondi@byko.is



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN




Benny Jensen kartöfluráðunautur starfar í Danmörku. Auk þess að liðsinna kartöflubændum hefur hann heimsótt íslenska byggræktendur og veitt þeim ráðgjöf.

# RML starfar með erlendum sérfræðingum í garðyrkju

**Árið 2002 urðu töluverðar breytingar á starfsumhverfi garðyrkjunnar. Innflutningstollar voru lækkaðir eða afnumdir og gerður var samningur milli ríkisvaldsins og garðyrkjubænda. Þessi samningur var nefndur aðlögunarsamningur þar sem honum var ætlað að laga atvinnugreinina að breyttu samkeppnisumhverfi.**

Teknar voru upp beingreiðslur í gúrkum, papriku og tómötum en á móti var opnað fyrir tollfrjálsan innflutning á þessum afurðum. Að þessum 15 árum liðnum hafa orðið miklar breytingar í garðyrkjunni en í meginatriðum hefur atvinnugreinin styrkt sig í sessi og staða hennar gagnvart erlendri samkeppni er nokkuð góð í dag. Eitt af því sem orðið hefur til þess að styrkja atvinnugreinina er aukin fagþekking. Á þessum tíma hefur þróunarfé búgreinarinnar að stórum hluta verið nýtt til kaupa á þekkingu frá erlendum sérfræðingum sem hafa heimsótt garðyrkjubændur reglulega í fylgd innlendra ráðunauta. Þessi þekking hefur hjálpað bændum að þróa og bæta framleiðsluna og einnig hefur þetta samstarf styrkt mjög innlent ráðgjafarstarf. Það gefur auga leið að einn til tveir innlendir garðyrkjuráðunautar geta ekki sérhæft sig í öllum þeim fjölmörgu framleiðslugreinum sem finnast innan garðyrkjunnar og því gott að geta keypt inn sérþekkingu á ákveðnum sviðum. Eftir því sem heimsóknum fjölgar eykst þekking sérfræðinganna á íslenskum aðstæðum, persónuleg tengsl myndast og gagnkvæmt traust leiðir af sér betri og markvissari ráðgjöf. Auk þess að fá sérfræðingana hingað, hafa garðyrkjubændur farið í kynnisferðir á þeirra heimasvæði og notið leiðsagnar þeirra.

### *Fjölbreyttari starfsemi*

Í byrjun voru fjögur sérsvið undir í þessu starfi: Paprika, aðrar matjurtir í gróðurhúsum, kartöflur og útiræktað grænmeti, með einn sérfræðing á hverju sviði. Síðan bættust við jarðarber (og önnur ber), svepparækt og lífrænar varnir.

Frá árinu 2002 hefur þróunarfé garðyrkjunnar verið takmarkað við æta hlutann, þ.e matjurtaframleiðsluna. Í nýjum búvörusamningi er gert ráð fyrir að þróunarfé garðyrkju nýtist öllum greinum garðyrkjunnar, þ.e blómaframleiðslu og garðplöntuframleiðslu auk matjurtanna. Þetta þýðir að þessi starfsemi verður aukin enn frekar og í áætlun fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að hingað komi 9 erlendir sérfræðingar í alls 24 heimsóknir.



**Sune Gullans starfar í Finnlandi. Hans sérsvið er tómatar, gúrkur og salat í gróðurhúsum. Hér er hann í gúrkuræktinni með Þórhalli á Laugalandi.**



**Kari Årekål er ráðunautur í útiræktuðu grænmeti. Hún starfar í Jæren í Noregi. Hér skoðar hún forræktaðar kálplöntur með Friðriki á Jörfa.**

### *Aukinn kostnaður – gjald fyrir heimsóknir*

Þessum auknu umsvifum fylgir óhjákvæmilega kostnaðarauki. Fagráð í garðyrkju hefur mótað þá stefnu að verja auknum hluta af þróunarfé garðyrkju í þetta verkefni á yfirstandandi ári og þá verður auðvitað minna til skiptanna í annað, t.a.m kynningarverkefni, tilraunaverkefni og ferðastyrki. Auk þessa er gert ráð fyrir að bændur greiði nú gjald fyrir hverja heimsókn, og verður það miðað við verðskrá RML.

Ef íslenskir garðyrkjubændur ætla áfram að bæta samkeppnisstöðu sína með fjölbreyttri framleiðslu er staða þekkingar í greininni lykilatriði. Því er nauðsynlegt að þróa og efla samstarf við færustu sérfræðinga á hverju sviði svo íslensk garðyrkja verði áfram með á nótunum á heimsvísu.

*/Helgi Jóhannesson, ráðunautur í garðyrkju*

# Íslenska fánaröndin er skráð vörumerki

**Í maí 2006 gekk Samband garðyrkjubænda til þess verks að skrá íslensku fánaröndina og dropamerki í íslensku fánalitunum hjá Einkaleyfastofu. Merkin höfðu þá verið í notkun meðal framleiðenda garðyrkjuafurða frá árinu 2003, einkum íslenska fánaröndin. Dropinn er hins vegar uppistaða í félagsmerki Sambands garðyrkjubænda.**

Þetta þýðir með öðrum orðum að þessi tvö merki eru eign Sambands garðyrkjubænda og einkaleyfisvarin sem slík. Þannig má enginn nota þau eða önnur mjög áþekk merki til að kynna vöru eða þjónustu, án þess að fyrir liggi leyfi frá Sambandi garðyrkjubænda. Samband garðyrkjubænda hefur veitt félögum sínum, og aðilum sem selja afurðir þeirra, leyfi til notkunar merkisins, gegn skriflegum samningum þar sem notendur undirgangast reglur félagsins um notkun merkjanna.

Merkin voru á sínum tíma skráð á grundvelli markaðsfestu og taka til sölu og kynningar á öllum þeim vörum sem um getur í þeim flokkum sem skráningin nær yfir. Það nær meðal annars yfir landbúnaðar- garðræktar- og skógræktarafurðir, grænmeti, ávexti hvort sem um er að ræða nýtt eða þurrkað, ávaxtahlaup, sultur, grauta, mataroliur, matarfeiti, svo og fræ, lifandi plöntur og blóm.




SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA



Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda

### *Táknar innlendan uppruna*

Íslenska fánaröndin mun í framtíðinni tákna innlendan uppruna og að framleiðendur fylgi ákveðnum gæðaferlum.

Ástæða þess að félagar í Sambandi garðyrkjubænda hófu að nota sitt eigið vörumerki með skírskotun í íslenska þjóðfánann var fyrst og fremst eftirspurn kaupenda eftir upplýsingum um uppruna vöru.

Sú umræða að neytendur eigi rétt á því að vita um uppruna og hvaðan varan kemur er ekki ný af nálinni og garðyrkjubændur svöruðu kallinu með því að merkja afurðir sínar með íslensku fánaröndinni.

Íslenska fánaröndin táknar að varan er íslensk að uppruna og þeir sem selja undir merkjum íslensku fánarandarinnar eiga skýlaust að hafa til þess leyfi Sambands garðyrkjubænda.

Nú stendur yfir vinna við innleiðingu gæðahandbókar í íslenskri garðyrkju og endurskoðun á reglum fyrir íslensku fánaröndina. Markmiðið er að í framtíðinni muni íslenska fánaröndin ekki einvörðungu tákna innlendan uppruna, heldur einnig að þeir sem nota merkið fylgi fyrirfram ákveðnum gæðaferlum. Verið er að leggja lokahönd á þróun og innleiðingu gæðahandbókarinnar og úttektarferla vegna þess en vænta má að gæðahandbókin og úttektarferlar verði birtir opinberlega þegar þau gögn liggja fyrir í endanlegri mynd.

Eins og gefur að skilja er nauðsynlegt að úttekt á notkun gæðahandbókar sé í höndum utanaðkomandi aðila. Þegar hefur Samband garðyrkjubænda hafið samstarf við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins vegna þessa.

### *Skráð vörumerki njóta verndar*

Á umliðnum árum hefur Samband garðyrkjubænda þurft að hafa nokkuð fyrir því að verja merki sín gegn ágangi þeirra sem hagnast vilja á þeirri velvild sem innlendar afurðir og íslensk garðyrkja njóta meðal neytenda. Skráð vörumerki njóta verndar með ámóta hætti og hugverk samkvæmt lögum um vörumerki nr. 45/1997 og lögum um einkaleyfi nr. 17/1991 (sjá á vef Alþingis, www.althingi.is).

Fjölmörg dæmi eru um að höfð hafi verið afskipti af aðilum sem notað hafa fánaröndina eða dropann, eða merki mjög áþekk þeim, í heimildarleysi. Stundum hefur verið um að ræða hreint gáleysi og hefur notkun þá verið hætt að undangengnum vinsamlegum ábendingum. Góðfúsleg tilmæli hafa þó ekki alltaf dugað til. Árið 2010 féll dómur í Hæstarétti þar sem staðfest var sú vörn sem í einkaleyfi felst og heimildaleysi annarra til notkunar á merkinu án leyfis eiganda. Nánar má lesa um það í dómaskrá Hæstaréttar á vefnum www.haestirettur.is.

### *Íslenski þjóðfáninn*

Í apríl síðastliðnum voru gerðar breytingar á lögum um íslenska þjóðfánann. Nú er, samkvæmt ákveðnum skilyrðum, heimilt að nota þjóðfánann til kynningar á vörum og þjónustu enda „sé vara eða starfsemi sú sem í hlut á íslensk og fánanum ekki óvirðing gerð“ eins og segir í lögunum.

Þessi breyting á lögum um þjóðfánann fellir ekki úr gildi það einkaleyfi sem Samband garðyrkjubænda hefur á skráðum vörumerkjum sínum og það er grundvallarmunur á því hvort vara er merkt íslensku fánaröndinni eða íslenska þjóðfánanum.

Mikilvægt er að neytendur viti ævinlega hvort varan er íslensk og þá að hvaða marki.

Það er ástæða til að hvetja alla til að halda vöku sinni varðandi merkingar og kynningu á vörum og þjónustu og snúa sér eftir atvikum til seljenda, framleiðenda eða Neytendastofu, telji þeir einhverju áfátt í þeim efnum.

# Iðnfyrirtæki vilja auka sýnileika framleiðslu á Íslandi

## – Velta 685 milljörðum króna á ári og með 15.500 starfsmenn

**Samtök iðnaðarins hafa stofnað framleiðsluráð Samtaka iðnaðarins sem er samstarfsvettvangur framleiðslu- og matvælagreina innan samtakanna. Því er ætlað að auka sýnileika framleiðslu á Íslandi, stuðla að bættu starfsumhverfi og efla umræðu um íslenska framleiðslu. Í ráðinu sitja níu stjórnendur frá ólíkum fyrirtækjum innan framleiðslugreinanna.**

Starfsemi framleiðslufyrirtækja á Íslandi er umfangsmikil og þau eiga stóran þátt í fjölbreyttu atvinnulífi á Íslandi. Framleiðslufyrirtækin velta 685 milljörðum króna sem er um 18% af heildarveltu allra íslenskra fyrirtækja árið 2016 og hjá þeim starfa um 15.500 starfsmenn. Framlag iðnaðarframleiðslu til verðmætasköpunar er um 10% en fluttar voru út iðnaðarvörur fyrir 331 milljarð króna á árinu sem vegur þungt í heildarvöruútflutningi Íslands, eða um 53%. Dæmi um framleiðslu sem aðildarfyrirtæki SI fást við eru matvæli, fóður, umbúðir, húsgögn, innréttingar, byggingavörur, tæki og vélar, prentverk og vinnsla úr málmum og endurvinnsluefnum.




**Nýja framleiðsluráð Samtaka iðnaðarins. Bryndís Skúladóttir, SI, Gunnar Sverrisson, forstjóri Odda, Andri Daði Aðalsteinsson, markaðsstjóri Límtré Vírnet, Gestur Pétursson, forstjóri Elkem Ísland, Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri ÍSAM, Þórður Theodórsson, framleiðslustjóri Marel, Margrét Ormslev, fjármálastjóri CRI, Steinþór Skúlason, forstjóri SS, Stefán Magnússon, markaðsstjóri hjá Coca-Cola og Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI. Á myndina vantar Einar Svein Ólafsson, framkvæmdastjóra Íslenska kalkþörungafélagsins.** Mynd / SI

Gestur Pétursson, forstjóri Elkem Ísland og formaður framleiðsluráðs SI, segir ánægjulegt að nú sé kominn sameiginlegur vettvangur til að vinna að hagsmunamálum íslenskra framleiðslufyrirtækja. „Innan okkar raða eru um 230 fyrirtæki í mjög fjölbreyttri framleiðslu. Með því að leggja saman krafta okkar getum við aukið sýnileika framleiðslugreinanna og stuðlað að enn fjölbreyttara atvinnulífi. Við viljum gera framleiðslugreinarnar að eftirsóttum starfsvettvangi og laða til okkar starfsfólk með rétta þekkingu og færni,“ segir Gestur Pétursson.





Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN

**Til sölu jörðin Skógar í Flókadal, Borgarbyggð**



**Umtalsverðar veiðitekjur**

Jörðin Skógar er sunnan Flókadalsár. Bláfinnsvatn er í útnorðurmörkum, og Skógavatn, sem að mestu er í Skógalandi, er á mörkum Hæls og Skóga. Í þessum vötnum var stunduð veiði, einkanlega Skógavatni. Í Flókadalsá er töluverð laxveiði og eru veiðitekjur Skóga u.þ.b. 2.3 millj. á ári en eignarhluti er um 12%. Jörðinni fylgir einnig veiði- og beitarréttur á Arnarvatnsheiði.

Land jarðarinnar er allt slétt og víða vel gróið. Land Skóga sem talið er vera um 350 hektarar Húsakostur er allur gamall, en mjög snyrtilegur og að því er séð verður mjög vel um hirtur. Íbúðarhúsið hefur verið mikið endurnýjað en látið halda að mestu sínu upprunalega útliti. Góðar girðingar eru á jörðinni.

Stutt í margar af helstu náttúruperlum Borgarfjarðar.

**Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali magnus@fasteignamidstodin.is sími 550 3000 eða 892 6000**

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Nútíma músavarnir
HÁTÍÐNIFÆLUR



Sölustaðir:
Bústólpi
FB FÓÐURBLANDAN
BÚREKSTRARDEILD
KVH
Verslunin Eyri

STREYMI heildverslun
**Streymi heildverslun ehf.**
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

UTAN ÚR HEIMI


Tölvumynd af framtíðarleikvangi knattspyrnufélagsins Forest Green Rovers FC í enska bænum Stroud.

Frumlegir knattspyrnuunnendur á Englandi:

## Fyrsti fótboltaleikvangur heims sem unninn er úr nytjum skógarins

**Arkitektastofan Zaha Hadid Architects bar sigur úr býtum í samkeppni um nýjan fótboltaleikvang Forest Green Rovers FC í enska bænum Stroud. Það er ekki í frásögur færandi nema vegna þess að hann verður unninn úr nytjum skógarins og hefur byggingin þar af leiðandi lágt kolefnisspor og mun fullbyggður kallast sjálfbær leikvangur úr tré.**

Zaha Hadid Architects eru meðal annars þekkt fyrir að vinna með lífræn form þegar þeir hanna nýjar byggingar. Því fannst þeim tilvalið að vinna með tré sem aðalhráefni fyrir fótboltafélagið sem hefur í lengri tíma gert út á sjálfbærni meðal annars með því að bjóða upp á grænmetisfæði fyrir leikmenn sína og áhangendur.

Tré er áhugavert byggingarefni að mati arkitektastofunnar, vegna lágs koltvísýringsspors þess, því um þrír fjórðu hlutar af kolefnislosun leikvangsins kemur frá byggingarefni hans. Að kröfu forsvarsmanna Forest Green Rovers FC verður efniviðurinn í leikvanginum að koma frá viðurkenndu sjálfbæru skógarlandsvæði. Arkitektastofan hefur einnig valið tré


Myndir / Zaha Hadid Architects



vegna þess hversu slitsterkt efni það er og fagurt. Hér verður einnig unnið út frá því að áhorfendastæði og gólf verði úr tré sem er vanalega smíðað úr steypu eða stáli.

Leikvangurinn, sem mun rúma 5 þúsund áhorfendur, verður kolefnishlutlaus fyrir um 40 hektara stórt svæði í kring sem mun hýsa vistfræðilegan skemmtigarð. Svæðið á að þjóna gestum sínum sem íþrótta- og tómstundagarður sem leggur áherslu á græna tækni og sjálfbærni.

*/ehg*

Kíkt í smiðju Norðmanna:

## Markaðssetning ferðaþjónustu til sveita og afurða beint frá býli

- kynningarferð fyrir íslenska bændur

**Norskir bændur hafa um árabil byggt upp ferðaþjónustu, afþreyingu og sveitaverslanir undir merkinu „Hanen“. Hey Iceland í samvinnu við Beint frá býli og Opinn landbúnað stendur fyrir fræðsluferð þar sem áhersla er lögð á að kynnast starfsemi norskra bænda og ferðaþjónustuaðila í dreifbýli.**

Í ferðinni kynnumst við félagasamtökunum Hanen (www.hanen.is ) og heimsækjum félagsmenn sem eru búsettir á landsbyggðinni og bjóða m.a. upp á mat beint frá býli, gistingu og afþreyingu. Einnig verða þekktar náttúruperlur skoðaðar á leiðinni og í lokin njótum við góðra stunda í Bergen áður en haldið er heim til Íslands.

Ferðatími er 25.–30. apríl og flogið er til Osló en heim frá Bergen. Markmið ferðarinnar er að kynnast því hvernig frændur okkar Norðmenn byggja upp ferðaþjónustu í dreifbýli Noregs undir merkjum Hanen. Í ferðinni fáum við að kynnast fjölbreyttri starfsemi Hanen, m.a. framleiðslu beint frá býli, sveitaverslun, gistingu, veitingum og afþreyingu. Auk þess mun leið okkar liggja um stórbrotna náttúru í Vestur-Noregi. Haldið er frá Keflavík til Oslóar að morgni þriðjudags og á föstudeginum lýkur skipulagðri dagskrá með staðarleiðsögn um Bergen. Á laugardeginum er frjáls dagur en síðan er haldið heim til Íslands frá Bergen á sunnudeginum en áætluð lending er kl. 15 í Keflavík.

Ferðin er sérstaklega skipulögð fyrir þá sem hafa áhuga á uppbyggingu landsbyggðarinnar með tengingu við ferðaþjónustu. Ferðin ætti að höfða vel til félaga innan Hey Iceland, Beint frá býli og Opins landbúnaðar, þ.e. aðila sem starfa í greininni og aðra áhugasama sem vilja læra af reynslu annarra, fá nýjar hugmyndir og efla samvinnu á milli þeirra sem starfa í ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Þessa dagana er unnið að undirbúningi ferðarinnar, en snemma í febrúar verður send út ítarlegri dagskrá með upplýsingum um kostnað.

Ferðin verður í sölu hjá Bændaferðum, en í undirbúningsnefnd sitja fulltrúar frá Bændasamtökunum, Beint frá býli og Hey Iceland/Félagi ferðaþjónustubænda.

Sérstaðan getur skapað miklar tekjur:

## Heymjólk

**Það hefur lengi legið fyrir að sérstaða við framleiðslu landbúnaðarvara skiptir verulegu máli þegar kemur að markaðssetningu. Þetta þekkja íslenskir bændur mæta vel og víða erlendis hafa á undanförnum árum skotið upp kollinum vörumerki sem byggja á einhvers konar sérstöðu.**

Stundum er það landið eða landsvæðið sem bent er á sem sérstöðu og má nefna sem dæmi norska Jarlsberg ostinn, sem er reyndar bara gouda ostur en nýtur sérstöðu víða um heim vegna upprunans. Það er sérstaðan sem skiptir máli þegar horft er til möguleikanna á hærra verði og aukinni framlegð og bændur í Austurríki áttuðu sig snemma á því hvað uppruninn og sérstaðan hefur mikil áhrif á möguleikana á bættri framlegð. Þeir, ásamt bændum í Sviss, voru með þeim fyrstu til þess að nýta sér Alpana sem sérstöðu við markaðssetningu á mjólk og mjólkurvörum og þeir hafa undanfarin ár verið í töluverðri sókn með fleiri vörur sem byggja á sérstöðu og er ein þeirra svokölluð heymjólk.



Í Austurríki er mikið gert úr heymjólk enda er 15% allrar framleiddrar mjólkur vottuð sem slík.


Það liggja mikil verðmæti í heyinu og sérstaða fólgin í því að fóðra einvörðungu með því.

### *Forn aðferð*

Heymjólk er, eins og nafnið gefur til kynna, mjólk sem framleidd er með fóðrun kúa á heyi. Þetta þykir e.t.v. sumum hálf broslegt en staðreyndin er að það er stór markaður fyrir þessa sérstöku mjólk sem byggir á þeirri fornu aðferð við framleiðslu mjólkur að kýrnar fá einungis gras af beit á sumrin og þurrhey á veturna. Annað gróffóður má ekki gefa kúnum en auk þess má fóðra kýrnar með kjarnfóðri, vítamínum og steinefnum. Vothey má ekki gefa þessum kúm en rannsóknir hafa sýnt að sýrustig í vömb kúa sem ekki fá vothey verður annað og fitusýrusamsetning mjólkurinnar verður einnig önnur. Fyrir vikið er heymjólk nokkuð frábrugðin annarri mjólk hvað bragð snertir og sker sig því frá annarri mjólk. Þessi aðferð við fóðrun kúnna er auðvitað ekki ný af nálinni og hefur verið notuð í hundruð ára í Ölpunum.

### *Áður notuð í harða osta*

Hér áður fyrr, áður en markaðssetningarfólk áttaði sig á því að hægt væri að selja heymjólk sérstaklega, voru sérfræðingar í ostagerð fyrir löngu búnir að átta sig á því að heymjólk væri öðruvísi en önnur mjólk. Lengi vel var slík mjólk sótt sérstaklega á þau bú sem hana framleiddu og fór mjólkin fyrst og fremst í framleiðslu á ákveðnum hörðum ostum. Reynsla mjólkurfræðinganna hafði leitt þá til þess að nýta mjólkina í þessa ostagerð enda hentaði hún sérlega vel í slíka ostagerð þar sem heymjólkin var með mun lægra hlutfall smjörsýru-baktería en önnur mjólk, en þær geta valdið óheppilegri gerjun í hörðum ostum.

### *Skilgreiningin á heymjólk*

Þó svo að heymjólk hafi upphaflega verið markaðssett í Austurríki hefur þessi tegund mjólkur færst til margra annarra landa og er í dag einnig framleidd í Sviss, Frakklandi, Þýskalandi, Danmörku og vafalítið fleiri löndum. Fyrir vikið er núorðið til nákvæm skilgreining á því hvað þarf til, svo markaðssetja megi mjólk sem heymjólk. Heymjólk hefur því, rétt eins og lífrænt vottuð mjólk, fengið afar skýran og skilgreindan bakgrunn. Heymjólk getur einungis komið frá kúm sem fá aldrei vothey og skal rúmlega 60% af fóðri kúnna vera frá beit eða þurrheyi. Hinn hluti fóðursins má koma frá kjarnfóðri eða öðru slíku en þó engu fóðri eða fóðurefnum sem hafa verið súrsuð eða hafa gerjast með einum eða öðrum hætti. Þá er bændum óheimilt að gefa kúnum rúlluhey hafi það verið pakkað í plast!


Gamli góði heyvagninn kemur að góðum notum hjá þeim bændum sem eru með heymjólkurvottun. Á Íslandi leynast enn nokkrir slíkir undir hlöðuvegg.

### *Mun dýrari framleiðsluaðferð*

Þau kúabú sem eru með vottun til framleiðslu á heymjólk fá ekki einungis greitt hærra afurðastöðvaverð fyrir mjólkina sökum sérstöðunnar heldur einnig vegna hærri framleiðslukostnaðar. Þar sem gefa þarf kúnum hey á veturna, sem er mun dýrari framleiðsluaðferð við gróffóður en vothey, er kostnaðurinn töluvert hærri og hafa bændurnir sem framleiða heymjólk verið að fá í kringum 25% hærra afurðastöðvaverð en þeir sem framleiða hefðbundna mjólk. Til þess að setja þetta í samhengi má einnig geta þess að afurðastöðvaverð erlendis fyrir lífrænt vottaða mjólk, sem er enn dýrari í framleiðslu en heymjólk, hefur oft verið í kringum 45–50% hærra en hefðbundið afurðastöðvaverð.

### *8 þúsund vottuð bú*

Í Austurríki eru nú 8 þúsund kúabú með vottun og geta þau því framleitt heymjólk og alls nemur árleg framleiðsla á þessari tegund mjólkur rúmum fjögur hundruð milljónum lítra eða um 15% af heildarmjólkur-framleiðslu landsins. Þó svo að um lítið magn sé að ræða, sé litið til heildarframleiðslu landsins, þá er þetta hlutfall langtum stærra en í öðrum löndum Evrópusambandsins en árið 2014 nam vottuð heymjólkurframleiðsla 3% af allri mjólkurframleiðslu Evrópusambandslandanna.

### *Útflutningsvara*

Vegna langrar sögu heymjólkur í Austurríki eru þarlendar afurðastöðvar fremstar í markaðssetningu á slíkri mjólk og mjólkurvörum sem unnar eru úr heymjólk. Í dag eru á markaði rúmlega 400 mismunandi mjólkurvörur frá austurrískum afurðastöðvum sem eru unnar úr heymjólk og má þar nefna bæði osta, jógúrt, drykkjarmjólk og smjörgerðir. Mest af þessum vörum eru seldar til Þýskalands og Ítalíu en vegna smæðar framleiðslunnar í Austurríki hafa afurðastöðvarnar mest unnið að því að halda sér við þessa tvo markaði.

### *Bannað að markaðssetja sem hollustuvöru*

Þó svo að heymjólk og heymjólkurvörur séu fyrst og fremst markaðssettar með tilvísun til uppruna og gamalla hefða þá höfðu sum minni afurðafélögin reynt að markaðssetja heymjólk sem sérstaka hollustuvöru og markaðssett hana sem hreinustu mjólkina á austurríska markaðinum. Slíka fullyrðingu sættu aðrir framleiðendur mjólkur sig ekki við og fengu, árið 2013, þarlenda dómstóla til þess að banna markaðssetningu á heymjólk sem byggði á fullyrðingum sem ekki væri hægt að sanna. Heymjólk og heymjólkurvörur hafa því eftir það verið einungis markaðssettar með tilvísun í upprunann og allar fullyrðingar um að slík mjólk eða mjólkurvörur séu betri en aðrar mjólkurvörur eru á bak og burt.

### *Möguleikar hérlendis?*

Þegar horft er til þess hve miklum árangri Austurríkismenn hafa náð við markaðssetningu á heymjólk og vaxandi útbreiðslu hennar til landanna í kring og meira segja til Danmerkur, verður ekki hjá því komist að velta því upp hvort slík sérstöðumjólk gæti átt erindi inn á hinn íslenska markað. Við höfum langa hefð og reynslu af framleiðslu á þurrheyi og ef markaðurinn vill borga hærra verð fyrir slíka mjólk þá er um að gera að bjóða upp á þann valkost. Vegna smæðar markaðarins má vissulega setja spurningarmerki við framleiðslu á ferskvörum úr slíkri mjólk en framleiðsla á t.d. hörðum osti gæti verið áhugaverð.

*Snorri Sigurðsson*
*sns@seges.dk*
*Sviðsstjóri mjólkurgæðasviðs*
*Dýralækninga- og gæðadeild*
*SEGES í Danmörku*



Rétt stilltur áburðardreifari getur sparað bóndanum mikla fjármuni. Mynd / ÁÞ

# Val á áburði – einkorna eða fjölkorna?

**Um árabil hefur bæði einkorna- og fjölkorna áburður verið fáanlegur á markaði hér á landi. Í einkorna áburði eru öll næringarefni í sama korninu á meðan fjölkorna áburðurinn er blanda áburðarkorna með ólíkt efnainnihald. Fjölkorna áburður er oftast nær ódýrari í framleiðslu og að auki er auðveldara að stilla af hlutföll næringarefna við framleiðslu á fjölkorna áburði. Gallin er hins vegar sá að dreifigæði áburðarins geta verið misjöfn og gjarnan er meira ryk í honum en í einkorna áburði.**

Hvernig tekst til við dreifingu áburðar er samspil margra þátta. Eiginleikar áburðarins skipta hér miklu máli en ekki síður áburðardreifarinn, veðurfar og sjálft verklagið við dreifinguna. Gæði áburðardreifingar eru metin með svokölluðu bakkaprófi, sem gefur mynd af því hvernig áburðurinn dreifist. Út frá niðurstöðum bakkaprófsins er reiknaður út fráviksstuðull (CV). Hann segir okkur hversu mikið hvert mælt gildi víkur frá meðaltalinu. Þannig er dreifing sem hefur CV 5 mjög góð en dreifing sem hefur CV 30 mjög léleg. Hægt er að mæla áhrif fráviksstuðuls á uppskeru. Dæmi um samspil fráviksstuðuls og uppskerutaps má sjá á mynd 1.

Grafið sýnir samhengi á milli gæða áburðardreifingar, uppskerutaps og mats á verðmæti uppskerutaps. Til að gefa dæmi um mögulegt tap vegna ójafnrar áburðardreifingar er stuðst við heimildir um uppskerutap úr skýrslunni Anvendelse av mekanisk blandet gødning. Við verðmat á uppskerutapi er miðað við að við fullkomna áburðardreifingu og ekkert uppskerutap sé uppskera 4.500 kg þe./ha og verðmæti uppskeru sé 40 kr/kg þe. Það má áætla að við áburðardreifingu sé fráviksstuðull að jafnaði á milli 15-30. Í rannsóknum á dreifigæðum mælist fráviksstuðulinn við verstu aðstæður 60.




**Mynd 1. Samhengi er á milli gæða áburðardreifingar, uppskerutaps og mats á verðmæti uppskerutaps.**

### *Dreifigæðin misjöfn*

Dreifigæði eru yfirleitt aðeins metin með því að skoða hvernig áburðurinn sjálfur dreifist. Þannig getur fjölkorna áburður dreifst vel en þegar dreifing einstakra næringarefna eru skoðuð þá getur önnur mynd komið í ljós. Það varð raunin hjá dönsku ráðgjafaþjónustunni SEGES þegar skoðuð var dreifigæði fjölkorna áburðar í rannsókn árið 2015. Niðurstaðan vakti mikla athygli þegar skýrslan var gefin út enda hafði sambærileg rannsókn ekki verið gerð um áraraðir. Fjölkorna áburður sem sýndi jafna dreifingu áburðar reyndist hafa mjög ójafna dreifingu næringarefna. Þessi áhrif koma mjög skýrt fram þegar unnið er með mikla vinnslubreidd séstaklega þegar komið er yfir 24 m vinnslubreidd. Ástæðan er sú að eðlisþyngd áburðarkorna með mismunandi næringarefni er ekki sú sama og því fá kornin mismunandi hröðun þegar þeim er kastað af dreifiskífu áburðardreifarans.

### *Óbeinn kostnaður í formi uppskerutaps*

Til að tryggja sem best dreifigæði þegar borinn er á fjölkorna áburður þarf að stilla vinnslubreidd í hóf. Söluaðilar hafa gjarnan upplýsingar um eiginleika áburðarins og hvernig best er að stilla mismunandi dreifara. Gæði fjölkorna áburðar eru misjöfn. Í mörgum tilfellum er hægt að ná viðunandi dreifigæðum. Hins vegar jafnast dreifigæðin seint við það sem næst með dreifingu einkorna áburðar. Það er mikilvægt að huga vel að dreifigæðum áburðar þegar valið er á milli einkorna eða fjölkorna áburðar og gæta að því að ójafnri áburðardreifingu fylgir óbeinn kostnaður í formi uppskerutaps.

*/Unnsteinn Snorri Snorrason, ráðgjafi.*


**Heimildir:**
*Anvendelse af mekanisk blandede gødning. 2015. Farmtest maskiner og plantalv nr. 140. SEGES.*



**Útvegum varahluti í flestar gerðir traktora og vinnuvéla. Einnig olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja.**





Við sérhæfum okkur í **JCB**, **Hydrema**, **Iveco**, **New Holland**, **Case** og nú:




Hafið samband og við aðstoðum við að útvega réttu varahlutina.

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is



# TIL SÖLU



**20296 – Bjarkarbraut 2 (Hlíð), Laugarvatni.**
Um er að ræða fyrrum kennaraíbúð og heimavist Héraðsskólans á Laugarvatni, samtals 341,0 $m^2$, byggð árið 1940, vel staðsett.



**20298 – Bjarkarbraut 4 (Mörk), Laugarvatni.**
Um er að ræða fyrrum kennaraíbúð og heimavist Héraðsskólans á Laugarvatni, samtals 435,2 $m^2$, byggð árið 1940, vel staðsett.



**20297 – Bjarkarbraut 1 (Björk), Laugarvatni.**
Um er að ræða fyrrum heimavist Héraðsskólans á Laugarvatni, samtals 284,0 $m^2$, byggð árið 1950, stílhreint hús á fallegum útsýnisstað.



**20192 - Kríunes II, Hrísey til sölu eða leigu**
Um er að ræða hús sem talið er vera 749,6 m2 að stærð. Skráð sem fjórar einingar. Landnr. 222439, fastanr. 215-6367. Húsið var byggt árið 1974 undir nautgripaeldi og rannsóknir. Heimilt er að skila inn kauptilboðum og/eða tilboðum í leigu á öllu húsnæðinu eða hluta þess.



**20473 – Strandgata 55, Fjarðabyggð, Eskifirði, eigandi Íslandspóstur ohf.**
Um er að ræða eignarhluta Íslandspósts samtals 174,0 $m^2$, neðri hæð, í steinsteyptu húsi. Eignin samanstendur af afgreiðslusal, kaffistofu, snyrtingu og starfsmannarými.



**20480 – Miðás 1, Egilsstöðum, húsnæði Vinnumálastofnunar.**
Um er að ræða 120 $m^2$ efri hæð í vel staðsettu húsnæði á Egilsstöðum, tvær skrifstofur, fundarsalur fyrir 16 – 18 manns, rúmgóð afgreiðsla og lítil eldhúsaðstaða.

Eignirnar seljast í því ástandi sem þær eru í en bjóðendur eru hvattir til að kynna sér ástand þeirra vel. Tilboðseyðublöð liggja frammi hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.

Gögnin eru aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10:00 þann 14. febrúar 2017 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



DEKKJASALA AKUREYRAR

**Úrval hjólbarða á betra verði**

**Fólksbíla-, traktora-, vinnuvéla-, vagna-, jeppa,- og vörubíladekk í úrvali.**



Vinnu- og dráttarvéladekk

**20%**
**afsláttur af öllum dekkjum til 15. febrúar 2017**



Double Star Jeppadekk 35x12,5x15



Double Star vörbíladekk

Ármann sími 896 8462 og Tryggvi 896 4126

MOTUL Smurþjónusta

Hjólbarðaþjónusta - Smurþjónusta - Þrif á bílum - vönduð handverkfæri og fl.
(Jason ehf.) Njarðarnesi 1 sími 460 4350

# Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2016

Sigurður Kristjánsson
Skýrsluhald
sk@rml.is



Guðmundur Jóhannsson
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is



**Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2016 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins www.rml.is. Hér á eftir verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu. Þeir framleiðendur sem skiluðu upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 575 en á árinu 2015 voru þeir 580. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 24.999,2 árskýr skiluðu 6.129 kg nyt að meðaltali. Það er afurðaaukning um 278 kg frá árinu 2015 en þá skiluðu 25.609,9 árskýr meðalnyt upp á 5.851 kg. Jafnframt eru þetta mestu meðalafurðir frá upphafi vega og í fyrsta skipti sem þær ná yfir 6.000 kg eftir árskú.**

Meðalbústærð á landinu reiknaðist 43,5 árskýr á árinu 2016 en sambærileg tala var 44,0 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 59,5 kýr en 2015 reiknuðust þær 56,8.

### *Mestar meðalafurðir voru í Skagafirði*

Þegar litið er á niðurstöður eftir svæðum kemur í ljós að í Skagafirði eru meðalafurðir mestar, 6.486 kg eftir árskú, en skammt undan er Austurland með 6.424 kg á árskú. Þar hafa afurðir aukist mjög milli ára en árið 2015 voru þær 5.848 kg/árskú. Þriðja sæti verma Árnesingar en þar skilaði árskýrin að meðaltali 6.379 kg. Stærst voru búin í Eyjafirði, 53,5 árskýr en minnst í Suður-Þingeyjarsýslu 27,9 árskýr.

### *Meðalbúið aldrei stærra*

Meðalbústærð jókst umtalsvert milli ára enda jókst innlegg mjólkur um 4,3 milljónir lítra milli ára. Meðalinnlegg á bú með innlegg allt árið nam 250.182 lítrum samanborið við 233.991 lítra á árinu 2015. Þetta er aukning upp á 6,92%. Á sama tíma fækkaði innleggjendum mjólkur um 40 talsins og voru kúabú í framleiðslu 580 talsins nú um áramótin 2016/17.

### *Íslandsmet á Brúsastöðum í Vatnsdal*

Mest meðalnyt eftir árskú á nýliðnu ári, 2016, var á búi Brúsa ehf. á Brúsastöðum í Vatnsdal, 8.990 kg á árskú. Þar með féll fimm ára gamalt Íslandsmet þeirra Ólafs og Sigurlaugar í Hraunkot í Landbroti en það var 8.340 kg á árskú á árinu 2011. Búið á Brúsastöðum var fimmta afurðahæsta búið á árinu 2015 en vermdi efsta sæti listans árin 2013 og 2014. Árangur þeirra hjóna Gróu Margrétar Lárusdóttur og Sgurðar Eggerz Ólafssonar á Brúsastöðum undanfarin ár er stórglæsilegur enda hefur eftir honum verið tekið. Þau hlutu m.a. Landbúnaðarverðlaunin 2015 og má taka undir orð þáverandi landbúnaðarráðherra við afhendingu verðlaunanna um að búinu sé sinnt af miklum myndarskap, jafnt hvað umhirðu og góðan árangur varðar en jafnframt og ekki síður hvað ytra umhverfi og ásýnd viðkemur. Annað búið í röðinni árið 2016 var bú Þrastar Þorsteinssonar á Moldhaugum í Eyjafirði en þar var nytin 8.274 kg eftir árskú. Þriðja í röðinni við uppgjörið nú var bú Guðlaugar og Eybergs á Haunhálsi í Helgafellssveit en þar var meðalnyt árskúna 8.173 kg. Í fjórða sæti var bú Félagsbúsins á Syðri-Grund í Höfðahverfi við Eyjafjörð þar sem meðalafurðir árskúnna voru 8.129 kg. Fimmta búið var bú Péturs Friðrikssonar á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd, meðalnytin þar var 8.091 kg eftir árskú. Næsta bú, nr. 6 á listanum, var bú Félagsbúsins á Espihóli í Eyjafirði með meðalafurðir upp á 8.049 kg eftir árskúna. Sjöunda og síðast þeirra sem náðu meðalafurðum yfir 8.000 kg/árskú var bú Pálma Ragnarssonar í Garðakoti í Hjaltadal en þar reiknaðist meðalnyt árskúnna 8.029 kg. Meirihluti þeirra búa, sem hér hafa verið talin, fannst á hliðstæðum lista fyrir ári síðan og þau þeirra sem ekki voru í 10 efstu sætunum þá mátti finna á fyrstu síðu listans yfir afurðahæstu búin árið 2014, þannig að hér eru þeim sem til þekkja öll nöfn kunnugleg. Á 80 búum reiknaðist meðalnyt árskúa yfir 7.000 kg árið 2016 en 51 bú náði því marki árið 2015.

## Bú þar sem meðalnyt var yfir 7.800 kg/árskú

| Bú - árslok 2016 | Skýrsluhaldarar | Fjöldi árskúa | Afurðir kg/árskú |
|---|---|---|---|
| 560112 Brúsastaðir | Brúsi ehf | 50,9 | 8.990 |
| 650926 Moldhaugar | Þröstur Þorsteinsson, Moldhaugum | 60,8 | 8.274 |
| 370179 Hraunháls | Guðlaug og Eyberg | 28,1 | 8.173 |
| 660220 Syðri-Grund | Félagsbúið Syðri-Grund | 51,8 | 8.129 |
| 660104 Gautsstaðir | Pétur Friðriksson | 98,6 | 8.091 |
| 651005 Espihóll | Félagsbúið Espihóli | 61,4 | 8.049 |
| 570925 Garðakot | Pálmi Ragnarsson | 65,2 | 8.029 |
| 660519 Stóru-Tjarnir | Stóru-Tjarnir ehf | 51,8 | 7.981 |
| 761412 Núpur | Björgvin Rúnar Gunnarsson | 83,9 | 7.950 |
| 860326 Skíðbakki | Rútur og Guðbjörg - Skíðbakka 1 | 59,8 | 7.925 |
| 870909 Skáldabúðir | Gunnbjörn ehf | 58,4 | 7.923 |
| 870840 Reykjahlíð | Búkostir ehf. | 70,5 | 7.914 |
| 570314 Sólheimar | Valdimar Óskar Sigmarsson | 36,2 | 7.904 |
| 350513 Hvanneyri | Hvanneyrarbúið ehf. | 68,8 | 7.859 |

## Nythæstu kýrnar árslok 2016

| Kýr | Faðir | Árs-afurðir | Prótein | Fita | Bú |
|---|---|---|---|---|---|
| 0676 Nína | 02016 Ófeigur | 13.833 | 3,95 | 4,02 | 560112 Brúsastaðir |
| 0336 Hrísa | 02012 Skurður | 13.779 | 3,33 | 4,20 | 850319 Austurhlíð |
| 0684 Stebba Dýra. | 04009 Salómon | 13.621 | 3,84 | 3,59 | 560112 Brúsastaðir |
| 1161 Skvís | 0965 Óskar | 13.594 | 3,82 | 4,17 | 570210 Gil |
| 1348671-0131 Króna | 1349391-0198 | 13.400 | 3,22 | 3,78 | 350802 Ásgarður |
| 0624 Pollýanna | 03014 Hegri | 13.181 | 3,91 | 4,04 | 560112 Brúsastaðir |
| 1229 Urður | 00010 Laski | 13.148 | 2,86 | 2,84 | 350513 Hvanneyri |
| 0695 Surtla | 09047 Gæi | 13.110 | 3,33 | 3,72 | 650926 Moldhaugar |
| 1722 Aska | 08058 Vegbúi | 12.869 | 3,18 | 3,70 | 770190 Flatey |
| 0439 Klukka | 07049 Húfur | 12.733 | 3,51 | 4,14 | 651110 Grænahlíð |
| 0683 Brella | 07049 Húfur | 12.708 | 3,31 | 3,52 | 870934 Gunnbjarnarholt |
| 0562 Raun | 06039 Baggalútur | 12.611 | 3,12 | 4,26 | 871058 Hrepphólar |
| 0857 Rita | 03014 Hegri | 12.483 | 3,65 | 3,76 | 870840 Reykjahlíð |
| 0342 Lilja | 09048 Stuldur | 12.413 | 3,40 | 4,55 | 560106 Hnjúkur |
| 0917 Yrsa | 08041 Sigurfari | 12.380 | 3,26 | 3,82 | 871080 Auðsholt 1 |
| 0961 Lína | 08068 Teningur | 12.306 | 3,82 | 4,02 | 660102 Efri-Dálksstaðir |
| 1528281-1129 Svipa | 10038 Svipur | 12.194 | 3,35 | 4,16 | 650926 Moldhaugar |
| 0599 Björt | 02001 Glæðir | 12.147 | 3,46 | 3,36 | 660440 Dæli |
| 1445621-0150 Korna | 98046 Hræsingur | 12.069 | 3,59 | 3,90 | 560112 Brúsastaðir |
| 0537 Lilja | 02042 Þrymur | 12.033 | 3,46 | 4,02 | 570925 Garðakot |
| 1359891-0258 Rola | 06001 Dreitill | 12.033 | 3,74 | 5,37 | 360592 Laxárholt 2 |

## Ársuppgjör afurðaskýrslna nautgriparæktarinnar 2016

| Uppgjörssvæði | Árskýr | Afurðir á árskú | Fita % | Prótein % | Heilsárs-kýr | Kýr á skýrslu | Í skýrsluhaldi í des. 2016 | Skiluðu skýrsl- um í des. 2016 | Skiluðu skýrslum 2016 | Skrá kjarnfóður | Kjarnf. á árskú kg | Meðal-bústærð (árs- kýr) | Meðal- bústærð (skýrsluf. kýr) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kjalarnesþing | 282,9 | 5.128 | 3,98 | 3,26 | 170 | 410 | 6 | 6 | 7 | 2 | 1.254 | 40,4 | 58,6 |
| Borgarfjörður | 2.151,8 | 5.752 | 4,21 | 3,40 | 1.506 | 2.916 | 47 | 47 | 51 | 27 | 723 | 42,2 | 57,2 |
| Snæfellsnes | 668,0 | 6.238 | 4,47 | 3,37 | 459 | 953 | 19 | 18 | 21 | 7 | 782 | 31,8 | 45,4 |
| Dalasýsla | 407,5 | 5.535 | 4,10 | 3,42 | 255 | 562 | 8 | 8 | 9 | 4 | 748 | 45,3 | 62,4 |
| Vestfirðir | 628,7 | 5.535 | 4,09 | 3,44 | 450 | 792 | 17 | 17 | 17 | 10 | 936 | 37,0 | 46,6 |
| Húnavatnssýslur og Strandir | 1.371,4 | 6.194 | 4,22 | 3,41 | 937 | 1891 | 43 | 41 | 45 | 25 | 877 | 30,5 | 42,0 |
| Skagafjörður | 2.475,8 | 6.486 | 4,25 | 3,50 | 1.663 | 3.347 | 47 | 46 | 49 | 27 | 980 | 50,5 | 68,3 |
| Eyjafjörður | 4.703,9 | 6.235 | 4,24 | 3,46 | 3.157 | 6.402 | 83 | 82 | 88 | 41 | 611 | 53,5 | 72,8 |
| Suður-Þingeyjarsýsla | 1.481,2 | 5.990 | 4,23 | 3,49 | 1006 | 1.978 | 48 | 48 | 53 | 22 | 625 | 27,9 | 37,3 |
| Austurland | 978,9 | 6.424 | 4,20 | 3,48 | 688 | 1.292 | 22 | 22 | 23 | 13 | 794 | 42,6 | 56,2 |
| Austur-Skaftafellssýsla | 501,5 | 6.347 | 4,21 | 3,41 | 291 | 709 | 10 | 10 | 10 | 5 | 863 | 50,2 | 70,9 |
| Vestur-Skaftafellssýsla | 776,4 | 5.178 | 4,21 | 3,39 | 493 | 1093 | 23 | 23 | 27 | 10 | 469 | 28,8 | 40,5 |
| Rangárvallasýsla | 3.556,7 | 5.973 | 4,26 | 3,45 | 2.384 | 4.991 | 75 | 73 | 75 | 22 | 591 | 47,4 | 66,5 |
| Árnessýsla | 5.014,6 | 6.379 | 4,17 | 3,42 | 3.484 | 6.853 | 99 | 99 | 100 | 45 | 927 | 50,1 | 68,5 |
| Samtals | 24.999,2 | 6.129 | 4,22 | 3,44 | 16.943 | 34.189 | 547 | 540 | 575 | 260 | 765 | 43,5 | 59,5 |

## Mestu afurðir á hverju svæði 2016

| Uppgjörssvæði | Bú - árslok 2016 | Skýrsluhaldarar | Fjöldi árskúa | Afurðir kg/árskú |
|---|---|---|---|---|
| Kjalarnesþing | 260121 Káranes | Káranes ehf | 74,7 | 6.566 |
| Borgarfjörður | 350513 Hvanneyri | Hvanneyrarbúið ehf. | 68,8 | 7.859 |
| Snæfellsnes | 370179 Hraunháls | Guðlaug og Eyberg | 28,1 | 8.173 |
| Dalasýsla | 380184 Lyngbrekka | Sigrún og Ármann Lyngbrekku 2 | 31,9 | 7.665 |
| Vestfirðir | 480204 Botn 2 | Björn og Svavar | 71,3 | 7.187 |
| Húnavatnssýslur og Strandir | 560112 Brúsastaðir | Brúsi ehf | 50,9 | 8.990 |
| Skagafjörður | 570925 Garðakot | Pálmi Ragnarsson | 65,2 | 8.029 |
| Bsb. Eyjafjarðar | 650926 Moldhaugar | Þröstur Þorsteinsson, Moldhaugum | 60,8 | 8.274 |
| Bsb. Suður-Þingeyinga | 660519 Stóru-Tjarnir | Stóru-Tjarnir ehf | 51,8 | 7.981 |
| Austurland | 761412 Núpur | Björgvin Rúnar Gunnarsson | 83,9 | 7.950 |
| Austur-Skaftafellssýsla | 770116 Seljavellir | Eiríkur Egilsson | 67,0 | 7.072 |
| Vestur-Skaftafellssýsla | 850319 Austurhlíð | Bergur Sigfússon | 25,0 | 6.877 |
| Rangárvallasýsla | 860326 Skíðbakki | Rútur og Guðbjörg - Skíðbakka 1 | 59,8 | 7.925 |
| Árnessýsla | 870909 Skáldabúðir | Gunnbjörn ehf | 58,4 | 7.923 |

### *Nína 676 á Brúsastöðum í Vatnsdal mjólkaði mest og setti nýtt Íslandsmet*

Nythæsta kýrin á skýrsluhaldsbúunum árið 2016 var Nína 676, undan Ófeigi 02016, en hún mjólkaði 13.833 kg með 4,02% fitu og 3,95% prótein og sló þar með tíu ára gamalt Íslandsmet Blúndu 468 á Helluvaði á Rangárvöllum sem var 13.327 kg. Burðartími Nínu féll ágætlega að almanaksárinu en hún bar sínum þriðja kálfi 7. febrúar 2016. Það þarf ekki að orðlengja að Nína er gríðarmikil mjólkurkýr og sýndi það strax á sínu fyrsta mjólkurskeiði er hún fór hæst í 32 kg dagsnyt. Á nýliðnu ári fór hún hæst í 55,0 kg dagsnyt og var enn í 28 kg nyt í desember s.l. Skráðar æviafurðir hennar voru 31.387 kg um síðustu áramót en sinn fyrsta kálf átti hún 25. janúar 2014, þá 24 mán. að aldri.

Önnur í röðinni árið 2016 og skammt á hæla Nínu 676 var Hrísa 336 í Austurhlíð í Skaftártungu, undan Skurði 02012, en hún mjólkaði 13.779 kg með 4,20% fitu og 3,33% prótein. Þessi kýr bar sínum fimmta kálfi 17. desember 2015 og fór hæst í 43,8 kg dagsnyt á árinu 2016. Skráðar æviafurðir hennar eru 43.160 kg. Þriðja nythæsta kýrin var Stebba Dýra 684 á Brúsastöðum í Vatnsdal, undan Salómon 04009, en nyt hennar á árinu var 13.621 kg með 3,59% fitu og 3,84% prótein. Hún bar sínum öðrum kálfi 12. desember 2015, fór hæst í 50 kg dagsnyt og skráðar æviafurðir hennar eru 25.504 kg. Fjórða nythæsta kýrin var Skvís 1161 á Gili í Skagafirði, sonardóttir Víðkunns 06034, en hún mjólkaði 13.594 kg með 4,17% fitu og 3,82% prótein.



Hún bar sínum öðrum kálfi 2. desember 2015, fór hæst í 46 kg dagsnyt á árinu og skráðar æviafurðir eru 22.915 kg. Fimmta í röðinni var Króna 131 í Ásgarði í Reykholtsdal, fædd á Gunnlaugsstöðum í Stafholtstungum. Króna sem er sonardóttir Stígs 97010, bar sínum sjöunda kálfi 26. nóvember 2015 og fór hæst í 51 kg dagsnyt en hún skilaði 13.400 kg á árinu með 3,78% fitu og 3,22% prótein. Skráðar æviafurðir Krónu eru 69.769 kg.

Rétt er að vekja athygli á þeirri kú sem skipar sjöunda sæti listans að þessu sinni. Þar fer hin gamalkunna Urður 1229, dóttir Laska 00010, á Hvanneyri en hún mjólkaði 13.148 kg á árinu með 2,84% fitu og 2,86 prótein. Hún var felld núna 11. janúar s.l. vegna elli og var þá búin að skila sínu og vel það. Skráðar æviafurðir hennar á sjö mjólkurskeiðum eru 77.468 kg. Hún bar 1. kálfi 22. des. 2009 og mjólkaði í 7,0 ár að meðaltali 11.020 kg á ári. Þessu til viðbótar skilaði hún kynbótanautinu Úranusi 10081, en faðir hans er Síríus 02032. Úranus kom nú á haustdögum úr afkvæmaprófun og stendur meðal efstu nauta í heildareinkunn. Annar sonur Urðar, Plútó 14074, bíður nú afkvæmadóms en faðir hans er Toppur 07046. Að auki er hún móðurmóðir Bagga 14043 frá Hvanneyri sem sömuleiðis bíður nú niðurstöðu afkvæmadóms.

Alls skilaði 71 kýr afurðum yfir 11.000 kg og þar af 20 yfir 12.000 kg. Árið 2015 náðu 44 kýr nyt yfir 11.000 kg.

Mjólkurframleiðendum öllum, en ekki síst ábúendum á Brúsastöðum, óskum við til hamingju með glæsilegan árangur og þökkum samstarfið á liðnu ári.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins RML



**Eyþór Einarsson**
ábyrgðarmaður
í sauðfjárrækt
ee@rml.is

# Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt 2016

**Gerðar voru upp afkvæmarannsóknir á 82 búum sem uppfylla skilyrði fagráðs í sauðfjárrækt sem styrkhæfar afkvæmarannsóknir. Alls eru 844 hrútar prófaðir og þar af 518 veturgamlir. Markmiðið með þessari vinnu er, eins og flestir bændur þekkja, að stuðla almennt að nákvæmara úrvali fyrir skrokkgæðum, að stuðla að því að veturgamlir hrútar séu metnir út frá afkvæmadómi og að auka notkun á lambhrútum.**



Þá eru ómmælingarnar besta leiðin í dag til að bæta raunveruleg skrokkgæði með mælingu á einum dýrmætasta vöðva skrokksins og styrkurinn fyrst og fremst til að koma á móts við vinnu sem það felur í sér. Þátttakan í ár er næstum helmingi meiri en í fyrra og skýrist það að hluta af breyttum skilyrðum um lágmarksfjölda veturgamalla hrúta, en þau voru lækkuð úr 5 hrútum í 4 og síðan aukinni eftirfylgni ráðunauta gagnvart því að rannsóknirnar séu unnar. Mest þátttaka í afkvæmarannsóknum var í Strandasýslu, Dalasýslu og Skagafirði þar sem 9 til 10 bú ná að uppfylla skilyrðin.

### *Yfirburðahrútar eru mjög verðmætir*

Í meðfylgjandi töflu eru listaðir upp þeir hrútar sem ná 120 stigum eða hærra í heildareinkunn. Heildareinkunnin er meðaltal einkunna fyrir þá þrjá þætti, en þær byggja á fallþunga, líflambamati og kjötmatsniðurstöðum. Einkunnir byggja á frávikum hrútanna frá meðaltali afkvæmarannsóknar á viðkomandi búi og því er hæpið að bera heildareinkunn þeirra saman milli búa. Hrútar sem sýna mikla yfirburði eru að sjálfsögðu mjög verðmætir fyrir viðkomandi bú og oft eru þetta hrútar sem jafnframt gætu átt erindi sem sæðingastöðvahrútar. Gjarnan er þá reynt að prófa hrútana frekar í sérstökum afkvæmarannsóknum fyrir úrvalshrúta á viðkomandi svæði. Mjög jafnar niðurstöður geta þýtt að enginn hrútur sé afgerandi góður eða enginn afgerandi slæmur. Því má t.d. ætla að ólíklegra sé að hrútar sýni mikið útslag í rannsókn þar sem úrvalshrútum hefur verið safnað saman.

### *Saumur á flesta hrúta í afkvæmarannsóknum*

Sá hrútur sem á langflesta (38) hrúta í afkvæmarannsóknum er Saumur 12-915 frá Ytri-Skógum. Þá er allstór hópur undan Hvata 13-926, Sprota 12-936, Bósa 08-901, Bekra 12-911, Kölska 10-920 og Tjaldi 11-922. Sé hinsvegar skoðaðir feður hrúta sem ná 110 eða hærra í heildareinkunn eru þeir Saumur 12-915 og Hvati 13-926 atkvæðamestir.

Sá hrútur sem mest útslag gerði í haust heitir Dúddi 14-699 til heimils að Hlíð í Hörðudal. Hrútur þessi var fenginn frá Ósi við Akranes, en er í móðurætt frá Oddstöðum í Lundarreykjardal og í föðurætt rekur hann sig til Kvists 07-866 frá Klifmýri. Dúddi sýnir geysilega yfirburð á búinu hvað varðar holdfyllingu og þroska lamba sem skilar honum þessari háu einkunn. Í þessum samanburði eru 12 hrútar og ríflegur fjöldi lamba að baki hverjum þeirra, sem styrkir þennan dóm. Á Ketilseyri í Dýrafirði voru 9 hrútar í samanburði. Þar er einnig tveggja vetra hrútur sem stendur á toppnum, Frosti 14-052. Hann var líka afgerandi hæstur á Ketilseyri haustið 2015 og sannar því aftur yfirburði sýna sem felast í geysilega góðri holdfyllingu, þykkum bakvöðva og hóflegri fitu. Frosti er sonur Guðna 09-902 frá Mýrum 2 og í móðurætt má rekja ættir í Tengil 05-830 frá Brekku og Bifur 06-994 frá Hesti. Þriðji efsti hrúturinn á listanum er frá Hróðnýjarstöðum í Laxárdal, Ylur 14-522. Ylur er út af Svala 10-862 frá Melum í föðurætt og Spak 03-976 frá Broddanesi í móðurætt. Á síðasta ári skipaði Ylur annað sætið í afkvæmarannsókn búsins en þá stóð faðir hans Illur 12-532 efstur.

Nánari umfjöllun um niðurstöður afkvæmarannsókna verður aðgengileg inni á www.rml.is þar sem undirritaður, ásamt Árna B. Bragasyni, gera niðurstöðum frá hverju búi skil.

| Nafn | Númer | Bú | Faðir Nafn | Faðir Númer | Eink. Fallþ. | Eink. kjötmat | Eink. líflömb | Eink. Heild |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Dúddi | 14-699 | Hlíð, Hörðudal | Sproti | 12-685 | 117,2 | 138,1 | 173,6 | 142,9 |
| Frosti | 14-052 | Ketilseyri, Dýrafirði | Guðni | 09-902 | 108,8 | 144,6 | 161,3 | 138,2 |
| Ylur | 14-522 | Hróðnýjarstaðir, Laxárdal | Illur | 12-532 | 109,7 | 136,8 | 153,5 | 133,3 |
| | 14-608 | Þorvaldsstaðir, Breiðdal | Steri | 07-855 | 126,9 | 128,5 | 138,4 | 131,2 |
| Glaumur | 11-041 | Smyrlabjörg, Suðursveit | Gosi | 09-850 | 113,7 | 130,1 | 147,9 | 130,5 |
| Fannar | 15-790 | Burstafell, Vopnafirði | Danni | 12-923 | 105,5 | 131,3 | 144,7 | 127,2 |
| Botni | 14-002 | Árholt, Tjörnesi | Grámann | 10-884 | 105,3 | 139,3 | 135,6 | 126,7 |
| Nagli | 15-028 | Brúnastaðir, Fljótum | Saumur | 12-915 | 112,7 | 108,9 | 157,7 | 126,4 |
| Lárus | 15-567 | Grænahlíð, Ketildölum | Gutti | 12-030 | 106,7 | 147,5 | 123,3 | 125,8 |
| Flotti | 14-309 | Innri-Múli, Barðaströnd | Hreggur | 09-315 | 104,3 | 148,2 | 122,5 | 125,0 |
| Gosi | 15-411 | Hauksstaðir, Vopnafirði | Glókollur | 14-403 | 101,7 | 127,9 | 145,5 | 125,0 |
| Hnokki | 15-667 | Sámsstaðir, Hvítársíðu | Hvati | 13-926 | 101,6 | 128,7 | 144,6 | 125,0 |
| Bjartur | 15-543 | Ytri-Skógar, A-Eyjafjöllum | Drumbur | 10-918 | 101,4 | 112,9 | 157,0 | 123,8 |
| Toppur | 15-231 | Skerðingsstaðir, Hvammssveit | Saumur | 12-915 | 94,4 | 135,6 | 139,7 | 123,2 |
| | 15-515 | Svarfhóll, Laxárdal | Saumur | 12-915 | 95,0 | 120,9 | 152,1 | 122,7 |
| Seðill | 15-244 | Ríp, Hegranesi | Arður | 14-248 | 99,1 | 130,1 | 137,7 | 122,3 |
| Moli | 15-798 | Hjarðarfell, Miklaholtshreppi | Saumur | 12-915 | 95,5 | 143,7 | 126,8 | 122,0 |
| Goði | 13-342 | Forsæludalur, Vatnsdal | Mjaldur | 11-551 | 118,0 | 126,3 | 120,7 | 121,7 |
| Frami | 11-250 | Ríp, Hegranesi | Kubbur | 10-243 | 96,2 | 138,3 | 128,6 | 121,1 |
| Jón H | 15-021 | Syðri-Sandhólar, Tjörnesi | Guðni | 09-902 | 99,0 | 144,8 | 119,3 | 121,0 |
| Dagur | 13-109 | Hof 2, Fellum | Dagur | 11-034 | 109,4 | 114,1 | 138,5 | 120,7 |
| Tungu-Kjarkur | 14-705 | Miðdalur, Svartárdal Skagaf. | Kjarkur | 08-840 | 107,0 | 113,0 | 141,9 | 120,6 |
| Gunni | 15-739 | Melar, Hrútafirði | Þristur | 14-018 | 95,4 | 135,3 | 131,3 | 120,6 |
| Tjaldur | 15-111 | Tunga, Göngusköröum | Tjaldur | 11-922 | 102,0 | 113,2 | 146,2 | 120,5 |

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Eindrifs Hyundai Tucson með 141 hestafla vél:

# Fólksbíll sem lítur út eins og jepplingur

**Í byrjun hvers árs keppast innflutningsaðilar nýrra bíla við að auglýsa frumsýningar á nýjasta trompi hvers umboðs. Úrvalið er töluvert og erfitt getur verið að velja úr mörgum kostum. Í ár byrjaði ég á að fara í Hyundai-umboðið. Þar varð fyrir valinu Hyundai Tucson eindrifsbíll sem hingað til hefur eingöngu verið í boði sem fjórhjóladrifinn jepplingur.**



Hyundai Tucson Comfort 2wd, 1,7 dísil. Myndir / HLJ

### *Aukin þægindi*

Eins og áður sagði er Hyundai Tucson bíllinn eindrifs bíll og er fyrir vikið verðið á honum um 800.000 kr. lægra en á fjórhjóladrifsbílnum. Í boði eru þrjár mismunandi bifreiðar af Hyundai Tucson og er verðið frá 3.890.000 á þeim ódýrasta, en bíllinn sem prófaður var heitir Hyundai Tucson Comfort og er með 141 hestafli 1,7 lítra dísilvél, sjálfskiptur með 7 þrepa skiptingu. Strax og ég settist inn í bílinn var ég hrifinn af sætunum sem eru afar þægileg með stillanlegan bakstuðningi. Hitarinn er fljótur að hita sætið sem er kostur. Fótapláss er gott fyrir bæði ökumann og farþega í framsætum. Í stýrinu er hitari sem mér er farið að finnast að ætti að vera staðalbúnaður í innfluttum bílum á Íslandi (þetta er svo þægilegt í vetrarkuldanum).

### *Sparneytin vél og nánast stiglaus skipting*

Það verður ekki annað sagt en að það er afar þægilegt að keyra Hyundai Tucson Comfort. Sjö þrepa skiptingin er það mjúk að maður finnur ekkert fyrir skiptingum, hvorki þegar bíllinn skiptir sér upp eða niður. Eyðslan á 1,7 lítra vélinni er afar lítil, en rétt fyrst á meðan vélin er að hitna er maður að sjá háar eyðslutölur í aksturstölvu bílsins. Eftir um þriggja til fimm mínútna akstur er vélin búin að ná kjörhita og eyðslan er komin niður undir fimm lítra á hundraðið í blönduðum akstri. Uppgefin eyðsla á bílnum er 4,9 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri. Í prufuakstrinum hjá mér var mín eyðsla 7,1 lítri að meðaltali, en þess ber að geta að allan tímann var hávaðarok og ausandi rigning. Ég er mjög sáttur við eyðsluna miðað við að bíllinn var prófaður við verstu hugsanlegu aðstæður gagnvart eyðslu.

### *Mikið farangursrými og aðgengilegt*

Flestir nýir bílar eru með ljósabúnað þar sem bara eru ledljós framan á bílnum, en ekki er löglegt að vera þannig „ljósaður“ í umferð. Á Hyundai Tucson þarf að kveikja ljósin til að fá afturljósin á og mæli ég með því til þeirra sem eiga svona bíl að hafa alltaf ljósatakkann, á þar sem að þegar drepið er á bílnum og honum læst slokkna öll ljós eftir 7–10 sek. Ekki er hægt að skilja við umræðuna um ljós á þessum bíl án þess að hæla góðum og velsjáanlegum afturljósum sem eru bæði stór og skær. Þau sjást mjög vel í slæmu skyggni. Farangursrýmið er stórt, 513 lítra með sætin uppi og 1.503 lítrar með sætin niðri. Undir farangursrýminu er fullbúið varadekk sem er ekki sjálfgefið í mörgum öðrum nýjum bílum (margir án varadekks eða með það sem ég kalla „aumingja“).

**Helstu mál**

| | |
|---|---|
| Hæð | 1.645 mm |
| Breidd | 1.850 mm |
| Lengd | 4.475 mm |



Ljósin slokkna sjálfkrafa eftir 7–10 sek. ef ljósatakkinn er alltaf svona þegar skilið er við bílinn.



Hátt undir bílinn sem hentar vel til aksturs á malarvegum og í snjó.



Framsætin eru góð og óvenju mikið fótarými.



Stór og björt afturljós er mikill kostur við aðstæður sem oft skapast á íslenskum vegum.



Fullbúið varadekk á álfelgu undir stóru farangursrýminu.

### *Hyundai hefur skapað sér traust vegna lágrar bilanatíðni*

Þessi bíll er nánast óaðfinnanlegur sem eindrifsbíll (sjálfur vil ég helst hafa fjórhjóladrif). Allir Hyundai eru með 5 ára ábyrgð enda hefur Hyundai verið sá bíll sem hefur einna lægstu bilanatíðni af öllum bílum samkvæmt erlendum vefmiðlum um bilanatíðni bíla undanfarin ár. Kaup á Hyundai Tucson eindrifsbílnum miðað við verð og þægindi eru góð kaup að mínu mati. Allar nánari upplýsingar um bílinn veita sölumenn hjá Hyundai eða á vefsíðunni www.hyundai.is.

Steinullar Yleiningar
Fjölbreytt litaúrval, stuttur afgreiðslutími



STRÚKTÚR
| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Þverholti 2 | 270 Mosfellsbæ | Sími: 588 6640 |

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Systur og bændur og hanna öðruvísi vinnufatnað

**Systurnar og bændurnir Thrine Bye Heggum og Ine Bye Rossetnes frá Grong í Norður-Þrændarlögum í Noregi búa nánast hlið við hlið og sinna fjósastörfum og fleiru á sínum bæjum en fannst skorta vinnufatnað fyrir konur svo úr varð fyrirtækið Traktorpikene fyrir nokkrum árum. Nú hanna þær og selja litríkan og klæðilegan vinnufatnað fyrir konur og börn.**

„Þetta ævintýri byrjaði fyrir rúmum þremur árum þegar ég var í fæðingarorlofi með annað barn mitt. Ég var ekki með vinnu fyrir utan búið eftir orlofið og hugsaði mikið hvað ég gæti gert. Við erum með smá „hobbí“-búskap á bænum með til dæmis hænur, kalkúna, fasana, hesta og fleira og ég var að stússast í kringum það og sinnti mismunandi störfum utandyra. Einnig fáum við grunnskólanemendur í heimsókn á bæinn á vorin og haustin sem læra um mismunandi framleiðslu í landbúnaði,“ útskýrir Thrine og bætir við:

„Ine systir hafði verið með í Opnum landbúnaði og vann þar heilmikið úti við í tengslum við dýrin og viðhald á bænum en að auki bua laxveiðimenn allt sumarið hjá þeim. Við upplifðum oft að okkur fannst við ekki líta nógu vel út í þeim vinnufötum sem við höfðum og snið og efni gerðu manni oft þungt og erfitt fyrir að vinna í og svo gátu þau líka orðið of hlý. Okkur fannst við ekki geta sýnt okkur í þeim gagnvart öðru fólki, svo langt gekk það. Þannig gerðist það og var minnisstætt að Ine laumaðist baka til að skipta um föt þegar veiðimennirnir komu. Upp frá þessu fórum við að leita á Netinu að kvenlegri vinnufatnaði en það var ekki auðvelt að finna.“



Byrjað var að þróa og hanna vinnufatnað fyrir konur undir merkjum Traktorpikene fyrir rúmum þremur árum. Vinnufatnaðurinn er nú einnig til fyrir börn og ungmenni í ólíkum útfærslum og hefur verið vel tekið. Myndir / Traktorpikene



Systurnar og bændurnir Thrine Bye Heggum og Ine Bye Rossetnes frá Grong í Norður-Þrændarlögum í Noregi.



Nú geta ófrískar konur einnig fengið þægilegan vinnufatnað.

### *Hugmyndir settar á blað*

Nú voru systurnar komnar með hugmynd og þor til að fara enn lengra og bæta úr þeim vinnufatnaði sem til var á markaðnum.

„Við hugsuðum að þarna væri komið kjörið tækifæri til að byrja á einhverju sjálfar svo við settumst niður og skrifuðum niður hugmyndir og kröfur sem okkur fannst þurfa að hafa varðandi snið, liti og fleira. Því næst leituðum við til Innovasjon Norge sem styður við nýsköpun og frumkvöðla og spurðum hreint út hvort okkar hugmynd væri nógu góð til að styrkja og sem betur fer var okkur svarað játandi. Fjölskyldurnar okkar hafa styrkt okkur gríðarlega vel í þessu ævintýri og hjálpað okkur mikið með ýmislegt,“ segir Thrine, sem er yngst fjögurra barna og er innanhússarkitekt að mennt.

Ine er elst og menntuð sem félagsráðgjafi. Systurnar ólust upp á bænum Heggum þar sem fyrirtækið Traktorpikene er í dag. Thrine býr enn á Heggum með foreldrum sínum sem sjá enn um rekstur sveitabæjarins en sjálf hefur hún óðalsrétt hans. Rétt norðar, steinsnar frá, býr Ine með sinni fjölskyldu á öðrum bæ.

### *Ekki eingöngu fyrir bændur*

Systurnar og fyrirtækið voru tilnefndar í landskeppni í Noregi fyrir bestu þróun fyrirtækis og einnig hafa þær verið sýnilegar á ýmsum bændahátíðum og sýningum og verið vel tekið.

„Vörunum hefur verið gríðarlega vel tekið og við höfum fengið mikinn stuðning. Fólk er mjög jákvætt gagnvart vörunum og finnst hugmyndin okkar góð ásamt því að tími hafi verið kominn til að konur gætu valið sér góð og fín vinnuföt. Körlunum finnst þetta líka mjög skemmtilegt og taka fullir áhuga þátt í þessu,“ segir Thrine og bætir við:

„Þetta er ekki eingöngu fyrir bændur þó að við finnum fyrir því að stærsti markaðurinn sé hjá þessum hóp. Við hugsum þetta fyrir alla sem vinna utandyra og þurfa vinnuföt, hvort sem um er að ræða konur og börn í garðyrkjustörfum, bifvélavirkja, leikskólakennara, hesta- og hundafólk og svo framvegis. Það eru engar takmarkanir, meira að segja er þetta fínt fyrir konur sem þurfa að sinna garðskikanum heima hjá sér. Enn sem komið er seljum við aðallega í Noregi en höfum einnig selt til Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands en markmið okkar er auðvitað að komast á alþjóðamarkað og út í heiminn. Þetta er þó enn lítið fyrirtæki og það tekur tíma að vaxa frá því að vera lítið fjölskyldufyrirtæki og yfir í eitthvað stærra. Við fáum hugmyndir og óskir frá viðskiptavinum sem er okkur mikilvægt og við erum í stöðugri þróunarvinnu sem gerir þetta svo skemmtilegt og við höldum ótrauðar áfram.“ /ehg

# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði




Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

**Líf og lyst**

## Bærinn okkar

**Við fengum jörðina leigða vorið 1993 og fluttum hingað það vor, keyptum jörðina árið 1997.**

**Býli:** Brekkugerði.

**Staðsett í sveit:** Fljótsdal, N-Múlasýslu.

**Ábúendur:** Jóhann F. Þórhallsson og Sigrún Erla Ólafsdóttir.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Tvö uppkomin börn: Þórveig og Þórhallur, tengdasonur, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal og barnabarn, Óskar Máni.

Fjárhundarnir Tumi og Rós frá Eyrarlandi.

**Stærð jarðar?** Um 2.000–3.000 ha. Stærsti hluti lands er ofan 300 metra yfir sjó. Um 30 ha tún og 100 ha skógrækt.

**Gerð bús?** Sauðfjárbúskapur og skógræktarbúskapur.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** 300 ær og 15 gangnahross.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Á vetrum eru það gjafir kvölds og morgna. Grisjun skógar um miðjan dag og farið á hestbak. Sigrún sækir vinnu niður á Reyðarfjörð til Fjarðaáls.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemtilegast er sauðburður og göngur. Mér finnst ekkert verk leiðinlegt sem tengist búskap, kannski helst bókhaldið.



Myndir / Þórveig Jóhannsdóttir








**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Það er ekki gott að segja, ef afkoman heldur áfram að versna, eins og hún hefur gert frá hruni, bæði í sauðfénu og þá sérstaklega í skógræktinni, þá er nauðsynlegt að hefja annan rekstur á jörðinni til að tryggja afkomuna. Það er spurning hvað það ætti að vera. Hér eru hagstæðar náttúrufarslegar aðstæður til landbúnaðar.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Við þurfum að eiga öfluga bændaforustu sem stendur vörð um hagsmuni landbúnaðarins almennt. Það er einnig mikilvægt að við bændur stöndum vörð um okkar forystusveit, með málefnalegri gagnrýni og ábendingar um það sem betur mætti fara.

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Við teljum að íslenskur landbúnaður geti átt bjarta framtíð ef það verður staðinn vörður um hreinleika matvælaframleiðslunnar í landinu og passað upp á kolefnissporið í greininni.

**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara?** Í hreinleika búvaranna.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Mjólk, ostur og grænmeti.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Hreindýrakjöt.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Þegar fyrstu jólatrén voru seld.



## Matarkrókurinn – Bjarni Gunnar Kristinsson matreiðslumeistari

# Laxaborgari hjúpaður tortillaflögum

**Ef samviskan er sterk en líkaminn kallar á skyndibita, er best að gera hollari skyndibita.**

Þar er ofurfæðan lax efstur á blaði. Laxeldi á Íslandi er að aukast og er því tilvalið að velja íslenskan lax í bland við bandarískar tortillaflögur, rasp og krydd – sem mætti kallast ný útgáfa af fiski í raspi.

### Laxaborgari

- 1 bolli tortillaflögur - muldar (raspur) (mylja þær í matvinnsluvél eða bara kremja þær í opnum poka)
- 1 stk. beinlaust laxaflak
- 1 skallotlaukur, saxaður fínt
- 2 hvítlauksrif, söxuð
- 1 stórt egg
- 1/3 bolli brauðmylsna (eða soðnar kartöflur til að binda borgarann saman)
- 1 msk. chili-mauk
- 1/2 tsk. chili-duft
- 1/2 tsk. reykt paprika
- 1/2 tsk. kúmenduft
- 1/2 tsk. salt
- 1/2 tsk. pipar
- 2 matskeiðar söxuð fersk steinselja
- 3 til 4 matskeiðar ólífuolía
- 8 góð lítil bollubrauð
- 6 sneiðar góður ostur
- Smá brúskur af uppáhalds salatinu þínu (mér finnst gott að gera rauðkáls-hrásalat)
- 2 avókadó,(lárpera) skornar í sneiðar
- Hveiti og eggjahvíta (til að hjúpa í rasp)



Hjúpið allan borgararann með hveiti, eggjahvítu og tortillamylsnunni.



Laxaborgarinn er hollur skyndibiti.



### Chili (krydd) majó

- 1/2 bolli majónes
- 1 tsk. chilimauk að eigin vali eða annað krydd, kryddjurtir, wasabi eða sinnep.

Setjið tortillamylsnu á stóran disk. Gott að taka fyrst flögurnar í matvinnsluvél, eða merja fínt í rasp. Sumir vilja bæta sesamfræjum saman við.

Saxið laxinn (eða skerið í bita), gott er að nota matvinnsluvél. Saxið þar til laxinn er í litlum bitum, en ekki alveg í fars. Takið laxinn og setjið í stóra skál. Bætið skallotlauk, hvítlauk, egg, brauðmylsnu (eða jafnvel mörðum soðnum kartöflum), chilisósu, kryddi, salti og pipar ásamt steinselju í skál. Hrærið í með skeið til að blanda öllu saman og þjappið svo blöndunni saman með hreinum höndum, eða notið einnota hanska. Skiptið blöndunni í um átta borgara, en miðið við stærð brauðsins sem á að nota.



Rauðkáls-hrásalat sem sett er á brauðbotninn.

Setjð svo hveiti á disk og eggjahvítu á annan disk. Svo er borgarinn settur fyrst í hveitið, svo eggjahvítuna og svo í tortillamylsnuna. Hjúpið allan borgararann og endurtakið með alla hina. Hitið stóra pönnu yfir miðlungs hita og setjir tvær matskeiðar af ólífuolíu á pönnuna. Steikið borgarana á báðum hliðum þangað til þeir eru gullnir á lit, í um tvær til þrjá mínútur á hvorri hlið (ég geri þetta í tveimur skömmtum). Látið hvíla í heitum ofni í að lágmarki á aðra mínútu eða í tvær til að tryggja að þeir eru heitir inn að miðju.

Það er hægt að setja saman borgarann með ýmsu meðlæti. Setjið grænt salat á botnbrauðið eða hrásalat. Setja svo hamborgara ofan á og eftir smekk bragðbættu majónesi og lárperu. Berið strax fram!

### Krydd majónes

Bætið bragðefnum að eigin vali við majónesið í hrærivél eða matvinnsluvél og maukið þar til það er slétt. Þú getur gert þetta vel í tíma.

## Hannyrðahornið

garn@garn.is



# Laus kragi í stað trefils

**Með þennan hálskraga verður börnunum ekki kalt í vetur, þeir eru mjög góðir fyrir börn í stað trefils í kuldanum.**

Ég prjónaði þessa kraga á barnabörnin mín og þeir hittu vel í mark og eru mikið notaðir.

**Stærðir:**

6-12 mán. (2-4 ára) 6-8 ára.

**Garn:** Drops Baby Merino, 50 (50) 100 gr.

**Prjónar:** 40 sm hringprjónn nr. 2,5-3

**Tvöfalt perluprjón:**

**umf. 1:** prjónið *1 lykkja sl. og 1 lykkja br.* endurtakið *-* út umf

**umf. 2:** prjónið br yfir sl lykkjur og sl yfir br lykkjur

**umf. 3:** prjónið *1 lykkja br. og 1 lykkja sl.* endurtakið *-* út umf.

**umf. 4:** prjónið br yfir sl lykkjur og sl yfir br lykkjur

Endurtakið umf. 1-4 upp stykkið

Fitjið upp á hringprjón nr. 2,5-3, 48 (56) 60 lykkjur og prjónið fram og til baka tvöfalt perluprjón þar til stykkið mælist 10 (10) 12 sm, leggið til hliðar og prjónið annað stykki eins þar til það er 12 (13) 15 sm. (ég hef bakstykkið aðeins síðara svo það kippist ekki upp þó svo barnið horfi niður).

Sameinið stykkin á hringprjónin = 96 (112) 120 lykkjur á prjóninum. Prjónið nú í hring, 2 umf slétt og síðan stroff 2 sl. og 2 br. þar til stroffið mælist 10 (12) 14 sm.

Fellið laust af með sl og br lykkjum.

Gangið frá endum.

*Prjónakveðja,*

*Mæðgurnar í Handverkskúnst*

B&B Guesthouse
Á leiðinni til útlanda?
Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu
2 manna herbergi 10.500 kr
Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

Vantar þig íslenskan lopa?
Álafosslopi - Plötulopi - Léttlopi - Einband - Bulkylopi - Kambgarn
Heimasíðan gefjun.is býður upp á lopa frá Ístex á lægsta fáanlega verði !
LÆGSTA VERÐIÐ 100% LÆGSTA VERÐIÐ VERÐVERND
Sendum um allt land!
GEFJUN.IS



Drops garn á Drops verði
...og mörg hundruð fríar uppskriftir með því
Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102b, 110 Reykjavík - sími 587-6662

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | 9 | 3 | | 1 | 6 | 5 | |
| | 6 | 1 | 7 | | 2 | | 9 | |
| 5 | | | | 4 | | 8 | | |
| | 8 | | 9 | | 3 | 1 | | 7 |
| | 3 | | | 2 | | | 6 | |
| 6 | | 4 | 1 | | 5 | | 2 | |
| | | 6 | | 3 | | | | 9 |
| | 4 | | 2 | | 7 | 5 | 3 | |
| | 5 | 2 | 8 | | 6 | 7 | | 4 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 1 | | 4 | 7 |
| | 8 | 1 | | | 2 | 3 | | |
| 2 | | 3 | | 5 | 6 | | 8 | |
| | | 7 | | | 4 | | 1 | 3 |
| 6 | | | 9 | | 8 | | | 4 |
| 3 | 9 | | 1 | | | 5 | | |
| | 4 | | 2 | 7 | | 8 | | 5 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| 9 | 5 | | 6 | | | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 7 | 9 |
| | 3 | | 9 | 6 | | | | 4 |
| | | 6 | | | 8 | | | |
| | | | | | 1 | 8 | | |
| 2 | | | | 7 | | | | 5 |
| | | 4 | 6 | | | | | |
| | | | 3 | | | 1 | | |
| 7 | | | | 1 | 5 | | 2 | |
| 5 | 9 | | | 2 | | | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 4 | | | | 9 | 3 |
| | | 5 | 3 | | | 8 | | 2 |
| 2 | 9 | | | 6 | | | | |
| | 2 | | | | | 7 | | 9 |
| | | | | | | | | |
| 6 | | 7 | | | | | 1 | |
| | | | | 1 | | | 5 | 6 |
| 8 | | 6 | | | 9 | 2 | | |
| 5 | 1 | | | | 7 | | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

## Fólkið sem erfir landið

# Hlustar mikið á íslenska rappara

**Daníel er 10 ára Garðbæingur sem finnst fátt skemmtilegra en að leika sér úti með vinum sínum. Hann hlustar mikið á tónlist og finnst gaman að hlusta á íslenska rappara. Hann á eina eldri systur og einn yngri bróður.**



**Nafn:** Daníel Pétur Gunnþórsson.

**Aldur:** Verður 10 ára í mars.

**Stjörnumerki:** Fiskur.

**Búseta:** Garðabæ.

**Skóli:** Hofstaðaskóli.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Hitta vinina.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Maya, hundurinn minn.

**Uppáhaldsmatur:** Pitsa.

**Uppáhaldshljómsveit:** GKR.

**Uppáhaldskvikmynd:** Horfi ekki mikið á sjónvarp.

**Fyrsta minning þín?** Leikskólinn minn í Ameríku.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi golf á sumrin.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Lögreglumaður.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Pass.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Á hverju sumri fer ég til ömmu og afa á Spáni.

**Næst »** Daníel skorar á frænda sinn, Sigurð Darra Tómasson, að svara næst.

Leikfélag Hveragerðis er 70 ára:

# Garðyrkjumenn sýna strippdans

**„Leikritið segir frá nokkrum garðyrkjumönnum og fleirum sem ákveða að auka tekjurnar með því að koma fram og sýna strippdans. Sérstaklega bera þeir hag félaga síns fyrir brjósti þar sem hann er atvinnulaus og á það á hættu að missa samband við son sinn borgi hann ekki meðlagið. Við erum átján leikarar og Jón Gunnar Þórðarson leikstýrir verkinu, frjór og drífandi leikstjóri sem félagið er heppið með,“ segir Hjörtur Benediktsson, formaður Leikfélags Hveragerðis, sem frumsýnir leikritið „Naktir í náttúrunni“ sem byggt er á kvikmyndinni „The full monty“ föstudaginn 27. janúar. Leikritið er staðfært að Hveragerði og nágrenni, ma. fléttast inn í verkið Eden og Tívolíið sáluga, Kjörís, Heilsustofnun og Hótel Örk svo eitthvað sé nefnt.**



Mikil tilhlökkun er fyrir sýningunni hjá Leikfélagi Hveragerðis þar sem nokkrir leikarar muna sýna strippdans á sviðinu. Stjórn félagsins segir ómetanlegt að eiga fólk sem hefur gert sýninguna að veruleika, hvort sem er í stóru eða smáu.

*70 ára afmæli*

Leikfélag Hveragerðis á 70 ára afmæli á þessu ári, stofnað 1947 og alltaf jafn ungt og ferskt. „Það er gaman og þakklætisvert þegar allt fer af stað, að það skuli alltaf vera til einstaklingar sem tilbúnir eru að leggja hönd á plóg, hvort sem er við smíðar, málningarvinnu, sauma, hárgreiðslu , andlitsmálun og annað sem til fellur við svona uppsetningu fyrir utan sjálfan leikinn. Það er dýrmætt þegar fólk finnur tíma fyrir listina meðfram brauðstritinu. Ekki má heldur gleyma fjölskyldum þessa fólks sem mætir á æfingar og í aðra vinnu, nánast hvert kvöld í 6 til 8 vikur. Því fólki ber einnig að þakka fyrir þolinmæðina,“ segir Hjörtur og bætir við: „Hveragerðisbær hefur alltaf sýnt félaginu mikinn velvilja og stuðning, sem ber að þakka, og gera sér ljóst að það er hverju bæjarfélagi heiður að hafa öfluga leikstarfsemi innanbæjar sem laðar að fjölda fólks ár eftir ár á sýningar. Þess má geta að í öll þessi 70 ár hefur Leikfélagið sett upp eina eða fleiri sýningar árlega og aldrei fallið úr ár. Menningarstarfsemi hér hefur frá upphafi verið mikil enda hefur Hveragerði verið sannkallaður menningarbær,“ segir formaðurinn. Uppselt er á frumsýninguna 27. janúar. Önnur sýning verður laugardaginn 28. janúar og þriðja sýning sunnudaginn 29. janúar. Sýningar hefjast kl. 20.00 og miðaverð er kr. 3.000, fyrir hópa, 10 eða fleiri, kr. 2.500. Miðapöntunarsími 863-8522. Sýnt er í Leikhúsinu Austurmörk 23.

/MHH



Hjörtur Benediktsson, formaður leikfélagsins, fer með hlutverk í sýningunni en hann hefur verið einn af aðalleikurunum í gegnum árin í Hveragerði.

# Heiða – fjalldalabóndinn hlaut Fjöruverðlaunin

**Bókin Heiða – fjalldalabóndinn eftir Steinunni Sigurðardóttur hlaut Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna, sem voru veitt við hátíðlega athöfn í Höfða 19. janúar síðastliðinn.**






Bókakápa Heiðu.

Bókin hlaut verðlaunin í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis, en hún fjallar um sauðfjárbóndann Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur á Ljótarstöðum í Skaftártungu. Öðrum þræði segir bókin frá baráttu hennar gegn virkjunaráformum í sveitinni. Í framhaldi af þeirri baráttu fór Heiða í framboð til sveitarstjórnar og á þar nú sæti fyrir óháða framboðið Sól í Skaftárhreppi. Hún bauð sig einnig fram í síðustu alþingiskosningum fyrir Vinstri hreyfinguna - grænt framboð og er varaþingmaður á Suðurlandi.

*Skylda að vernda landið*

Í umsögn dómnefndar um bókina segir: „Steinunn Sigurðardóttir skrifar í Heiðu, fjalldalabóndanum um unga konu sem er margslunginn persónuleiki, full af andstæðum og fer eigin leiðir í lífinu. Heiða er einyrki á afskekktu sauðfjárbúi sem hellir sér út í sveitarstjórnarstörf vegna andstöðu sinnar við hugmyndir um Búlandsvirkjun í Skaftárhreppi, enda ljóst að virkjun myndi gerbreyta náttúrufari héraðsins. Bókin sýnir bónda sem segist hafa tímabundin umráð yfir landinu og telur það skyldu sína að vernda það. Deilur um virkjunina valda úlfúð í samfélaginu en sagan dregur einnig upp mynd af tryggri fjölskyldu og góðum grönnum. Heiða er persóna sem vekur áhuga lesandans og Steinunn hefur gert meistaraleg skil.“



MUNDI - Guðmundur Magnús Þorsteinsson, bóndi á Finnbogastöðum í Árneshreppi á Ströndum.

Útskriftarsýning Ljósmyndaskólans 2017:

# Aðkallandi málefni samtímans

**Sjö útskrifanemendur úr Ljósmyndaskólanum standa fyrir sýningu á verkum sínum í Lækningaminjasafninu á Seltjarnarnesi. Sýningin verður opnuð 28. janúar og stendur til 12. febrúar.**

Í verkunum takast nemendurnir á við ýmis aðkallandi málefni. Má þar nefna heimilisofbeldi, föðurmissi, fólksflótta úr sveitum landsins, kynþroska stúlkna, aðskilnað og einmanaleika svo nokkuð sé nefnt.

*Mundi*

Verk Steinunnar Grímu Kristinsdóttur, MUNDI, fjallar um hverfandi byggð í sveitum landsins. Myndefni hennar er Guðmundur Magnús Þorsteinsson, bóndi á Finnbogastöðum í Árneshreppi á Ströndum.

„Annars vegar fólksflótta úr sveitum og hins vegar það að verða einn eftir þegar allir flytja burt í leit að lífsfyllingu. Fólk flytur í burtu af ýmsum ástæðum, sækir í skóla, makaleit og vill fjölbreyttari störf.

Ég tók fyrir íslenska bóndann en afkoma hans er slæm þrátt fyrir að allir á býlinu hjálpist að við störfin. Þegar einungis tvær hendur eru eftir til að vinna öll verkin aukast líkurnar á að gefa þurfi lífsstarfið upp á bátinn og sjá á eftir öllum dýrunum í sláturhúsið.“

*Sjö nemendur útskrifast*

Nemendurnir sem útskrifast að þessu sinni eru: Elma Karen, Hafsteinn Viðar Ársælsson, Hanna Siv Bjarnadóttir, Laufey Elíasdóttir, Steinunn Gríma Kristinsdóttir, Steve Lorenz og Þórdís Ósk Helgadóttir.

Sýningin verður haldin í Lækningaminjasafninu á Seltjarnarnesi og stendur frá 28. janúar til 12. febrúar. Opið verður frá fimmtudögum til sunnudags frá kl. 12.00-18.00.

/VH




# HITA KÚTAR
*Amerísk gæða framleiðsla*
30-450 lítrar
Umboðs-menn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

KULDAGALLAR MEÐ HETTU Á TILBOÐI
Gallinn er loðfóðraður en vattfóðraður í ermum og skálmum, efnið í gallanum er vatnsfráhrindandi
Beaver nylon 50% pólýester og 50% bómull.

Gallinn er með rennilás að framan og á skálmum og með vindlistum yfir lásana.
Gallinn fæst í kóngabláum lit og í stærðunum S – 3XL.
Verð 12.900 kr m/vsk.
Hægt er að panta í síma 577 1000 eða senda tölvupóst á: khvinnufot@khvinnnufot.is
Vandaður kuldagalli á góðu verði og við sendum hvert á land sem er.
Tilboðsverð
Kr. 12.900,-
KH Vinnuföt • Tunguhálsi 10
110 Reykjavík • Sími: 577 1000
khvinnufot@khvinnufot.is
www.khvinnufot.is
KH VINNUFÖT
KH Vinnuföt ehf, sérhæfir sig í sölu og þjónustu á öllum tegundum af vinnufatnaði, hlífðarfatnaði, öryggisfatnaði, öryggisskóm, öryggisstigvélum, öryggisvörum og vinnuvettlingum.

Hefurðu skoðað
Sölutorgið okkar ?
www.kraftvelar.is/solutorg

New Holland T5-115

Alö Q46 ámoksturstæki
Skóflustærð 210
Gírkassi 24+24
Vendigír
Vökvaúttök 3
Verð án vsk: 7.290.000

New Holland TM175

Fjaðrandi hús
Vendigír
16x8 gíra
4 ventlar (8 úttök)
Dráttarvélin er með framlyftubúnaði og aflúttaki
Verð án vsk: 4.990.000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is


# Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 2.200 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.400 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 16:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.


Til sölu Hyundai Santa FE, árg. 2004, ekinn 209 þús. Uppl. í síma 892-1260.


Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsogandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf., sími 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Byltingarkennd nýjung í dælingu á mykju!! Hnífadælur með öflugum hræriskrúfum og sprautustútum. Traktorsdrifnar eða með rafmóturum frá 5,5 kw upp í 30 kw. Brunndælur eða skádælur, 100 mm, 120 mm, 150 mm, 200 mm. Mikil dælugeta. Haughrærur í mörgum útfærslum og stærðum. Mykjuskiljur sem framleiða undirburð. Hákonarson ehf., hak@hak.is, www.hak.is, s. 8924163.


Frábær vinnuþjarkur til sölu. SsangYong, Musso Sport með dráttarkrók, árg. '04, ekinn 174.000 km. Sjálfskiptur dísilbíll með loki yfir palli, silfurgrár. Sami eigandi frá upphafi. Bílnum hefur ætíð verið vel við haldið og smurbók fylgir. Er á nagladekkjum en sumardekk fylgja á felgum. Nýleg stýrisdæla, drifskaft að framan uppfært og ný viftureim. Uppl. gefur Guðrún í síma 699-5905.


Volkswagen Transporter Kombi 2005. Virkilega góður bíll, skipti á ódýrari. Uppl. í síma 891-9193.


Til sölu vöruflutningabíll Volvo FH12 6X2, árg. 2005, ekinn 766 þús. Uppl. í síma 892-1260.


EAE Bílalyfturnar hafa sannað sig sl. 10 ár á Íslandi. Vönduð smíði og verulega gott verð. Kortalán í boði að 36 mán. www.holt1.is. Uppl. í s. 435-6662/895-6662.


Til sölu STIHL 084 AV flettisög/keðjusög. Tilboð óskast. Uppl. í síma 845-5088.


Til sölu M. Benz 4X4, árg. 1966. Nýlega upptekin vél, gamalreyndur á fjöllum. Uppl. í síma 892-1260.


Til sölu Ford Econoline 350 4X4, árg. 1991. Ekinn 40 þús. mílur. Gamall sjúkrabíll með öllu í. Uppl. í síma 892-1260.


Til sölu Claas 420 dráttarvél, árg. 2012. Notuð um 3.300 tíma. Ný Michelin framdekk, góð afturdekk. Ný skófla. 110/120 ha. Góð vél. Verð 6 millj. + vsk. Brimco ehf., s: 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.


Turbofarmer merló skotbómulyftari P34, 7plus., árg. 2007, 12925 tíma. Lyftigeta 3,4T, 7 metra bóma, snúningur, gafflar, skófla, auka dekk. Skoðaður 14-09-16. Verð: Tilboð. Uppl. í síma 894-7247.


Toyota Hilux, árg. '07, dísil, ssk., ekinn 173 þús. Einn eigandi. 32" sumar- og vetrardekk. Uppl. í síma 866-7632, Gylfi.



VERDO. Gæða spónakögglar, undirburður fyrir hross í 15 kg pokum. Einnig til sölu spónakögglar í stórsekkjum. Brimco ehf., s: 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Quittpad undirdýnur undir hnakkinn, tvær gerðir Sport og Comfort. Dýnur sem lofta vel og eru einstaklega hestvænar. Má þvo í þvottavél. Brimco ehf., s: 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.


Scania 112H 1985, árg.´10. Hjóla vörubíll. Sturtupallur, loftvör, stór glussadæla og kranafestingar. Er á góðum dekkjum. Ekinn 387 þús. km. Uppl. í síma 866-5745.


Til sölu úr dánarbúi, nýtt og nánast ónotað GOES 625 fjórhjól, árg. 2016. Uppl. í síma 843-7715, Jón Óli. jonoliben64@gmail.com


Khun hnífatætari 3 m, árg.´07, með jöfnunarvalsi. Verð 690 þús.+ vsk. Uppl. í síma 897-8082.


Til sölu Volvo FH 13 520 Globetrotter, árg. '05, 6x4, Ek. 885 þús. km, loft að aftan og að framan, I shift ssk., skoðaður '17. Allt langkeyrsla, gott ástand. Upp. í 862-1189 og bs@bsturluson.is


Manitou MLT 629 skotbómulyftari til sölu, árg. '14, Ek. 2450 vst., gafflar og skófla. Gott ástand. Upp. í 862-1189 eða bs@bsturluson.is


KIA Sorento. Árg. '10, ekinn aðeins 80 þ. km, dísil, 5 gírar, dráttarkrókur. Verð 2.990.000. Bíll í toppstandi. Rnr.112081. Upplýsingar hjá Bílás, Akranesi, sími 431-2622/bilas.is


TOYOTA Hilux "33. Árg. '03, ekinn 170 þ. km, dísil, 5 gírar. Verð 850.000. Rnr.112198. Uppl. hjá Bílás Akranesi, sími 431-2622/bilas.is


Til sölu Econoline 150, árg.´91, bifreiðagjaldalaus, 1/2 innréttaður húsbíll einnig er til 6,9 dísil+skipting c6, hár toppur. Uppl. Uppl. í síma 897-4800.


Kranzle þýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.


Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Búvís ehf. Sími 465-1332.


Taðklær. Breidd 120 cm, kr. 179.000.- án vsk. Breidd 150 cm, kr. 239.900.- án vsk. Breidd 180 cm, kr 269.000.- án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.


Haughrærur galvaníseraðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.


Lemigo stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Kr. 8.485.- með vsk. G. Kvaran í Reykjavík, sími 824-7610. Búvís ehf. Sími 465-1332.



**New Holland Kobelco E50,2 SR.**
árg. 2011. Vst. 1910
Verð kr. 4.200.000- án/vsk.



**Case 965 SR.**
árg. 2006. Vst. 7400.
Verð kr. 4.900.000- án/vsk.



**JCB 4cxSuper.**
árg. 2007. Vst. 8100.
Verð kr. 5.500.000- án/vsk.



**JCB JS175W**
árg. 2004. Vst. 5580.
Verð kr. 5.900.000- án/vsk.



**Case WX125**
árg. 2007. Vst. 6500.
Verð kr. 7.500.000- án/vsk.



**Komatsu PW 130-7**
árg. 2005. Vst. 7416.
Verð kr. 7.600.000- án/vsk.



**Terex Fermec 860SX**
árg. 2005. Vst. 7900.
Verð kr. 3.300.000- án/vsk.

VÉLFANG
Vélfang – Gylfaflöt 32 – Reykjavík
Sími 580-8200 og 840-0827
www.velfang.is


**Smáauglýsingasíminn er:**
**563 0300**
**Bændablaðið**



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir : 10,8 kw – 72 kw. Stöðvarnar eru með eða án AVR (spennujafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði t.d mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum o.fl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2” – 3” – 4”. Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar : rafmagn, bensín / dísil, glussaknúnar ( mjög háþrýstar ). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmardísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Háþrýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað þennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háþrýstislöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8”, 1/2”, 5/8”, 3/4”. Bensín / dísil, vatnsflæði allt að:132 l / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háþrýstiþvott. Vandaður og hentugur búnaður fyrir sveitafélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Háþrýstibúnaður fyrir heitt vatn. Þrýsingur allt að 500 Bar @ 30 l / min. Hákonarson ehf., netfang : hak@hak.is, sími 892-4163, www.hak.is.



Úrval snjóplóga og snjótanna. Búvís ehf., www.buvis.is - Sími 465-1332.



Innihrærur fyrir gripahús. Rafdrifnar : 7,5 kw, 9,2 kw, 11 kw glussadrifnar : 8 kw, 60 l / min., 120 bar. Vinnudýpt : 130 cm skrúfa : 200 mm. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is,www.hak.is.



LED útiljós 10000 LM. Búvís ehf, sími 465-1332.



Til sölu lokuð kerra. Ytri mál kassa (lxbxh) 262x150x163 cm. Innri mál kassa (lxbxh) 258x148x157 cm. Afturhurð (bxh) 137x152 cm.Verð: 628.525 kr. + vsk. Búvís ehf., sími 465-1332.



Samasz salt og sandreifarar, vinnslubreidd 1,4 og 2,4 metrar. Búvís ehf 465- 1332.




Lambamerki kr. 28.- án vsk ef pantaðar eru heilar raðir. Töng fylgir fyrstu pöntun. Sendum sýnishorn. Búvís ehf, sími 465-1332, www.buvis.is.



Rafstöðvar með orginal Hondavélum. Eigum til nokkrar stærðir á lager. Stöðvarnar eru frá ELCOS Srl á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892 4163, netfang: hak@hak.is.



Lambheldar hliðgrindur. Breidd 4,27 m, hæð 1,10 m. Möskvastærð 10 x 15 cm. Verð fyrir 1 stk. 24.900 auk vsk. Verð 2-4 stk 22.900 auk vsk. 5 stk eða fleiri 19.900 auk vsk. Uppl. í síma 669-1336 og 899-1776, Aurasel ehf.



Traustur og ódýr vinnumaður. Búvís. Sími 465-1332.



Talía og hlaupaköttur, lyftigeta allt að 1 tonn. Búvís. Sími 465-1332.



Liprar og léttar fjárgrindur. Hægt að krækja saman án aukahluta. Breidd 180 cm. Hæð 90 cm. Verð pr. stk kr. 7.900 án vsk. Ef keyptar eru 10 grindur eða fleiri, verð pr. stk. kr. 6.900 án vsk. Aurasel ehf. Pöntunarsímar 899-1776 og 669-1336.



Vinsælu hringgerðin til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf., Flugumýri 8, 270 Mos., opið 13-16.30, s. 894-5111, www.brimco.is




Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf., s: 894-5111, www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Brynningartæki. Úrval af brynningartækjum frá kr. 5.900 m. vsk. Brimco ehf., www.brimco.is, Flugumýri 8, Mos., sími 894-5111. Opið kl.13-16.30.



Cemtec sænskar skeifur og fjaðrir. Framleitt skv. reglum FEIF. Leitun að betra verði. Afsláttur ef keypt er í magni. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s. 894-5111, opið frá kl.13-16.30 www.brimco.is




**Bobcat E50**
*Árgerð: 2015*
*Notkun: 1.192 vinnustundir*
*Hraðtengi + 3 skóflur*
*Verð:* **5.950.000,-** *án vsk*



**Bobcat S185**
*Árgerð: 2007*
*Notkun: 2.995 vinnustundir*
*Skófla + gafflar*
*Verð:* **2.650.000,-** *án vsk*



**Kubota KX61-3**
*Árgerð: 2007*
*Notkun: 3.694 vinnustundir*
*Verð:* **2.450.000,-** *án vsk*



**Volvo EC160CL**
*Árgerð: 2007 - Notkun: 8.982 vst.*
*Smurkerfi - Hraðtengi + 2 skóflur*
*Verð:* **6.450.000,-** *án vsk*



**Scania R144, 460**
*Árgerð: 2001 - Sturtudæla*
*Notkun aðeins: 309.000 km*
*Verð:* **3.850.000,-** *án vsk*



**Caterpillar 930G**
*Árgerð: 2007 - Notkun: 10.920 vst.*
*Smurkerfi - Ný dekk*
*Skófla + snjótönn*
*Verð:* **8.700.000,-** *án vsk*

*Margar aðrar vélar í boði.*
*Skoðaðu úrvalið á:*
***www.vinnuvelar.is***

Vinnuvélar
Kistumel 2 • 116 Reykjavík
Sími 480 0444
vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is



**Liebherr 63K**
byggingakrani, 1995 árg
43 m bóma, 1100 kg í enda,
6000 kg max, 23 m undir krók
Verð 4,9 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Bomag BW211 D-4**
2004 árg, 5.100 vst
Verð 4,3 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liehberr 71K**
1998 árg, 45 m bóma
1200 kg hífigeta í 45 m
6000 kg max hífigeta
1 árs ábyrgð
Upplýsingar í síma 660-6051



**Hamm H13i**
valtari, 2014 árg, 950 vst
HCQ-GPS mælikerfi
Verð 11,9 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liebherr L507**
2007 árg, 4500 vinnustundi
Nýleg dekk, hraðtengi,
skófla og gaflar
Verð 3,5 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Liebherr A900** hjólagrafa
2007 árg, Engcon EC20 rótortilt
3 skóflur
Verð 7,5 mkr + vsk
Upplýsingar í síma 660-6051



**Weber** jarðvegsþjöppur og
hoppara til á lager
Upplýsingar í síma 660-6051



**Tsurumi** dælur í miklu úrvali
Upplýsingar í síma 660-6050

**Uppl. í síma 660-6051.**

MERKÚR
merkur.is



Bílalyftur. 2ja pósta bílalyftur, 3,2, 4,0 eða 5 tonn. Ýmsar útfærslur. Verðið frábært og gæðin góð. Sýningarlyfta á staðnum. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s. 894-5111, opið frá kl.13-16.30 www.brimco.is



Úrval lausna frá þýska stórfyrirtækinu Patura. Fóðurframhliðar, sjálflæsigrindur, milligjarðir, kálfafóðurkassar, brynningarskálar og margt fleira. Leitið tilboða og heildarlausna fyrir nautgripina. Bæklinga má sjá á heimasíðu okkar www.brimco.is, Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s. 894-5111, opið frá kl.13-16.30.



Frábærir gafflar í hirðinguna og önnur störf. Álskaft og plastgreiða nær óbrjótanleg. Léttir og skemmtilegir. Sjá myndband á www.brimco.is. Verð kr. 9.500:- m.vsk. Sendum um land allt. Brimco ehf., Flugumýri 8, Mosf., s.894-5111. Opið frá kl.13-16.30.



Chervolet Captiva, árg. 7/11. Ekinn 112 þús., 7 ma., bsk., bensín, metan breyttur, lægri bifreiðagj., ný kúpling, dráttarkúla. V. kr. 2.980 þús. stgr. Tilb. óskast Uppl. í síma 895-6307.




Eigum til á lager flestar stærðir af fjölplógum. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.



Til sölu Sami flaghefill 275 cm. Verð 482.000 með vsk. Aflvélar ehf., Vesturhrauni 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.




Eigum til á lager 2 stærðir af krókheysisvögnum bæði 15 og 21 tonna heildarþyngd. Verð frá kr. 2.140.000 án vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.



Til sölu salt/sand dreifari frá Prónar 0,5 rúmmetra. Verð 280.000 m.vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.




Til sölu Prónar snjóblásari. 1,5 mtr vinnslubreidd. Verð 992.000 m/vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.



Til sölu 3 mtr. skekkjanleg snjótönn með euro festingum. Verð 359.000 m.vsk. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.



Til sölu stór snjóskófla með vængjum, stærð 2300-3750. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, s: 480-0000.



Þýskir Rauch hágæða áburðardreifarar. Afmælistilboð frá kr. 489.000.- án vsk. Búvís ehf Sími 465-1332.



Til sölu 3ja hjóla lyftari STEINBOCK BOSS LE 13, árg. 1989. Lyftarinn hefur verið í lítilli notkun undanfarin ár og hefur staðið ónotaður í rúmt ár og má því búast við að geymarnir séu orðnir lúnir. Skráningarnúmer JL5656, seríu númer 72264. Lyftigeta: 1300 kg, gámagengur. Lyftihæð: ca 4500 mm. Rafkerfi: BOSCH 24 volt ásamt hleðslustöð. Hleðslutæki: 24 volt. Dekk : 18 x 7 – 8. Kvoðufyllt. Baksýnisspegill. Verð kr 150 þús. + vsk. Uppl. í síma 899-1100.



Man steypubíll til sölu, árg. 1986. Er búinn að standa inni í 2 til 3 ár. Frekari uppl. í síma 866-2751.



T-080/2A með 2x600 mm upphækkun, lúgu og stiga. Verð 1.586.160 án vsk. Uppl. í síma 577-1200 eða 841-2121.



Til sölu salt/sand dreifari á pallbíl, 1,5 rúmmetri og er hann rafstýrður. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, sími 480-0000.



Eigum til á lager dreifara aftan á traktor með kastdisk, dreifir 2,5 - 6 metra. 1,0 rúmmetra. Aflvélar ehf., Vesturhraun 3, 210 Garðabær, sími 480-0000.



Til sölu stór baggapressa. Gæti hentað fyrir hey, hálm, pappír eða annað sorp. Vélin getur vírbundið baggann. Framleiðandi: Vlamalin.be. Uppl. í s. 843-8770.



Innflutningur & sala á vinnuvélum til Íslands. Við aðstoðum við flutning & kaup á nýjum/notuðum vinnuvélum & tækjum frá Bretlandi til Íslands. Yfir 20 ára reynsla, örugg og snögg þjónusta. www.ice-export.co.uk Erum líka á facebook undir: Suður England sími 499-0588. Haukur. sudurengland@gmail.com



Til sölu nýjar gámasliskjur. Uppl. í síma 692-8027/772-3200.



Komatsu D61 jarðýta, árg. 2002, notkun 11.750 vs. Vél í toppstandi. Uppl. veitir Einar í síma 698-6544.



Íslensk ull og íslensk hönnun. Framleitt í Rúmeníu. Stærðir; 200 pör í 39-42 og 200 pör í 43-46. Umbúðir geta fylgt. Verðhugmynd er 650 kr. parið. Tilvalið fyrir aðila í ferðaþjónustu. Uppl. í síma 893-5530.

# Notaðar vélar



**CLAAS Arion 430 dráttarvélm/ tækjum**
Árgerð 2011 Notkun: 4.600
Án VSK 7.700.000
**TILBOÐSVERÐ: 6.800.000**



**CLAAS CELTIS 456 dráttarvél m/tækjum**
Árgerð 2005 Notkun: 5.600
Án VSK 4.500.000
**TILBOÐSVERÐ: 3.800.000**



**Kubota M108S dráttarvél m/ tækjum**
Árgerð 2012 Notkun 2.200
Án VSK 6.200.000
**TILBOÐSVERÐ: 5.800.000**



**New Holland TL 100 dráttarvél m/tækjum**
Árgerð 2007 Notkun 7.700
Án VSK 4.490.000
**TILBOÐSVERÐ: 3.800.000**



**Claas Uniwrap 455 rúllusamstæða**
Árgerð 2011 Notkun: 24.200
Án VSK 5.950.000
**TILBOÐSVERÐ: 4.800.000**



**Vicon RF 135 Opticut rúllusamstæða**
Árgerð 2007 Notkun 12.000
Án VSK 3.400.000
**TILBOÐSVERÐ: 2.900.000**

VÉLFANG
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík
Sími 580 8200 • www.velfang.is
Frostagata 2a • 600 Akureyri
www.claas.is

**Smáauglýsingasíminn er:**
**563 0300**
Bændablaðið



Til sölu Nissan Pathfinder, árg.2006, ekinn 140.000 ssk., dísil, dráttarkúla o.fl. Mjög vel með farinn bíll sem fengið hefur toppviðhald. Verð. 2.290.000. Uppl. í síma 862-6338.



CAN-AM OUTLANDER 1000 6x6, árg. 2016. Akstur 52 t. Verð. 2,7 + VSK. Uppl. í síma 896-4511.

**Smáauglýsingasíminn er:**
**563 0300**
**Bændablaðið**



Skádæla. Með öflugum skera. Frábær hönnun, lítil fyrirferð. Mikil dælu- og hrærugeta. Dæluöxull úr ryðfríu stáli í olíubaði. Burðarvirki úr heitgalf. stáli eða SS stáli. Fáanleg með hræriskrúfu. Vinnulengd allt að 6 m. Framleiðandi: www.doda.com. Hákonarson ehf., hak@hak.is, www.hak.is, s. 892-4163.

## Til sölu

Til sölu Farmall kubbur, árg. '53, Ferguson, árg. '56 og Massey Ferguson 35X, árg. '63. Uppl. í síma 849-7965.

Til sölu Polaris 800 fjórhjól x2. Er á 31 tommu dekkjum, lofttæmingarbúnaður sem á eftir að tengja. 2008 árgerð. Keyrt sirka 5000 km. Fullt af aukahlutum fylgja t.d töskur, byssustatíf og fleira. Orginal dekk á felgum fylgja með. Verð: 1.450.000. Uppl. gefur Helgi í síma 842-2800.

5 ha land með vegi, vatni og rafmagni að lóðarmörkum á Suðurlandi. Verð: Tilboð óskast. Einnig rúml. 30 fm. sumarhús til flutnings. Uppl. í síma 865-6560.

2 border collie hvolpar (hundar) fást gefins á gott heimili. Eru tilbúnir að fara. Uppl. í síma 893-7904.

Ertu að byrja með bændagistingu / Vantar þig ódýrt í húsið ? Er með 10 Rb hótelrúm. Leirtau, hnífapör, bolla og glös. Vatnstengda kaffikönnu og hitabrúsa. Dúnsængur, kodda, náttborð og stóla. Uppl. í síma 692-3025.

Hitaborð f. 2x gastrobakka á hjólum, einnig 2 stakir fyrir 1 gastróbakka, 6 kertahitabakkar. Uppl. í síma 897-4800.

Undirburður. Fínkorna og ryklítið sag undir kýr og hross. Mjög róbótavænt. Ókeypis heimkeyrsla á Þingeyjar- og Eyjafjarðarsvæðinu. Tökum þátt í flutningskostnaði til annarra staða á landinu. Uppl. í síma 864-0290 og á sag.is

Hornstrandabækurnar allar 5 í pakka 7900 kr. Sönnu vestfirsku þjóðsögurnar allar þrjár 1.980 kr. Fín afmælisgjöf. Frítt með póstinum. Ekkert vesen. Vestfirska forlagið jons@snerpa.is sími 456-8181.

Til sölu Mahony bílskúrshurð, h. 2,40 x br. 2,40. Hurðin er ný og er í umbúðunum. Selst á hálfvirði. Uppl. í síma 864-0101.

Ferðaþjónustu fyrirtæki – Hestaleiga Frábært tækifæri og auðveld kaup. Um er að ræða litla hestaleigu með öllu, hestum, hnökkum, göllum, öllu markaðsefni eins og heimasíðu, tripadvisor síðu og bæklingum. Miðað er við 12 hesta og búnað fyrir 12 gesti. Fyrirtækið er á höfuborgarsvæðinu en auðvitað ekkert mál að flytja það hvert á land sem er. Verð 4.200.000.-.Nánari upplýsingar hestamidstodin@gmail.com eða í síma 772-0202.

Til sölu 7,12 t. grásleppuleyfi, stækkanlegt um 2 t. Er einnig með netaspil og niðurleggjara. Ásett verð fyrir allt 1.800.000 kr. Skoða einnig að taka DNG 6000i rúllur í skiptum. Kv. Óli Már, sími 868-4539, omhardarson@gmail.com

## Óska eftir

Óska eftir jarðvegstætara aftan í 35 hestafla traktor. Uppl. í síma 899-9302.

Vantar 3-4 kýr, bornar eða komnar að burði. Er á Austurlandi. Uppl. í síma 865-6411.

Kaupi gamlar vínylplötur, kassettur og aðra tónlist, plötuspilara, gamlar græjur og segulbönd. Staðgreiði stór plötusöfn. S. 822-3710, olisigur@gmail.com.

Vantar Isusu dísilvél 2,8 eða 3,1 ltr. Þessar vélar voru í jeppum og pickup frá Isusu ásamt Opel sports cab og eitthverjum lyfturum. Sigurður í síma 893-5806.

## Atvinna

Skrúðgarðyrkjufræðingur á Húsavík. Skrúðgarðyrkjufyrirtækið Garðvík óskar að ráða skrúðgarðyrkjufræðing til starfa. Til greina kemur að ráða nema. Mikil vinna framundan hjá framsæknu vaxandi fyrirtæki. Við getum útvegað fallega 3 herbergja íbúð í grónu hverfi sem yrði hluti af starfskjörum. Aðstoðum við að finna starf fyrir maka. Nánari upplýsingar gefur framkvæmdastjóri, Guðmundur Vilhjálmsson, í síma 894-4413 eða gudmundur@velavorur.is

Starfsmaður óskast í vinnu, meirapróf æskilegt en þó ekki skilyrði. Uppl. í síma 892-2136. Erum á Selfossi.

40 ára spænskur karlmaður óskar eftir vinnu á mjólkurbúi, hefur reynslu og góð íslensk meðmæli. Nánari uppl. alvaroartigas19@gmail.com.

Vinkonurnar Eva og Debbie eru háskólanemar frá Tékklandi og óska eftir sumarvinnu t.d. á bóndabýli í júlí--ágúst. Eru duglegar og áreiðanlegar. Nánari uppl.: ejanujova@gmail.com.

## Veiði

Vill greiða fyrir aðgang að landsvæði til andaveiða t.d. tjarnir, ós eða annað hentugt votlendi. Tímabil er eitt ár í senn og staðsett á Vestur- eða Suðurlandi. Góðri og hófsamri umgengni heitið. Allar nánari upplýsingar í síma 691-0636 eða icehuntfish@gmail.com

## Jarðir

Óska eftir jörð til leigu, helst á Norðurlandi en allt kemur til greina, þarf að vera með íbúðarhúsi og einhver útihús, holabr@simnet.is og sími 846-1146.

## Þjónusta

RG Bókhaldsþjónusta, skattframtöl, uppgjör launaútreikningar, stofnun fyrirtækja. Uppl. í síma 696-3003 eða rgbokhald@gmail.com

AK Tækniþjónusta ehf., býður ykkur þjónustu sína. Mikil þekking og reynsla við viðhald, þjónustu og uppsetningar í kæli- og frystikerfum (mjólkurtankar, kæli- og frystiklefar, gámar, varmadælur ofl.) Get einnig tekið að mér raflagnavinnu og smíðavinnu. Kem á staðinn og klára verkið, vönduð vinnubrögð. Albert s: 822-7731.

Öll alhliða hönnun á byggingum. Sumarhús, íbúðarhús, skemmur, fjós, fjárhús og ferðaþjónustubyggingar. BK Hönnun ehf., s. 865-9277 - birkir@bkhonnun.is

## Gefins

10 lítra plastfötur með haldi og loki fást gefins gegn því að vera sóttar í Gilsbúð 9, Garðabæ. Sómi, sími 660 5602, Óskar.
















# Fullwood M²erlin mjaltaþjónninn nemur land!

**Landstólpi kynnir nýjan og afar öflugan mjaltaþjón fyrir íslenskum kúabændum: Fullwood M²erlin. Með tilkomu M²erlin tekur breski framleiðandinn Fullwood risaskref í þróun þessa tækjabúnaðar með það að markmiði að bændur fái meiri mjólk með minni vinnu og meira rekstraröryggi.**






Armur með spenahylkjum hefur verið endurhannaður frá grunni og vinnur hraðar og skilvirkara en áður. Einungis þarf 24 cm frá gólfi upp í spenaodd sem gerir arminn sérlega hentugan fyrir íslenskar kýr. Hann er rafdrifinn, hljóðlátur og auðveldur í viðhaldi.

## BEINN INNGANGUR

Kýr ganga inn í mjaltaþjóninn að aftan.



## HLIÐARINNGANGUR

Kýr ganga inn á hlið mjaltaþjónsins.



## TVÖFALDUR ÚTGANGUR

Kýr geta farið beint áfram eða út á hlið. Þannig er auðvelt að flokka þær að mjöltun lokinni.



LANDSTÓLPI

**Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss**
Sími 480 5600, fax 480 5655
Opið alla virka daga kl. 8 -17

**Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum**
Sími 471 1901
Opið alla virka daga kl. 9 -17

**landstolpi.is**
landstolpi@landstolpi.is
Við erum líka á Fésbók!

sysl.is | effekt.is

## Yara áburður:

# Einkorn eða fjölkorn

## Gæði uppskerunnar er lykillinn að árangri

Mikill eðlis- og gæðamunur er  á einkorna áburði og fjölkorna áburði. Í einkorna Yara áburði eru öll áburðarefnin í sérhverju korni en fjölkorna áburður samanstendur af áburðarkornum sem innhalda mismunandi áburðarefni. Við framleiðslu á fjölkorna áburði eru mismunandi áburðarefnum blandað saman eftir vigt og þau síðan hrærð saman til að búa til mismunandi blöndur eða áburðartegundir.




SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðenda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

## Notaðu minni áburð með Yara

Sláturfélag Suðurlands svf. • Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 6000 • yara@yara.is • www.yara.is